



This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

### **Usage guidelines**

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.


We also ask that you:

- + *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
- + *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
- + *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
- + *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.


### **About Google Book Search**

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>





27858 f 4





1

Clarendon Press Series

ICELANDIC PROSE READER

*VIGFUSSON AND POWELL*

**London**

**MACMILLAN AND CO.**



***PUBLISHERS TO THE UNIVERSITY OF***

***Oxford.***

Clarendon Press Series

AN

ICELANDIC PROSE READER

WITH

*NOTES, GRAMMAR, AND GLOSSARY*

BY

DR. GUDBRAND VIGFUSSON

AND

F. YORK POWELL, M.A.



Oxford

AT THE CLARENDON PRESS

M DCCC LXXIX

[All rights reserved]





## TO THE BEGINNER.

ICELANDIC Literature is not merely the dying echoes of a dead language, nor a mouldering body of antiquarian learning, but a living voice appealing to the sympathies and the heart. It is with this in mind that the Reader has been put together, such specimens of the best works being chosen as would to our idea give the best pictures of life in the old days and interest all, men and women alike, in the natural, homely, and poetic scenes they set forth.

The historian and the philologist can take care of themselves, but a few words to those who wish to learn Icelandic in order to read and enjoy the Sagas for their own sake, will not be out of place here.

The beginner would, we think, do best to take first parts of the Gospel of Matthew,—may the whole New Testament, ere it is too late, be restored to Iceland!—and try to make out what he can, by the help of the English Version.

After the Gospel, either Eirik the Red's Saga—a charming story, which we hope will meet with a hearty welcome on the other side of the Atlantic, where it ought to become widely known, as well as in England—or else the bits of the life of Olaf Tryggvason, the hero king, should be read through. These might be followed by some of the small 'Thættir;' Laxdæla and Ari being reserved to the last, when the learner having made some way in the language, may be the better able to appreciate their style and worth.

The beginner should at first trouble himself as little as possible with *grammatical* details, but try the while to get hold of the chief particles, the pronouns, and a few important nouns and verbs—the *staple* words of the language; to which end the tabulated matter in the Grammar will help him. The vowel changes in the roots of words (umlaut, assimilation, agglutination, and the like) which are the prevalent features of the language, making familiar English words look so strange at first in their Icelandic garb, should be noted; \*even a cursory acquaintance with them being of much help at first.

The *inflexive forms* are of less import; they will be more easily learnt and better remembered, if they are allowed to grow bit by bit on the mind, as they occur in the reading. Grammar

is, after all, but the means to an end, and much of one's freshness and power of appreciation is lost, if it is incessantly diverted from the subject before one, to the ungrateful study of dry forms.

On the other hand, the beauties of style and diction peculiar to the Saga, such, for instance, as the impersonal verb, the reflexive forms, the elliptic usages, the play of the dialogue, and the disposition of words, must be carefully observed. For it is in them that the master's work is seen, whilst good writers and bad alike must use the same inflexions.

Head and heart should always work together, then the little difficulties and puzzles will be part of the pleasure of the reading.

The Notes should always be consulted before recourse is had to the Glossary, as they often explain idioms and uses which are not touched on there or in the Grammar.

Translations should be used as little as possible, even if they were good, which too few of them are. To render a Saga worthily into English, needs men with the vein of North or Defoe, and them we shall rarely meet. Moreover, one page read in the original is always worth twenty scrambled over with a translation.

The collection of Proverbs, the specimens of Manuscripts, the Runic inscriptions, and the Old Swedish texts have been put in for the help and amusement of more advanced students.

As to the arrangement of the book, the Grammar and Glossary come after the Notes, for the reasons we have given, and that repetitions might be avoided.

The Glossary is not meant to supersede the Dictionary, but to give a lift to the beginner. For the literary History of Iceland, the advanced student may supplement the Notes by reference to the Prolegomena to Sturlunga Saga, where also he will find information as to the best editions of the Sagas, etc.

Poetical specimens have been omitted for many reasons which unsuited them to the scope and design of this Reader; and the Poetic 'Edda' can easily be bought in a cheap and handy form: but no one should attempt its study, far less that of the later intricate Icelandic Verse, before the Saga has been thoroughly mastered.

To 'while away the time,' *skemta*, was the end of the old Sagas, an end which it is hoped this little book may fulfil for many English and American readers.

# CONTENTS.

	PAGE	PAGE
<b>I. Ari the Historian.</b>		
1. Extracts from Landnama-bok . . . . .	Text 1	Notes 337
2. " " Libellus . . . . .	9	341
3. " " Kristni Saga . . . . .	10	342
4. " " Konunga-bok . . . . .	14	343
5. " " Laws of Ulfiot . . . . .	15	344
6, 7. " " Genealogies, etc. . . . .	17	345
<b>II. Greater Islendinga Sagas.</b>		
1. Extracts from Laxdæla . . . . .	20	346
2. " " Egils Saga . . . . .	82	361
3. " " Njala . . . . .	85	362
4. " " Eyrbyggja . . . . .	88	364
<b>III. Minor Islendinga Sagas.</b>		
1. Extracts from Liosvetninga . . . . .	89	364
2. " " Hardar Saga . . . . .	94	367
3. " " Hrafnkels Saga . . . . .	99	368
4. " " Þidranda þattr . . . . .	102	369
5. " " Kormaks Saga . . . . .	106	370
6. " " Hallfredar Saga . . . . .	109	372
7. " " Sighvatz Saga . . . . .	111	373
8. " " Havardar Saga . . . . .	114	374
9. " " Vapnfirdinga Saga . . . . .	119	375
10. " " Gull þoris Saga . . . . .	121	375
11. " " Bandamanna Saga . . . . .	122	376
12. " " Eiriks Saga Rauda . . . . .	123	377
13. þættir [small stories] . . . . .	141	385
<b>IV. Konunga Sögur.</b>		
1. Extracts from Book of Kings . . . . .	150	386
2. " " Olafs Saga Tryggva sonar . . . . .	152	387
3. " " Olafs Saga Helga . . . . .	173	392
4. " " Lives of Magnus, Harald Hardrada, etc. . . . .	180	394
5. " " Hryggjar-stykki . . . . .	186	396
6. " " Sverris Saga . . . . .	187	396

	PAGE	PAGE
7. Extracts from Hakonar Saga . . . Text	190	Notes 397
8. " " Skioldunga Saga . . . " "	191	" 398
9. " " Jomsvikinga Saga . . . " "	200	" 400
10. " " Orkneyinga Saga . . . " "	201	" 400
<b>V. Mythical and Heroical Sagas.</b>		
1. Extracts from Edda . . . " "	203	" 401
2. " " Grettis Saga [Beowulf] . . . " "	209	" 404
3. " " Norna-Gest, etc. . . . " "	213	" 407
<b>VI. Sturlunga Saga and Lives of Bishops.</b>		
1. Extracts from Sturlunga . . . " "	218	" 408
2. " " Bishops' Lives . . . " "	225	" 413
<b>VII. The Grammarians.</b>		
1. Extract from Thorodd . . . " "	238	" 421
2. " " Second Grammarian . . . " "	239	" 422
<b>VIII. Specimens of MSS.</b>		
A. Norse Vellums . . . . . " "	240	" 423
B. Icelandic Vellums . . . . . " "	252	" 427
Proverbs or Sayings . . . . . " "	259	" 432
The Gospel of Matthew . . . . . " "	265	" 433
Extracts from Luke, John, Acts, Epistles, and Revelation . . . . . " "	329	
Notes . . . . .		337
Runes . . . . .		444
Specimens of Old Swedish and Old Danish . . . . .		458
<b>Grammar.</b>		
Ch. 1. Introduction, Letter and Sound Change . . . . .		464
2. Paradigms, Noun, Verb, Particles . . . . .		473
3. Word-formation . . . . .		509
4. Syntax . . . . .		515
Glossary . . . . .		521
Scandinavian Loan-words in English . . . . .		558
Emendations, etc. . . . .		560



## ICELANDIC READER.

### I. ARI THE HISTORIAN.

1. *The First Discovery of Iceland from the Book of Settlement*  
(LANDNAMA-BOK).

Þetta er Prologus fyri bók þessi.

Í Aldarfars-bók þeirri, er Beda prestur heilagur görði, er getið eylandz þess, er Thíse heitir á bókum; ok er sagt at liggi sex doegra sigling norðr frá Bretlandi. Þar sagði hann eigi koma 5 dag á vetr, ok eigi nótt á sumar, þá er dagr er lengstr. Til þess ætla vitrir menn þat haft, at Ísland sé Thíse kallat, at þat er víða á landinu, at sól skínn um nætr, þá er dagr er lengstr; en þat er víða um daga, at sól sér eigi, þá er nótt er lengst. En Beda prestur andaðisk dccxxxv árum eptir holdgan 10 várs Herra Jesú Christi, at því er ritið er, meir en hundrað ára, fyrr en Ísland bygðisk af Norðmönnum. En áðr Ísland bygðisk af Norðmönnum, vóru þar þeir menn, er Norðmenn kalla Papa. Þeir vóru menn Kristnir, ok hyggja menn, at þeir muni verit hafa vestan um haf, því at fundusk eptir þeim 15 boekr Írskar ok bjöllur ok baglar, ok enn fleiri hlutir þeir, at þat mátti skilja, at þeir vóru Vestmenn. Þat fansk í Papey austr ok í Papyli. Er ok þess getið á bókum Enskum, at í þann tíma var farit millim landanna.

Hér hefr LANDNÁMA-BÓK, ok segir í inum fyrsta capitula, hvert skemst er frá Íslandi :—

Á þeim tíma, er Ísland fansk ok bygðisk af Noregi, var Adrianus pávi í Róma, ok Johannes, sá er inn átti var með því nafni í postulligu sæti. En Hlöðver Hlöðvers son keisari fyrir norðan Fjall. En Leo ok Alexandr son hans yfir Miklagarði. Þá var Haraldr inn hárfagri konungr yfir Noregi; en Eiríkr Eymundar son yfir Svíafski ok Björn son hans; en Gormr inn gamli at Danmörk; Elfráðr inn ríki í Englandi ok Játvarðr son hans; en Kjarvall at Dýflinni; Sigurðr inn ríki jarl at Orkneyjum.

Svá segja vitrir menn, at ór Noregi frá Staði sé sjau dægra sigling í vestr til Horns á austan-verðu Íslandi. En frá Snjófjallz-nesi þar sem skemst er, er fjogurra dægra sigling til Hvarfs á Groenalandi. Af Hernum af Noregi skal sigla jamnan í vestr til Hvarfs á Groenalandi; ok er þá siglt fyrir norðan Hjaltland; svá at því at eins sé þat, at all-góð sé sjóvar-sýn; en fyrir sunnan Færeyjar, svá at sjór er í miðjum hlíðum; en svá fyrir sunnan Ísland, at þeir hafa af fugl ok hval. Frá Reykja-nesi á sunnan-verðu Íslandi er þriggja dægra haf til Jöldu-hlaups á Írlandi í suðr; en frá Langa-nesi á norðan-verðu Íslandi er fjogurra dægra haf til Svalbarða norðr í Hafs-botn; en dægr-sigling er til óbygða á Groenalandi ór Kolbeins-ey í norðr.

Garðarr hét maðr, son Svavars ins Svænka; hann átti jarðir í Sjólandi, en var fœddr í Svía-ríki; hann fór til Suðreyja at heimta föður-arf konu sinnar. En er hann siglði í gegnum Pettlandz-fjörð, þá sleit hann undan veðr, ok rak hann vestr í haf. Hann kom at landi fyrir austan Horn; þar var þá höfn. Garðarr siglði um-hverfis landit, ok vissi, at þat var ey-land. Hann kom á fjörð þann, er hann kallaði Skjálfanda. Þar skutu þeir báti, ok gékk á Náttfari ok þræll hans. Þá slitnaði festrin, ok kom hann í Náttfara-vík fyrir

útan Skugga-björg. En Garðarr kom öðrum-megin fjarðar-  
ins, ok var þar um vetrinn; því kallaði hann þar Húsa-vík.  
Náttfari var eptir með þræl sínn ok ambátt; því heitir þar  
Náttfara-vík. Garðarr siglði austr aptr, ok lofaði mjök landit,  
5 ok kallaði Garðars-hólm.

Nadd-oddr hét maðr, bróðir Öxna-Þóris, mágr Ölvis barna-  
karls. Hann var víkingr mikill; af því staðfestisk hann í  
Færeyjum, at hann átti hvergi annars-staðar vel frítt. Hann  
fór ór Noregi, ok vildi til eyjanna; ok varð sæhafi til Garðars-  
10 hólms, ok kom í Reyðar-fjörð í Aust-fjörðum, ok gengu þeir  
þar á in hæstu fjöll, at vit a ef þeir sæi nökkurar manna-  
vistir eða reyki; ok sá þeir ekki tíðenda. En er þeir siglðu  
frá landinu, féll snjór mikill; af því kallaði hann Snæ-land.  
Þeir lofuðu mjök landit.

15 Flóki Vilgerðar son hét víkingr mikill; hann bjósk af Roga-  
landi at leita Snjó-landz. Þeir lágu í Smjör-sundi. Hann fékk  
at blóti miklu ok blótaði hrafna þrjá, þá er honum skyldu  
leið vísa; því at þá höfðu hafsiglingar-menn engir leiðar-  
stein í þann tíma í Norðr-löndum. Þeir hlóðu þar varða, er  
20 blótið hafði verit, ok kölluðu Flóka-varða. Þat er þar, er  
mættisk Hörða-land ok Roga-land. Hann fór fyrst til Hjalt-  
landz, ok lá í Flóka-vági. Þá týndisk Geirhildr dóttir hans  
í Geirhildar-vatni. Með Flóka var á skipi bóndi sá, er Þórólfr  
hét, en annarr Herjólf, ok Faxi Suðreyskr maðr. Flóki  
25 siglði þaðan til Færeyja, ok gipti þar dóttur sína; frá henni  
var Þróndr í Gøtu. Þaðan siglði hann út í haf með hrafna  
þá þrjá, er hann hafði blótið í Noregi. Ok er hann lét  
lausan inn fyrsta, fló sá aptr um stafn. Annarr fló í lopt  
upp, ok aptr til skips; inn þriði fló fram um stafn í þá átt,  
30 er þeir fundu landit. Þeir kómu austan at Horni. Þá siglðu  
þeir fyrir sunnan landit. En er þeir siglðu vestr um Rey-  
kjanes, ok upp lauk firðinum, svá at þeir sá Snæfellz-nes,  
þá mælti Faxi: 'Þetta man vera mikit land, er vér höfum



fundit; hér eru vatn-föll stór.'—Þat er síðan kallaðr Faxa-óss. Þeir Flóki siglðu vestr yfir Breiða-fjörð, ok tóku þar land, sem heitir Vatz-fjörðr við Barða-strönd. Fjörðrinn allr var fullr af veiðiskap, ok gáðu þeir ei fyrir veiðum at fá heyjanna, 5 ok dó allt kvik-fé þeirra um vetrinn. Vár var heldr kalt. Þá gékk Flóki norðr á fjöll, ok sá fjörð einn fullan af haf-ísum;— því kölluðu þeir landit Ísland. Þeir fóru brott um sumarit, ok urðu stö-búnir. Þar sér enn skála-topt þeirra inn frá Brians-læk, ok svá hrófit, ok svá seyði þeirra. Þeim beit 10 eigi fyrir Reykjanes, ok þar sleit frá þeim bátinn, ok á Herjólf. Hann kom í Herjólfshöfn. Flóki kom í Hafnar-fjörð. Þeir fundu hval á eyri einni út frá firðinum, ok kölluðu þar Hval-eyri. Þar fundusk þeir Herjólf. Um sumarit siglðu þeir til Noregs. Flóki lastaði mjök landit; en Herjólf sagði kost 15 ok löst af landinu; en Þórólfr kvað drjúpa smjör af hverju strái á landi því, er þeir höfðu fundit. Því var hann kallaðr Þórólfr smjör.

Björnólfr hét maðr, en annarr Hróaldr. Þeir vóru synir Hrómundar Grips sonar. Þeir fóru af Þela-mörk fyrir víga- 20 sakir, ok stað-festusk í Dals-firði á Fjöllum, Son Björnólfs var Örn, faðir Ingólfs ok Helgu, en Hróaldr son var Hróð-marr, faðir Leifs. Þeir Ingólfr ok Leifr, fóstbræðr, fóru í hernað með sonum Atla jarls ins mjóva af Gaulum, þeim Hásteini ok Hersteini ok Hólmsteini; með þeim fóru öll 25 skipti vel. Ok er þeir kómu heim, mæltu þeir til sam-fara með sér annat sumar. En um vetrinn görðu þeir fóstbræðr veizlu sonum Atla jarls; at þeirri veizlu strengði Hólmsteinn heit, at hann skyldi eiga Helgu Arnar dóttur eða önga konu ella. Um þessa heit-strenging fannsk mönnum fátt; en Leifr 30 roðnaði, ok var fátt um með þeim Hólmsteini, þá er þeir skilðu. Um várit eptir bjoggusk þeir fóstbræðr í hernað, ok ætluðu at fara til mótz við sonu Atla jarls. Þeir fundusk við Hísar-gafl, ok lögðu þeir Hólmsteinn bræðr þegar til

orrostu við þá fóstbræðr. En er þeir höfðu barizk um hríf,  
 þá kom at Ölmóðr inn gamli, son Hörða-Kára, frændi Leifs  
 ok veitti þeim Ingólfi. Í þeirri orrostu féll Hólmsteinn, en  
 Hersteinn flýði. Þá fóru þeir Leifr í hernað. En um vetrinn  
 5 eptir fór Hersteinn at þeim Leifi, ok vildi drepa þá; en þeir  
 fengu njósn af för hans, ok fóru í mót honum, ok börðusk,  
 ok féll þar Hersteinn. Eptir þat vóru menn sendir á fund  
 Atla jarls ok Hásteins at bjóða sættir, ok sættusk þeir at því,  
 at þeir Leifr guldu eignir sínar þeim feðgum. En þeir fóst-  
 10 bræðr bjoggu eitt mikit skip, ok fóru at leita landz þess, er  
 Hrafna-Flóki hafði fundit, er þá var Ísland kallað. Þeir fundu  
 landit, ok vóru í Aust-fjörðum í Alfta-firði inum syðra. Þeim  
 virðisk landit betra suðr en norðr. Þeir vóru einn vetr á  
 landinu, ok fóru þá apr til Noregs. Eptir þat varði Ingólfr  
 15 fé þeirra til Íslandz-ferðar, en Leifr fór í vestr-víking. Hann  
 herjaði á Írland, ok fann þar jarð-hús mikit; þar gékk hann  
 í, ok var myrkt, þar til er lýsti af vápni því, er maðr hélt á.  
 Leifr drap þann mann, ok tók sverðit ok mikit fé annat;  
 síðan var hann kallaðr Hjör-Leifr. Hjörleifr herjaði víða á  
 20 Írland, ok fékk þar mikit herfang. Þar fékk hann þræla tíu,  
 er svá hétu: Dufpokr ok Geirröðr, Skjald-björn, Halldórr ok  
 Drafdrit; eigi eru fleiri nefndir. Eptir þat fór Hjörleifr til  
 Noregs, ok fann þar Ingólf fóstbróður sinn.—Hann hafði  
 áðr fengit Helgu, Arnar dóttur, systur Ingólfs.

25 Vetr þenna fékk Ingólfr at blóti miklu, ok leitaði ser heilla  
 um forlög sín, en Hjörleifr vildi aldri blóta. Fréttin vísaði  
 Ingólfi til Íslandz. Eptir þat bjó sttt skip hvárr þeirra mága  
 til Íslandz; hafði Ingólfr félags-fé þeirra á skipi, en Hjörleifr  
 herfang sttt. Þeir lögðu til hafs, er þeir vóru búnir, ok  
 30 sigldu út.

Sumar þat, er þeir Ingólfr fóru at byggja Ísland, hafði  
 Haraldr konungr inn hárfagri verit tolf ár konungr í Noregi.  
 Þá var liðit frá upp-hafi þessarar veraldar, ok frá því, er Adam

var skapaðr, sex þúsundir vetr, sjau tigur ok þrír vetr, en frá holdgan Drottins várs Jesú Kristi átta hundruð ára ok sjau tigur ok fjórir vetr. Þeir höfðu sam-flot þar til er þeir sá Ísland; þá skilði með þeim. En þá er Ingólfr sá land, skaut hann fyrri borð öndugis-súlum sínum til heilla. Hann mælti svá fyrir, at hann skyldi þar byggja, er súlurnar kæmi á land. Ingólfr tók þar land, sem nú heitir Ingólfs-höfði. En Hjörleifr rak vestr fyrir land, ok fékk hann vatn-fátt. Þá tóku þrælarnir Írsku þat ráð, at knoða saman mjöl ok smjör, ok kölluðu þat óporst-látt. Þeir nefndu þat minnþak; en er þat var til-búit, kom regn mikit, ok tóku þeir þá vatn af tjöldum; en er minnþakit tók at mygla, köstuðu þeir því fyrir borð, ok rak þat á land, þar sem nú heitir Minnþaks-eyrr. Hjörleifr tók land við Hjörleifs-höfða, ok var þar fjórðr, ok horfði botninn at höfðanum. Hjörleifr lét þar göra skála tvá, ok er önnur toptin átján faðmar, en önnur níttján. Hjörleifr sat þar um vetrinn, en um várit vildi hann sá. Hann átti einn oxa, ok lét hann þrælana draga arðrinn. En er þeir Hjörleifr vóru at skála, þá görði Dufþakr þat ráð, at þeir skyldi drepa oxann, ok segja, at skógar-björn hefði drepit, en síðan skyldi þeir ráða á þá Hjörleif, er þeir leitaði bjarnarins. Eptir þat sögðu þeir Hjörleifi þetta. En er þeir fóru at leita bjarnarins, ok dreifðusk um skóginn, þá drápu þrælarnir sér hvern þeirra, ok myrðu þá alla jamn-marga sér. Þeir hljópu brott með konur þeirra ok fé ok bátinn. Þrælarnir fóru til eyja þeirra, et þeir sá til hafs í út-suðr, ok bjoggusk þar fyrir um hrfð. Vífill ok Karli hétu þrælur Ingólfs; þá sendi hann vestr með sjó at leita öndugis-súlna sínna; en er þeir kómu til Hjörleifs-höfða, fundu þeir Hjörleif dauðan. Þá fóru þeir aptr ok sögðu Ingólfi þau tíðendi, ok lét hann síla yfir. Eptir þat fór Ingólfr vestr til Hjörleifs-höfða; ok er hann sá Hjörleif dauðan, mælti hann: 'Lítit lagðisk hér fyrir góðan dreng, er þrælur skyldi að bana verða; ok sé ek svá hverjum verða,

er eigi vill blóta.—Ingólfr lét búa gröpt þeirra Hjörleifs, ok sá fyrir skipi þeirra ok fjár-hlut. Ingólfr gékk þá upp á höfðann, ok sá eyjar liggja til hafs í út-suðr; kom honum þat í hug, at þeir mundu þangat hlaupit hafa, því at bátrinn 5 var horfinn. Ok fóru þeir at leita þrælanna, ok fundu þeir þá, þar sem Eið heitir í eyjunum. Sátu þeir þá yfir mat, er Ingólfr kom at þeim. Þeir urðu felms-fullir, ok hljóp sinn veg hvern þeirra. Ingólfr drap þá alla. Þar heitir Dufpaks-skor, er hann lézk. Fleiri hljópu þeir fyrir berg, þar sem við 10 þá er kent síðan. Þar heita síðan Vestmanna-eyjar, er þeir vóru drepnir, því at þeir vóru Vestmenn. Þeir Ingólfr höfðu með sér konur þeirra, er myrðir höfðu verit; fóru þeir þá aprt til Hjörleifs-höfða. Var Ingólfr þar vetr annan, en um sumarit eptir fór hann vestr með sjó; hann var hinn þriðja 15 vetr undir Ingólfs-felli fyrir vestan Ölfus-á. Þau missari fundu þeir Vífill ok Karli öndugis-súlur hans við Arnar-hvál fyrir neðan heiði.

Ingólfr fór um várit ofan um heiði. Hann tók sér bústað þar, sem öndugis-súlur hans höfðu á land komit. Hann bjó 20 í Reykjar-vík; þar eru enn öndugis-súlur þær í eld-húsi. En Ingólfr nam land milli Ölvus-ár ok Hval-fjarðar, fyrir útan Brynjudals-á, millim ok Öxar-ár, ok öll nes út. Þá mælti Karli: ‘Til slz fórum vér um góð héruð, er vér skulum byggja út-nes þetta.’ Hann hvarf í brott ok ambátt með 25 honum. Vífill gaf Ingólfr frelsi, ok bygði hann á Vívils-stóðum; við hann er kennt Vívils-fell; þar bjó hann lengi, ok var skil-ríkr maðr. Ingólfr lét göra skála á Skála-felli; þaðan sá hann reyki við Ölfus-vatn, ok fann þar Karla.

Ingólfr var frægastr allra landnáms-manna, því at hann 30 kom hér at auðu landi, ok bygði fyrst landit. Ok görðu aðrir landnáms-menn eptir hans dæmum síðan. Hann átti Hallveigu Fróða-dóttur, systur Loptz ins gamla. Þeirra son var Þorsteinn, er þing lét setja á Kjalar-nesi, áðr Alþingi væri

sett. Hans son var Þorkell Máni, lögsögu-maðr, er einn heiðinna manna á Íslandi hefir bezt verit siðaðr, at því er menn vita dæmi til. Hann lét bera sik í sólar-geisla í hel-sótt sinni, ok fal sik á hendi þeim guði, er sólina hefði skapað; 5 hann hafði ok lifað svá hreinlega, sem þeir Kristnir menn, er bezt eru siðaðir. Son hans var Þormóðr, er þá var alsherjar-goði, er Kristni kom á Ísland.—Chs. 1-9.

Örlygr hét son Hrapps, Bjarnar sonar bunu; hann var at fóstri með Patreki byskupi hinum helga í Suðreyjum. Hann 10 ffystizk at fara til Íslandz, ok bað Patrek byskup at hann sæi um með honum. Biskup fekk honum kirkju-við, ok bað hann hafa með sér, ok plenarium ok jarn-klokku, ok gull-penning ok mold vígða, at hann skyldi leggja undir horn-stafi, ok hafa þat fyrir vígslu, ok skyldi hann helga Colum-15 killa. Þá mælti Patrekr byskup: 'Hvargi er þú tekr land, þá bygðu þar at eins er sér þrjú fjöll af hafn, ok fjörð at sjá á millim hvers fjallz, ok dal í hverju fjalli. Þú skalt sigla at hinu synzta fjalli; þar man skógr vera; ok sunnan undir fjallinu muntú rjóðr hitta, ok lagða upp eða reista þrjá steina. 20 Reistu þar kirkju ok bú þar.' Örlygr lét í haf ok sá maðr á öðru skipi er Kollr hét, fóstbróðir hans. Þeir höfðu sam-flot. Á skipi var með Örlygi sá maðr er hét Þorbjörn spörr, annarr Þorbjörn talkni, þriði Þorbjörn skúma. Þeir vóru synir Bøð-varz blöðru-skalla. En er þeir komu í land-vón, gerði at 25 þeim storm mikinn, ok rak þá vestr um Ísland. Þá hét Örlygr á Patrek byskup fósttra sínn til landtöku þeim, ok hann skyldi af hans nafni gefa örnefni þar sem hann tæki land. Þeir vóru þaðan frá lítla hríð áðr en þeir sá land. Hann kom skipi sínu í Örlygs-höfn; ok af því kallaði hann 30 fjörðinn Patreks-fjörð. En Kollr hét á Þór. Þá skildi í storminum, ok kom hann þar sem Kollz-vík heitir, ok braut hann þar skip sttt. Þar vóru þeir um vetrinn. Hásetar hans námu þar sumir land, sem enn man sagt verða. En um vátir bjó Örlygr

skip sítt, ok siglði í brott með allt sítt. Ok er hann kom suðr fyrir Faxa-ós, þar kendi hann fjöll þau er honum var til vísat. Þar fell útbyrðis jarn-klokkan, ok sökk niðr. En þeir siglðu inn eptir firðinum, ok tóku þar land sem nú heitir Sandvík á 5 Kjalar-nesi, þar lá þá jarn-klokkan í þara-brúki. Hann bygði undir Esjubergi at ráði Helga bjólu frænda síns ok nam land á millim Mógils-ár ok Ósvifrs-loekjar. Hann gerði kirkju at Esju-bergi, sem honum var boðit. Hjálp hét kona hans. Þeirra son var Valbjófr er fulltíða kom til Islandz með Örlygi. Síðan 10 átti Örlygr Ísgerði dóttur Þormóðs Bresa sonar. Þeirra sunn var Geirmundur, faðir Halldóru er átti Þjóstolfur sunn Bjarnar gullbera. Þeirra sunn var Þórolfr er bjó at Esjubergi eptir Geirmund móður-föður sinn. Þeir trúðu á Columkilla þó at þeir væri óskfrðir. Þorleifr var troll-aukinn ok tók þó Kristni. Frá 15 honum er mart manna komit.—Ch. 12.

2. *Preface to the Minor ISLENDINGA-BOK or LIBELLUS  
ISLANDORUM.*

Íslinginga-bók gørþa ec fyrst byskopom órom Þorláki ok Katli, ok sýndak bæþi þeim ok Sæmundi presti. En með því at þeim líkapi svá at hava eþa þar við auka, þá skrifaða ek þessa of et sama far, fyrir útan Ættar-tolo ok Konunga- 20 ævi, ok iókk því es mér varþ sþan kunnara ok nú es gørr sagt á þessi an á þeiri. En hvatki es mis-sagt es í frøþom þessom, þá es skylt at hava þat heldr es sannara reynisk.

. . . Í þann tíþ vas Ísland viði vaxit á miþli fjallz ok fíoro. 25 Þá vóro her menn Kristnir þeir es Norþmenn kalla Papa; en þeir fóro sþan á braut af því at þeir vildo eigi vesa her við heiþna menn, ok léto eptir bøkr Írskar ok biollor oc bagla. Af því mátti skilia at þeir vóro menn Írskir. En þá varþ fæor manna mikil miok út hingat ur Norvegi til þess unz

konungrenn Haraldr bannapi, af því at hónom þótti landaupn nema. Þá sættosk þeir á þat, at hverr maþr skyldi gialda konungi fimm aura, sá es eigi væri frá því skiliþr, ok þapan føri hingat. En svá es sagt at Haraldr væri lxx vetra  
 5 konungr, ok yrþi áttroþr. Þau hafa upphæf verit at gialdi því es nú es kallap landaurar. En þar galzk stundom meira en stundom minna unz Óláfr enn digri gørþi skýrt, at hverr maþr skyldi gialda konungi halfa mork, sá es føri á miþli Norvegs ok Íslandz, nema konor, eþa þeir menn es hann næmi frá.  
 10 Svá sagþi Þorkell oss Gellis son. . . En þá es Ísland vas víþa bygt orþit, þá hafþi maþr austrønn fyrst log út hingat ur Noregi, sá es Ulfiótr hét,—Svá sagþi Teitr oss—ok véro þá Ulfióts-log kolloþ. Hann vas faþir Gunnars es Diúpdølir ero komnir frá í Eyiafirþi. En þau véro flest sett at því sem  
 15 þá véro Golapings log eþa ræþ Þorleifs ens spaka Horþa-Kára sonar véro til, hvar við skyldi auka, eþa af nema, eþa annan veg setia. Ulfiótr vas austr í Lóni. En svá es sagt, at Grfmr geit-skór væri fóstbrøþir hans, sá es kannapi Ísland allt at ráþi hans áþr Alþingi væri átt; en hánom fekk hverr  
 20 maþr penning til á landi her, en hann gaf fé þat sþan til hofa.—Ch. I.

3. *The New Faith is preached by Hjalti and Gizurr, and accepted at the Althing (KRISTNI SAGA).*

Um várit bjoggu þeir Hjalti ok Gizurr skip sttt til Íslandz; margir menn löttu þess Hjalta, en hann gaf sér ekki um þat. Þat sumar fór Óláfr konungr ór landi suðr til Vindlandz. Þá  
 25 sendi hann ok Leif Eirfksson til Grøenalandz at boða þar trú; þá fann Leifr Vínland it góða; hann fann ok menn á skip-flaki í hafi, því var hann kallaðr Leifr inn heppni. Gizurr ok Hjalti kómu þann dag fyrir Durhólma-ós, er Brennu-Flosi reið um Arnarstakks-heiði til Alþingis. Þá

spurði hann af þeim mönnum, er til þeirra höfðu róit, at Kolbeinn, bróðir hans, var tekinn í gisling, ok allt um erendi þeirra Hjalta, ok sagði hann þau tíðindi til Alþingis. Þeir tóku þann sama dag Vestmanna-eyjar, ok lögðu skip sítt við  
 5 Hörga-eyri; þar báru þeir fót sín á land, ok kirkju-við þann, er Ólafr konungr hafði látið höggva, ok mælti svá fyrir, at kirkjuna skyldi þar reisa, sem þeir skyti bryggjum á land. Áðr kirkjan var reist, var hlutað um, hvárum-megin vágins standa skyldi, ok hlautz fyrir norðan; þar vóru áðr blót ok  
 10 hörgar. Þeir vóru tvær nætr í Eyjunum, áðr þeir fóru inn á land; þat var þann dag, er menn riðu á þing. Þeir féngu engan farar-greiða né reið-skjóta fyrir austan Rangá, því at þar sátu þing-menn Runólfs í hverju húsi; þeir gengu þar til er þeir kómu í Háf, til Skeggja Ásgautzsonar; hann fékk þeim  
 15 hesta til þings, en Þorvaldr sun hans var áðr heiman riðinn, er átti Koltorfu, systur Hjalta. En er þeir kómu í Laugar-dal, féngu þeir þat af Hjalta, at hann var eptir með tólfta mann, því at hann var sekr fjörbaugs-maðr. Þeir Gizurr riðu þar til er þeir kómu til Vellan-kötlu við Ölfus-vatn, þá görðu  
 20 þeir orð til Alþingis, at vinir þeirra ok venzla-menn skyldu ríða í mót þeim. Þeir höfðu þá spurt, at óvinir þeirra ætluðu at verja þeim þing-völlinn. En áðr þeir riði frá Vellan-kötlu, kómu þeir Hjalti þar, ok vóru þá frændr þeirra ok vinir komnir í móti þeim; riðu þeir þá á þing með miklum flokki,  
 25 ok til búðar Ásgríms Elliðagríms sunar, systur-sunar Gizurar. Þá hljópu inir heiðnu menn saman með al-væpni, ok hafði stór-nær at þeir mundu berjask; en þó vóru þeir sumir, er skirra vildu vandræðum, þó at eigi væri kristnir. Þormóðr hét prestur, sá er Ólafr konungr hafði fengit þeim Hjalta ok  
 30 Gizuri; hann söng messu um daginn eptir á gjá-bakka, upp frá búð Vestfirðinga. Þaðan gengu þeir til Lög-bergs. Þar vóru sjau menn skryðdir; þeir höfðu krossa tvá, þá er nú eru í Skarði'nu eystra; merkir annarr hæð Óláfs konungs, en



annarr hæð Hjalta Skeggja-sunar. At Lög-bergi var allr þing-heimr. Þeir Hjalti höfðu reykelsi á glóð, ok kendi svá í gegn vindi sem for-vindis ilminn. Þá báru þeir Hjalti ok Gizurr upp erendi sín vel ok sköruliga; en þat undruðu menn 5 hversu snjallir þeir vóru, ok hversu vel þeim mæltisk; en svá mikil ógn fylgði orðum þeirra, at engir óvinir þeirra þorðu at tala í móti þeim. En þat görðisk þar at, at annarr maðr at öðrum nefndi sér vátta, ok sögðusk hvárir ór lögum við aðra, enir kristnu menn ok enir heiðnu. Þá kom maðr hlaupandi 10 ok sagði, at jarð-eldr var upp kominn í Ölfusi ok mundi hann hlaupa á bæ Þóroddz goða. Þá tóku heiðnir menn til orðz: 'Eigi er undr í at guðin reiðisk tölum slskum.' Þá mælti Snorri goði: 'Um hvat reiddusk guðin þá, er hér brann hraunit, er nú stöndu vér á?' Eptir þat gengu menn 15 frá Lög-bergi. Þá báðu inir Kristnu menn, at Síðu-Hallr skyldi segja lög þeirra upp, þau er Kristninni skyldu fylgja. Hallr keypti hálfu hundraði silfrs at Þorgeiri, er þá hafði lögsögu, at hann segði upp lög hvár-tveggi, kristin ok heiðin, ok var hann þá enn eigi skírðr. En þá er menn kómu 20 í búðir, lagðisk Þorgeirr niðr ok breiddi feld á höfuð sér, ok lá allan daginn ok um nóttina, ok annan daginn til jam-lengðar. Enir heiðnu menn höfðu þá stefnu fjöl-menna, ok tóku þat ráð at blóta tveimr mönnum ór hverjum fjórðungi, ok hétu á heiðin guð til þess, at þau léti eigi Kristni ganga 25 yfir landit. Þeir Hjalti ok Gizurr áttu aðra stefnu við kristna menn, ok létusk þeir vilja hafa ok mann-blót, jam-fjölmennt sem inir heiðnu. Þeir mæltu svá: 'Heiðingjar blóta inum verstum mönnum ok hrinda þeim fyrir björg eða hamra; en vér skulum velja at mann-kostum, ok kalla sigr-gjöf við Dróttin 30 várn Jesúm Kristum; skulu vér lifa því betr ok syndvarlegarr en áðr, ok munu vit Gizurr ganga til fyri várn fjórðung sigr-gjafarinnar.' En fyri Austfirðinga-fjórðung gengu þeir: Hallr af Síðu ok Þorleifr ór Krossa-vík fyri norðan Reyðar-

fjörð, bróðir Þórarins ór Seyðar-firði—Ingileif var móðir þeirra;—hónum hafði Digri-Ketill stefnt um kristni at ráði Brodd-Helga; þá görði veðr svá sltt, at Ketill varð því feginn at hann kom til Þorleifs um kveldit ok hafði þar  
5 góðan beina; af því féll stefnan;—en ór Norðlendinga-fjórðungi gengu til sigr-gjafarinnar Hlenni inn gamli ok Þorvarðr, son Spak-Böðvars; en ór Vestfirðinga-fjórðungi Gestr Oddleifs son. Þar var engi annarr til. Þat líkaði þeim Hjalta ok Gizuri slla. Þá tók til orða Ormr Koðrans son;  
10 hann var vistum á Gils-bakka, því at Hermundr Illhuga-son átti Gunnhildi dóttur hans: ‘Verða mundi maðr til þessa, ef Þorvaldr bróðir mín inn vaförli væri sam-lendr við mik; en nú mun ek til ganga, ef þér vilit við mér taka.’ Þeir játtu því, ok var hann þá skírðr þegar. En um daginn  
15 eptir settisk Þorgeirr upp, ok görði orð í búðir, at menn gengi til Lög-bergs. Ok er menn kómu til Lög-bergs, mælti hann, at hónum þótti þá komit í óvænt efni á landinu, er menn skulu eigi hafa ein lög á landi hér, ok bað, at menn skyldu þat eigi göra; sagði at þar af mundu görask bardagar ok  
20 ófriðr, ok mundi þat ryðja til land-auðnar. Hann sagði ok frá því, at konungar þeir, er annarr hét Dagr, sá var í Danmörku, en sá hét Tryggvi, er var í Noregi; þeir höfðu lengi haldit stríð millim sín, ok þar til er landz-menn námu þá ráðum ór hváru-tveggja ríkinu, ok görðu frið millim þeirra,  
25 svá at þeir vildu eigi; en þat ráð gafsk svá, at þeir sendusk gjafir á millim á fára vetra fresti, ok hélzk þeirra vingan meðan þeir lifðu báðir;—‘Ok þikki mér þat ráð, at láta þá eigi ráða, er hér gangask með mestu kappi í móti, ok miðlum svá mál millim þeirra, at hvárir-tveggja hafi nökkut  
30 til síns máls, en vér höfum allir ein lög, ok einn sið; því at þat man satt vera: “ef vér slítum lögin, þá slítu vér friðinn.”’ Þorgeirr lauk svá tölunni, at hvárir-tveggju játtu því, at þau lög skyldi halda, er hann réði upp at segja. Þá var þat upp-

saga Þorgeirs, at allir menn skyldu vera skírðir á Íslandi, ok trúa á einn Guð; en um barna-útburð ok hrossa-kjötz-át skulu haldask in fornu lög; menn skyldu blóta á laun ef vildi, en varða fjörbaugs-garði, ef vátum koemi við. Sú heiðni var af tekin nökkurum vetrum síðarr. Allir Norðlendingar ok Sunnlendingar voru skírðir í Reykja-laugu í Laugar-dal, er þeir riðu af þingi, því at þeir vildu eigi fara í kalt vatn. Hjalti mælti, er Runólfr var skírðr: 'Gömlum kennu vér nú goðanum at geifla á saltinu.' Þat sumar var skírðr allr þingheimr, er menn riðu heim. Flestir Vestan-menn voru skírðir í Reykja-laugu í syðra Reykjar-dal. Snorri goði kom mestu á leið við Vest-firðinga.—Ch. 11.

#### 4. *Ari's Preface to the Book of Kings* (KONUNGA-BOK).

Á bók þessi lét ek ríta fornar frásagnir um höfðingja þá er ríki hafa haft á Norðrlöndum ok á Danska Tungu, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja. Svá ok nokkurar kynslóðir þeirra eptir því sem mér hefir kent verit. Sumt þat er finz í Langfeðga-tali þar er konungar eða aðrir stór-ættaðir menn hafa rakit kyn sítt. En sumt er ritað eptir fornum frásögnum eða kvæðum eða sögu-ljóðum, er menn hafa haft til skemtanar sér. Þótt vér vitim eigi sannyndi á því, þá vitu vér doemi til, at gamlir frœði-menn hafa slíkt fyrir satt haft. Þjóðolfr ór Hvini var skáld Haraldz konungs hins hárfagra; hann orti kvæði um Rögnvald konung Heiðum-hæra. Þat er kallat Ynglinga-tal. Rögnvaldr var son Óláfs Geirstaða-álf, bróður Halfðanar Svarta. Í þessu kvæði eru nemndir þrír tigur langfeðga hans, ok sagt frá dauða hvers þeirra ok legstað. Fjólnir er sá nemndr er var son Yngvi-Freys, þess er Svíar hafa blótið síðan. Af hans nafni eru síðan kallaðir Ynglingar. Eyvindr Skálda-spillir talði ok langfeðga Hákonar jarls hins ríka í kvæði því er Háleygja-tal heitir, er

ort var um Hákon. Sæmingr er nemndr son Yngvi-Freys. Sagt er ok þar frá dauða hvers þeirra ok haug-stað. Eptir Þjóðólfs sögn er fyrst ritin æfi Ynglinga, ok þar við aukit eptir sögn fróðra manna. Hin fyrsta öld er kölluð Bruna-  
 5 öld; þá skyldi brenna alla dauða menn ok reisa eptir bauta-  
 steina. En síðan er Freyr hafði heygðr verit at Uppsölum, þá gerðu margir höfðingjar eigi síðr hauga en bauta-steina til minningar um frændr sína. En síðan er Danr inn mikil-  
 láti Dana-konungr lét sér haug göra, ok bauð at bera sik  
 10 þannig dauðan með konungs skríði ok herbúnaði, ok hest  
 hans við öllu söðul-reiði, ok mikit fé annat: ok hans ætt-menn  
 görðu margir svá síðan, ok hófz þar hauga-öld í Danmörk; en  
 lengi síðan hélzt bruna-öld með Svíum ok Norðmönnum.  
 En er Haraldr hinn Hárfagri var konungr í Noregi, þá  
 15 bygðizt Ísland. Með Haraldí konungi vóru skáld, ok kunna  
 menn enn kvæði þeirra, ok allra konunga kvæði þeirra er  
 síðan hafi verit í Noregi; ok tökum vér þar mest dæmi af,  
 þat er sagt er í þeim kvæðum er kveðin vóru fyrir sjalfum  
 höfðingjum eða sonum þeirra. Tökum vér þat allt fyrir satt  
 20 er í þeim kvæðum finnz um ferðir þeirra eða orostur. En þat  
 er háttr skálda, at lofa þann mest er þá eru, þeir fyrir. En  
 engi mundi þat gera at segja sjalfum honum þau verk hans,  
 er allir þeir er heyrði, vissi at hégómi væri ok skrök, ok svá  
 sjalfr hann. Þat væri þá háð en eigi lof.—*From Codex*  
 25 *Fris.*

##### 5. *The Heathen Oath according to the Constitution of Ulfjot.*

En er Ulfjótr var nær half-sextögr at aldri, þá fór hann til Noregs, ok var þar þrjá vetr. Þá settu þeir Þorleifr hinn spaki, móður-bróðir hans, lög þau, er síðan vóru kölluð Ulfjótz-lög. En er hann kom út, þá var Alþingi sett, ok  
 30 höfðu allir menn ein lög síðan hér á landi. En lög þau vóru

sett flest at því, sem þá vóru Gulapings-lög; ok eptir ráði Þorleifs ins spaka, hvar við skyldi leggja eðr af taka.

Þat var upphaf enna heiðnu laga, at menn skyldu eigi hafa höfuð-skip í haf; en ef þeir hefði, þá skyldi þeir af taka 5 höfuð áðr þeir koemi í landz-sýn, ok sigla eigi at landi með gapandum höfðum né gínandum trjónum svá at land-vættir fældizt við.

Baugr tví-eyringr eða meiri skyldi liggja í hverju höfuð-hofi á stalla. Þann baug skyldi hverr goði hafa á hendi sér til 10 lög-þinga þeirra allra, er hann skyldi sjalfr heyja, ok rjóða hann þar áðr í roðru blót-nautz þess er hann blótaði þar sjalfr. Hverr sá maðr er þar þurfti lög-skil af hendi at leysa at dómi, skyldi áðr eið vinna at þeim baugi, ok nefna sér vátta tvá eða fleiri. 'Ykkir nefni'g í þat vætti,' skyldi hann 15 segja, 'at ek vinn eið at baugi, lög-eið. Hjálpi mér svá nú Freyr ok Njörðr ok hinn almátteki Áss, sem ek man svá sök þessa soekja eðr verja, eða vætti bera eða kviðu, eða dóma doema, ok öll lögmæt skil af hendi leysa, þau er undir mik koma, meðan ek em á þessu þingi, sem ek veit réttast ok 20 sannast, ok helzt at lögum.'

Þá var landinu skipt í fjórðunga, ok skyldu vera þrjú þing í fjórðungi hverjum, en þrjú höfuð-hof í þing-sókn hverri. Þar vóru menn vandaðir til at varðveita hofin at hyggendi ok réttlæti, þeir skyldu dóm-nefnur eiga á þingum 25 ok stýra sakferli. Því vóru þeir hof-goðar kallaðir. Hverr maðr skyldi ok gjalda toll til hofs, svá sem nú er kirkju-tíund. Fé þat er til hofs var gefit, skyldi hafa til mannfagnaðar þar er blót-veizlur vóru.

Svá sagði vitr maðr Þormóðr, er þá var allz-herjar-goði er 30 Kristni kom á Ísland, at með þessum orðum ok þingmörkum helguðu lang-feðgar hans Alþingi alla ævi. . . .

6. *Genealogies from ÆTTARTÖLUR (out of the lost  
LIBER ISLANDORUM ?).*

Hér hefr upp LANDNÁMS SÖGUR ÍSLENDINGA—Hér hefjaz upp landnám í Sunnlendinga-fjórðungi, er nú má þykkja með mestum blóma, ok um veizk til virðingar allz várs landz, fyrir Guðs gæzlu ok hinu æztu höfðingja, er nú gæta með  
5 hónum þessarar landz-bygðar, ok í þeim fjórðungi byggja :—

Maðr hét Þrasi Þórolfs son, Herjólfs sonar horna-brjótz. Hann fór af Hörðalandi til Íslandz, ok nam land á milli Kaldaklofs-ár ok Jökulvíkr-ár, ok bjó í Skógum hinum eystrum. Hans son var Geirmundr, faðir Þorbjarnar, föður  
10 Brandz í Skógum. Hrafn inn Heimski, Valgarðz son, Æfars sonar, Vemundar sonar vága-nefs, Þórolfs sonar Orðlo-kárs, Þrónðar sonar ins gamla, Haraldz sonar Hildi-tannar, fór ór Þrónðheimi til Íslandz, ok nam land á milli Kaldaklofs-ár ok Lambafellz-ár, ok bjó at Raufarfelli inu eystra, ok var göfugr  
15 maðr, auðigr ok ætt-stórr. Hans börn vóru, Helgi, Jörundr goði ok Freygerðr. Ásgeirr kneif hét maðr, son Óleifs ins hvíta, Skærings sonar, Þórolfs sonar. Móðir Þórolfs var Þórhildr, Þorsteins dóttir hauga-brjótz. Hann kom til Íslandz, ok nam land á milli Lambafellz-ár ok Seljalandz-ár ok  
20 bjó þar er nú heitir at Auðnum. Hans synir vóru, Jörundr ok Þorkell, faðir Ögmundar, föður Jóns byskups ins helga. Dóttir Ásgeirs var Helga, móðir Þórunnar, móður Þorláks, föður Þórhallz, föður Thorlaks byskups ins helga. Þorgeirr inn Hörðski, son Bárðar blöndu-horns, fór ór Viggju ór  
25 Noregi til Íslandz. Hann keypti lönd at Ásgeiri á milli Lambafellz-ár ok Ýr-ár ok bygði fyrstr í Holti. En fám vetrum síðar fékk hann Ásgerðar, ok vóru synir þeirra, Þórir í Holti, ok Þorgeirr inn mykli. Ófeigr hét maðr ágætr í Raumdæla-fylki. Hann átti Ásgerði, dóttur Asks ins ómálga. Hann  
30 varð mis-sáttir við Haralld konung, ok bjósk af því til

Íslandz-farar. En er hann þóttizt buinn til út-látz, þá lét konungr taka hann af lífi. En Ásgerðr fór út með börn þeirra ok Þórolfr, bróðir hennar laun-getinn. Hón nam land á milli Seljalandz-múla ok Markar-fljótz ok Langa-ness, 5 allt upp til Jöldu-steins, ok bjó norðan í Katanesi. Börn Ófeigs ok Ásgerðar voru Þorgeirr golldnir ok Þorsteinn flösku-skegg, Þorbjörn inn kyrri, Álof Elliða-skjöldr, ok Þorgerðr, er átti Finn Oddkels son. Þórolfr, bróðir Ásgerðar laun-getinn, nam land at ráði hennar fyrir vestan Fljót, 10 Þórolfs-fell, á milli Deildar-á tveggja, ok bjó hann þar síðan. Hann fósttraði Þorgeir golldni, son Ásgerðar, er þar bjó síðan. Hans son var Niall, er inni var brendr með sjaunda mann at Bergþórshváli. Ásbjörn Rey-Ketils son ok Steinfinnr, bróðir hans, námu land fyrir ofan Krossá, ok fyrir 15 austan Fljót. Steinfinnr bjó á Steinfinz-stöðum, ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjörn helgaði landnám sítt Þór, ok kallaði Þórs-mörk. Hans son var Ketill, er átti Þóríði, dóttur Þorgeirs gollnis. Börn þeirra voru Helgi ok Ásgerðr.

Sighvatr inn rauði hét maðr göfugr í Noregi. Hann fór 20 til Íslandz ok nam land fyrir vestan Markar-fljót, Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildar-á, ok bjó í Bólstað. Hans son var Sigmundr er féll við Sandhóla-ferju, faðir Marðar gígju. Hárekr var annarr son Sighvatz, faðir Þórðar, föður Steina. Jörundr son Hrafns hins heimaska bygði fyrir vestan Fljót, 25 þar er nú heitir á Svertings-stöðum, ok gerði þar hof mikit. Bjórr lá ónuminn á millum Kross-ár ok Jöldu-steins. Þat land fór Jörundr eldi, ok lagði til hofs. Hann átti mart barna, ok er frá öllum stór-menni komit. Þorkell bundin-sóti nam land umhverfis Þrí-hyrning, ok bjó þar undir fjallinu. Hann var 30 hamramr mjök. Hans son var Börkr bláskeggr, faðir Starkaðar undir Þrí-hyrningi. Baugr var fóstbróðir Hæings. Hann fór til Íslandz, ok var inn fyrsta vetr á Baugs-stöðum, en annan með Hæingi. Hann nam síðan Fljótz-hlíð alla ofan

um Breiða-bólstað til mótz við Hæing, ok bjó at Hlíðar-enda. Hans son var Gunnarr í Gunnars-holti, faðir Hámundar, föður Gunnars ok Helga, Hafrs, Hjartar, Orms skógar-nefs. Hildir ok Hallgeirr bræðr, ok Ljót systir þeirra, vóru Vest-  
 5 menn. Þau námu land, er þau kómu til Íslandz, á milli Fljótz ok Rangár, Eyra-sveit upp til Þverár. Hildir var faðir Móeiðar; hann bjó í Hildis-eyju. Hallgeir var faðir Moblar, er átti Helgi bróðir Vestars, er bjó í Hallgeirs-eyju. En Ljót bjó á Ljótar-stöðum. Dufpokr hét leysingi þeirra,  
 10 en nam Dufpaks-holt; ok var hamramr mjök; ok svá var ok Stórolfr at Hváli. En þá skilði á um beit. Þat sá ofreskr maðr um aptan nær dag-setri, at björn mikill gekk frá Hváli, en griðungr frá Dufpaks-holti, ok fundusk á Stórolfs-velli, ok gengusk þar at reiðir, [ok mátti björninn meira. Um mor-  
 15 guninn var þat sét, at dalr var orðinn þar er þeir höfðu fundisk, sem um væri snuit jörðunni. Ok heitir þar nú Öldu-gröf. Báðir vóru þeir meiddir ok lágu í rekkju.]—*From Melabok.*

### 7. *Abolition of Wager of Battle in Iceland.*

Ok annan dag eptir í Lögréttu var þat í lög sett, at af  
 20 skyldi taka holm-göngur allar þaðan í frá; ok var þat gört at ráði allra vitrastu manna er við vóru staddir—en þar vóru allir þeir er vitrastir vóru á landinu.—Ok þessi hefir holm-ganga síðast framin verit á Íslandi, er þeir Hrafn ok Gunnlaugr börðusk. Þat hefir it þriðja þing verit fjölmennast;  
 25 annat eptir brennu Nials; it þriðja eptir Heiðar-víg.—*From an Interpolation in Gunnlaugs Saga, ch. 11.*



## II. THE GREATER ISLENDINGA SOGUR.

### I. LAXDÆLA SAGA.

#### *The Death of Kjartan.*

Kjartan Ólafsson sitr hinn fjórða dag Páska at Hóli; var þar hin mesta skemtan ok gleði. Um nóttina eptir lét Ánn flá í svefni ok var hann vaktr, ok spurðu þeir hann hvat hann hefði dreymt. Hann segir at kona kæmi at sér óþekkilig,  
5 'ok kipti mér at stokkinum fram,' segir hann; 'hón hafði skálm í hendi, en trog í hinni; hón setti fyrir brjóst mér skálmína ok reist á mér kviðinn allan, ok tók í brott innyflin, ok lét koma í staðinn hrís, eptir þat gekk hón út,' segir Ánn. Þeir Kjartan hlógu mjök at drauminum, ok segja hann  
10 heita skyldu Án hrís-maga; þrifu til hans, ok kvóðuz leita skyldu hvárt hrís væri í maganum. Þá tók Auðr til orða, ok kvað eigi þurfa at spotta at þessu svá mjök; 'ok er þat mítt tillag at Kjartan geri annat-hvárt, at hann dveliz hér með oss lengr en hann hefir á kveðit, eðr ríði með meira lið  
15 héðan en hingat.' Kjartan mælti: 'Vera kann, at Ánn hrís-magi þikki vera mjök merk-máll þá er hann sitr at tali við yðr um daga, er yðr þikkir sem þat sé allt vitran, er hann dreymir; ok fara mun ek sem ek hefi áðr ætlat fyrir þessum draumi.' Kjartan bjóz snimma Fimta-daginn í Páska-viku.  
20 Þeir Þorkell hvölpr ok Knútr bróðir hans at ráði Auðar riðu með Kjartani á leið, ok vóru allz tolf saman. Kjartan kom ok heimti vaðmál Þórhöllu málgu sem hann hét; síðan reið hann suðr Svínadal. Þat var tíðinda at Laugum í Sælings-

dal, at Guðrún var snemma á fótum þegar í sólar-roð ok gekk þangat til er bræðr hennar lágu; hón tók á Óspaki. Hann vaknaði skjótt við, ok svá þeir fleiri bræðr, ok spurðu hvat hón vildi, at hón var svá snemma á fótum. Guðrún  
 5 kvazt vildu vita hvat þeir ætluðu at at hafaz. Óspakr kvað þá mundu kyrru fyrir halda; sagði þá vera fátt til verknaðar at sinni. Guðrún mælti: 'Gótt skap-lyndi hafi þér féngið ef þér værit dætr eins hvers bónda ok vildut hvárki láta af yðr leiða gótt né illt; en slíka svívirðing ok skömm sem Kjartan  
 10 hefir at yðr fært, þá sofi þér eigi minna ok leikit, at hann ríði hér hjá við annan mann nær þessum garði; ok hafa slíkir menn mikit svíns-minni; þikkir mér ok rekin ván, at þér berit áræði til at sækja Kjartan heim, er þér þorit eigi at finna hann nú, er hann er við annan mann eðr þriðja; en  
 15 þér sitið heima ok látið vænliga, ok erut æ hölzti margir.' Óspakr kvað hana mikit af taka, en sagði illt til mótmælis; spratt upp þegar ok klæddiz ok hvárr þeirra at öðrum bræðra. Síðan bjogguz þeir at sitja fyrir Kjartani. Þá bað Guðrún Bolla til ferðar með þeim. Bolli kvað sér eigi sama  
 20 fyrir frændsemis sakir við Kjartan; en tjáði þat hversu Óláfr hefði hann upp fætt ástsamliga. Guðrún segir: 'Satt er þetta er þú hefir hér um talat; en eigi muntú bera giptu til at gjöra svá, at öllum líki vel;' segir ok lokit þeirra samvist ef hann skæriz undan ferðinni. En við fortölur Guðrúnar  
 25 miklaði Bolli fyrir sér fjándskaþ allan ok sakir á hendr Kjartani, ok vápnaðiz skjótt; ok vóru fimm saman synir Ósvifrs: Óspakr ok Helgi, Vandráðr ok Torráðr ok Þórólfr; Bolli var hinn sétti, Guðlaugr hinn sjaundi systur-son Ósvifrs, manna vænligastr. Þar var Oddr ok Steinn synir Þórhöllu  
 30 málgu; allz nú. Þeir riðu til Svfnadals ok námu staðar hjá gili þvif er Hafrs-gil heitir, ok bundu þar hesta sína ok sátu þar hjá. Bolli var hljóðr um daginn ok sat uppi á gilspreminum.—Þat gil liggir norðan ór fjallinu ok fram í ána.

Lá þjóð-gatan eptir hléðinni nökkuru ofar en þeir Ósvifrs-  
synir sátu.—En þá er þeir Kjartan vóru komnir suðr ór  
Mjó-syndi ok rýmaz tekr dalrinn, þá bað Kjartan at þeir  
skyldu aprt hverfa. Þorkell kvað þá ríða mundu til þess  
5 þryti dalinn. Ok er þeir kómu suðr um sel þau sem Norðr-  
sel heita, þá mælti Kjartan til þeirra Þorkels hvölpz ok Knútz,  
kvað þeir skyldu eigi ríða lengra, kvað eigi Þórólf þjófinn  
skyldu eiga at því at hlæja, ‘at ek þora eigi at ríða leið mína  
fá-mennr.’ Þá segir Þorkell hvelpr: ‘Þat skal veita þér, at  
10 ríða eigi lengra; en iðraz munu vér þess, er vér erum eigi  
við staddir ef þú þarft manna við í dag.’ Þá mælti Kjartan:  
‘Eigi mun Bolli frændi slá bana-ráðum við mik; en ef þeir  
Ósvifrs-synir sitja fyrir mér, þá er þat eigi reynt hvárir frá  
tíðindum kunna at segja, þótt ek eiga við nokkurn liðs-mun.’  
15 Síðan riðu þeir bræðr vestr; en Kjartan ríðr suðr eptir dal-  
num ok vóru þrfr saman: Ánn svartí ok Þórarinn. Þorkell  
hét bóndi er bjó at Hafrs-tindum í Svínadal,—þar er nú  
auðn,—hann hafði farit til hrossa sínna um daginn ok smala-  
maðr hans með honum. Þeir sá hvára-tveggju, Lauga-menn  
20 í fyrir-sátinni ok þá Kjartan, er þeir riðu suðr eptir dalnum  
þrfr saman. Þá mælti smalamaðr, at þeir mundi snúa til  
mótz við þá Kjartan; kvað þeim þat happ mikit ef þeir  
mætti skirra vandræðum svá miklum sem þá var til stefnt.  
Þorkell mælti: ‘Þegi þú skjótt; mundir þú, mann-fólinn  
25 þinn, nökkurum manni líf gefa, ef bana er auðit. Er þat ok  
satt, at ek spari hváriga til, at þeir eigi nú svá flt saman, sem  
þeim líkar; sýniz mér þat betra ráð, at vit komim þar nær  
at vit megim gerst sjá fundinn, ok hafim svá gaman af  
viðskiptum þeirra; en okkr sé við engu hætt; þvíat þat  
30 ágæta allir at Kjartan sé vígr manna bezt; væntir mik, at  
hann þurfi þess, þvíat okkr er þat kunnigt, at hér er ærinn  
liðs-munr,—ok varð Þorkell at ráða. En þeir Kjartan riðu  
nú fram at Hafrs-gili. Þá gruna þeir Ósvifrs-synir, hví Bolli

hefði sér þar komit, er hann mátti vel sjá ef menn riði vestan at. Gerðu nú ráð sitt, þótti sem Bolli mundi þeim eigi trúr vera, ganga þá at hónum upp á brekkuna, ok brugðu á glímu ok drógu hann á fótunum ofan fyrir brekkuna. Þá  
 5 Kjartan bar brátt at, er þeir riðu hvatt. Þá er þeir Kjartan kómu suðr yfir gilið, þá sá hann fyrir-sátina ok kendi mennina, ok spratt þegar af baki ok sneri í mót þeim Ósvifrs-sonum. Þar stóð steinn mikill; þar bað Kjartan þá við taka. En áðr þeir mættiz, skaut Kjartan spjótinu, ok  
 10 kom í skjöld Þórólfs fyrir ofan mundriðann, ok bar af hónum skjöldinn; ok gekk spjótið í gegnum skjöldinn ok handlegginn fyrir ofan alboga, ok tók þar í sundr afl-vöðvann; lét Þórólfr þá lausan skjöldinn, ok var hónum ónyt höndin um daginn. Síðan brá Kjartan sverðinu ok hafði hann þá ekki  
 15 Konungs-naut. Þeir bræðr Þórhöllu-synir runnu at Þóramni; hann var ok ramr at affi; en þeir vóru ok vel knáir; mátti þar engi á milli sjá, hvárir þar mundi efri verða. Þá sóttu þeir Ósvifrs-synir at Kjartani ok Guðlaugr; vóru þeir sex, en þeir Kjartan tveir. Ánn varðiz vel, ok vildi jafnan ganga fram  
 20 fyrir Kjartan. Bolli stóð hjá með Fótbit. Kjartan hjó stórt; en sverðit dugði illa; brá hann því jafnan undir fót sér; urðu þá hvárir-tveggju sárir, Ósvifrs-synir ok Ánn, en Kjartan var þá ekki sárr. Kjartan barðiz þá svá snarpt ok röskliga at þeir Ósvifrs-synir hörfuðu undan, ok sneru þar at er Ánn var fyrir.  
 25 Ánn féll þá, ok hafði hann bariz við þat um hríð, at úti lágu iðrin. Í þessari svipan hjó Kjartan fót af Guðlaugi fyrir ofan kné, ok var hónum þessi áverki ærinn til bana. Þá sækja þeir Ósvifrs-synir at Kjartani, fjórir; hann varðiz vel ok röskliga lengi, svá at hann fór hvergi undan eða á hæl fyrir þeim. Þá  
 30 mælti Kjartan: 'Bolli frændi, hví fórtú heiman, at þú vilt kyrr hjá standa? Ok er þér nú þat vænast at veita öðrum hvárum, ok reyna enn hve Fótbitr dugir.' Bolli lét sem hann heyrði eigi. En er Óspakr sá, at þeir mundi ekki bera af Kjartani,

þá eggjar hann Bolla á alla vega; kvað hann eigi vita vilja þá skömm eptir sik, at hafa heitið þeim vígs-gengi, en veita þat ekki; 'ok var Kjartan oðs þá þungr, er ver höfðum eigi jafn-stórt til gört; ok ef Kjartan skal nú undan rekaz, þá mun þér, Bolli, sem oss, skamt til afar-kosta.' Þá brá Bolli Fótbt, ok sneri at Kjartani. Þá mælti Kjartan til Bolla: 'Víst ætlar þú nú niðings-verk at gjöra; en miklu þikki mér betra at þikkja bana-orð af þér, frændi, en veita þér þat.' Síðan kastaði Kjartan vápnunum, ok vildi eigi verja sik; en þó var hann þú lítt sárr, en ákaflega víg-móðr. Engi veitti Bolli svör máli Kjartans; en þó veitti hann hönnum bana-sár. Bolli settiz þegar undir herðar hönnum. Kjartan andaðiz í knjám Bolla. Bolli iðraðiz þegar verksins ok lýsti vígi á hendr sér.

Bolli sendir þá Ósvifrs-sonu til héraðs, en hann var eptir ok Þórarinn hjá líkunum. En er þeir Ósvifrs-synir kómu til Lauga ok sögðu tíðindin, lét Guðrún vel yfir; var þá ok bundit um höndina Þórarins, greri hön seint en varð aldri meinalaus. Lík Kjartans var fært í Tungu. Síðan reið Bolli heim til Lauga. Guðrún gekk á móti hönnum ok spurði hversu fram-orðit væri. Bolli kvað þá væri nær nóni, Guðrún mælti: 'Mikil verða hermðar-verkin, ek hefi spunnit tolf alna garn, en þú hefir vegit Kjartan.' Þá segir Bolli: 'Þó mætti mér þat óhapp seint ór hug ganga, þótt þú mintir mik ekki á.' Guðrún mælti: 'Ekki kalla ek slíkt með óhöppum; þótti mér sem þú hefðir meiri metorð þann vetr er Kjartan var í Noregi; en nú er hann trað yðr undir fótum þegar hann kom til Íslandz; en ek tel þat þó síðast, er mér þikkir mest vert, at Hrefna mun eigi ganga hlæjandi at hvílunni í kveld.' Þá svarar Bolli ok var mjök reiðr: 'Ósýnt þikki mér at hön fölni meirr en þú við þessi tíðindi; ok þat grunar mik, at þér brygði minna við, þótt þú sæir mik eptir liggja á vetvanginum, en Kjartan segði frá tíðindum.' Guðrún fann þat at Bolli reiddiz, ok þá mælti hön: 'Haf ekki slíkt

við,' segir hón, 'þvíat ek kann þér mikla þökk fyrir verk þetta; þikki mér þat nú vitað, at þú vilt ekki gera á móti mínu skapi.' Síðan gengu þeir Ósvifrs-synir í jarð-hús þat, er þeim hafði gert verit á laun; en þeir Þórhöllu-synir voru 5 sendir til Helgafellz at segja tíðindin Snorra goða, ok þat með, at þau báðu hann at fá sér styrk nökkurn skjótan í móti Óláfi ok þeim mönnum, er eptir-máli vildu fylgja eptir Kjartan.

Þat varð til tíðinda í Sælingsdals-tungu þá nótt ina sömu er vígin höfðu orðit áðr um daginn, at Ánn settiz upp, er allir 10 hugðu at dauðr væri; urðu þeir hræddir, er vöktu yfir líkunum, ok þótti þetta undr líkhit. Þá mælti Ánn til þeirra: 'Ek bið yðr í Guðs nafni, at þér hræðiz mik eigi; þvíat ek hefi lifat ávalt, ok haft vit mítt allt til þessar stundar; rann nú á mik ómegins-höfgi. Þá dreymdi mik hina sömu konu 15 ok fyrri nótt, ok þótti mér hón taka hrfsit í brott ór maganum ok lét innnyflin koma í staðinn, ok varð mér gótt við þat skipti.' Síðan voru bundin sár Áns, ok varð hann græddr, ok kallaðr síðan Ánn hrfs-magi. Ok er Óláfr spyrir þessi tíðindi þá þótti hónum mikit um víg Kjartans; en þó bar hann 20 sik hraustliga; en þeir synir hans vildu þegar fara at Bolla ok drepa hann. Þá mælti Óláfr: 'Þat skal fjarri vera; er mér eigi bættir sonr míninn þótt Bolli sé drepinn. Ok unna ek Kjartani um fram alla menn; en ekki máttu ek mein vita Bolla. En sé ek yðr makliga sýslu at fara til mótz við sonu 25 Þórhöllu málgu; er ek hefi frétt, at sendir hafi verit til Helgafellz at stefna liði at Ósvifrs-sonum; þikkir mér vel, at þér skapit þeim víti slíkt sem yðr líkar.' Síðan snaraz þeir Óláfs-synir til ferðar ok gengu á ferju þá er Óláfr átti, ok voru fjórir saman. Reru út eptir Hvamsfirði, ok sækja 30 ákaflega fram. Þeir hafa veðr lítið ok hagstætt, ok roa undir seglunum þar til er þeir koma undir Skorrey, ok eiga þar dvöl nökkura, ok spyrjaz fyrir um ferðir manna; þá sjá þeir skip roa vestan yfir fjörðinn; þeir kendu brátt mennina, at

þar vóru þeir Þórhöllu-synir; leggja þeir Halldórr þegar at þeim; ok varð þar engi viðtaka, þvíat þeir Óláfs-synir hljópu þegar at þeim Oddi á skipit; urðu þeir Steinn handteknir ok höggðir fyrir borð. Þeir Óláfs-synir hverfa aprt við svá búið  
5 ok þótti þeirra ferð allskörulig orðin.

Óláfr fór í móti líki sonar síns; en sendi menn suðr til Borgar at segja Þorsteini Egilssyni þessi tíðindi, ok þat með, at hann vildi hafa styrk af honum til eptir-máls, ef stórmenni sneriz í móti með þeim Ósvifrs-sonum, þá lézt hann vilja  
10 eiga allt undir sér. Slík orð sendi hann norðr í Víðidal til Guðmundar mágs síns ok þeirra Ásgeirs-sona; ok þat með, at hann lýsti vígi á hendr öllum þeim mönnum er í tilför höfðu verit, nema Óspaki Ósvifrssyni, ok var hann áðr sekr um konu þá er Ásdís hét ok var systir Hólmgöngu-Ljótz af  
15 Ingjaldz-sandi. Þeirra son var Úlfr, er síðan var stallari Haraldz konungs Sigurðarsonar; hann átti Jórinni Þorbergs-dóttur; þeirra son var Jón, faðir Erlendz hímalda, föður Eysteins erkibiskups. Óláfr hafði lýst víginu til Þórnes-þings. Hann lét flytja heim lík Kjartans ok tjalda yfir; þvíat  
20 þá var engi kirkja í Dölum. En er Óláfr spurði, at Þorsteinn hafði skjótt við brugðið, ok hafði tekit upp mikit fjölmenni ok svá þeir Víðdælir, þá lætr Óláfr stefna at sér mönnum um alla Dali; var þat mikit fjölmenni. Síðan sendir Óláfr lið þetta allt til Lauga, ok mælti svá: 'Þat er mín vili, at þér  
25 verit Bolla, ef hann þarf, eigi verr en þá er þér fylgðut mér; þvíat nær er þat mínni ætlan, at þeir þikkiz nokkut eptir sínum hlut eiga at sjá útanhéraðs-menninir, er nú munu koma á hendr oss brátt.' Ok svá var með farit. Síðan kómu þeir Þorsteinn ok Víðdælir, ok vóru hinir óðustu;  
30 eggjaði Hallr Guðmundarson mest ok Kálfr Ásgeirsson, at ganga skyldi at Bolla, en leita Ósvifrs-sona þar til er þeir væri fundnir; kvóðu þá hvergi ór héraði stokkna á braut. En með því at Óláfr latti mjök at fara, þá vóru borin sáttmál

á milli; var þat auðsótt við Bolla, þvfat hann bað Ólaf einn ráða fyrir sína hönd; en Ósvifr sá eingin sín efni í at mæla á móti, þvfat hönun kom ekki lið frá Snorra. Var þá í Ljár-skógum ákveðinn sáttar-fundr. Kómu mál öll óskorut  
 5 undir Ólaf; skyldi fyrir koma víg Kjartans sem Ólafi líkaði, fé ok mann-sektir. Eigi kom Bolli til sættar-fundar, ok réð Óláfr þar. Gerðum skyldi upp lúka á Þórnes-þingi; var þá slitið sættar-fundinum. Ríða þeir Víðdælir ok Mýra-menn í Hjarðarholt. Þorsteinn Kuggason bauð Ásgeiri til fósturs til  
 10 huggunar við Hrefnu. En Hrefna fór norðr með bræðrum sínum ok var mjök harm-þrungin; en þó bar hön sik kurteisliga; þvfat hön var létt í máli við hvern mann. Engan tók Hrefna mann eptir Kjartan; ok lifði lítla hríð síðan er hön kom norðr. Ok er þat sögn manna, at hön  
 15 hafi sprungit af stríði eptir Kjartan.

Lík Kjartans hafði staðit uppi viku í Hjarðarholti. Þorsteinn Egilsson hafði látið gera kirkju at Borg; hann flutti lík Kjartans heim með sér, ok var Kjartan at Borg grafinn; var þá kirkja ný-vígð ok þá í hvíta-váðum.  
 20 Síðan leið til Þórnes-þings. Vóru mál til búin á hendr þeim öllum Ósvifrs-sonum ok urðu þeir allir sekir; var gefit fé mikit til at þeir skyldu vera ferjandi; en enginn skyldi eiga út kvæmt meðan nokkurr Óláfs son væri á fótum eðr Ásgeirr Kjartans son; en Guðlaugr, systur-son Ósvifrs, skyldi falla  
 25 ógildir af tilförr ok fyrir-sát við Kjartan; ok engrar var sæmðar unnt Þórólfi fyrir áverkann þann er hann hafði fengit. Eigi vildi Óláfr láta sækja Bolla, ok vildi hann láta koma fé fyrir sik; þetta líkaði þeim Halldóri ok Steinþóri stór-illa ok svá öðrum sonum Óláfs, ok kvóðu þungt mundu  
 30 veita ok út seljaz, ef Bolli skyldi sitja sam-héraðs við þá. Óláfr kvað hlýða mundu á meðan hann væri á fótum. Skip stóð uppi í Bjarnarhöfn, er Auðunn átti Festar-garmr. Hann stóð upp ok mælti: 'Þat er til kostar, at þessara manna sekt



muni eigi minni í Noregi ef vinir Kjartans lifa.' Þá mælti Ósvifr: 'Þú, Festar-hundr, munt eigi verða sann-spárr um þetta, þvíat synir mínir munu vera virðir mikils hjá tignum mönnum, en þú munt fara í trola-hendr í sumar.' Auðunn  
 5 Festar-garmr fór útan þat sumar, ok braut skipit við Færeyjar, ok týndiz hvert mannz barn af skipinu. Þótti þeim á hafa hrinit mjök er Ósvifr hafði spáð um Auðun Festar-garm.

Ósvifrs-synir fóru útan þat sumar ok kom engi þeirra aþtr síðan; lauk þar eptir-máli, at Óláfr þótti vaxit hafa af; þvíat  
 10 hann lét þar með beini ganga er makligast var, er þeir voru Ósvifrs-synir, en hlífði Bolla fyrir frændsemis sakir. Þakk-aði Óláfr mönnum vel liðveizlu. Bolli hafði landkaupit í Sælingsdals-tungu at ráðum Óláfs. Þat er alsagt, at Óláfr lifði þrjá vetr eptir þat Kjartan var veginn. En síðan er  
 15 hann var allr, skiptu þeir bræðr arfi eptir hann; Halldórr tók bústað eptir hann í Hjarðarholti. Þorgerðr Egils-dóttir var með Halldóri, móðir þeirra, ok var mjök heipt-fengin til Bolla, ok þótti sár vera sóstr-laun hans. Þau Bolli ok Guðrún settu bú saman um várit í Sælingsdals-tungu, ok  
 20 varð þat brátt reisuligt. Þau Bolli ok Guðrún gátu son; þeim sveini var nafns leitað ok kallaðr Þorleikr; hann var hinn vænsti sveinn. Halldórr Ólafsson bjó nú í Hjarðarholti sem fyrr var ritað, ok var mjök fyrir þeim bræðrum. Þat vár er Kjartan var veginn tók Þorgerðr húsfreyja vist frænd-sveini  
 25 sínum með Þorkatli at Hafrs-tindum. Sveinninn gætti þar fjár um sumarit; hónum var Kjartan mjök harmdauði sem öðrum. Hann mátti aldri tala um Kjartan svá at Þorkell væri hjá; þvíat hann mælti jafnan síla til Kjartans, kvað hann hafa verit hvítan mann ok huglítinn, ok hermdi eptir hónum  
 30 jafnan, hvernig hónum hefði orðit við áverkann. Sveininum varð síla at þessu getið, ok ferr í Hjarðarholt, ok segir þat Halldóri ok Þorgerði, ok bað þau viðtöku. Þorgerðr bað hann vera í vist sínni til vetrar. Sveinninn kvazt eigi hafa

þrótt til at vera þar lengr, 'ok mundir þú mik eigi þess biðja, ef þú vissir hversu mikla raun ek hefi af þessu.' Þá gekkz Þorgerði hugr við harm-tal hans, ok kvazt mundu láta hönnum uppi vist fyrir sína hönd. Þá svarar Halldórr, bað hana ekki  
 5 gaum gefa at slfku, kvað svein þenna ómerkan í orðum. Þá segir Þorgerðr: 'Lítils er sveinninn verðr; en Þorkatli hefir allz-kostar slla farit þetta mál; þvíat hann vissi fyrir-sát þeirra Lauga-manna fyrir Kjartani, ok vildi eigi segja hönnum; en hafði af gaman ok skemtan af viðskiptum þeirra; en hefir  
 10 lagt til síðan óvingjarnleg orð. 'Mun yðr fjarri fara bræðrum, segir hön, at þér munit þar ok hefnda leita, er ofr-efli er fyrir, ef þér getið eigi launat sínar tillögur slfkuum mann-fylum sem Þorkell er.' Halldórr svaraði fá hér um, en bað Þorgerði ráða vist sveinsins. Fám dögum síðarr ríðr Halldórr heiman  
 15 ok þeir nokkurir menn saman; hann ferr þar til er hann kemr til Hafs-tinda, ok tók hús á Þorkatli. Þorkell var leiddr út fyrir dyrr ok drepinn; hann varð ódrengriliga við líflát sítt. Engu lét Halldórr þar ræna, ok fór heim við svá búit. Vel lét Þorgerðr yfir þessu, ok þótti þessi minning betri en engi.  
 20 Þetta sumar var allt kyrt at kalla, ok var þó hit fæsta með þeim Bolla ok Ósvifrs-sonum; létu þeir bræðr hit álitligsta við Bolla; en hann vægði í öllu fyrir þeim frændum þess er hann minkaði sik í engu; þvíat hann var hinn mesti kappsmaðr. Bolli hafði optast fjölmenni ok hélt sik ríkmannliga,  
 25 þvíat eigi skorti fé til. Steinþórr Óláfsson bjó í þenna tíma á Dönustöðum í Laxárdal; hann átti þá Þúríði Ásgeirs-dóttur, er átt hafði Þorkell kuggi, þeirra son var Steinþórr er kallaðr var Gró-slappi.—Chs. 48-53.

*The Vengeance wreaked on Bolli.*

Hinn næsta vetr eptir andlát Óláfs Höskuldz-sonar ok Hall-  
 30 dórr bjó í Hjarðarholti, þá er þat sagt um vetrinn þegar á leið þá sendir Þorgerðr orð Steinþóri syni sínum, at hann skyldi

koma á fund hennar. Ok er þau funduz mæðgin, þá segir hún hönnum skil á, at hún vill fara heiman vestr til Saurbæjar at hitta Auði frænd-konu sína; hún segir ok at Halldórr skal fara; vóru þau fimm saman er þau fóru heiman. Halldórr 5 fylgði móður sínni. Fara nú þar til er þau koma í Sælingsdal, ok fyrir bæinn í Tungu. Þá sneri Þorgerðr hesti sínum upp at bænum ok spurði: ‘Hvat heitir bær sjá?’ Þá segir Halldórr ok brosti við: ‘Sjá bær heitir í Tungu.’ ‘Hverr býr hér?’ segir hún. Þá svarar Halldórr: ‘Þessa spyrst þú 10 eigi af því, móðir, at þú vitir eigi.’ Þá segir Þorgerðr; ok blés við: ‘Veit ek at vísu,’ segir hún, ‘at hér býr Bolli, bana-maðr bróður yðars. Ok furðu-ólfskir urðu þér yðrum frændum göfgum, er þér vilit eigi hefna þvílks bróður sem Kjartan var; ok eigi mundi svá gera Egill móður-faðir yðarr; ok er 15 illt, segir hún, at eiga dáðlausa sonu; ok víst ætla ek, segir hún, yðr betr til þess fallna at vera dætr föður yðars, ok værit giptar. Kemr hér at því, Halldórr, sem mælt at “Einn er aukvisi ættar hveirrar;” ok sú er mér auðsýn ógipta Óláfs, er hönnum glapðiz svá mjök sona-eignin. Kveð ek þik at þessu 20 því, Halldórr, at þú þikkiz mjök fyrir yðr bræðrum. Nú munu vér aptr snua hér, segir hún. Var þetta erindi mítt, at minna yðr á þetta, ef þér myndit eigi áðr.’ Þá segir Halldórr: ‘Eigi munu vér kenna þér þat, móðir,’ segir hann, ‘þótt oss líði þetta skjótt ór minni.’ Hann svarar hér fá um; en þrútnaði 25 mjök við tal hennar. Ok nú eptir þetta snua þau aptr ferð sínni, ok létta eigi fyrr en þau koma heim í Hjarðarholt. Líðr nú vetr sjá; ok er sumar kemr, líðr til þings framan, lýsir hann því, at hann vill ríða til þings um sumarit ok þeir bræðr hans. Riðu þeir bræðr með mikinn flokk; tjalda 30 búð þá er Óláfr hafði átt. Þing þetta var kyrt ok tíðinda-laust. Þeir vóru á þingi norðan, Víðdælir, synir Guðmundar Sölmundar-sonar. Barði Guðmundarson var þá áttján vetra gamall, ok var mikill maðr ok sterkr. Þeir Óláfs-synir buðu

Barða, frænda sínum, heim með sér, ok lögðu þar mörg orð til.—Hallr Guðmundarson var þá erlendis.—Barði tók þessu vel, því at ástúðligt var með þeim frændum. Ríðr nú Barði vestr af þingi með þeim bræðrum. Óláfs-synir ríða heim 5 í Hjarðarholt; er Barði þar um sumarit. Nú segir Halldórr Barða í hljóði, at þeir bræðr ætli at fara heim at Bolla; kvóðuz eigi lengr þola frjju-yrði móður sinnar; ‘Er ekki því at leyna, Barði frændi,’ segir hann, ‘at mjök var þat undir heimboði við þik, at vér vildum hafa hér til þitt liðsinni 10 ok brautar-gengi.’ Þá segir Barði: ‘Ílla mun þat fyrir mælaz, at ganga á grið við frændr sína. En í annan stað þá sýniz mér Bolli torsóttligr; hann hefir mart manna um sik, en er sjálfr hinn mesti garpr; þar skortir ok eiga vitrligar ráða-gerðir, er þau eru, Ósvifr ok Guðrún; þikki mér við 15 þetta allt óauðveldligt um at brjóta.’ Halldórr svarar: ‘Hins munu vit þurfa, at torvelda ekki þetta mál fyrir oss; hefi ek ekki þetta fyrr upp borit, en þat mun fram gengt verða at vér munum til hefnda leita við Bolla. Vænti ek ok, frændi, at þú skoriz eigi undan þessari ferð með oss.’ 20 Barði segir: ‘Veit ek, at þér mun ósannlegt þikkja, ef ek víkjumz undan ferðinni; mun ek ok eigi þat gera, ef ek sé at ek fæ eigi latt.’ ‘Þá hefir þú vel af máli,’ segir Halldórr, ‘sem ván var at.’ Barði segir þeir muni þá verða ráðum at at fara. Halldórr kvazt þat spurt hafa, at Bolli hefði sent 25 heiman menn sína, suma norðr til Hrutafjarðar til skips, en suma út á Strönd. ‘Þat er mér ok sagt, at Bolli sé í seli í Sælings-dal; sé þar ekki fleira manna, en húskarlar þeir er vinna hey-verk; sýniz mér sem eigi sé í annat sinn vænna til at leita fundarins við Bolla en nú.’ Staðfestiz nú þetta 30 með þeim Halldóri ok Barða.

Maðr hét Þorsteinn svartir er bjó í Hundadal í Breiða-fjarðar-döllum; hann var vitr maðr ok auðigr; hann hafði verit kærri vinr Óláfs pá. Systir Þorsteins hét Sólveig;

hón var gípt manni þeim er Helgi hét Harðbeins son, hann var mikill maðr ok garpligr, hann var farmaðr mikill; hann var ný-kominn út ór för, ok var at vist með Þorsteini mági sínum. Halldórr sendir orð Þorsteini, ok Helga mági hans; kómu þeir í Hjarðarholt; segir þá Halldórr Þorsteini alla þessa ráða-gerð, ok bað hann til farar með sér. Þorsteinn lét síla yfir þessari ætlan. 'Er þat hinn mesti geigr, ef þér frændr drepiz niðr á leið fram; eru nú slíkir menn fáir í ætt yðarri sem Bolli er.' En þótt Þorsteinn talaði slíkt, kom þat fyrir ekki. Halldórr sendi orð Lamba, föður-bróður sínum; ok er hann kom á fund hans, segir hann hönnum fyrir-ætlan sína. Lambi fýsti mjök, at þetta skyldi fram ganga. Þorgerðr húsfreyja var ok mikill hvata-maðr at þessi ferð skyldi takaz; kvað aldri mundu verða hefnt Kjartans nema Bolli kæmi fyrir. Eptir þetta buaz þeir til ferðar; vóru þeir í ferð fjórir bræðr, Halldórr ok Steinþórr, Helgi ok Höskuldr; hinn fimti maðr var Barði Guðmundarson, hinn setti Lambi, sjaundi Þorsteinn svarti, átti Helgi mágr hans, niundi Ánn hrísmagi. Þorgerðr húsfreyja rézt í ferð með þeim sonum sínum. Þeir löttu þess heldr; kvóðu slíkt ekki kvenna ferðir. Þorgerðr kvazt at vísu fara skyldu; kvazt 'svá görst vita,' segir hón, 'til yðar sona mínna, at þér þurfit bryningina.' Þeir kvóðu hana ráða mundu.

Eptir þetta ríða þeir heiman ór Hjarðarholti niu saman, Þorgerðr húsfreyja var hin tiunda. Þau ríða eptir fjörum inn til Ljár-skóga; þat var öndverða nótt. Létta nú eigi ferðinni fyrr en þeir koma í Sælingsdal. Þá var mornat nokkut. Skógr var þykkur í dalnum.

\*Bolli var þar í seli, sem Halldórr hafði spurt. Selin stóðu við ána þar sem heita Bolla-toptir síðan. Holt mikit gengr fyrir ofan selit ok ofan at Stakka-gili. Milli hlíðarinnar ok holtzins er engi mikit, er í Barmi heitir; þar unnu húskarlar Bolla. Þeir Halldórr ok föru-nautar hans riðu at Yxna-gröf

yfir Ránar-völlu ok fyrir ofan þar er Hamar-engi heitir; þat er gegnt selinu. Þeir vissu at mart manna var at selinu; stigu af baki ok ætluðu at bíða þess, er menn drifi frá selinu til verks. Smala-maðr Bolla fór at fé snemma um morguninn 5 í hlíðinni uppi. Hann sá menn í skóginum ok svá hrossin, er bundin vóru í gröfnni; hann grunar, at þetta munu ekki vera frið-menn, er svá fóru leyniliga; stefnir þegar it beinstu til selsins, ok ætlar at segja Bolla kvómu mannanna. Halldórr Ólafsson var allra manna skygnastr; hann sér, at maðr hleypr 10 ór hlíðinni ofan ok heim til selsins; segir fóru-nautum sínum, at þat mun vera smala-maðr Bolla, 'ok mun hafa sét ferð vára; ok skulu vér nú göra í mót hónum, ok látum hann eigi njósn koma til selsins.' Svá görðu þeir fóru-nautar hans, sem hann mælti fyrir. Ánn hrís-magi var þeirra skjótastr 15 fóru-nauta, ok getr farit smala-manninn; tekr hann höndum ok keyrir niðr; þat fall varð á þá leið, at hrygggrinn brotnaði í sundr í sveininum. Síðan riðu þeir til selsins. Selia vóru tvau, svefn-sel ok búr.

Bolli hafði verit á fótum snemma um morguninn ok skipat 20 til verks, en lagzt þá niðr til svefns, er húskarlar hans fóru á braut; voru þau tvau í selinu, Bolli ok Guðrún. Þau vöknudu við dyninn, er þeir hljópu af baki; þau heyrðu, at þeir hjöluðu um þat, hvern fyrstr skyldi inn ganga í selit at Bolla. Bolli kendi mál Halldórs ok fleiri þeirra fóru-nauta. Bolli ræddi 25 þá við Guðrúnu, bað hana ganga í brott ór selinu; kvazt hyggja, at sá einn mundi verða fundr þeirra, er henni mundi eigi gaman á at sjá. Guðrún svarar, kvazt hyggja, at þau ein tíðindi mundi þar verða, at hón mundi sjá mega, kvað Bolla mundu ekki mein at sér verða, þótt hón væri nær hónum 30 stödd. Bolli kvazt þessu ráða skyldu. Ok svá var, at Guðrún gékk út ór selinu ok ofan fyrir brekkuna til lækjar þess, er þar féll, ok tók at þvá lérept sín. Bolli var nú einn í selinu. Hann tók vápn sín, setti hjálm á höfuð sér; hann hafði skjöld fyrir

sér, Fótþít í hendi; enga hafði hann brynju. Þeir Halldórr ok föru-nautar hans ræða nú um sfn í milli, hversu at skal orka, þvíat engi var fúss at ganga inn í selit. Þá mælti Ánn hrfsmagi: 'Eru þeir menn hér í ferð,' segir hann, 'er Kjartani eru 5 skyldari at frændsemi en ek, en engi man sá þó, er minni-samara muni vera um þann atburð er Kjartan var drepinn; var mér þat þá í hug, er ek var heim færðr í Tungu ódauðr at eins, en Kjartan veginn, at ek munda gjarna göra Bolla mein, ef ek mætta; mun ek ganga fyrst inn í selit.' Þá 10 svarar Þorsteinn svart: 'Hreystimannliga er slíkt mælt, en þó er þat ráðligra at rasa nú eigi fyrir ráð fram; fari menn varliga, þvíat Bolli mun eigi kyrr fyrir standa, er at hönun er sótt. Nú þótt hann sé fáliðr fyrir, þá munu þér þar eiga ván snarpligrar varnar, þvíat Bolli er bæði sterkr ok víg-fimr, 15 en hefir sverð þat, er öruggt er til vápn.' Eptir þetta gengr Ánn inn í selit hart ok skjótt, ok hafði skjöldinn yfir höfði sér ok horfði fram hit mjórra. Bolli hjó til hans með Fótþít ok af skjaldar-sporðinn; þar með klauf hann Án í herðar niðr; fékk hann þegar bana. Síðan gekk Lambi inn; hann 20 hafði hlíf fyrir sér, en sverð brugðit í hendi. Í því bili kipti Bolli sverðinu ór sárinu, ok bar þá af hönun við skjöldinn. Þa lagði Lambi í lær Bolla, ok varð þat mjök mikit sár. Bolli hjó í móti, ok kom högg þat á öxl Lamba, ok rendi sverðit ofan með síðunni; hann varð þegar óvígr. Aldri varð hönun 25 höndin síðan meina-laus meðan hann lifði. Í þessari svipan gekk Helgi inn Harðbeins son, ok hafði í hendi króka-spjót, þat er álnar var löng fjöðrin, ok jární vaft skaptið. Ok er Bolli sér þat, þá kastar hann sverðinu, en tók skjöldinn tveim höndum ok gekk at sels-durunum í móti Helga. Helgi lagði 30 til Bolla með spjóttinu í gegnum skjöldinn ok sjálfan hann. Bolli hallaðiz þá upp at sels-vegginum. Nú þustu þeir inn í selit, Halldórr ok bræðr hans, Þorgerðr gékk ok inn. Þá tók Bolli til orða: 'Þat er yðr nú ráð bræðrum, at ganga

nær en hér til;’ kvazt vænta, at þá mundi verða skömm vörn. Þorgerðr svarar þá máli hans, kvað þat eigi spara þurfa, at vinna ógrunsamliga at við Bolla, bað þá ganga í milli bols ok höfuðs. Bolli stóð þá enn við vegginn ok hélt at sér 5 kyrtlinum, at eigi hlypi út iðrin. Þá hljóp Steindórr Ólafsson at Bolla ok hjó til hans með öxi mikilli; kom höggit á hálsinn við herðarnar ok gekk þegar af höfuðit. Þorgerðr bað hann njóta heilan handa, kvað nú Guðrúnu mundu verða at bua um rauða skör Bolla um hríð.

10 Nú ganga þeir út ór selinu, en Guðrún gengr neðan frá vatninu til tals við þá Halldór, ok spyr hvat til tíðinda hafi görzt í skiptum þeirra Bolla. Þeir segja slíkt er var. Guðrún var svá buin, at hón var í nám-kyrtli, ok við vefjar-upphlut þröngr, sveigr mikill á höfði; hón hafði knýtt at sér blæju, ok 15 vóru mörk blá í ok tröfr fyrir enda. Helgi Harðbeins son gekk at Guðrúnu, ok tók blæju-endann, ok þerði blóð af spjótinu því inu sama, er hann hafði lagt Bolla í gegnum með. Guðrún leit til hans ok brosti við. Þá mælti Halldórr, kvað þetta vera grimmliga gört ok illmannliga. Helgi bað hann þetta eigi 20 harma, ‘þvíat ek hygg þat,’ segir hann, ‘at undir þessu blæju-horni bui höfuð-bani mfn.’ Síðan taka þeir hesta sína ok ríða í brott. Guðrún gékk á götu með þeim ok hjalaði við þá um hríð; hvarf apr síðan. Þat ræddu þeir föru-nautar Halldórs, at Guðrúnu þætti lítið at um dráp Bolla, er hón 25 slóz á leiði-orð með þeim, ok átti allt tal slíkt við þá, sem þeir hefði ekki þat gört, er henni væri í móti skapi. Halldórr svarar þá: ‘Ekki er þat mín ætlan, at Guðrúnu þykki lítið lát Bolla, hygg ek at meir gangi henni til leiði-orðz þessa, at hón vildi skynja sem görst, hverir menn væri í ferð þessari; 30 er þat ok ekki ofr-mæli, at Guðrún er mjök fyrir öðrum konum um allan skörungs-skap; er þat ok eptir vánum, at Guðrúnu þikki mikit um víg Bolla, þvíat þat er satt at segja, at eptir slíka menn er mestr skaði sem Bolli var, þótt vær



frændr bærim eigi giptu til samþykkis.' Nú ríða þeir Halldórr heim í Hjarðarholt. Tíðindi þessi spyrjaz nú víða ok þóttu mikil; var Bolli it mesta harm-dauði. Guðrún sendi þegar menn á fund Snorra goða, þvíat þar þóttuz þau Ósvifr  
 5 eiga traust allt er Snorri var. Snorri brázt við skjótt orð-sending Guðrúnar ok kom inn í Tungu með sex tigi manna. Guðrún varð fegin kvómu Snorra; hann bauzt til at leita um sættir. Guðrún lét sér lítið um þat, at játa því fyrir hönd Þorleiks at taka fé fyrir víg Bolla. 'Þykki mér þú, Snorri,  
 10 segir Guðrún, þat lið mér mest veita, at þú skipt við mik bústóðum, svá at ek sæta eigi sam-týnis við þá Hjarð-hyltinga.' Í þenna tíma átti Snorri deilur miklar við þá Eyrbyggja. Snorri kvazt þetta mundu göra fyrir vinfengis sakar við Guðrúnu, en kvað þó Guðrúnu mundu þau misseri  
 15 verða at bua í Tungu. Þýz nú Snorri í brott. Guðrún gaf hönnum virðuligar gjafir. Ríðr nú Snorri til þess er hann kemr heim, ok var nú kyrt at kalla.

Hinn næsta vetr eptir víg Bolla fæddi Guðrún barn, þat var sveinn, þann kallaði hön eptir Bolla; sá sveinn var  
 20 snemma mikill ok vænn; Guðrún unni hönnum ok mikit. Ok er vetr sjá líðr af ok vár kemr, þá fór kaup þetta fram, sem rætt hafði verit, at þau mundu kaupa ann lönd, Snorri ok Guðrún; rézt Snorri í Sælingsdals-tungu ok bjó þar til dauða-dags. Guðrún fór þá til Helgafellz ok þau Ósvifr, ok  
 25 setja þar bú saman reisuligt; vaxa þar upp synir hennar Þorleikr ok Bolli. Þá var Þorleikr fjogurra vetra er Bolli var veginn.—Chs. 53—56.

*How Gudrun outwits Thorgils and revenges her Husband.*

Maðr hét Þorgils ok var kendr við móður sína ok kallaðr Höllu son; hann bjó í Hörðadal á þeim bæ er heitir í Tungu,  
 30 faðir hans hét Snorri, son Álfs í Dölum. Halla móðir Þorgils var dóttir Gestz Oddleifssonar. Þorgils var mikill maðr ok

vænn, ok hinn mesti ofláti; enginn var hann kallaðr jafnaðar-  
maðr; optast var heldr fátt með þeim Snorra goða; þótti Snorra  
Þorgils hlut-gjarn ok áburðar-mikill. Þorgils gaf sér mart til  
erinda út í sveitina; hann kom jafnan til Helgafellz, ok bauð  
5 sik þar til umsýslu með Guðrúnu. Hón tók á því vel at  
eins, ok tók lítt af öllu. Þorgils bauð heim Þorleiki syni  
hennar, ok var hann löngum í Tungu, ok nam at Þorgilsi  
lög; þvíat hann var hinn lög-kænsti maðr.

Í þenna tíma var í förum Þorkell Eyjólfz son. Hann var  
10 hina frægsti maðr ok kynstórr; hann var vin mikill Snorra  
goða; hann var jafnan með Þorsteini Kugga syni, frænda  
sínum þá er hann var út hér. Ok eitt sinn, er Þorkell átti  
uppi-standanda skip í Vaðli á Barða-strönd, þá varð sá  
atburðr í Borgar-firði, at son Eiðs Skeggja sonar ór Ási, var  
15 veginn af sonum Helgu frá Kroppi, sá hét Grímr er vegit  
hafði vígit; bróðir hans hét Njáll, hann druknaði líflu síðarr  
í Hvítá. Grímr varð sekr skógar-maðr um vígit; Grímr lá  
úti á fjöllum er hann var í sektinni; hann var mikill maðr ok  
sterkr. Eiðr var þá mjök gamlaðr, er þetta var tíðinda;  
20 varð því at þessu görr engi reki. Mjök lágu menn á hálsi  
Þorkatli Eyjólfz syni, er hann skyldi eigi reka þessa réttar á  
nokkura lund, slíkr garpr sem hann var, en svá skyldr sem  
hann var Eiði at frændsemi. Um sumarit er Þorkell hafði  
buit skip sítt, þá ferr hann suðr yfir Breiða-fjörð; fær sér  
25 þar hest, ríðr síðan einn saman suðr til Borgar-fjarðar; léttir  
eigi sinni ferð fyrr en hann kemr í Ás til Eiðs frænda síns.  
Eiðr tók við hónum feginsamliga. Þorkell segir hónum þá  
hvert erindi hans var, at hann vildi leita til fundar við Grím  
skógar-mann hans; spyr þá Þorkell hvárt Eiðr viti nökkut til  
30 hvar bæli hans mundi vera. Eiðr svarar: 'Ekki em ek fúss  
at þú farir þessa ferð; þikki mér, frændi,' segir hann, 'miklu  
til hætt hversu tekz ferðin; en at eiga við heljar-mann slíkan  
sem Grímr er; en ef þú vilt ekki annat en út fara, þá vilda

ek, at þú færir með marga menn, ok ættir allt undir þér.  
 'Þat þikki mer engi frami,' segir Þorkell, 'at bera af einum  
 manni með ofrefli liðs; en ek vilda, at þú léðir mér sverð þítt  
 Sköfnung; ok vænti ek þá, at ek skuli af bera einum ein-  
 5 hleypingi, þótt hann sé heldr vel at sér görr.' 'Þú mant ok  
 þessu ráða,' segir Eiðr; 'en ekki kemr mér á óvart, þóttú  
 iðriz þessa einræðis eithvert sinn. En er þú þikkiz þetta  
 fyrir mínar sakir gera, þá skal ek þessa eigi varna þér er þú  
 beiðiz; þvíat ek ætla þá Sköfnung vel niðr kominn þóttú  
 10 berir hann. En sú er náttúra sverðzins, at eigi skal sól  
 skína á hjölin, ok hónum skal eigi bregða svá at konur sé  
 hjá. En ef maðr fær sár af sverðinu, þá má þat sár eigi  
 græða, nema lyf-steinn sá sé riðinn við er þar fylgir.' Þor-  
 kell kvazt þessa ætla vandliga at gæta. Tekr hann nú við  
 15 Sköfnungi, en það Eiðr vísa sér leið þangat sem Grímr  
 ætti bæli. Eiðr kvazt þat helzt ætla, at Grímr ætti bæli  
 norðr á Tvidægru við Fiski-vötn. Eptir þetta riðr Þorkell  
 norðr á heiðina leið þá sem Eiðr hafði helzt vísat hónum.  
 Hann riðr norðr á heiðina mjök langt, allt þar til er hann sá  
 20 hjá einu vatni skála; ok snýr hann þangat til; ok er hann  
 kemr at skálanum, þá sér hann, at maðr sat við vatnið við  
 lækjar-ós einn, ok dró fiska; sá hafði feld á höfði. Nú stigr  
 Þorkell af baki, ok bindr best sinn undir skála-veggnum; síðan  
 gengr hann fram at vatninu þar sem maðrinn sat. Grímr  
 25 sér nú skugga mannzins, er á bar vatnið; hann sprettr þá  
 upp skjótt. Þorkell er þá kominn mjök at hónum, ok högggr  
 til hans; höggit kom á höndina fyrir ofan úlflið, ok varð þat  
 ekki mikit sár. Grímr rann þegar á Þorkel; ok takaz þeir  
 fangbrögðum. Kendi þar brátt afis-munar, ok fellr Þorkell, en  
 30 Grímr á ofan. Þá spyrr Grímr, hverr þessi maðr er. Þorkell  
 svarar; kvað hann engu skipta. Grímr kvað hér nú öðruvís  
 hafa til borit, en hann mundi ætla; kvazt þat hyggja, at nú  
 mundi hans líf á hans valdi. Þorkell kvazt sér einskis friðar

biðja mundu; kvað sér ógiptusamliga tekiz hafa. Grímr  
 kvað ærin sín óhöpp, þótt þetta liði undan; 'Mun þér  
 annarra forlaga auðit verða en látaz hér á fundi okkrum.  
 Mun ek þér líf gefa; en þú launa eptir því sem þú hefir  
 5 drengskap til.' Stendr nú Grímr upp, ok báðir þeir, ok  
 ganga heim til skálans. Þorkell sér at Grím mæddi blóð-rás.  
 Hann tekr þá Sköfnungs-stein, ok ríðr, ok bindr þat um  
 hönd Grími; tók þegar allan sviða ok þrota ór hendinni. Þar  
 vóru þeir um nóttina. Um morguninn býz Þorkell í brot;  
 10 ok spyrr ef Grímr vill fara með hónum; hann kvazt þat at  
 vísu vilja. Þorkell snýr nú vestr, ok kemr ekki á fund Eiðs  
 frænda síns. Þorkell léttr eigi fyrr, en hann kom í Sælings-  
 dals-tungu. Snorri goði fagnar hónum með mikilli blíðu.  
 Þorkell segir hónum at ferð þessi hefir hónum illa tekiz.  
 15 Snorri kvað vel orðit hafa; 'Lízt mér á Grím giptusamliga;  
 vil ek at þú leysir hann vel af hendi; væri þat nú mítt ráð,  
 vinr, at þú léttr af förum ok fengir þér staðfestu ok ráða-kost  
 ok gerðiz höfðingi, sem þú átt kynferði til.' Þorkell kvað  
 sér opt hafa vel gefiz hans ráð, ok spurði hvat hann hefði  
 20 hugsat, hveðrar konu hann skyldi biðja. Snorri kvað hann  
 þeirrar konu skyldu biðja, er beztr var kostur í, Guðrúnar  
 Ósvifrs-dóttur. Þorkell kvað þat satt vera, at ráða-hagrinn  
 var virðuligr, 'En mikit þykkir mér á liggja,' segir hann,  
 'ofstæri hennar ok stórræði; hón mun vilja láta hefna Bolla  
 25 bónda síns. Þorgils Hölluson þykiz þar vera at ráðum með  
 henni; má ok vera at hónum sé eigi allr getnaðr at þessu, en  
 vel er mér Guðrún at skapi.' Snorri mælti: 'Ek mun í því  
 bindaz, at þér mun ekki mein at Þorgilsi; ok meiri ván þikki  
 mér, at nökkur umskipti sé orðin um hefndina Bolla um þat  
 30 er þessi misseri eru liðin.' Þorkell svarar: 'Vera kann, at  
 þetta sé eigi tóm orð er þú talar nú; en um hefnd Bolla, þá  
 sé ek þar nú ekki líkliga til en fyrir stundu, nema þar snariz  
 nökkurir hinir stærri menn í bragð.' Þá svarar Snorri: 'Vel

líkar mér, at þú farir enn útan þetta sumar, ok sjám hvat við beri.' Þorkell kvað svá vera skyldu. Ok skilja við svá buit. Fór Þorkell nú vestr yfir Breiðafjörð í Vaðil; hann ferr útan þat sumar, ok flutti Grím með sér. Þorkalli byrjaði vel 5 þat sumar, ok tók Noreg sunnarla. Þá mælti Þorkell til Gríms: 'Kunnigr er þér mála-vöxtr á því hverir atburðir urðu til félagsskapar okkars; þarf ek þat ekki at tjá; en gjarna vilda ek, at hann seldiz með minnum vandræðum út en á horfðiz um skeið; en at hraustum manni hefir ek þik 10 reynt í alla staði; ok fyrir þat vil ek þik svá af höndum leysa sem ek hafa aldregi þungan hug á þér haft; ok kaupeyri mun ek fá þér svá mikinn, at þú megir vel ganga í hraustra manna lög, en nemir ekki staðar norðr hér í landi; þvát frændr Eiðs eru margir í kaupförum, þeir er þungan hug 15 hafa á þér; en þeir eru ok mínir vinir, ok samir mér eigi at veita þér í móti þeim.' Grímr þakkaði vel Þorkatli þessi orð, ok kvazt eigi mundu kunna at beiða jafn-framarla sem hann bauð. Ok at skilnaði gaf Þorkell Grími góðan kaup-eyri; ræddu þá margir, at þetta væri gert all-stórmannliga. 20 Síðan fór Grímr austr í Vík, ok staðfestiz þar; ok þótti mikill maðr fyrir sér. Ok endar þar frá Grími at segja. Þorkell Eyjólfsson var í Noregi um vetrinn.

Guðrún Ósvífrs-dóttir fór heiman þat sumar at Tvímánaði ok inn í Dali; hón reið í Þykkva-skóg. Þorleikr var ymist 25 þar eðr með Arn móðs-sonum, Halldóri ok Örnólfi, stundum var hann með Þorgilsi í Tungu. Sömu nótt sendi Guðrún mann Snorra goða, at hón vildi finna hann eptir um daginn. Snorri brá skjótt við þessa orðsending, ok reið þegar við annan mann þangað til er hann kom til Haukadals-ár. 30 Hamarr stendr fyrir norðan ána, er Höfði heitir; í þeim stað hafði Guðrún á kveðit, at þau Snorri skyldu finnaz,—þat er í Lækjarskógs-landi. Þau kvómu mjök jafn-snemma; fylgdi ok einn maðr Guðrúnu, ok var þat Bolli Bolla son,

hann var þá tolf vetra gamall, en þó var hann full-kominn svá at afli ok viti, at þeir vóru margir er eigi biðu meira þroska, þótt alroknir væri; hann hafði þá ok Fótþít. Þau Snorri ok Guðrún taka þegar tal; en Bolli ok föru-nautar

5 Snorra sátu á hamrinum ok hugðu at manna-ferðum um héraðit. En þá er þau Guðrún höfðu spurzt tíðinda, þá frétti Snorri at eyrindum, hvat þá hefði nýliga við borit er hón sendi hónum svá skyndiliga orð. Guðrún mælti: 'Þat er satt, at mér er þessi atburðr spán-nýr, er ek mun nú upp

10 bera; en þó varð hann fyrir tolf vetrum; þvíat um hefndina Bolla mun ek nökkut ræða. Má þér þat ok ekki á óvart koma, þvíat ek hefi þik ámint stundum, ok mun ek ok þat fram bera, at þú hafir mér þar heitið til nökkurum styrk, ef ek biða með þolinmæði; en nú þikki mér rekin ván, at né

15 einn muni gaum at gefa váru máli; ok hefi ek nú beðit þá stund alla er ek kann mér skap til; en þó vilda ek hafa af yðr heil ráð hvar þessi hefnd skal niðr koma.' Snorri spyrr, hvat hón hefði helzt ætlat. Guðrún mælti: 'Þat er mín vili, at þeir haldi eigi lengi öllu heilu Óláfs-synir. Snorri kvazt

20 þat banna, at farit væri á hendr þeim mönnum, er mest vóru verðir í héraðinu. 'En ná-frændr þeirra, er nær munu hefnd-unum ganga; ok er allt mál, at ætt-víg þessi takiz af.' Guðrún mælti: 'Þá skal fara at Lamba ok drepa hann; ok er þá af einn sá er ill-fúsastr var.' Þá svarar Snorri:

25 'Ærin er sök til við Lamba; en eigi þikki mér Bolla hefnt at heldr, þótt hann sé drepinn; ok eigi mun þeirra Bolla slíkr munr gerr í sættum, sem vert er, ef þeim vígum skal nokkut saman jafna.' Guðrún mælti: 'Vera kann at vér fáim ekki jafn-mæli af þeim Laxdælum; en gjalda skal nú

30 einshverjum afhroð í hverjum dal sem hann býr. Skal ok nú þar at snua, er Þorsteinn er svart; þvíat engi hefir sér verra hlut af deilt þessum málum.' Þá svarar Snorri: 'Slíkt er Þorsteinn í sökum frá yðr sem þeir menn er í tilförl vóru

vígs Bolla, ok unnu ekki á hónum. En þú lætr þá menn sitja kyrra hjá þessari umræðu, er mér þikkir sem í meira lagi sé hefnd í, en borit bana-orð af Bolla, er Helgi er Harðbeinsson.' Guðrún mælti: 'Satt er þat; en eigi má ek þat 5 vita, at þessir menn siti allir um kyrt, er ek hefi áðr þenna fjánskap miklaðan á hendr.' Snorri mælti: 'Ek sé þar gótt ráð til. Þeir Lambi ok Þorsteinn skulu vera í ferð með sonum þínum; ok er þeim Lamba þat skapligt friðkaup. En ef þeir vilja eigi fara, mun ek þá skapliga undan mæla, at 10 eigi skapi þér þeim þat víti sem yðr líkar.' Guðrún mælti: 'Hvern veg skal at fara at koma þessum mönnum til ferðar?' Snorri mælti: 'Þat verða þeir at annaz er fyrir förinni skulu vera.' Guðrún svarar: 'Munu vér hafa þína forsjá á því, hver vera skal fyrir þessi ferð?' Þá brosti Snorri, ok mælti: 15 'Hér hefir þú kjörít mann til.' Guðrún svarar: 'Þetta muntú mæla til Þorgils Höllu sonar?' Snorri kvað svá vera. Guðrún mælti: 'Rætt hefi ek þetta áðr við Þorgils, ok er sem því sé lokit; þvíat hann gerði þann einn kost á því, er ek vilda ekki á líta. En ekki fór Þorgils undan at hefna 20 Bolla, ef hann næði ráða-hag við mik; en þess er borin ván; ok mun ek hann því eigi biðja þessar ferðar.' Snorri mælti: 'Hér mun ek gefa ráð til; þvíat ek fyrir-man ekki Þorgilsi þessar ferðar; ok skal hónum at vísu heita ráða-hag við þik; en gera þat þó með þeim undir-málum, at þú sér engum 25 öðrum samlendum manni gipt en Þorgilsi; ok skal þat ok enda, þvíat Þorkell Eyjólfsson er nú eigi hér á landi; en ek hefi hónum ætlat þenna ráða-hag.' Guðrún mælti: 'Sjá mun hann þenna krók.' Snorri mælti: 'Sjá mun hann víst eigi; þvíat Þorgils er meirr reyndr at ákafa en hyggindi. 30 Ger þenna máldaga með fárra manna vitni; lát hjá vera Halldór fóstbróður hans; en eigi Örnólf, því at hann er vitrari, ok kenn mér ef eigi dugir.' Eptir þetta skilja þau Guðrún tal sítt, ok bað hvárt þeirra annat vel fara. Reið Snorri

heim, en Guðrún í Þykkva-skóg; er hún þar um nóttina. Um morgininn eptir riðr Guðrún ór Þykkva-skógi, ok með henni synir hennar, Þorleikr ok Bolli. Ok er þau riðu út eptir Skógar-strönd, þá sjá þau at menn ríða eptir; koma þeir menn brátt eptir. Þar var Þorgils Hölluson. Fagna þar hvárir öðrum vel. Ríða þau nú öll saman um daginn út til Helgafellz.

Fám nóttum síðarr en Guðrún kom heim, heimti hún sonu sína til máls við sik í lauka-garð sinn. Ok er þeir koma þar, þá sjá þeir, at þar vóru breidd nokkur lín-klæði, skyrtu ok lín-brækr. Þau vóru blóðug mjök. Þá mælti Guðrún: 'Þessi sömu klæði, er þit sjáit hér, frýja ykkur föður-hefnda. Nú mun ek eigi hér mörg orð um hafa; þvíat ekki er þess ván, at þit skipiz við fram-hvöt orða, ef þit flugit ekki við slfkar áminningar.' Þeim bræðrum brá mjök við þetta, er Guðrún ræddi; ok sögðu þó á þá leið; kvóðuz verit hafa ungir til hefnda at leita ok forustulausir; kvóðuz hvárki kunna at gera ráð fyrir sér né öðrum, 'en muna mættim vit hvat vit höfum látið.' Guðrún kvazt hyggja, at þeir mundi meirr hugsa um hesta-víg eðr leika. Eptir þetta gengu þau í brott. Um nóttina eptir máttu þeir eigi sofa Guðrúnar-synir. Þorgils varð þess varr, ok spurði hvat þeim var. Þeir segja hönnum allt tal þeirra mæðgina; ok þat með, at þeir kvóðuz nú eigi bera mega lengr harm sínn ok frýju-orð móður sínnar; 'Viljum vér,' sagði Bolli, 'til hefnda leita; höfum vit nú bræðr þann þroska, at menn munu mjök á leita við okkr bræðr ef vit hefjumz eigi handa.' Um daginn eptir taka þau ræðu með sér, Þorgils ok Guðrún. Guðrún hóf svá mál sítt: 'Svá þyki mér, Þorgils, sem synir mínir nenni eigi kyr-setu þessi lengr, svá at þeir leiti eigi til hefnda eptir föður sínn. En þat hefir mest til þess borit, at mér þykkja þeir Þorleikr ok Bolli of ungir at standa í mann-ráðum, en eigi hafi ærin nauðsyn til verit at minnaz þess nökkuru fyrr.'



Þá svarar Þorgils: 'Því þarftú eigi slíkt við mik at ræða, at þú hefir þvert tekit at ganga at þessum kostum sem ek hefi gert á þessu máli, en allt er mér þar samt í hug sem fyrr þá er vit höfum átt þetta at tala. Ef ek nái ráða-hag við þik, þá vex mér ekki í augum at stinga af einn hvern þeirra, eða 5 báða tvá er nær gengu vígi Bolla.' Guðrún mælti: 'Svá þykki mér Þorleiki þikkja, Þorgils, sem engi sé jafn-nær til fallinn sem þú at vera fyrir-maðr, ef þat skal nökkut starfa, er til harðræða er. En þik er ekki því at leyndu, at þeir svein- 10 arnir ætla at stefna at berserkinum Helga Harðbeins syni, er sitr í Skorradal í bui sínu ok uggir ekki at sér.' Þorgils mælti: 'Aldri hirði ek, hvárt hann heitir Helgi eðr öðru nafni; þvíat hvárki þikki mér ofrefli at eiga við Helga eðr einn hvern annan; ok er rætt allt um þetta mál, ef þú heitr 15 mér vitnum at giptaz mér ef ek kem hefndum fram með sonum þínum.' Guðrún kvazt þat mundu efna allt er þau yrði á sátt, þótt þat væri við fára manna vitni gert. Kvað hún þau þetta mundu af gera, ok bað þangat kalla Halldór fóst-bróður hans ok þá sonu sína. Þorgils bað ok 20 Örnólf hjá vera. Guðrún kvað þess önga þörf; 'Er mér meiri grunr á um trúleika Örnólfs við þik en ek ætla at þér sé.' Þorgils bað hana at ráða. Koma þeir bræðr á fund Guðrúnar ok Þorgils; þar var ok Halldórr í tali með þeim. Nú segir Guðrún þeim tilgang á, at Þorgils hafði heitið henni, at 25 geraz fyrir-maðr um ferð þá, 'at veita heimsókn Helga Harðbeinssyni með sonum mínum, at hefna Bolla. Þorgils hefir þat mælt til ferðarinnar, at hann næði ráða-hag við mik. Nú skír-skota ek við vitni yður, at ek heit Þorgils, at giptaz engum manni samlendum öðrum en hónum; en ek ætla eigi 30 at giptaz í önnur lönd.' Þorgils þykkir nú þetta mega vel fyrir bíta. Sá hann nú ekki í þetta. Slíta nú þessu tali. Er • þetta nú full-gört ráð, at Þorgils skal til ferðar ráðaz. Býz nú Þorgils frá Helga-felli ok með hónum synir Guðrúnar.

Ríðr nú Þorgils inn í Dala ok heim fyrst í Tungu. Hinn næsti Dróttins-dagr eptir var Leiðar-dagr. Þorgils reið til Leiðar með flokk sínum. Snorri var eigi á Leið; var þar all-fjölmennt. Um daginn heimti Þorgils á mál Þorstein svarta :

5 'Svá er sem þér er kunnigt,' segir hann, 'at þú vart í tilföör með sonum Óláfs þá er veginn var Bolli Þorleiksson, hefir þú þær sakir óþætt við sonu hans. Nú þótt þaðan sé langt liðit er þessir atburðir urðu, þá ætla ek þeim þat eigi úr minni gengit við þá menn er í þeirri ferð vóru. Nú virða þeir

10 bræðr svá, at þeim sami þat sízt at leita á við Óláfs-sonu, fyrir sakir frændsemi. Nú er þat ætlan þeirra bræðra at venda til hefnda við Helga Harðbeinsson; þvíat hann veitti Bolla bana-sár. Nú vilju vér Þorsteinn, þess beiða þik, at þú sér í þessi ferð með þeim bræðrum, ok kaupir þik svá í sætt

15 við þá.' Þá svarar Þorsteinn : 'Eigi samir mér þetta,' segir hann, 'at sæta vélræðum við Helga mág mínn; vil ek miklu heldr gefa fé til friðar mér svá at þat þikki góðr sómi.' 'Lítið ætla ek þeim bræðrum um þat,' segir Þorgils, 'at gera þetta til fjár sér. Þarftú ekki í þvf at dyljaz, Þorsteinn, at þú munt

20 hér eiga tvá kosti fyrir höndum, at ráðaz til ferðar þessarar eða sæta afar-kostum þegar þeir mega við komaz. Vilda ek at þú tækir þenna kost; þótt þér sé vandi á við Helga, þá verðr hverr fyrir sér at sjá þá er menn koma í slíkt öng-þveiti.' Þorsteinn mælti þá : 'Mun gerr fleirum slíkr kostur þeim er í

25 sökum eru við sonu Bolla.' Þorgils svarar, kvað Lamba munðu um slíkt eiga at kjósa. Þorsteinn kvað sér þá þikkja betra, ef hann skyldi eigi um þetta einlagi verða. Nú kallar Þorgils Lamba til tals við sik; hann biðr Þorstein heyra tal þeirra. Þá segir Þorgils : 'Slíkt hit sama mál vil ok við þik

30 ræða, Lambi,' segir Þorgils, 'sem ok hefi áðr uppi haft við Þorstein. Hverja sæmð viltú bjóða sonum Bolla fyrir sakarstaði þá, er þeir eigu við þik; þvíat þat er oss með sönnu sagt, at þú ynnir á Bolla? Ferr þat saman, at þú ert sak-bitinn í

mesta lagi; fyrir sakir þess, at þú eggjaðir mjök at Bolli væri drepinn; var ok við þik mesta lagi várkunn um þat þegar leið sonu Óláfs.' Þá spyr Lambi, hvers beitt mun vera. Þorgils segir, at slíkr kostur mun hónum hugaðr sem Þorsteini, 5 at ráðazt í ferð með þeim bræðrum, þá er þeir ætluðu at leita til hefnda við Helga Harðbeinsson. Þá svarar Lambi: 'Íllt frið-kaup sýniz mér þetta ok ódrengiligt; em ek ófúss þessarar ferðar.' Þá mælti Þorsteinn: 'Eigi er einsætt, Lambi, at skeraz svá skjótt undan ferðinni; þvát hér eigu stórir 10 menn í hlut, ok þeir er mikils eru verðir; en þikkjaz lengi setið hafa yfir skerðum hlut. Er mér sagt um þá Bolla-sonu, at þeir sé þroska-menn miklir ok fullir ofr-kapps, en eigu mikils at reka. Megu vit ekki annat ætla, en leysaz af með nökkuru fyrir slík stórvirki; munu menn ok,' segir Þorsteinn, 15 'um þetta mér mest á hálsi liggja fyrir sakir tengda þeirra er með okkr Helga eru. Þikki mér sem svá verði flestum gefit, at allt láti fjörvi fyrr. Verðr því vandræði fyrst at hrinda er bráðast kemr at hendi.' Lambi mælti: 'Auð-heyrt er mér þat hvers þú fýsir, Þorsteinn. Ætla ek ok þat vel at þú ráðir 20 þessu, ef þér sýniz þetta svá einsætt; þvát lengi höfum vit átt vandræða-félag mikit saman. Vil ek þat til skilja, ef ek geng at þessu, at þeir frændr várir, Óláfs-synir, siti í friði, ef hefnd gengr fram við Helga.' Þorgils kvazt þessu játa mundu fyrir hönd þeirra bræðra. Rézt nú þetta af, at þeir 25 Þorsteinn ok Lambi skulu ráðaz til ferðar með Þorgils. Kvóðu nú á með sér, at þeir skyldu koma snemma þriðja daginn í Tungu í Hörðadal. Eptir þetta skilja þeir tal sitt. Ríðr nú Þorgils heim um kveldit í Tungu. Líðr nú stundin sú er Þorgils hafði á kveðit, at þeir menn skyldu koma á 30 hans fund, er til farar vóru ætlaðir með hónum. Þriðja morguninn fyrir sól kvómu þeir Þorsteinn ok Lambi í Tungu; Þorgils fagnar þeim vel.

Þýz nú Þorgils heiman. Ok er hann er buinn, þá ríða

þeir upp eptir Hörðadal ok vóru tiu saman; þar var Þorgils Höllu son flokks-foringi. Þar vóru í ferð synir Bolla, Þorleikr ok Bolli; þar var hinn fjórði Þórðr köttur bróðir þeirra; fimti Þorsteinn svartir; sétti Lambi; sjaundi ok hinn átti Halldórr ok Örnólfr, fóst-bræðr Þorgils; niundi Sveinn; tiundi Húnbogi, þeir vóru synir Dala-Álfs. Þessir menn allir vóru hínir vígligustu. Nú ríða þeir leið sína upp til Sópandaskarðz, ok ofan Langavatz-dal ok svá yfir Borgarfjörð þveran. Þeir ríðu at Eyja-vaði yfir Norðrá, en at Bakka-vaði yfir Hvítá skamt frá Bæ. Ríða síðan til Reykjar-dals ok yfir hálsinn til Skorradals, ok svá upp eptir skógum í nánd bænum at Vatz-horni. Stíga þar af hestum sínum; var þá mjök á liðit kveldit. Bærinn at Vatzhorni stendr skamt frá vatninu fyrir sunnan ána. Þorgils ræddi þá við föru-nauta sína, at þeir munu þar vera um nóttina. 'En ek mun fara heim til bæjarins á njósn hvat þar er títt, hvárt Helgi er heima á bæ sínum eðr eigi. Ér mér svá sagt, at Helgi hafi heldr fáment optast; en sé allra manna varastr um sjálfan sik, ok hvfli í ramligri lok-reykkju.' Þeir föru-nautar Þorgils kvóðuz hans forsjá hlíta mundu. Þorgils gerir nú klæðaskipti; steypiti af sér kápu blári, er hann var áðr í, en tók yfir sik kufl einn grán; hann ferr nú heim til bæjarins; ok er hann er nálíga kominn at garði, þá sér hann at maðr gengr í móti hónum. Ok er þeir finnaz, þá mælti Þorgils: 'Eigi mun þér, félagi, ek þikkja spyrja fróðliga,' segir hann; 'hvar em ek kominn í sveit; eðr hvat heitir bær sjá, eðr hverr býr hér?' Hann svarar: 'Þú munt vera furðu heimskr maðr,' segir hann, 'ok fávíss, ef þú hefir eigi heyrt getið Helga Harðbeins-sonar, er hér býr at Vatzshorni. Helgi er hinn mesti garpr ok mikil-menni.' Þá spyr Þorgils; hversu góðr Helgi væri viðtakna ef ókunnir menn koma til hans ok þeir er nokkut þurfa ásjá. Hann svarar: 'Gótt er þar satt frá at segja; þvíat Helgi er hit mesta stórmenni, bæði

um manna viðtökur ok um annan skörungskap.' 'Hvart er Helgi nú heima,' segir Þorgils, 'ek vilda skora á hann til viðrtöku.' Hinn spyr hvat hónum væri á hendi. Þorgils svarar: 'Ek varð sekr í sumar á þingi; vilda ek nú fá mér  
 5 traust nokkurs þess mannz er mikill væri fyrir sér; vilda ek þar í mót veita hónum fylgð mína ok þjónustu. Skaltú nú fylgja mér heim til bæjarins til fundar við Helga.' Hann svarar: 'Vel má ek þat gera, at fylgja þér heim; þvíat heimil mun þér gisting nátt-langt; en eigi muntú Helga  
 10 finna, þvíat hann er eigi heima.' Spyr Þorgils þá hvar hann væri. Hann svarar, kvað hann vera at seli sínu þar sem heitir í Sarpi. Þorgils spurði hvat þar væri manna með hónum. Hann kvað þar vera son hans Harðbein ok tvá menn Sunnlenzka með hónum, þá er sekir vóru, ok hann  
 15 hafði við tekit. Þorgils mælti þá, bað hann vísa sér sem gegnst til selsins, 'þvíat mér er annt,' segir hann, 'at hitta Helga.' Húskarlinn gerði sem hann bað. Ok er hann hafði vísat hónum leiðina, þá skiljaz þeir. Snýr Þorgils þegar í skóginn ok til föru-nauta sínna, ok segir þeim hvers hann er  
 20 víss orðinn um hagi Helga. 'Munu vér nú dveljaz hér nátt-langt en venda ekki fyrr til selsins en mornar.' Þeir gera nú sem hann mælti fyrir. Um morguninn riðu þeir Þorgils upp eptir skógunum þar til er þeir kómu skamt frá selinu. Þá mælti Þorgils, at þeir munu stíga af baki ok eta dagverð.  
 25 Svá gera þeir; taka af hestum sínum ok dveljaz þar um hríð.

Nú er at segja hvat títt er at selinu, at Helgi var þar ok þeir menn með hónum, er áðr var sagt. Hann ræddi um morguninn við smala-svein sínn, at hann skyldi fara um  
 30 skóga í nánd selinu, ok hyggja at manna förum, eðr hvat hann sæi til tíðinda: 'Erfitt hafa nú veitt draumarnir í nótt,' segir hann. Sveinninn fór eptir því sem Helgi mælti fyrir. Hann er í brottu um hríð; ok er hann kemr apr, þá spyr

Helgi hvárt hann sæi nökkut þat er hónum þótti nýnæmi í stórt eður smátt. Sveinninn segir, kvazt sét hafa þat er hann kvazt ætla at tíðindum mundi sæta. Helgi spyr hvat þat væri. Hann kvazt menn sét hafa eigi all-fá, 'ok hygg ek at þat sé eigi hér-héraðsmenn.' Helgi mælti: 'Hvar vóru þeir er þú sátt? eður hvat höfðuz þeir at? eður hvárt hugðir þú nokkut at klæða-búnaði þeirra eður yfir-litum?' Sveinninn svarar: 'Eigi varð mér þetta svá mjök við felmt, at ek hugleidda eigi slíka hluti; þvfat ek vissa at þú mundir eptir spyrja.'

10 Hann segir nú, at þeir vóru skamt frá selinu, ok þeir átu þá dagverð sínn. Helgi spyr hvárt þeir sátu hvirfing, eður hverr út frá öðrum. Hann kvað þá víst sitja hvirfing ok í söðlum sínum. Þá mælti Helgi: 'Nú skaltú segja mér frá yfir-litum þeirra; vil ek vita ef ek mega nokkut ráða at líkindum

15 hvat mönnum þetta er.' Sveinninn mælti: 'Þar sat maðr í steindum söðli, ok í blári kápu, sá var mikill ok drengiligr vikóttir ok tann-berr nokkut.' Helgi svarar: 'Þenna mann kenni ek gerla at frá-sögn þinni; þar hefir þú sét Þorgils Hölluson vestan ór Hörðadal; eður hvat mun hann vilja oss

20 kappinn?' Sveinninn mælti: 'Þar næst sat maðr í gylðum söðli, sá var í skarlatz-klæðum, kyrtli rauðum, ok hafði gullhring á hendi, ok hafði knýtt gull-hlaði um höfut sér; sá maðr hafði gult hár ok liðaðiz allt á herðar niðr; hann var ljós-litaðr ok liðr á nefi ok nokkut hafit framan nefit; eygðr

25 all-vel, blá-eygr ok snar-eygr . . . igr, enni-breiðr, ok fullr at vöngum, ok hafði brúna-skurð á hári; hann var vel vaxinn um herðar ok þykkir undir hönd ok sterkligan handlegg, vel vaxinn, ok allt var hans lát-bragð hit kurteisasta; ok því orði lýk ek á, at engan mann hefi ek sét jafn-sterkligan

30 at öllu. Hann var ok ungligr maðr svá at hónum var ekki grön sprottin, ok sýndiz mér sem mjök mundi vera þrúttinn af trega.' Helgi mælti: 'Vendiliga hefir þú at þessum manni hugat, mun ok mikils um hann vert vera. Ekki mun ek sét

hafa mann þenna; en þó mun ek geta til hvern hann er. Þat hygg, at þar hafi verið Bolli Bollason; þvíat mér er hann sagður hinn efniligasti maður.' Þá mælti sveinninn: 'Þá sat maður í smeltum söðli; sá var í gul-grænum kyrtli, ok hafði 5 fingr-gull mikit á hendi; sá maður var hinn fríðasti sýnum, ok mun enn vera á ungum aldri; jarpr á hárs-lit, ok fór allvel hárit, ok at öllu var hann hinn sköruligsti maður.' Helgi segir: 'Vita þikkjumz ek hvern þessi maður mun vera, er þú hefir nú frá sagt; þar mun verið hafa Þorleikr Bollason.

10 Ertú skýrr maður ok glögg-þekkin.' 'Þar næst sat ungr maður,' segir hann; 'hann var í blám kyrtli, ok í svörtum brókum, ok gyrður í brækr; sá maður var rétt-leitr, ok hvítr á hárs-lit, ok vel farinn í annliti; grannligr ok kurteisligr.' Þá svarar Helgi: 'Þenna mann mun ek sét hafa, at því er

15 ek hygg; ok mun þá verið hafa maðrinn ungr. Þar mun vera Þórður Þórðarson, fóstri Snorra goða. Hafa þeir skrautlignit lið Vestfirðingarnir,' segir Helgi. 'Eður hvat er þá enn?' Þá mælti sveinninn: 'Þá sat maður mikill í Skozkum söðli; hárr í skeggi ok skol-brúnn mjök; svartr á hár ok skrúf-hárr,

20 ok heldr ósýnigligr, ok þó garpligr; hafði yfir sér fell-kápu grá.' Helgi segir: 'Glögt skil ek hvern þessi maður er, Lambi Þorbjarnarson vestan ór Laxárdal; ok veit ek eigi hví hann er í föru-neyti þeirra bræðra.' Þá mælti sveinninn: 'Þá sat maður í stann-söðli, ok hafði yzta heklú grá-blá, ok

25 silfr-hring á hendi; sá var hinn buandligsti maður ok heldr af æsku-skeiði; dökk-jarpr á hár, ok hrökk mjök; vel yfir-litz, ok hafði örr í andliti.' 'Nú versnar mjök frásögnin,' segir Helgi; 'þar muntú sét hafa Þorstein Svarta, mág mín; ok víst þikki mér undarligt er hann er í þessari ferð; ok eigi

30 munda ek veita hónum slíka heimsókn. Hvat er enn þá?' Sveinn svarar: 'Þá sátu tveir menn, þeir vóru mjök líkir yfir-litz, ok mundu vera miðaldra menn ok hinir knáligustu; rauðir á hárs-lit ok freknóttir mjök í andliti, ok þó góðir

sýndum.' Helgi mælti: 'Skil ek hverir þessir menn eru; þar eru þeir Arnmóðs-synir úr Þykkva-skógi, fóstbræðr Þorgils, Halldórr ok Örnólfr; ok ertú skilvísst maðr. Eðr hvárt hefir þú nú talða þá menn alla, er þú sátt?' 'Lítlu mun ek nú við auka,' segir hann; 'Þá sat þar maðr, ok horfði úr hringinum; sá var í spanga-brynju ok hafði stál-húfu á höfði ok var barmrinn þværrar handar breiðr; hann hafði öxi ljósa um öxl ok mundi vera alnar fyrir munninn; sjá maðr var dökk-litaðr ok svart-eygr ok hinn vskingligsti.' Helgi segir: 10 'Þenna mann kenni ek glögt at frásögn þínni; þar hefir verit Húnbogi hinn Sterki, son Álfs ór Dölum. Ok vant er mér at vita hvat þeir vilja; en mjök hafa þeir valða menn til farar þessarar.' 'Ok enn sat þar maðr hit næsta þessum hinum sterka manni; sá var svart-jarpr á hár, þykk-leitr ok 15 rauð-leitr, ok mikill í brúnunum, hár meðal-maðr.' Helgi mælti: 'Hér þarftú ekki lengra frá at segja; þar hefir verit Sveinn Álfsson, bróðir Húnboga. Ok betra mundi oss vera, at vera eigi ráðlausir fyrir þessum mönnum; þvíat nær er þat mínni ætlan, at þeir muni ætla at hafa mínn fund, áðr 20 þeir losaz ór héraði; ok eru þeir menn í för þessi, er várn fund munu kalla skaplígan, þótt hann hefði nokkuru fyrr at hendi komit. Nú skulu konur þær sem hér eru at selinu snaraz í karl-föt, ok taka hesta þá, sem hér eru at selinu, ok ríða sem hvatast til vetr-húsa; kann vera at þeir er um oss 25 sitja, at þeir þekki eigi hvárt þar ríða konur eðr karlar; munu þeir þurfa at ljá oss lítills tóms til, áðr vér munum koma mönnum at oss, ok er þá eigi sýnt hvárna vænna er.

Nú ríða konurnar á braut fjórar saman. Þorgils grunaði at njósn mun borin vera frá þeim ok til Helga, ok bað þá 30 taka hesta sína ok ríða at þeim sem tíðast, ok svá var gert. Ok áðr en þeir stíga á bak, reið maðr at þeim þjóðsýniliga; sá var lítill vexti ok all-kviklátr, var ákaflega marg-eygr ok hafði færilígan hest. Hann kvaddi Þorgils Hölluson kunn-



liga; Þorgils spurði þann mann at nafni ok kynferði, ok svá hvaðan hann væri at kominn. Hann kvazt Hrappr heita ok vera Breiðfirzkr at móður-kyni ok þar hafa upp vaxit, kvazt hafa nafn Víga-Hrapps. Lézt þat ok hafa með nafni, 5 at hann kvazt eigi vera dælðar-maðr, þótt hann væri lítill vexti. Hrappr kvezt vera Sunnlenzkr at föður-kyni, ok lézt þar hafa dvaliz nokkura vetr. Ok enn mælti Hrappr: 'Vel hefir þetta til borit, er ek hefi þik hér ratað, Þorgils, þvfat ek ætla þó þínn fund at sækja, þó at mér yrði þat nökkuru 10 torsóttara, þvfat vandkvæði eru á höndum mér; ek hefi orðit mis-sáttir við húsbónda mínn. Hafða ek af hónum viðfarar eigi góðar; en ek hefi þat með nafni, at ek vil ekki sitja mönnum slíkar hneisur, ok veitta ek hónum tilræði; en þó get ek, at annat-hvært hafi á hann komit lítt eðr ekki; en skamma 15 hríð var ek þar til raunar eptir, þvfat ek þóttumz þegar hirðr er ek kom á bak hesti þessum, er ek tók frá bónda.' Hrappr segir mart, en spurði fás; en þó varð hann brátt þess varr, at þeir ætluðu at stefna at Helga, ok lét hann vel yfir því, kvazt þat ætla, at hans skyldi lítt á bak at leita.

20 Þeir Þorgils tóku reið mikla þegar þeir kvómu ór skóginum, ok sá nú fjóra menn ríða frá selinu, ok hleyptu þeir all-mikit; mæltu þá sumir föru-nautar Þorgils, at þeir riði eptir þeim sem tíðast. Þá segir Þorleikr Bollason: 'Koma munu vér áðr til selsins nökkut, ok vita hvat þar sé manna; þvfat ek 25 ætla at síðr, at hér sé Helgi ok fylgðar-menn hans, at mér sýniz sem þat sé konur einar.' Þeir vóru fleiri er at móti mæltu. Þorgils kvað Þorleik ráða skyldu; þvfat hann vissi, at hann var allra manna skygnstr. Snua þá at selinu. Hrappr hleypti fyrir fram, ok dúði spjót-spikuna er hann hafði í 30 hendi, ok lagði því fram fyrir sik, ok kvað þá allt mál at reyna sik. Verða þeir Helgi eigi fyrr varir við, en þeir Þorgils taka selit á þeim. Lúka þeir Helgi aprt hurð ok taka vápn sín. Hrappr hleypr þegar á selit upp, ok spurði

hvárt Skolli væri inni. Helgi svarar : 'Fyrir þat mun þér ganga, sem sá sé nökkut skæðr er hér býr inni, ok muni hann bíta kunna ekki fjarri greninu.' Ok þegar lagði Helgi spjótinu um sels-glugginn ok í gegnum Hrapp, ok féll hann 5 þegar dauðr af spjótinu. Þorgils mælti : 'Sjaldan er flas til fagnaðar,' bað þá fara varliga ok gæta sín við slysum ; 'þvíat vér höfum ærin efni til at vinna Helga þar sem hann er kominn ; þvíat ek hygg, at hér sé mann-fátt fyrir.' Selit var gert um einn ás, ok lá hann með göflum ; stóðu ás-  
 10 endarnir út af gafi-blöðunum, en einart húsit þakt, ok ekki gróin þekjan. Þá mælti Þorgils, at menn skyldu ganga at ás-endunum, ok treysta svá fast at ássinn brotnaði ; eðr raptarnir gengi af ásinum ; en skipaði sumum fyrir dyrnar, ef þeir leitaði út. Fimm vóru þeir Helgi í selinu ; Harð-  
 15 beinn son hans var þar tolf vetra gamall ok smala-maðr hans, ok tveir menn aðrir, er þat sumar höfðu komit til hans, ok vóru sekir ; er annarr hét Þorgils en annarr Eyjólf. Þorsteinn hinn Svarti stóð fyrir sels-durum, ok Sveinn sonr Dala-Álfs ; en þeir aðrir föru-nautar rifu af ræfrit af selinu, ok höfðu  
 20 þeir þá skipt liði til ; tók annan ás-enda Húnbogi hinn Sterki ok þeir Arnmóðs-synir, en þeir Þorgils ok Lambi annan ás-enda ok treysta svá fast, at ássinn brotnaði í miðju. Ok í þessi svipan lagði Harðbeinn atgeiri út ór selinu, þar sem hurðin var áðr brotin ; kom lagit í stál-húfu Þorsteins svarta  
 25 svá at í enninu nam staðar, ok var þat mjök sýnn áverki. Þá mælti Þorsteinn : 'Þat er satt, at hér eru menn fyrir ;' ok því næst hljóp Helgi út um dyrnar svá djarfliga, at þeir hrutu frá, er næstir stóðu. Þorgils var þá nær staddr, ok hjó eptir hónum með sverði, ok varð þat mikill áverki, ok kom  
 30 á öxlina. Helgi sneriz þá í mót, ok hafði í hendi viðar-öxi. Helgi mælti þá : 'Enn skal þessi hinn gamli þora at sjá í mót vápnunum.' Hann fleygði þá öxinni at Þorgils, ok kom á fót hónum, ok særði hann mjök. Ok er Bolli sá

þetta, þá hleypr hann at Helga, ok hafði í hendi sverðit Fótþf, ok lagði í gegnum hann; varð þat bana-sár Helga. Þeir fylgdar-menn Helga, Þorgils ok Eyjólf, hljópu þegar út ór selinu eptir Helga ok svá Harðbeinn son hans. Þorleikr 5 Bollason víkr at móti Eyjólf; hann var hinn sterkasti maðr. Þorleikr hjó til hans með sverði, ok kom á lærit fyrir ofan kné, ok tók af fótinn; féll hann þegar dauðr til jarðar. Hún-bogi hinn sterki hljóp í móti Þorgilsi; hann hjó til hans með öxi ok kom á hrygginn ok tók í sundr manninn í miðju. 10 Þórðr Köttr var þar nær staddr, er Harðbeinn hljóp út, ok vildi þegar ráða til hans. Bolli hleypr til er hann sér þetta, ok bað hann eigi veita skaða Harðbeini; 'Skal hér engi vinna klækis-verk,' segir hann, 'skal Harðbeini gefa grið.' Helgi átti annan son er Skorri hét; hann var at fóstri á 15 Englandi í Reykjardal hinum syðra.

Nú eptir þetta ríða þeir Þorgils í brott ok yfir hálsinn, til Reykjardals ok lýstu þar vígum þessum. Riðu síðan sömu leið vestr, sem þeir höfðu vestan riðit; létu eigi sínni ferð fyrir en þeir kvómu í Tungu í Hörðadal, ok segja nú þessi tíðendi er 20 gerzt höfðu í för þeirra. Var þessi ferð hin frægsta; þótti þetta mikit stór-virki, er slíkr kappi hafði látiz sem Helgi var. Þorgils þakkar mönnum vel ferðina, ok slíkt sama mæltu þeir bræðr Bolla-synir. Skiljaz þessir menn nú, er í ferð höfðu verit með Þorgilsi. Lambi ríðr nú vestr til Laxárdals; hann 25 ferr fyrst í Hjarðarholt, ok sagði þeim frændum sínum inniliga frá þessum atburðum, er orðit höfðu í Skorradal. Þeir létu illa yfir, er hann hafði í ferðinni verit; kvóðu hónum þetta illa sama ok tölðu mjök á hendr hónum; kvóðu hann nú meirr hafa sagzt í ætt Þorbjarnar skrjúps en Mýrkjartans 30 Íra-konungs. Lambi reiddiz mjök við orðtak þeirra; ok kvað þá kunna sik furðu ógerla, er þeir veittu hónum átölur; 'þvíat ek hefir,' segir hann, 'dregit yðr undan dauða.' Skip-tuz þeir eptir þetta fám orðum við, þvíat hvárum-tveggjum

líkaði nú verr en áðr. Ríðr nú Lambi heim til búss síns. Þorgils Hölluson ríðr nú út til Helgafellz ok með hönúm þeir synir Bolla, ok fóstbræðr hans Halldórr ok Örnólfr. Þeir kvómu síð um kveldit til Helgafellz, svá at allir menn 5 vóru í reykkju. Guðrún ríss upp, ok bað menn standa á fætr ok vinna beina þeim mönnum er komnir vóru. Hón gengr til stofu ok heilsar Þorgilsi ok spyr þá tíðinda. Þorgils tók kveðju Guðrúnar; hann hafði þá lagt af sér vápnin ok svá kápuna; hann sat upp til stafa ok var í rauð-brúnuðum 10 kyrtli, ok hafði um sik all-breitt silfr-belti. Guðrún settiz niðr í bekkinn hjá hönúm. Þorgils kvað þá vísu þessa:—

Sóttum heim at Helga; hrafn létum ná svelgja;

Ruðum fagr-röðul-eiki, þá er fylgðum þorleiki.

Þrjá létum þar falla þjóð-nýta görv-alla

15 Hjalms al-kæna þolla. Hefnt teljum nú Bolla.

Guðrún spyr þá vendiliga um tíðindi þessi er orðit höfðu í ferð þessi. Þorgils sagði slíkt sem hón spurði. Guðrún kvað orðna ferðina hina skörugligstu, ok bað hann hafa þökk fyrir. Er þeim nú beini veittr, ok er þeir vóru mettir 20 var þeim fylgt til rekkna; sofa þeir af nóttina. Um daginn gengr Þorgils til tals við Guðrúnu; ok er þau hafa talat um hríð, þá mælti Þorgils: 'Nú er svá sem þú veizt, Guðrún, at ek hefi ferð þessi fram komit, er þú batt mik til; tel ek at þat sé heldr skörugliga af hendi innt; vænti ek ok, at ek hafa því 25 vel varit; muntú ok muna hverjum hlutum þú játaðir mér þar í móti; þikkjumz ek nú til þess kaups kominn.' Þá svarar Guðrún: 'Ekki er síðan svá langt liðit, at vit ræddum þetta, at mér sé þat ór minni liðit; ætla ek þat eina fyrir mér, at efna við þik allt þat, er ek varð á sátt. Eðr hvers 30 minnir þik, hversu mælt var með okkr?' Þorgils kvað hana muna mundu. Guðrún svarar: 'Þat hygg ek, at ek héta því, at giptaz engum manni samlendum öðrum en þér. Eðr viltú nökkut mæla þessu í mót?' Þorgils kvað hana rétt inna. 'Vel er þá,' segir Guðrún, 'ef okkr minnir hér eins

um. Nú ætla ek ok ekki þess þurfa, at draga þetta mál lengr fyrir þér; þvíat ek ætla þess ekki auðit verða,' segir Guðrún, 'at ek verða þín kona. Nú þikkjumz ek halda við þik öll ákveðin orð, þótt ek giptumz Þorkatli Eyjólfssyni; þvíat 5 hann er eigi hér á landi.' Þá svarar Þorgils, ok roðnaði mjök: 'Görla þikkjumz ek skilja,' segir hann, 'hvaðan alda sjá rennr undir; hafa mér þaðan jafnan köld ráð komit; veit ek at þetta eru ráða-gerðir Snorra goða.' Þorgils sprettr nú upp þegar af þessu tali, ok var hinn reiðasti. Gengr til 10 föru-nauta síinna, ok segir at hann vill í burt ríða þegar hinn sama dag. Þorleiki lskar þetta slla, er svá var til hagat, at Þorgilsí lskaði lítt, en Bolli samþykkiz hér um vilja móður sínnar. Guðrún kvazt gefa skyldu Þorgilsí góðar gjafir, ok blíðka hann með slíku. Þorleikr kvað þat ekki tjá mundu: 'Er Þorgils,' 15 kvað hann, 'miklu skap-stærri maðr, en hann muni hér at smám hlutum lúta.' Guðrún kvað hann þá mundu verða at huggaz heima. Við þetta ríðr Þorgils frá Helgafelli ok með hónum fóstbræðr hans. Hann ferr nú heim í Tungu, ok unir allra verst við sínn hlut. Er nú heima um vetrinn at bui sínu.

20 Þenna vetr tekr Ósvifr sótt ok andaðiz; þat þótti mann-skaði mikill, þvíat hann hafði verit hinn mesti spekingr. Ósvifr var grafinn at Helgafelli, þvíat Guðrún hafði þar þá látið gera kirkju. Á þeim sama vetri fékk ok sótt Gestr Oddleifsson. Ok er at hónum leið sóttin, þá kallar hann til 25 sín Þórð hinn Lága, son sínn ok mælti: 'Svá segir mér hugr um, at þessi sótt skili várar samvistur. Ek vil mik láta færa til Helgafellz; þvíat sá staðr mun mestr verða hér í sveitum; þangat hefi ek opt sét ljós mikit.' Eptir þetta andaðiz Gestr. Vetrinn hafði verit kuldasamr; ok vóru ís-lög mikil, ok var 30 lagt langt út á Breiðafjörð, svá at eigi mátti koma skipum af Barða-strönd. Lík Gestz stóð uppi tvær nætr í Haga. Þá um nóttina gerði á veðr hvast, svá at ísinn rak allan frá landi. En um daginn eptir var veðr lygnt ok gótt; tók þá Þórðr

skip, ok lagði á lfk Gestz. Fara þeir suðr um daginn yfir Breiðafjörð; koma um kveldit til Helgafellz; er þar all-vel við Þórði tekit. Er hann þar um nóttina. Um daginn eptir var lfk Gestz sett niðr, ok hvíldu þeir Ósvifr í einni gröf. Kom nú  
 5 fram spá-sagan Gestz, at skemra var í milli þeirra, en þá er annarr var á Barða-strönd vestr, en annarr í Sælingsdal. Þórðr fór heim. Hina næstu nótt eptir gerði á æði-veðr; rak þá ísinn allan at landi; hélt því lengi um vetrinn, at eigi mátti þar skipum fara. Þótti at þessu mikil merki verða, er svá gaf  
 10 til at fara með lfski Gestz, en hvárki var fært áðr né síðan.

Þórarinn hét maðr; hann bjó í Langa-dal, hann var goðorðz maðr ok ekki ríkr; son hans hét Auðgisl; hann var fráligr maðr. Af þeim feðgum tók Þorgils Hölluson goðorð, ok þótti þeim þat hinn mesti súr-skapr. Auðgisl  
 15 fór á fund Snorra goða, ok sagði hönnum þenna ójafnað, ok bað hann ásjá. Snorri svarar vel at einu, ok tók lítinn af öllu; 'Geriz hann nú, Höllu-stálpi,' segir hann, 'fram-gjarn ok áburðar-mikill. Hvárt mun Þorgils enga þá menn fyrir  
 20 maðr ok knáligr, en komit hefir orðit slíkum mönnum í hel, sem hann er.' Snorri gaf Auðgisli öxi rekna er hann fór í brott. Um vórit fóru þeir Þorgils Hölluson ok Þorsteinn Svarti suðr til Borgarfjarðar ok buðu bætr sonum Helga ok öðrum frændum hans; var á þat mál sæzt, ok var þar góð  
 25 sæmð gör; galt Þorsteinn tvá hluti vígs-bóta, ok bauð heim Skorra syni Helga. Þorgils skyldi gjalda þriðjunginn ok greiða á þingi. Þetta sama sumar reið Þorgils Hölluson til þings, ok er þeir kvómu niðr á hraunit at Völlum, þá sá þeir konu koma at móti sér; sú var mikil harðla. Þorgils  
 30 reið í móti henni, en hön veik undan ok kvað þetta:—

Kosti fyrðar ef þeir framir þikkjask;

Ok varisk við svá vélum Snorra;

Eigi mun við varask; vitr er Snorri.

Síðan gekk hún leið sína. Þorgils mælti þá: 'Sjaldan fór þá svá, er vel vildi, at þú færir þá af þingi, er ek reið til þings.' Ríðr nú Þorgils á þing ok til búðar sinnar; þingit var kyrt öndvert. Sá atburðr varð einn dag um þingit, at fest  
 5 vóru úti til þerris klæði manna. Þorgils átti heklú blá, hún var breidd á vegginn búðarinnar. Menn heyrðu at heklan kvað þetta:—

Hangir vát á vegg, veit hatt-kilan bragð,  
 Þveggit optarr þurr, þeygi dyl ek at hún viti tvau.

10 Þetta þótti hit mesta undr. Hinn næsta dag eptir gekk Þorgils vestr yfir ána, ok skyldi gjalda féit sonum Helga. Hann settiz á holknit fyrir ofan búðirnar; með hönnum var Halldórr, fóstbróðir hans, ok vóru þeir nokkurir menn saman. Þeir synir Helga kvómu til mótzins; Þorgils tekr nú  
 15 at selja silfrit. Auðgisl Þórarinsson gekk þar hjá; ok í því nefndi Þorgisl ellifu; þá hjó Auðgisl til hans; ok allir þóttuz heyra at höfuðit nefndi ellifu er þat fauk af halsinum. Auðgisl hljóp til Vatzfirðinga-búðar; en Halldórr hljóp þegar eptir hönnum, ok hjó hann í búðar-durrunum til bana. Tíðindi  
 20 þessi spyrjaz til búðar Snorra goða, at Þorgils Hölluson er veginn. Snorri svarar: 'Eigi mun þér skiliz hafa, hann mun vegit hafa, Höllusonr.' Maðrinn svarar: 'Enda fauk höfuðit af bolnum.' 'Þá má vera at satt sé,' segir Snorri. Sætz var á víg þessi sem segir í Sögu Þorgils.—Chs. 57–67.

*Gudrun's Fourth Marriage.*

25 Þat sama sumar er Þorgils Hölluson var veginn, kom skip í Bjarnarhöfn, þat átti Þorkell Eyjólfsson; hann var þá orðinn svá auðigr maðr, at hann átti tvá knörru í förum, kom annarr í Hrutafjörð á Borðeyri ok hvárr-tveggi viði hlaðinn. Ok er Snorri goði spurði útkvómu Þorkels Eyjólfssonar, þá  
 30 ríðr hann þegar til skips. Þorkell tók við hönnum allfegin-samliga. Þorkell hafði drykk mikinn á skipi snu; var þar

veizla hin kappsamligasta er Þorkell veitti Snorra ok förunautum hans; varð þeim Þorkatli mart hjalat, spurði Snorri tíðinda af Noregi. Þorkell segir frá öllu vel ok merkiliga. Snorri segir hónum ok þau tíðindi sem hér höfðu gerzt á meðan; ‘Sýndiz mér nú þat ráð,’ segir Snorri, ‘sem ek rædda við þik áðr þú færir útan, at þú tækir þik ór kaupferðum ok settiz um kyrt, ok aflaðir þer kván-fangs þess sama, sem þá var orði á komit.’ Þorkell kvezt skilja hvar orð hans kvómu til; er mér ok allt þar hit sama í hug, sem þá töluðum vit 10 um, þvát eigi fyrir-munda ek mér hins göfgasta ráðs, ef þat mætti við gangaz. Snorri svarar, kvazt til þess skyldu boðinn ok buinn at ganga með þeim málum fyrir hans hönd; ‘Er nú ok af ráðinn hvárr-tveggi hlutrinn sá er þér þótti torsóttligastr, ef þú skyldir ráðaz til félags við Guðrúnu: at 15 Bolla er heft en Þorgils er frá ráðinn.’ Þorkell svarar, kvað djúpt standa ráð hans, ok kvazt at vísu vilja venda at þessu. Snorri var at skipi nokkurar nætr. Síðan taka þeir skip tein-ært, er þar flaut við kaupskipit, ok bjugguz til ferðar ok vóru saman hálfri þriðri togr manna; fóru síðan til Helgafellz 20 á skipi. Guðrún tók við Snorra allvel, ok þeim mönnum, er í ferð vóru með hónum; var þeim þar vel fagnat með góðum beina. Ok er þeir Snorri ok Þorkell höfðu þar verit eina nótt þá kallar Snorri til máls við sik Guðrúnu: ‘Svá er mál með vexti,’ segir hann, ‘at ek hefi ferð þessa veitta 25 Þorkatli Eyjólfssyni vin mínum; er hann nú hér kominn sem þú sér; er þat eyrindi hans hingat at hefja bónorð við þik; er Þorkell hinn göfgasti maðr; er þér allr kunnleiki á ætt hans ok athöfn; skortir hann ok eigi fé; þikkir oss hann einn maðr líkligastr til höfðingsskapar vestr hingat, ef hann 30 vill sik til þess semja; hefir Þorkell mikinn sóma þá er hann er út hér, en er þó miklu meira virðr þá er hann er í Noregi með tignum mönnum.’ Guðrún svarar þá: ‘Synir mínir, Þorleikr ok Bolli, munu hér mestu af ráða; en þú ert svá



hinn þriði maðr, Snorri, er ek mun mest þau ráð undir  
 leggja, er mér þikkja all-miklu skipta; þvíat þú hefir mér  
 lengi heil-ráðr verit.' Snorri kvað þetta einsætt þikkja, at  
 hnekkja Þorkatli eigi frá ráða-hagnum. Lét nú Snorri kalla  
 5 þá til talsins bræðr, sonu Guðrúnar. Hefir Snorri þetta uppi  
 við þá, ok tjár hversu mikill styrkr þeim mætti verða at  
 Þorkatli fyrir sakir fjár-afla hans ok forsjá, talði þar mjúkliga  
 um. Þá svarar Bolli máli hans: 'Móðir mín mun þetta  
 gerzt sjá kunna; viljum vér ok samþikkjaz hér um hennar  
 10 vilja; en víst þikkir oss ráðligt, at virða þat mikils, Snorri,  
 er þú flytr þetta mál; þvíat þú hefir marga hluti stór-vel til  
 vár gert.' Þá tók Guðrún til orða: 'Mjök munu vér hlíta  
 forsjá Snorra um þetta mál; þvíat oss hafa þín ráð jafnan  
 heil verit.' En Snorri fýsti þessa í hverju orði. Þá rézt þat  
 15 af, at þessi ráða-hagr skal takaz með þeim Guðrúnu ok  
 Þorkatli. Þá var um talat hvar brullaup skyldi vera. Snorri  
 bauð at hafa boð þat inni. Þorkatli kvazt þat vel líka, ok  
 sagði eigi fõng til skorta at leggja fram eptir því sem Snorra  
 líkaði. Þá mælti Guðrún: 'Þat er vili mín, at boð þetta sé  
 20 hér at Helgafelli; vex mér eigi fyrir augum,' segir hón, 'at  
 hafa hér kostnað fyrir; mun ek hvártki til þess krefja Þorkel  
 né aðra menn at leggja starf á þetta.' 'Opt sýnir þú þat,  
 Guðrún,' segir Snorri, 'at þú ert meiri skörungur en aðrar  
 konur.' Verðr nú þetta ráðit; at brullaup skal vera at  
 25 Helgafelli at sex vikum sumars. Fara þeir Snorri ok Þorkell  
 við þetta í brot; ferr nú Snorri heim, en Þorkell til skips;  
 er hann ýmist um sumarit í Tungu eðr við skip. Líðr nú  
 sumarit allt þar til er boðit skyldi vera. Guðrún hafði þar  
 mikinn viðr-búning ok til-afnan. Snorri goði sækir veizlu  
 30 þessa ok Þorkell, ok höfðu allz nær sex tigi manna, er þeir  
 kvómu til Helgafellz, ok höfðu valit lið mjök; vóru þar  
 flestir menn í lit-klæðum. Guðrún hafði þar boðit fyrir vel  
 hundrað manna. Þeir bræðr, Bolli ok Þorleikr, gengu at

móti þeim Snorra ok með þeim fyrir-boðsmenn. Er Snorra all-vel fagnat ok föru-neyti hans; er nú tekit við hestum þeirra; en þeim Snorra er fylgt inn í stofu, ok skipuðu þeir Þorkell bekk hinn æðra en boðsmenn Guðrúnar hinn óæðra.

5 Þetta sumar hafði Gunnarr Þiðranda-bani verit sendr Guðrúnu til traustz ok haldz; hafði Guðrún ok við hónum tekit; var leynt nafni hans. Gunnarr hafði sekr orðit um víg Þiðranda Geitissonar ór Krossavík, sem segir í Sögu Njarðvíkinga; fór hann því mjök huldu höfði, at margir stórir

10 menn veittu þar eptir-sjár. Hit fyrsta kveld veizlunnar, er menn gengu til vatz, stóð þar maðr mikill hjá vatninu; sá var herði-þykk ok bringu-breiðr, hafði hatt á höfði. Þorkell spyrr hvat manna hann væri; hann nefndiz sem hónum sýndiz. Þorkell mælti: 'Þú munt segja eigi satt; værir þú

15 líkari at sögn Gunnari Þiðranda-bana; ok ef þú ert svá mikil kenpa sem aðrir segja, þá muntú eigi vilja leyna nafni þínu.' Þá mælti Gunnarr: 'All-kappsamliga mælir þú til þessa; ætla ek mik ekki lengr þurfa at dyljaz fyrir þér; hefir þú rétt kendan manninn; eðr hvat hefir þú mér hugat at heldr?'

20 Þorkell kvazt þat mundu vilja, at hann vissi þat brátt. Hann mælti til sínna manna, at þeir skyldu handtaka hann. Guðrún sat innar á þver-palli ok þar konur hjá henni, ok höfðu lín á höfði. Ok er hún verðr vör þessara tíðinda, þá stígr hún af brúð-bekkinum ok heitr á menn sína, at veita Gunnari

25 lið; bað ok engum manni eira, er þar vildi nökkvari óvísu lýsa. Hafði Guðrún miklu meira lið. Horfði þar til annars en ætlaz hafði verit. Snorri goði gekk þar í milli manna, ok bað lægjaz storm þenna; 'er þat, Þorkell, einsætt, at leggja eigi svá mikit kapp á mál þetta; máttú sjá hverr

30 skörungr Guðrún er, ef hún berr okkr nú báða ráðum.' Þorkell lézt því heitið hafa Þorkatli Geitissyni, at hann skyldi drepa Gunnarr, ef hann kæmi nokkur vestr í sveitir; 'en hann er vinr míninn hinn mesti,' segir hann. Snorri mælti: 'Miklu

er þér meiri vandi á, at gera eptir várum vilja; er þér ok þetta hin mesta nauðsyn sjálfum, þvfat þú getr þér aldri slfka konu sem Guðrún er, þóttú leitir víða.' Nú við umtölur Snorra, ok þat, at hann sá, at hann mælti satt, þá sefaðiz

5 Þorkell, en Gunnari var fylgt í brot um kveldit; en veizla fór þar fram vel ok sköruliga. Ok er boðinu var lokit, þá buaz menn í brott. Þorkell gaf Snorra goða all-fémiklar gjafir, ok öllum mönnum þeim er þar var mest virðing á. Snorri goði

10 bauð heim Bolla Bollasyni, ok bað hann vera öllum stundum þeim með sér, er hönnum þótti þat betra. Bolli þiggir þat; riðr hann með Snorra heim í Tungu. En Þorkell sitr eptir at Helgafelli ok tekr þar til bús-umsýslu; ok sýndi hann þat brátt, at hönnum var eigi þat verr hent en farirnar. Hann lét þegar um haustið leggja ofan skála, ok varð upp gerr at

15 vetri; hann var mikill ok reisuligr. Nú takazt ástir miklar með þeim Guðrúnu ok Þorkatli. Líðr nú vetr sjá enn fyrsti, er þau vóru ásamt. Um várit spyrr Guðrún Þorkel, hvat hann vili sjá fyrir Gunnari Þiðranda-bana. Þorkell kvað hana þar munu mjök fyrir ráða, 'hefir þú þat áðr svá fast

20 tekit, at þér mun eigi at getaz, nema hann sé sæmiliga af hendi leyst.' Guðrún kvað hann þar rétt geta; 'Vil ek,' segir hón, 'at þú gefir hönnum skipit, ok þar með þá hluti, er hann má eigi missa at hafa.' Þorkell svarar þá, ok brosti við: 'Eigi at þér lítið í hug um mart, ok er þér ekki hent at

25 eiga þann mann, er all-mikit vesal-menni sé; er þat ok eigi við þítt hæfi; skal þetta gera eptir þínum vilja.' Ferr nú þetta fram, at Þorkell gaf Gunnari skipit með öllum búnaði. Gunnarr tók við þessi gjöf all-þakksamliga, ok kvazt aldregi svá langhendr verða mundu, at hann fengi þeim launat þann

30 sóma allan, er þau veittu hönnum. Um sumarit eptir fór Gunnarr útan, ok kom til Noregs, ok heim til bua sínna; var hann stór-auðigr maðr ok mikils verðr, ok hinn beztu drengr.

Þorkell Eyjólfsson gerðiz brátt höfðingi mikill; hélt hann sér mjök til virðingar; var maðr hérað-ríkr ok mála-maðr mikill, þótt hér sé eigi getið þing-deilda hans; þótti hann ok hlotið hafa þat kvánfang er göfgast var. Þorkell var ríkastr  
 5 maðr í Breiðafirði meðan hann var uppi, þegar leið Snorra goða. Þorkell sat vel bæinn at Helgafelli; hann lét gera öll hús mikil ok stór-kostlig. Hann markaði ok grundvöll til kirkju, ok lýsti því, at hann ætlaði at sækja kirkju-viðinn. Þau Þorkell ok Guðrún gátu son saman; sá er nefndr Gellir;

10 hann var hinn efniligsti maðr, er hann vóx upp. Bolli, son Guðrúnar, var ýmist at Helgafelli eða í Tungu; var Snorri til hans all-ástúðliga. Þorleikr bróðir hans var einart at Helgafelli. Gerðuz þeir bræðr miklir menn ok hinir knáligustu, ok hafði Bolli allt fyrir. Vel var Þorkatli til  
 15 þeirra stjúpsona sínna. Guðrún unni Bolla mest allra barna sínna. Ok er Bolli var sextán vetra en Þorleikr tuttugu, þá ræddi Þorleikr þat við Þorkel, stjúpsöður sínn ok móður sína, at hann vildi útan; 'Leiðiz mér nú þetta,' segir hann, 'at sitja heima hér sem dóttir, vilda ek at mér væri fengin  
 20 farar-efni nokkur.' Þorkell svarar: 'Ekki þikkjumz ek vera ykk bræðrum mótgerðasamr síðan tengðir várar tókuz; þikki mér þetta mikil várkunn at þik fýsi þess at kanna síðu annarra manna; þvíat ek vænti, at þú þikkir vaskr maðr hvar sem þú kemr með dugandis-mönnum.' Þorleikr kvazt ekki  
 25 mundu ágirnaz svá mikit fé; kvað ósýnt hversu hónum gætiz til; 'þvíat ek em ungr ok at mörgu óráðinn.' Þorkell kvað hann hafa skyldu sem hann vildi. Eptir þetta kaupir Þorkell í skipi til handa Þorleiki; þat stóð uppi í Dögurðar-nesi. Fylgir Þorkell hónum til skips at bjó hann at öllu vel  
 30 heiman. Ferr Þorleikr útan um sumarit; kemr skip þat við Noreg, þá var landz-höfðingi Óláfr hinn Helgi Haraldz son. Þorleikr ferr þegar á fund Óláfs konungs. Konungr tók vel við hónum ok kannaðiz við kynferði hans ok bauð hónum

til sín. Þorleikr þektiz þat. Er hann með konungi um vetrinn, ok gerðiz hirð-maðr hans; virði konungr hann vel; þótti Þorleikr hinn vaskasti maðr; var Þorleikr með konungi svá at þat skipti vetrum. Nú er at segja frá Bolla Bollasyni, 5 þá hann var átján vetra gamall, þá ræddi hann um várit við Þorkel mág sinn ok þau Guðrúnu, at hann vill, at þau leysi út föður-arf hans. Guðrún spyr þá hvat hann ætlaðiz fyrir, er hann kallar til fjár í hendr þeim. Bolli svarar: 'Þat væri villi mín, at konu væri beðit til handa mér; vilda ek þat, 10 Þorkell mágur, at þú værir mér þar um flutnings-maðr at þat gangi fram.' Þorkell spurði hveðrar konu biðja skyldi til handa Bolla. Bolli svarar: 'Kona heitir Þórdís, hún er dóttir Snorra goða; hún er svá kvenna; er mér er mest um at eiga, ok ekki mun ek kvángaz í bráð, ef ek nai eigi þessu 15 ráði; þikkir mér hér ok allt undir, at þetta gangiz við.' Þorkell svarar: 'Heimilt er þat, mágur, at ek ganga með máli þessu, ef þér þikkir skipta; vænti ek at þetta verði auðsótt við Snorra; þvíat hann mun sjá kunna, at hönum er vel boðit þar sem þú ert.' Guðrún mælti: 'Þat er skjótt at 20 segja,' segir hún, 'at til þess vil ek enga hluti spara láta, at Bolli fai þann ráða-hag sem hönum líkar; er þat bæði, at ek ann hönum mest, enda hefir hann öruggastr at því verit allra barna mínna, at gera allt at mínum vilja.' Þorkell kvazt þat fyrir sér ætla, at leysa Bolla vel af hendi; 'er þat fyrir 25 margs sakir makligt; vænti ek ok þess, at gótt verði mann-kaup í Bolla.' Verðr nú þetta ráð full-gert. Ok eigi miklu síðarr buaz þeir til ferðar, Þorkell ok Bolli, ok vóru saman eigi all-fáir menn. Fara nú þar til er þeir koma í Tungu Snorri tók við þeim all-blítt; eru þar hinar mestu ölværðir 30 af Snorra hendi. Þórdís dóttir Snorra var heima með föður sínum ok var hin vænsta kona ok hin gerfligsta. Ok er þeir Þorkell höfðu fár nær verit í Tungu, þá bar Þorkell upp erindi þeirra fyrir Snorra, 'at ek vil,' segir hann, 'mæla til

mægðar við þik fyrir hönd Bolla stjúp-sonar míns, en til samfara við Þórdísi dóttur þína.' Þá svarar Snorri: 'Slíkra mála kalla ek vel leitað, sem mér er at þér ván; vil ek þessu máli vel svara, því at mér þikkir Bolli hinn mannvænligsti  
 5 maðr; þikki mér sú kona all-vel gipt er hónum er. En þó mun þat hér mestu um stýra hversu Þórdísi er þetta gefit; þvíat hón skal þann einn mann eiga, er henni er vel at skapi.' Er nú þetta mál rætt við Þórdísi. Hón svarar svá, at hón mundi þar hlíta forsjá föður síns; kvazt fúsari vera at  
 10 giptaz Bolla en þeim manni, er henni væri með öllu ókunnr. En er Snorri fann, at þetta var ekki í móti skapi Þórdísar at ganga með Bolla; en margir voru þeir er þess fýstu mjök. Snorri sá ok glögt at þetta var eitt hit virðuligasta gjafirð ok fyrir-mundi eigi dóttur sínni þess. Er nú þetta at ráði gert;  
 15 fóru nú festar fram. Skal Snorri hafa boð inni, ok skal vera at miðju sumri. Við þetta ríða þeir í brot, Þorkell ok Bolli, ok heim til Helgafellz, er nú Bolli heima þar til þess er at brullaups-stefnu líðr. Buaz þeir nú heiman, Þorkell ok Bolli, ok þeir menn með þeim er til ferðar voru ætlaðir; var þat  
 20 mikit fjölmenni ok hit skörligsta lið. Ríða nú leið sína þar til er þeir koma í Tungu, fá þar all-blíðar viðtökur; var þar fjölmenni mikit ok veizla hin prýðiligasta. Ok er boðit þrýtr, þá buaz menn í brott. Snorri gaf Þorkatli Eyjólfssyni sæmiligar gjafir ok þeim Guðrúnu báðum; slíkt sama öðrum  
 25 sínum vinum ok frændum. Ríðr nú hvern heim til síns heimilis þeirra manna er þetta boð hafa sótt. Bolli var eptir í Tungu. Tókuz brátt ástir miklar með þeim Þórdísi ok samfarir góðar. Snorri lagði á all-mikla stund at veita Bolla vel; var til hans betr en sína sona. Bolli þektiz þat ok vel;  
 30 er hann þau misseri í Tungu er hann hafði kvángaz. Um sumarit eptir kom skip í Hvítá; þat skip átti hálftr Þorleikr Bollason en hálftr áttu Norrænir menn. Ok er Bolli bróðir hans spyrr útkvómu hans þá ríðr hann þegar suðr til Borgar-

fjarðar ok til skips í Hvítá; verðr hvárr-tveggi þeirra bræðra all-feginn öðrum; er Bolli þar svá at þat skipti nóttum; ríða síðan báðir vestr til Helgafellz. Þorkell tekr við Þorleiki með mikilli blíðu ok þau Guðrún bæði, ok buðu hónum þar 5 at vera um vetrinn. Þorleikr kvazt þat þiggja mundu. Dvelz nú um hríð at Helgafelli, ríðr síðan til Hvítár ok lætr setja upp skip sítt ok flytja vestr varnað sínn. Þorleiki hafði orðit gótt til fjár ok virðinga; þvfat hann hafði gerzt hand-genginn hinum tignasta manni, Óláfi konungi, sem fyrr er ritað. Þor-  
10 leikr var um vetrinn at Helgafelli en Bolli var í Tungu með Snorra mági sínum.

Þenna vetr hittaz þeir jafnan, Þorleikr ok Bolli, ok höfðu tal með sér. Hvártki henda þeir sér gaman at leikum né at annari gleði. Ok eitt sinn var Þorleikr at kynni í Tungu.  
15 Þá töluðu þeir bræðr svá at dægum skipti; þá þóttiz Snorri vita, at þeir mundu stórt nokkut ráða. Þá gekk Snorri á tal þeirra bræðra. Þeir fögnuðu vel Snorra ok létu falla talit; hann tók vel kveðju þeirra, ok þá mælti Snorri: 'Hvat ráða-gerð hafi þit er þit gáit hvártki svefns né matar.' Bolli svarar:  
20 'Þetta eru ekki ráða-gerðir, þvfat þetta tal er með lítlu marki er vit eigum at tala.' En Snorri fann at þeir vildu leyna hann öllu því, er þeim var í skapi, en hann grunaði þó at þeir mundi um þat tala, er stór vandkvæði mundi af geraz, ef fram gengi. Þá mælti Snorri enn til þeirra bræðra; 'Hitt  
25 grunar mik, at þat mun hvártki hégómi né gaman-mál er þit munit lengstum um tala; ok virði ek ykkir til várkunnar þat þótt svá sé; ok gerit svá vel ok leynit mik eigi. Munu vér ekki verr kunna allir um þetta mál at ræða heldr en þit tveir; þvfat hvergi mun ek í móti standa at þat gangi fram er  
30 ykkar sómi sé þá meiri heldr en áðr.' Þorleiki þótti Snorri vel undir taka, ok sagði hónum í fám orðum ætlan þeirra alla, at þeir ætla at fara at þeim Óláfs-sonum, ok muni þeir verða at sæta afar-kostum; kveða sik þá ekki til skorta, at

hafa jafnan hlut af slíkum mönnum sem Halldórr var ok bræðr hans; er Þorleikr var handgenginn Óláfi konungi en Bolli kominn í mægð við Snorra, slíkr höfðingi sem hann var. Snorri kvað ærit komit fyrir víg Bolla er Helgi var 5 Harðbeinsson fyrir goldinn, ok kvað höllzti mikil vandræði manna þótt staðar næmi um síðir. Bolli mælti: 'Hvat er nú, Snorri, ertú nú eigi jafn-hvass í liðveizlu sem þú lézt fyrir skömmu? ok eigi mundi Þorleikr enn þessa ætlan þér sagða hafa, ef ek hefða ráðit. Ok þar er þú telr Helga hafa komit 10 í hefnd Bolla, en þat er mönnum þó kunnigt, at fé kom fyrir víg Helga, en faðir mín er óbætr.' En er Snorri sá at hann fekk þeim eigi talit hug-hvarf, þá bauzt hann til at leita um sættir heldr en manndráp tækiz með mönnum; ok því játta þeir bræðr. Síðan reið Snorri í Hjarðarholt með nök- 15 kura menn; Halldórr tók vel við hönum ok bauð hönum þar at vera; Snorri kvazt heim mundu ríða um kveldit; en lézt þó eiga við hann skylt mál. Síðan taka þeir tal; ok lýsir Snorri þá yfir eyrindum sínum, at hann kvazt þess varr orðinn, at þeir Bolli ok Þorleikr, bræðrnir, unðu eigi lengr 20 at hafa föður sínn bótalausn af þeim Óláfs-sonum; 'en nú vilda ek leita um sættir, ok vita ef endir yrði á ógiptu yðvarri frænda.' Halldórr tók þessu ekki fjarri. 'Kunnigt er mér þat,' segir hann, 'at þeir Þorgils Hölluson ok synir Bolla ætluðu at veita mér árás ok bræðrum mínum áðr þú snerir 25 hefndinni fyrir þeim, svá at þaðan af sýndiz þeim at drepa Helga Harðbeinsson; ok hefir þú þér deilt góðan hlut af þessum málum hvat sem þú hefir til lagt um hin fyrri skipti vár frænda.' Snorri kvað sér þá þikkja miklu skipta at gótt yrði hans eyrindi, ok hann kæmi því til leiðar, er hönum var 30 mestr hugr á, at tækiz góð sætt með þeim frændum, ok yrði þeir trygðir at sinni; 'þvíat mér er kunnigt skaplyndi þeirra manna er málum eigu at skipta við yðr, at þeir munu þat allt vel halda, er þeir verða á sáttir.' Halldórr svarar: 'Þessu vil



ek játa fyrir mína hönd, ef þat er vili bræðra mínna at gjalda fé fyrir víg Bolla, slíkt sem þeir dæma er gera hljóta um málin. En undan vil ek skilja sektir allra manna, svá goðorð mítt ok staðfestu; slíkt hit sama vil ek ok til skilja þær stað-  
5 festur, sem bræðr mínir bua á, at þeir eigi þær at frjálðu fyrir þessa mála-lykt; taka ok sínn mann hvárir til gerðar.' Snorri kvazt hann þikkja bjóða vel ok sköruliga; kvað þá bræðr þenna kost taka mundu ef þeir vildi hans ráð at nokkuru hafa. Ok reið heim síðan, ok segir þeim bræðrum hvert  
10 orðit var eyrendi hans; ok svá þat, at hann mundi við skiljaz þeirra mál með öllu, ef þeir vildi eigi játa þessum kostum. Bolli bað hann þá fyrir sjá, ok bað Snorra dæma mál fyrir hönd þeirra bræðra. Síðan sendir Snorri orð Halldóri; at þá var ráðin sættin, ok bað hann þá kjósa  
15 mann til gerðar til mótz við sik. Halldórr kauss til Steinþór Þorláksson af Eyri. Sættar-fundr skyldi vera á Dröngum á Skógar-strönd þá er fjórar vikur vóru af sumri. Eptir þat reið Þorleikr heim til Helgafellz ok var þaðan af tíðinda-laust allt um vetrinn. En er leið at þeirri stundu sem á kveðit var  
20 um fundinn, þá kom Snorri goði með þeim Óláfs-sonum ok vóru allz fimmtán saman. Jafn-margir kvómu þeir Steinþórr til mótzins. Tóku þeir Snorri ok Steinþórr tal ok urðu sáttir á þessi mál. Þá luku þeir upp fé-sekt; en eigi er á kveðit hversu mikit þeir gerðu. Frá því er sagt, at féit galzt vel, ok  
25 sættir vóru með því móti haldnar. Á Þórsness-þingi vóru gjöldin af hendi greidd. Sverð gótt gaf Halldórr Bolla, en Steinþórr Óláfsson Þorleiki skjöld, ok var þat hinn bezt gripr. Var nú slitið þinginu, ok þóttu hvárir-tveggju hafa vaxit af þessum málum.

30 Eptir þat er þeir Bolli ok Þorleikr höfðu sæzt ok þeir Óláfs-synir, ok Þorleikr hafði verit einn vetr á Íslandi, þá lýsti Bolli því, at hann ætlaði útan. Snorri latti þess; 'Þikki mér mikit í hættu hversu þér tekz. Nú ef þik fýsir at ráða

fleiru en áðr ræðr þú, þá vil ek fá þér staðfestu ok gera þér bú, ok þar með fá þér í hendr manna-forráð, ok halda þér til virðingar í öllu; vænti ek at þat sé auðvelt, þviat flestir menn leggja góðan hug til þín.' Bolli segir þá: 'Þetta hefi 5 ek lengi haft í hug mér, at ganga heiman um sinn; þikki mér maðr við þat fávíss verða, ef hann kannar eigi víðara en hér Ísland.' En er Snorri sér þat, at Bolli hefir þetta staðfest fyrir sér, ok eigi mundi tjá at letja hann, þá býðr Snorri hönum, at hafa fé svá mikit sem hann vill til ferðarinnar.

10 Bolli kvazt eigi mundu drepa hendi við því, at hafa fé mikit; 'Vil ek,' segir hann, 'engis mannz miskunar-maðr vera, hvárki hér né útan-landz.' Lítlu síðarr en þeir Snorri hafa þetta við talaz, þá ríðr Bolli suðr til Borgarfjarðar í Hvítá; hann kaupir skip þat hálf at þeim mönnum er þar áttu forráð; 15 áttu þeir bræðr nú báðir saman skipit. Ríðr nú Bolli vestr apr. Þau Bolli ok Þórdís áttu eina dóttur, sú hét Herdís; þeirri meyju bauð Guðrún til fósturs; hön var þá vetr-gömul er hön fór til Helgafellz. Þórdís var ok þar löngum, þviat hön var til hennar all-vel. Nú fóru þeir bræðr báðir til skips 20 í Hvítá. Bolli hafði all-mikit fé útan; bjuggu nú skipit. Ok er þeir vóru búnir þá létu þeir í haf; þeim byrjaði ekki skjótt ok höfðu úti-vist langa; tóku um haustið Noreg; kómu at Þrándheimi. Óláfr konungr var austr í land ok sat í Vfkinni, ok þar hafði hann efnat til vetr-setu. Ok er þeir bræðr 25 spurðu þat, at konungs var ekki ván norðr um haustið til Þrándheims, þá segir Þorleikr, at hönum var á því hugr at þeir leitaði austr með landi ok færi á fund Óláfs konungs. Bolli segir: 'Lítið er mér um at rekaz á haust-degi millum kaupstaða; þykki mér þat mikil nauð ok ófrelsi; vil ek sitja 30 hér vetr-langt í Þrándheimi. Er mér þat sagt, líkast at konungr muni koma norðr í vár; en ef hann kemr eigi, þá man ek ekki letja at við farim á fund hans.' Bolli ræðr þessu; ryðja þeir nú skip sítt ok taka sér bæjar-setu. Brátt

fanz þat á, at Bolli mundi vera maðr fram-gjarn, ok vildi vera fyrir öðrum mönnum; hónum tókz þat ok svá, þvfat maðrinn var örlátr, fékk hann brátt mikla virðing í Noregi. Bolli hélt sveit um vetrinn í Þrándheimi. Þat var ok auð-kent, hvar 5 sem hann gekk til skytninga, at menn hans vóru betr búnir at klæðum ok vápnum en annat bæjar-fólk; hann skaut ok einn fyrir alla sveitunga sína þá er þeir vóru í skytningum. Þar eptir var annat örlæti hans ok stórmenzka. Eru þeir nú um vetrinn í bænum bræðr. Þenna vetr hafði Óláfr konungr 10 setið austr í Sarpsborg, ok þau fóru orð norðr til Þrándheims at konungs var ekki austan ván. Snimma um várit bjuggu þeir bræðr skip sítt, ok ætluðu austr til Víkr; fara síðan austr með landi. Tókz þeim nú greitt ferðin, ok kómu austr til Borgar ok fóru þegar á fund Óláfs konungs. Fagnar 15 konungr vel Þorleiki hirðmanni sínum ok þeim mönnum er þar vóru í ferð með hónum, ok spyrr hverr sá veri 'hinn vörpulgigi maðr ok hinn væni, er í göngu er með þér.' Þorleikr svarar: 'Herra,' segir hann, 'sá er bróðir mín, ok heitir Bolli.' 'At vísu er hann sköruligr maðr,' segir konungr. 20 Nú býðr konungrinn þeim með sér at vera; ok þann kost taka þeir með þökk. Eru nú með konunginum um várið. Er konungr til Þorleiks hvergi ver en fyrr er hann var með hónum, en þó mat hann Bolla miklu framarr, þvfat hónum virðiz hann afbragð annarra. Ok er á leið várit, þá 25 ræða þeir bræðr um ferðir sínar; spyrr Þorleikr hvárt Bolli vill fara út til Íslandz um sumarit, 'eða viltú vera hér lengr í Noregi.' Bolli svarar: 'Ek ætla mér hvárki þeirra er þú ræðir nú; er þat satt at segja, Þorleikr,' segir hann, 'at þat hafða ek í hug mér þá er ek fór af Íslandi útan, at eigi skyldi 30 til mín at spyrja í öðru húsi; vil ek, Þorleikr, at þú takir við skipinu því er við eigum báðir.' Þorleiki kvazt þat þykkja mikit, ef þeir skulu skilja, 'en þú, Bolli, mant þessu ráða sem öðru.' Þessa sömu ræðu báru þeir fyrir konung. Konungr

svaraði svá máli þeirra : ‘Viltú, Bolli,’ segir hann, ‘ekki þýðaz oss lengr; þótti mér hinn veg bezt at þú dvelðiz með oss um hríð; man ek veita þér þá nafnbót sem ek gaf Þorleiki bróður þínum.’ Þá svarar Bolli: ‘All-fúss væra ek, herra, at 5 bindaz yðr á hendi; en fara vil ek nú fyrst at sinni þangat sem mik fýsir; en þenna kost vil ek gjarna taka ef mér verðr auðit aptr at koma.’ ‘Þú mant ráða um ferðir þínar, Bolli,’ segir konungrinn; ‘þvfat þér eruð um flest ein-sannir Íslendingar; en þó man ek því orði á lúka, at mér þykkir þú, Bolli, 10 hafa komit merkiligastr maðr af Íslandi á mínum dögum.’ Ok er Bolli hafði fengit orlof af konungi, þá býz hann til ferðar. Hann gekk á kugg einn er suðr ætlaði til Danmerkr; hann hafði mikit fé með sér; fóru ok nokkurir með hónum af hans sveitungum. Skilðuz þeir Óláfr konungr með 15 mikilli vináttu; veitti konungr Bolla gjafir at skilnaði. Þorleikr var eptir með konungi. En Bolli ferr ferðar sínnar þar til er hann kemr suðr til Danmerkr; hann er þar um vetrinn í Danmörku ok fékk þar mikinn sóma af hinum rífkustum mönnum; hann hélt sik ok þar at engu 20 úrfrkmanngar en þá er hann var í Noregi. En er Bolli hafði verit einn vetr í Danmörku, þá byrjar hann ferð sína út í lönd. Hann léttir eigi ferð sínni fyrr en hann kemr út í Miklagarð; hann hafði þar skamma hríð verið áðr hann kom sér í Væringja-setu; höfu vér ekki heyrð frá sagnir at ne einn 25 Norðmaðr hafi fyrri gengit á mála með Garðz-konungi en Bolli Bollason. Hann var í Miklagarði mjök marga vetr, ok þótti hinn röskvasti maðr í öllum mann-raunum, ok gekk ávalt næst enum fremstum. Þótti Væringjum all-mikils um Bolla vert meðan hann var í Miklagarði út.—Chs. 68–73.

*Gudrun's Fourth Widowhood. The End.*

30 Nú er þar til máls at taka sem er Þorkell Eyjólfsson, hann sitr nú í höfðingskap sínum. Gellir son þeirra Guðrúnar vóx

upp heima þar at Helgafelli ok var snimma drengiligr maðr ok vinsæll. Þat er sagt eitt sinni, at Þorkell sagði Guðrúnu draum sinn. 'Þat dreymði mik,' segir hann, 'at ek ætta skegg svá mikit, at mér þótti taka um allan Breiðafjörð.'

5 Þorkell bað hana ráða drauminn. Guðrún segir: 'Hvat hyggur þú þýða þenna draum?' 'Auð-sætt þykki mér þat, at þar man standa ríki mítt um allan Breiðafjörð.' 'Má at svá sé,' segir Guðrún; 'en hitt munda ek ætla, at þar mundir þú drepa skegginu niðr í Breiðafjörð.' Þat sama sumar setr

10 Þorkell fram skip sítt ok bjó þat til Noregs. Gellir son hans var þá tolf vetra. Þorkell ýtti ór Þórsnesi; ok lýsti því, at hann ætlaði at sækja sér kirkju-við, sem fyrr var ritað. Þorkell siglir nú þegar á haf. Hann fékk hægja úti-vist ok eigi all-skamma, taka Noreg norðarla. Þá sat Óláfr konungr í

15 Þrándheimi. Þorkell sótti þegar á konungs fund ok Gellir son hans ok fengu þar all-góðar viðtökur; svá var Þorkell mikils metinn af konungi þann vetr, at þat er al-sagt at Óláfr konungr gaf Þorkatli eigi minna fé en tíu tigu marka brendz silfrs. Gelli gaf hann ok skikkju at Jólum, ok var þat hinn

20 mesti ágætis-gripr. Þann vetr lét konungr kirkju gera í bænum af viði, var þat stofnat all-mikit mustari ok vandað allt til, ok um várit var viðr sá fluttr til skips er konungr gaf Þorkeli, kom þar bæði viðr saman góðr ok mikill, þvíat Þorkell gekk því nær; þvíat hann var í starfi allt várit ok

25 flutningum.

Þat var einn morgun snimma er konungr gekk út með fá menn, at hann sá mann á kirkjunni uppi þeirri er þá var í smíð í bænum.\* Hann undraðiz þetta mjök, þvíat morni var minnr fram komit en smiðar vóru vanir upp at standa.

30 Konungr kendi þá ok brátt, at þar var Þorkell Eyjólfsson; hann sá ok hvat hann gerði; þvíat hann lagði mál við öll hin stærstu tré, bæði bita ok syllr ok uppstöðu-tré. Konungr sneri þangat til sem Þorkell var, ok mælti:

‘Hvat er nú, Þorkell, ætlar þú hér eptir at semja kirkju-við þann er þú flytr-til Íslandz?’ Þorkell kvað þat satt vera. Þá mælti Óláfr konungr: ‘Högg þú af tvær alnar af hverju stórtre ok man þó sjá kirkja mest ger á Íslandi.’ Þorkell svarar þá: ‘Þat er vili mín, at þú takir við til þín, ef þú þykiz of gefit hafa, eða þér leikr aptr munuð at, en ek man ekki alnarkefli af hónum höggva; man ek hafa til atferð ok eljan at afla mér annars viðar.’ ‘Bæði er nú, Þorkell,’ segir konungr, ‘at þú ert mikils virðr, enda geriz þú all-stórr; þvát víst þykki mér þat ofsi hverjum bónda at keppaz við oss. En eigi er þat satt, at ek fyrir-muna þér viðarins ef þér verðr auðit at gera af kirkju, þvát hón verðr eigi svá mikil, at þar muni of þítt allt inni liggja. En nær er þat mínu hugboði at menn hafi lítla nytsemð viðar þessa; ok fari at firr, at þú getir gört ne eitt mann-virki af viðinum.’ Eptir þetta skilja þeir þessa ræðu. Snýr konungr í brott, ok fanz þat á, at hónum þótti eigi betr, er Þorkell hafði þat at engu er hann lagði til. Lét konungr þat þó ekki við veðri komaz. Skilðuz þeir Þorkell með hinum mestum kærleikum. Stígr nú Þorkell á skips-  
 20 fjöl; er hann er buinn, lætr hann í haf. Hónum byrjaði vel, vóru skamma hríð úti. Þorkell kom skipi sínu í Hrutafjörð. Hann reið brátt frá skipi ok kom heim til Helgafellz; urðu menn nú fegnir; hafði Þorkell fengit mikinn sóma í þessari ferð. Hann lét skip sítt upp setja ok um bua. Hann  
 25 fékk kirkju-viðinn til varðveizlu þar er vel var kominn; þvát eigi varð norðan fluttr um haustið; þvát hann átti starfsamt jafnan. Þorkell sitr nú heima um vetrinn í bui sínu. Hann hafði Jóla-drykkju at Helgafelli, ok var þar fjölmenni mikit, ok at öllu hafði hann mikla rausn þann vetr. Guðrún latti  
 30 þess ekki; kvað til þess fé nýtt vera, at menn miklaði sik af; var hón mjök á fram-reitum um alla stór-menzku, hafði Þorkell ok mikit fé út haft í góðum gripum er hann miðlaði með vinum sínum um vetrinn.

Penna vetr eptir Jól býz Þorkell heiman ok ætlaði norðr til Hrutafjarðar at flytja viðu sína norðan. Hann ríðr fyrst inn til Dala ok þaðan í Ljár-skóga til Þorsteins frænda síns; ok þar aflar hann sér manna ok hesta ferr síðan norðr til 5 Hrutafjarðar; dvelz Þorkell nokkura hríð norðr þar, ok hefir ætlan á um ferðina, sópaz enn at hrossin þar um fjörðinn; þvfat hann vildi eigi fleiri farar at gera ef svá mætti til takaz; varð þetta allt ekki skjótt. Var Þorkell í flutningum þessum fram á Langa-föstu. Kemr Þorkell nú norðan, ok dró við 10 meirr en á tuttugu hestum; hann leggur viðinn af á Ljá-eyri ok ætlaði at flytja á skipi þaðan út til Helgafellz. Þorsteinn átti ferju mikla er hann hafði í flutningum, ætlaði Þorkell skip þat at hafa. Þorkell var um Föstuna í Ljár-skógum þvfat ástúðigt var með þeim frændum. Þorsteinn ræddi þat við 15 Þorkel, at þá mundi vel hent at þeir færi í Hjarðarholt, 'Vil ek fala land at Halldóri Óláfssyni, þvfat hann hefir lítil lausa-fé síðan hann galt sonum Bolla í föður-bætr; en þat er land svá at ek vilda helzt eiga.' Þorkell bað hann ráða. Fara nú síðan ok kómu í Hjarðarholt ok vóru saman vel tuttugu 20 menn. Halldórr tók hit bezta við þeim ok töluðu mart. Ekki var þar mart manna heima, þvfat Halldórr hafði sent menn norðr til Steingrímsfjarðar, þar hafði komit hvalr er hann átti í. Beini hinn sterki var þá heimamaðr hans; hann einn var þá á fótum þeirra manna er verit höfðu með Óláfi 25 föður hans. Halldórr mælti til Beina: 'Görla sé ek örindi þeirra frænda, þeir munu fala at mér land mítt, en ef svá er sem ek get til, þá munu þeir heimta mik á tal, ok get ek, at á sína hönd mér setiz hvárr þeirra; ok ef þeir bjóða mér nokkurn ómaka, þá vertú eigi seinni at ráða til Þorsteins, en 30 ek mun gegna Þorkeli; hefir þú oss frændum lengi trúv verit. Sent hefi ek eptir mönnum á næstu bæi, vilda ek at þat hæfðiz mjök á at lið þat kæmi ok vér slitim talinu.' Ok er á leið daginn, þá ræddi Þorsteinn við Halldórr, at þeir Þorkell

skyldi ganga allir saman á tal, 'elgu vér eyrindi við þik.' Halldórr kvað þat vel fallit. Þorsteinn ræddi til föru-nauta þeirra, at ekki þyrfti at ganga með þeim. Beini gekk eigi at síðr eptir Halldóri, þvíat hónum þótti þetta mjök eptir því fara sem Halldórr gat til. Þeir gengu brott eigi all-skamt í túnit. Halldórr hafði yfir sér samða skikkju, ok á nisti löng sem þá var títt. Hann settiz nú niðr en á sína hönd hónum hvárr þeirra frænda; ok þeir settuz nær á skikkju hans en Beini stóð nærr yfir Þorsteini ok hafði öxi mikla í hendi. Þá tók Þorsteinn til orða: 'Þat er eyrindi mítt hingat at ek vil kaupa land þítt; legg ek þetta nú því til umræðu er Þorkell frændi er nú við; þætti mér okkr þetta eigi illa hent; þvíat mér er sagt, at þú hafir ógnóglig lausa-fé, en land dýrt undir; mun ek gefa þér at móti þá staðfestu er sæmilig er ok þar í milli slíkt sem vit verðum á sáttir.' Halldórr tók þetta ekki þvert í fyrstunni. Þeir inntuz til um kaupa-kosti. Ok er þeim þótti hann þessu ekki fjarri taka, þá feldi Þorkell sik mjök við ræðuna ok vildi saman færa með þeim kaupit. Halldórr dró þá málit fyrir þeim; en þeir sóttu fast eptir; ok þar kom um síðir, at þess firr var, er þeir gengu nær. Þá tók Þorkell til orða ok mælti: 'Sér þú eigi, Þorsteinn frændi, hversu þetta ferr; hann hefir þetta mál dregit fyrir okkr í allan dag, en vér setið hér at hégóma hans ok ginningum; nú ef þér er hugr í land-kaupi, þá munu menn verða nær at ganga.' Þorstein kvazt á því hugr at vita nú sínn hluta; bað nú Halldór ór skugga ganga, hvárt hann vildi unna hónum land-kaups. 'Ek ætla,' segir Halldórr, 'at ekki þyrfti at fara myrkt um þetta, at þú munt kauplaust heim riða í kveld.' Þá svarar Þorsteinn: 'Ek ætla nú ekki þurfa at fresta því, at kveða þat upp, er fyrir er hugat, at þér eru tveir kostir ætlaðir, þvíat vér þikkjumz nú hafa hamra undir oss um fjölmenni; er sá kostur annarr, at þú ger þetta með vild, ok haf þar í móti vinfengi várt; en sá er kostur, er sýnu er verri,



at þú réttir nauðigr fram 'höndina ok handsalir mér Hjarðarholtz-lönd.' Ok þá er Þorsteinn mælti þetta, þá sprett Halldórr upp svá hart at rifnaði nisting skikkjunnar, ok mælti síðan : 'Verða mun annat fyrri en ek mæla þat, er ek vil eigi.' 'Hvat mun þat?' segir Þorsteinn. 'Þat þá, at bolöx mun standa í höfði þér af hinum versta manni ok steypa svá ofsa þínum ok ójafnaði.' Þorkell kvað þetta illa mælt, 'ok væntu vær at eigi gangi eptir; ok ærnar kalla ek nú sakir til þótt Halldórr láti land sítt, ok hafi ekki fé fyrir.'

10 Halldórr svarar þá : 'Fyrir muntú halda um þönguls-höfuðit á Breiðafirði en ek handsala nauðigr Hjarðarholtz-land.' Halldórr gengr nú heim eptir þetta; þá drífa menn á bæinn, þeir er hann hafði eptir sent. Þorsteinn var hinn reiðasti, ok vildi þegar veita Halldóri atgöngu. Þorkell bað hann þat eigi

15 gera, kvað þat hina mestu óhæfu á slíkum tíðum, 'En þegar er þetta líðr af, munu vær ekki letja, at oss lendi saman.' Halldórr kvezt þat hyggja, at hann mundi aldri van-buinn við þeim vera þótt reyna þyrfti. Eptir þetta ríða þeir í brott, ok ræddu þeir frændr í milli sín um ferð þessa. Þorsteinn

20 kvað þat sannast þar um at ræða, at ferðin var hin dáligasta, 'Eðr hví varð þér svá bilt, Þorkell, at ráða til Halldórs, at gera hönnum nokkura svívirðing?' 'Sáttu eigi Beini hinn sterka,' segir Þorkell, 'er hann stóð yfir þér með öxina reidda? ok var þat hin mesta ófæra; þvíat þegar mundi hann keyra

25 öxina í höfuð þér ef ek hefða mik til nokkurs líkligan gert.' Ríða nú heim í Ljár-skóga. Líðr nú Föstunni þar til er kemr hin Efsta vika.

Skírdag snemma um morguninn lýsti Þorkell því, at hann mundi buaz til ferðar. Þorsteinn latti þess mjök; 'þvíat

30 mér lízt veðr ótrúligt.' Þorkell kvað hit bezta mundu veðr duga, 'skaltú eigi letja mik nú, frændi, þvíat ek vil heim fyrir Páskir.' Þorkell setr nú fram ferjuna hvat sem Þorsteinn talaði um, ok hlóðu skipit. Þorsteinn bar af útan jafn-skjótt

sem þeir Þorkell báru á. Þá mælti Þorkell: 'Hættú nú, Þorsteinn frændi, ok hept eigi ferð vára; eigi fær þú nú þessu ráðit at þinni.' Þorsteinn svarar: 'Sá okkar mun nú ráða, er verr mun gegna; ok uggi ek, at til mikils dragi um 5 ferð þessa.' Þorkell bað þá heila hittaz. Gengr nú Þorsteinn heim óglaðr mjök, ok gekk til stofu ok bað leggja undir höfuð sér; ok svá var gert. Grið-konan sá, at tárin hrundu ór augum hönum á hægingdit. Ok líflu síðarr en hann hafði niðr lagiz, þá kom vindz-gnýr mikill á stofuna. Þá mælti 10 Þorsteinn: 'Þar megu vær nú heyra gnyja bana Þorkels frænda.'

Nú er at segja frá ferð Þorkels, hann sigldi um daginn út eptir Breiðafirði, þeir vóru á skipi menn tiu eðr tolf. Veðrit tók at hvessa mjök er á leið daginn ok gerði hinn mesta 15 storm áðr en létti. Þeir sóttu knálíga ferðina, þvfat menn vóru liðgóðir innan-borðz. Þorkell hafði með sér sverðit Sköfnung ok var í stokki. Þeir Þorkell sigla nú þar til er þeir kvómu at Bjarneyjum á Breiðafirði. Menn sá ferðina af hvarri-tveggju Ströndinni. Ok er þeir vóru þar komnir 20 þá laust hviðu í seglit, ok hvelfði skipinu. Ok druknaði Þorkell ok allir þeir menn, er með hönum vóru. Viðuna rak víða um eyjarnar; horn-stafina rak í ey þá er síðan er köllut Stafey. Sköfnungr hafði festr verit í ferjunni við innviðu; hann hittiz við Sköfnungs-sker.—Þat sama kveld ok 25 þeir Þorkell höfðu druknat um daginn, varð sá atburðr at Helgafelli, at Guðrún gekk til kirkju. Ok er hön kom í kirkjugarðz-hlið, þá sá hön draug standa fyrir sér; hann laut yfir hana ok mælti! 'Mikil tíðindi, Guðrún,' segir hann. Hön svarar: 'Þegi þú yfir þeim, hinn armi!' segir hön. 30 Þá gekk Guðrún til kirkju sem hön hafði áðr ætlat. Ok er hön kom at kirkjunni, þá þóttiz hön sjá at þeir Þorkell vóru heim komnir ok stóðu allir úti fyrir kirkjunni; ok sá, at sjór rann ór klæðum þeirra. Hön mælti ekki við þá, ok

gekk inn í kirkju, ok dvaldiz þar slíka hríð sem henni sýndiz; gengr nú inn ok til stofu, þvíat hón ætlaði at Þorkell mundi hafa þangat gengit; en er hón kom í stofuna, þá var þar ekki manna. Þá brá Guðrúnu í brún mjök um 5 atburð þenna allan jafn-saman. Frjádag inn Langa sendi Guðrún menn suma inn á Strönd, en suma um eyjar, at forvitnaz um ferð þeirra Þorkels; var þá víða kominn rekinn um eyjarnar ok svá til hvárrar-tveggju strandar. Þváttdaginn fyrir Páskir spurðuz tíðindin, ok þóttu mikil vera, 10 þvíat Þorkell hafði verit hinn mesti merkis-maðr. Þorkell hafði átta vetr hins fimta tigar þá er hann druknaði, en þat var fjórum vetrum fyrr en Óláfr hinn Helgi féll. Guðrúnu þótti mikit lát Þorkels, en bar þó af sér hit skörunligasta. Fátt eitt náðiz af kirkju-viðinum. Gellir son Þorkels var þá 15 þrettán vetra er faðir hans lézt, hann tók þá til bús-umsýslu með móður sinni, ok hann tók við manna-forráði því er Þorkell hafði haft. Var þat brátt auðsét á hönunum, at hann mundi vel fallinn til fyrir-mannz. Guðrún gerðiz trúkona mikil; hón nam fyrst kvenna saltara á Íslandi; hón var löngum um 20 nætr at kirkju á bænum sínum. Herdís Bolladóttir fór jafnan út með henni um nætrnar. Guðrún unni Herdísi mikit.

Þat er sagt eina nótt, at meyna dreymdi Herdísi, at kona kom at henni; sú var í vefjar-skikkju ok faldin höfuð-dúki; ekki sýndiz henni konan sviplig. Hón tók til orða: ‘Segðu 25 þat ömmu þínni, at mér hugnar illa við hana; þvíat hón bröltir á mér nætr allar ok fellir á mik ofan dropa svá heita, at ek brenn öll af. En því segi ek þér til þessa, at mér líkar til þín betr; en þó svífr enn nokkuru kynligu yfir þik, en þó munda ek við sæma, ef mér þætti eigi meira ábóta vant þar er 30 Guðrún er.’ Eptir þetta vaknaði hón mærin, ok sagði Guðrúnu drauminn. Guðrún kvazt þikkja góðr fyrir-burðrinn. Um morguninn lét Guðrún taka upp fjalir í kirkju-golfi þar er hón var optast vön at falla á kné-beð. Hón lætr þar

grafa, ok funduz þar undir bein ; þau vóru blá ok illilig. Þar fanz ok kinga ok seið-stafr mikill. Þóttuz menn þá skilja, at þar mundi verit hafa völu-leiði nokkut ; vóru þá beinin langt í brott færð þar er sízt var manna vegr.

- 5 Þá er fjórir vetr vóru liðnir frá druknan Þorkels Eyjólfssonar, þá kom skip í Eyjafjörð, þat átti Bolli Bollason ; flestir vóru menn Norrænir á skipinu. Bolli hafði all-mikit fé út ok marga dýr-gripi, er höfðingjar höfðu gefit hönnum. Bolli var þá svá mikill skartz-maðr, er hann kom út ór þessi ferð,  
 10 at hann vildi engi klæði önnur bera en skarlatz-klæði eða pellz-klæði, ok öll vóru vápn hans gull-buin ; hann var kallaðr Bolli hinn Prúði. Hann lýsti yfir því fyrir skipverjum sínum, at hann ætlaði vestr til héraða sinna. Hann fékk skip sítt til varðveizlu ok annan fjar-hlut félögum sínum. Bolli ríðr  
 15 nú frá skipi ok þeir tolf saman ; þeir vóru allir í skarlatz-klæðum fylgdar-menn Bolla, ok riðu í gyldum söðlum ; allir vóru þessir hinir listuligustu menn, en þó bar höfðinginn af. Bolli var í pellz-klæðum er Garðz-konungr gaf hönnum ; hann hafði yzta skarlatz-kápu rauða ; hann var gyrðr Fótbit, ok  
 20 vóru nú at hjölt gull-buin ok meðal-kaffinn gulli vafðr ; hann hafði gyldan hjálm á höfði, hann hafði rauðan skjöld á hlið, ok dreginn á riddari af gulli, er hann hafði haft útan ór Miklagarði ; hann hafði ok í höndum gladil sem títt er í útlöndum. Ok hvar sem þeir tóku gistingar þá gáðu konur  
 25 einskis annars en horfa á skart þeirra ok dramb. Ok með slíkri kurteisi ríðr Bolli vestr í sveitir allt þar til er hann kemr til Helgafellz. Guðrún verðr hönnum all-fegin ; dvalðiz Bolli eigi þar lengi áðr hann ríðr inn í Sælingsdals-tungu at hitta Snorra mág sinn ok Þórdísi konu sína ; varð þar ok hinn  
 30 mesti fagna-fundr. Snorri bauð Bolla til sín ok svá mörgum mönnum með hönnum sem hann vildi. Bolli þektiz þat ; er hann með Snorra þann vetr ok þeir menn er norðan höfðu farit með hönnum. Bolli varð svá frægr at maðr af þessi ferð,

at þetta spurðiz um allt land. Snorri lagði nú ok eigi minni stund á við Bolla en fyrrum þá er hann var með hómum.

En er Bolli hafði einn vetr verit á Íslandi þá tók sótt Snorri goði; sóttin fór í fyrstu ekki ótt. Snorri lá mjök 5 lengi. En er hann fann at sóttin óx, þá heimti hann til sín frændr sína ok aðra nauðleyta-menn; hann mælti til Bolla mágs síns: 'Þat er vili mín,' sagði hann, 'at þú takir hér við bui ok manna-forráði eptir mín dag, þvfat ek ann þér eigi verr virðingar en sonum mínum. Er nú eigi sá son mín hér 10 á landi, er ek ætla at mestr maðr verði þeirra, en þat er Halldórr.' Eptir þetta andaz Snorri goði; hann hafði þá átta vetr hins sjaunda tigar. Þat var einum vetri eptir fall Óláfs konungs hins Helga. Svá sagði Ari hinn Fróði. Snorri var grafinn í Tungu. Bolli ok Þórdís tóku þar við bui sem 15 Snorri hafði fyrir mælt; létu synir Snorra sér þat vel líka, var Bolli fjölmennr jafnan ok hinn vin-sælsti. Herdís, dóttir Bolla, vóx upp at Helgafelli, ok var allra kvenna vænst; hennar bað Ormr son Hermundar, Illuga sonar hins Svarta; var Herdís gipt Ormi; fór hún til bús með hómum í Kal- 20 mans-tungu. Þeirra son var Koðran, er átti Guðrúnu Sigmundar dóttur. Son Koðrans hét Hermundr; hann átti Álfeiði, dóttur Runólfs, Ketils sonar biskups; synir þeirra voru Ketill, er ábóti var at Helgafelli, ok Hreinn, Koðran ok Styrmir. Dóttir Orms ok Herdísar Bolla dóttur hét 25 Þórvör, hana átti Skeggi Brandzson; þaðan er komit Skóg-verja-kyn. Óspakr hét sonr Bolla ok Þórdísar. Dóttir Óspaks Bollasonar hét Guðrún, hana átti Þórarinn Brandzson; þeirra son var Brandr, er setti staðinn at Húsafelli; hans son var Sighvatr prestur, er þar bjó lengi síðan. Gellir 30 Þorkelsson kvángaz nú; hann fékk Valgerðar, dóttur Þorgils, Ara sonar af Reykjanesi; hann varð höfðingi mikill. Gellir fór útan ok var með Magnúsi hinum Góða, ok þá af hómum tolf aura gull ok mikit fé annat. Synir Gellis voru þeir

Þorkell ok Þorgils. Son Þorgils var Ari hinn Fróði; son Ara hét Þorgils; hans son var Ari hinn Sterki.

Guðrún Ósvífrs dóttir tók nú mjök at eldaz ok lifði við slíka harma sem nú var frá sagt um hríð. Hón var nunna á Íslandi ok einsetu-kona á lesti. Er þat ok almæli, at Guðrún hafi verit göfgust jafn-borinna kvenna hér á landi. Þat er sagt eitt sinni, at Bolli kom til Helgafellz. Guðrúnu þótti ávalt gótt, er Bolli kom at finna hana; sat hann hjá henni löngum; varð þeim opt mart hjalat. Þá mælti Bolli: 10 'Muntú segja mér þat, móðir, er mér er forvitni á at vita, hverjum hefir þú manni mest unnt?' Guðrún svarar: 'Þorkell var maðr ríkastr ok höfðingi mestr; en engi maðr var gerfíligri en Bolli ok al-betr um sik; Þórðr Ingunnar son var þeirra maðr vitrastr ok laga-maðr mestr; Þorvaldz get ek at 15 engu.' Þá svarar Bolli: 'Skil ek þetta gerla hvat þú segir frá því, hversu hverjum þeirra hefir varit verit bænda þinna; en hitt þykkir mér enn ekki verða sagt hverjum þú unnir mest; þarftú ekki nú at leyna því lengr.' 'Fast skorar þú þetta, son mín, segir Guðrún; 'en ef ek skal þat nokkurum 20 segja þá mun ek þik til þess velja.' Bolli bað hana svá gera. Þá mælti Guðrún: 'Þeim var ek verst er ek unna mest.' 'Þat hygg ek,' segir Bolli, 'at nú sé sagt all-einarðliga; kvað hana nú vel gert hafa, er hón sagði hónum þat er hann spurði. Hætta nú þessu tali. Ferr þá Bolli heim. Guðrún varð 25 gömul kona, ok er þat sögn manna at hón yrði sjónlaus. Guðrún andaðiz at Helgafelli, ok þar hvílir hón.

Gellir Þorkelsson bjó at Helgafelli til elli, ok er mart merkiligt frá hónum sagt, kemr hann ok við margar sögur. Hann lét gera kirkju at Helgafelli, mikla ok virðuliga, sem 30 Arnórr Jarla-skáld vátar í erfi-drápu þeirri, er hann orti um Gelli, ok kveðr þar skýrt á um þetta. En er Gellir tók at eldaz þá býr hann ferð sína af landi, hann kemr til Noregs, dvelz hann þar lítila hríð, ferr þegar af landi í brott ok gengr

suðr til Róms, ok sækir heim hinn helga Petrum postula; dvelz hann í ferð þessi mjök lengi; ferr síðan sunnan apr þar til er hann kemr í Danmörk. Ok er Gellir er þar kominn, þá tekr hann sótt, ok lá mjök lengi, ok fékk alla þjónustu. Eptir þat andaðiz hann, ok þótti verða hit merkiligasta um hans andlát. Hann hvílir í Roiskeldu. Gellir hafði haft Sköfnung með sér ok náðiz hann aldri síðan, þvíat hann var tekinn ór haugi Hrólfs Kraka. En er andlát Gellis spurðiz til Íslandz, þá tók Þorkell son hans við föður-  
 10 leifð sinni at Helgafelli, en Þorgils son Gellis druknaði ungr á Borgarfirði með alla skips-höfn sína. Þorkell Gellisson var hit mesta nyt-menni, ok manna fróðastr. Ok lýkr þar nú sögunni.—Chs. 74-78.

## 2. EGILS SAGA.

*The Loss of his Sons; his Grief and Song.*

Óláfr hét maðr, son Höskullz Dala-Kollz sonar ok son  
 15 Melkorku, dóttur Myrkjartans Íra-konungs. Óláfr bjó í Hjarðar-holti í Laxárdal, vestr í Breiðafjarðar-dölum. Óláfr var stór-auðigr at fé. Hann var þeirra manna fríðaztr sýnum, er þá vóru á Íslandi; hann var skörungr mikill. Óláfr bað Þorgerðar, dóttur Egils. Þorgerðr var væn kona ok kvenna  
 20 mest, vitr, ok heldr skap-stór, en hvers-dagliga kyrr-lát. Egill kunni öll deili á Óláfi, ok vissi at þat gjaf-orð var göfugt, ok fyrir því var Þorgerðr gipt Óláfi. Fór hón til búss með hönnum í Hjarðarholt. Þeirra börn vóru þau Kjartan, Þorbergr, Halldórr, Steinþórr, Þuríðr, Þorbjörg,  
 25 Bergþóra. . . Böðvarr, son Egils, var þá frum-vaxta. Hann var hinn efniligsti maðr, fríðr sýnum, mikill ok sterkr, svá sem verit hafði Egill eða Þórólfr á hans aldri. Egill unni hönnum mikit; var Böðvarr ok elskr at hönnum.

Þat var eitt sumar, at skip var í Hvítá, ok var þar mikil  
 30 kaup-stefna. Hafði Egill þar keypt við margan, ok lét

flytja heim á skipi. Fóru húskarlar, ok höfðu skip átt-ært, er Egill átti. Þat var þá eitt sinn, at Böðvarr beiddiz at fara með þeim, ok þeir veittu hónum þat. Fór hann þá inn á Völlu með húskörlum. Þeir voru sex saman á átt-æru skipi.

5 Ok er þeir skyldu út fara, var flæðrin síð dags; ok er þeir urðu hennar at bíða, þá fóru þeir um kveldit síð. Þá hljóp á útsynningr, stein-óði, en þar gekk í móti útfallz-straumr. Görði þá stórt á firðinum, sem þar kann opt verða. Lauk þar svá, at skipit kafði undir þeim, ok týnduz þeir allir; en

10 eptir um daginn skaut upp lskunum. Kom lsk Böðvars inn í Einarsnes, en sum kómu fyrir sunnan fjörðinn, ok rak þangat skipit; fanz þat inn við Reykjar-hamar. Þann dag spurði Egill þessi tíðendi, ok þegar reið hann at leita lskanna. Hann fann rétt lsk Böðvars; tók hann þat upp ok setti í kné

15 sér, ok reið með út í Digra-nes til haugs Skalla-gríms. Hann lét þá opna hauginn, ok lagði Böðvar þar niðr hjá Skalla-grími. Var síðan apr lokinn haugrinn, ok var eigi fyrr lokit en um dagsetsr-skeið. Eptir þat reið Egill heim til Borgar. Ok er hann kom heim, þá gekk hann þegar til lok-rekkju

20 þeirrar, er hann var vanr at sofa í. Hann lagðiz niðr ok skaut fyrir loku. Engi þorði at krefja hann máls. En svá er sagt, þá er þeir settu Böðvar niðr, at Egill var buinn: hosan var strengð fast at beini; hann hafði fustans-kyrtill rauðan, þröngvan, upp-lftinn, ok laz at síðu. En þat er sögn

25 manna, at hann þrútnaði svá, at kyrtillinn rifnaði af hónum ok svá hosurnar. En eptir um daginn lét Egill ekki upp lok-rekkjuna. Hann hafði þá ok engan mat né drykk. Lá hann þar þann dag ok nóttina eptir. Engi maðr þorði at mæla við hann. Enn hinn þriðja morgin, þegar er lýsti, þá

30 lét Ásgerðr skjóta hesti undir mann—reið sá sem ákafligast vestr í Hjarðarholt—ok lét segja Þorgerði þessi tíðendi öll saman; var þat um nón-skeið, er hann kom þar. Hann sagði ok þat með, at Ásgerðr hafði sent henni orð, at koma



sem fyrst suðr til Borgar. Þorgerðr lét þegar söðla sér hest, ok fylgðu henni tveir menn. Riðu þau um kveldit ok nóttina, til þess er þau kómu til Borgar. Gekk Þorgerðr þegar inn í elda-hús. Ásgerðr heilsaði henni ok spurði, hvárt þau hefði nátt-verð etið. Þorgerðr segir hátt: 'Engvan hefi ek nátt-verð haft ok engan mun ek, fyrr en at Freyju. Kann ek mér eigi betri ráð en faðir minn. Vil ek ekki lifa eptir föður minn ok bróður.' Hón gekk at lok-hvflunni ok kallaði: 'Faðir, lúk upp hurðunni. Vil ek at vit farim eina leið bæði.'

10 Egill spretti frá lokunni. Gekk Þorgerðr upp í hvílu-golfit ok lét loku fyrir hurðina; lagðiz hón niðr í aðra rekkju, er þar var. Þá mælti Egill: 'Vel görðir þú, dóttir, er þú vill fylgja feðr þínum. Mikla ást hefir þú sýnt við mik. Hver ván er, at ek muna lifa vilja við harm þenna?' Síðan þögðu

15 þau um hríð. Þá mælti Egill: 'Hvat er nú, dóttir, tyggir þú nökkut?' 'Tygg ek sól,' segir hón, 'þvíat ek ætla, at mér man þat verri en áðr; ætla ek ella, at ek muna of lengi lifa.' 'Er þat illt manni?' segir Egill. 'All-ilt,' segir hón; 'viltú eta?' 'Hvat man varða?' segir hann. En stundu síðarr

20 kallaði hón, ok bað gefa sér drekka. Síðan var henni gefit vatn at drekka. Þá mælti Egill: 'Slíkt görir at, er sölin etr, þyrstir æ þess at meirr.' 'Viltú drekka, faðir?' segir hón. Hann tók við, ok svalg stórum, ok var þat í dýrs-horni. Þá mælti Þorgerðr: 'Nú eru vit vélt, þetta er mjolk.' Þá beit

25 Egill skarð ór horninu, allt þat er tennr tóku, ok kastaði horninu síðan. Þá mælti Þorgerðr: 'Hvat skulu vit nú til ráðs taka? Lokit er nú þessi ætlan. Nú vilda ek, faðir, at vit lengðim lif okkart, svá at þú mættir yrkja erfi-kvæði eptir Böðvar, en ek mun rísta á keffi; en síðan deyju vit, ef okkr

30 sýniz. Seint ætla ek Þorstein son þinn yrkja kvæðit eptir Böðvar; en þat hljóðir eigi at hann sé eigi erför; þvíat eigi ætla ek okkr sirja at drykkjunni þeirri, er hann er erför.' Egill segir, at þat var þá óvænt, at hann mundi þá yrkja mega,

þótt hann leitaði við—'en freista má ek þess,' segir hann. Egill hafði þá átt son, er Gunnarr hét, ok hafði sá ok andaz lítlu áðr. Ok er þetta upphaf kvæðisins :—

5 Mjok erum tregt tungu at broera  
ór lopt-ætt ljód-pundara.  
Era nú vænligt um Viðris þýfi  
né hóg-droegt ór hugar-fylgsni.

Egill tók at hressaz, svá sem fram leið at yrkja kvæðit. Ok er lokit var kvæðinu, þá færði hann þat Ásgerði ok  
10 Þorgerði ok hjónum sínum. Reis hann þá upp ór rekkju ok settiz í öndvegi. Kvæði þetta kallaði hann Sona-torrek. Síðan lét Egill erfa sonu sína eptir fornri sið-venju. En er Þorgerðr fór heim þá leiddi Egill hana út með gjöfum.  
—Ch. 8o.

## 3. NIALA.

*How Gunnar's Horse stumbles, and he turns back.*

15 Þá mælti Niall: 'Nú man eigi mega sitjanda hlut í eiga, göngum nú þar til sem buarnir sitja.' Þeir gengu þangat til ok kvöddu fjóra bua or kviðinum, en kvöddu hina fimm bjargkviðar, er eptir vóru, um málit Gunnars, hvárt þeir nafnar hefði farit með þann hug til fundar at vinna á Gunnari, ef  
20 þeir mætti. En allir báru þat skjótt, at þat hefði verit. Kallaði Niall þetta lög-vörn fyrir málit, ok kvaz mundu fram bera vörnina nema þeir legði til sætta. Vóru í þessu þá margir höfðingjar at biðja sættanna; ok fekz þat af, at tolf menn skyldu gera um málit. Gengu hvárir-tveggju þá ok  
25 hand-söluðu þessa sætt. Eptir þat var gert um málit, ok kveðit á fé-gjald, ok skyldi allt greitt þegar þar á þingi. En Gunnarr skyldi fara útan ok Kolskeggr ok vera í brotu þrjá vetr; en ef Gunnarr færi eigi, ok mætti hann komaz, þá skyldi hann dræpr fyrir frændum ens vegna. Gunnarr  
30 lét ekki á sik finna at hönnum þætti eigi góð sættin. Gunnarr spurði Nial at fé því er hann hafði fengit til varð-veizlu.

Niall hafði ávaxtað féit ok greiddi þá fram allt féit ok stóðz þat á endum ok þat er Gunnarr átti at gjalda fyrir sik. Ríða þeir nú heim. Þeir Niall ok Gunnarr riðu báðir samt af þingi. Þá mælti Niall til Gunnars : ‘Görðu svá vel, félagi,  
 5 at þú hallt sætt þessa ; ok mun, hvat vit höfum við mæltz ; ok svá sem þér varð liin fyrri ferð mikil til sæmðar, þá man þér verða þessi miklu meirr til sæmðar. Muntú koma út með mikilli mann-virðingu, ok verða maðr gamall ; ok man engi maðr hér þá á sporði þér standa. En ef þú ferr eigi  
 10 útan, ok rýfr sætt þína, þá mantú drepinn vera her á landi, ok er þat illt at vita þeim er vinir þínir eru.’ Gunnarr kvazt ekki ætla at rjúfa sættir. Gunnarr ríðr heim ok segir sættina. Rannveig kvað vel at hann færi útan, ok ætti þeir við annan at deila fyrst.

- 15 Þræinn Sigfús son sagði þat konu sínni, at hann ætlaði at fara útan þat sumar. Hón sagði at þat væri vel. Tók hann sér þá fari með Högna hinum Hvíta. Gunnarr tók sér fari með Arnfinni hinum Víkverska ok Kolskeggr. Þeir Grímr ok Helgi Nials-synir báðu föður sínn leyfa at þeir færi útan.
- 20 Niall mælti : ‘Erfið mun ykk verða útan-ferðin, svá at tví-sýnt man verða, hvárt þit fáit haldit lífinu, en þó munut þit fá sæmð í sumu ok mann-virðing ; en eigi örvænt, at af leiði vandræði, er þit komit út.’ Þeir báðu jafnan at fara ; ok varð þat, at hann bað þá fara, ef þeir vildi. Réðu þeir  
 25 sér þá fari með Bárði Svarta ok Óláfi Ketils-syni ór Eldu ; ok er nú mikil umræða á, at mjök leysiz á braut hinir betri menn ór sveitinni. Þeir vóru menn frum-vaxta synir Gunnars, Högni ok Grani. Þeir vóru menn óskaplískir ; hafði Grani mikit af skaplyndi móður sinnar, en Högni var vel at sér.
- 30 Gunnarr lætr flytja vöru þeirra bræðra til skips. Ok þá er öll föng Gunnars vóru komin ok skip var mjök buit, þá rfór Gunnarr til Bergþórs-hváls ok [á] aðra bæi at finna menn, ok þakkaði liðveizlu öllum þeim er hónum höfðu lið veitt.

Annan dag eptir býr hann ferð sína til skips, ok sagði þá öllu liði, at hann mundi ríða í brot alfari; ok þótti mönnum þat mikit, en væntu þó tilkvámu hans síðarr. Gunnarr hverfr til allra manna. Er hann var buinn gengu menn út með  
 5 hónum allir. Hann stingr niðr atgeirinum ok stiklar í söðulinn, ok ríða þeir Kolskeggr í brot. Þeir ríða fram at Markarfljóti. Þá drap hestr Gunnars fæti, ok stökk hann af baki. Hónum varð litið upp til hlíðarinnar ok bæjarins at Hlíðar-  
 enda, ok mælti: 'Fögr er Hlíðin, svá at mér hefir hón aldri  
 10 jafn-fögr sýnz, bleikir akrar, en slegin tún! ok mun ek ríða heim aptr ok fara hvergi.' 'Görðu eigi þann óvina fagnað,' segir Kolskeggr, 'at þú rjúfir sætt þína, þvíat þér mundi engi maðr þat ætla; ok muntú þat ætla mega, at svá man allt fara sem Niall hefir sagt.' 'Hvergi man ek fara, ok svá  
 15 vilda ek at þú görðir,' segir Gunnarr. 'Eigi skal þat,' segir Kolskeggr, 'hvárki skal ek á þessu nífaz ok á öngu öðru, því er mér er til truat, ok man sjá einn hlutr svá vera, at skilja man með okkr; en seg þat frændum mínum ok móður mínni, at ek ætla ekki at sjá Ísland; þvíat ek mun spyrja  
 20 þik látinn, frændi, ok heldr mik þá ekki til útferðar.' Skilr þá með þeim. Ríðr Gunnarr heim til Hlíðar-enda, en Kolskeggr ríðr til skips ok ferr útan. Hallgerðr verðr feigin Gunnari, er hann kom heim, en móðir hans lagði fátt til. Gunnarr sitr nú heima þetta haust ok vetrinn, ok hafði ekki  
 25 mart manna með sér. Líðr nú vetr ór garði. Óláfr Pai bauð Gunnari með sér at vera ok Hallgerði, en fá bú í hendr móður sínni ok Högna syni sínum. Gunnari þótti fýsilligt fyrst, ok játaði því; en þá er at kom, þá vildi hann eigi. En á þingi um sumarit lýsa þeir Gizurr sekt hans at Lög-bergi.  
 30 En áðr þing-lausnir vóru, stefndi Gizurr öllum óvinum Gunnars í Almanna-gjá.—Chs. 75, 76.

## 4. EYRBYGGJA SAGA.

*The Holy Hill.*

Þórólfr kallaði Þórs-nes milli Vigra-fjarðar ok Hofs-vágs. Í því nesi stendr eitt fjall: á því fjalli hafði Þórólfr svá mikinn átrúnað, at þangat skyldi engi maðr óþveginn líta, ok engu skyldi tor-tíma í fjallinu, hvárki fé né mönnum, 5 nema sjalft gengi í brott. Þat fjall kallaði hann Helga-fell, ok trúði, at hann mundi þangat deyja í fjallit, ok allir á nesinu hans frændr. Á tangánum nessins, sem Þórr hafði á land komit, lét hann hafa dóma alla, ok setti þar héraðs-þing. Þar var ok svá mikill helgi-staðr, at hann vildi með 10 engu móti láta saurga völlinn, hvárki í heiptar-blóði; ok eigi skyldi þar alf-rek ganga, ok var haft til þess sker eitt, er Drit-skær var kallat.—Ch. 4.

... En þat sumar er Þorsteinn var half-þrítögr at aldri, fæddi Þóra svein-barn, ok var Grímr nefndr, er vatni var ausinn; 15 þann svein gaf Þorsteinn Þór. ok kvað vera skyldu hof-goða, ok kallar hann Þorgrím. Þat sama haust fór Þorsteinn út í Höskullz-ey til fangs. Þat var eitt kveld um haustið, at sauða-maðr Þorsteins fór at fé fyrir norðan Helgafell; hann sá, at fjallit laukz upp norðan. Hann sá inn í fjallit elda 20 stóra, ok heyrði þangat mikinn glaum ok horna-skvol. Ok er hann hlýddi, ef hann næmi nökkur orða-skil, ok heyrði hann, at þar var heilsat Þorsteini Þorska-bít ok föru-nautum hans, ok mælt, at hann skyldi sitja í öndugi gegnt feðr sínum. Þenna fyrir-burð sagði sauða-maðr Þóru, konu Þor- 25 steins, um kveldit. Hón lét sér fátt um finnaz, ok kallar vera mega, at þetta væri fyrir-boðan stærri tíðenda. Um morguninn eptir kómu menn útan ór Höskullz-ey, ok sögðu þau tíðendi, at Þorsteinn Þorska-bít hafði druknat í fiski-róðri. ok þótti mönnum þat mikill skaði.—Ch. 11.

### III. THE MINOR ISLENDINGA SOGUR.

#### 1. LIOSVETNINGA.

##### *Sörli's Courtship and Gudmund's Love of Praise.*

ÞAT er sagt, at Guðmundr inn Ríki var mjök fyrir öðrum mönnum um rausn sína. Hann hafði hundrað hjóna ok hundrað kua. Þat var ok siðr hans, at láta löngum vera með sér göfugra manna sonu; ok setti þá svá ágætliga at þeir skyldu öngan hlut eiga at iðja; en vera ávallt í samsæti með hönnum. En þat var þó sá siðr þeirra, er þeir voru heima, at þeir unnu, þóat þeir væri af göfgum ættum. Þá bjó Einarr at Þverá.

Þat var eitt sumar sagt, at af þingi riði með Guðmundi 10 Sörli, sonr Brodd-Helga, inn siðmannligasti maðr; ok var með hönnum í góðu yfirlæti. Þá var heima þar með Guðmundi Þórdís dóttir hans, er þá þótti vera inn bezti kostur; ok þat var mál manna at tal þeirra Sörla færi saman opt; kom þat fyrir Guðmund, ok kvazt hann ætla at eigi þyrfti orð á 15 því at göra; en þá er hann fann, at eigi varð við séð, lagði hann þó aldri eitt orð í við Sörla, en lét fylgja ofan til Þverár Þórdísi til Einars. Þat varð enn svá, at þangat bar kvámur Sörla. Ok einn dag, er Þórdís gekk út til lérepta sínna, var sól-skin ok sunnan-vindr ok veðr gótt. Þá getr hön at líta, 20 at maðr reið í garðinn mikill. Hön mælti, er hön kendi manninn: 'Nú er mikit um sól-skin ok sunnan-vind; ok ríðr Sörli í garð.' Þetta bar saman. Ok líða nú fram stundir; ok fór svá fram til þings um sumarit; ok ætlaði Sörli aprt til frænda sínna. Ok á þinginu gekk hann einn dag til Einars

Þveræings ok heimti hann á tal við sik, ok segir svá : ‘Ek vilda hafa liðsinni þítt til at vekja bónorð við Guðmund, bróður þinn, til Þórdísar dóttur hans.’ ‘Ek skal þat göra,’ segir Einarr, ‘en opt virðir Guðmundr annarra manna orð 5 eigi minna en mín.’ Síðan gekk hann til búðar Guðmundar, ok hittuz þeir bræðr ok settuz á tal. Þá mælti Einarr : ‘Hversu virðiz þér Sörli?’ Guðmundr mælti : ‘Vel, þvfat slíkir menn eru vel mannaðir fyrir hver-vetna sakir.’ Einarr mælti : ‘Hversu er þá? Eigi skortir hann ættina góða, ok 10 mann-virðing, ok auð fjár.’ ‘Satt er þat,’ segir Guðmundr. Einarr mælti : ‘Koma mun ek orðum þeim er Sörli lagði fyrir mik, sem er, at biðja Þórdísar dóttur þínnar.’ Hann svarar : ‘Ek ætla þat fyrir margs sakir vel fallit ; en þó fyrir orðz sakir annarra manna, er á hefir leikit, mun ekki af því 15 verða.’ Síðan hitti Einarr Sörla, ok segir hönun, at fast var fyrir ; ok þat með hvat til var fundit, er við bar. Hann svarar : ‘Heldr þykki mér þungliga horfa svá buit.’ Þá mælti Einarr : ‘Nú mun ek leggja ráð fyrir þik. Maðr heitir Þórarinn Tóki Nefjólfs son, vitr maðr ; hann er vinr mikill 20 Guðmundar ; far þú á fund hans ok bið hann at leggja ráð á með þér.’ Ok svá görði Sörli ; kom norðr á fund Þórarins, heimti hann á tal við sik ok mælti : ‘Sá hlutr er um at væla, er mér þykkir miklu máli skipta at þú vildir til ráðaz, \*at fara með orðum mínum til Guðmundar Eyjólfs-sonar, at biðja 25 Þórdísar, dóttur hans, mér til handa.’ Hann svarar : ‘Hví leitar þú þessa við mik?’ Hann segir hönun þá hvar komit er, at menn hafa til orðit at tala um, en eigi lágu svörin laus fyrir. Þórarinn mælti : ‘Þat ræð ek nú, at þú farir heim ; en ek mun forvitnaz ok senda þér orð, ef nökkut vinnz, þvfat 30 ek sé, at þér þykkir þetta miklu varða.’ Hann lét sér þat vel líka. Síðan skildu þeir. Fór Þórarinn á fund Guðmundar ; ok fékk hann þar góðar viðtökur. Síðan gengu þeir á tal. Þá mælti Þórarinn : ‘Hvært er svá sem komit er fyrir mik, at

Sörli Brodd-Helga son hafi beðit Þórdísar dóttur þínar?' 'Satt er þat,' segir Guðmundr. Þórarinn mælti: 'Hverju léztú svarat verða?' 'Eigi sýndiz mér þat,' kvað Guðmundr. 'Hvat kom til þess? Hefir hann eigi ættina til, eða er hann  
 5 eigi vel mannaðr, sem þú veizt?' Guðmundr mælti: 'Ekki skortir hann þá hluti; ok gengr þat meirr til, at ek vil ekki gefa hónum Þórdísi, er orð hefir áðr á leikit um hag þeirra.' Þórarinn mælti: 'Einskis er þat vert; annat berr til, at þú annst hónum ekki ráðsins, ok veit ek þat, þótt þú látir á þessu  
 10 brjóta.' Guðmundr mælti: 'Eigi er þat satt.' Þórarinn mælti: 'Ekki mantú mega leynaz fyrir mér, ok veit ek hvat í býr skapinu.' Guðmundr mælti: 'Ekki kann ek nú hlut í at eiga, ef þú veizt þetta görr en ek.' Þórarinn mælti: 'Far þú svá með!' Guðmundr mælti: 'Forvitni er mér  
 15 á, hvat þú ætlar mér í skapi bua.' Þórarinn mælti: 'Eigi mundir þú mik til spara at kveða þat upp, er þér þikkir.' Guðmundr mælti: 'Þar er nú komit, at ek ætla at ek vilja þat.' Þórarinn mælti: 'Svá skal ok vera: Því viltú eigi at ráða-hagrinn takiz, at þú sér fyrir landz-bygðinni at eigi  
 20 verði sá maðrinn fæddr, at hann sé dóttur-son þinn, er maðrinn ert ríkastr; ok ætlar þú at landz-bygðin megi eigi bera ríki þess mannz hér á landi, er svá göfugra manna er.' Guðmundr mælti, ok brosti at: 'Hví munu vér nú ekki göra þetta þá at álita-málum?' Síðan vóru Sörla  
 25 orð send, ok kom hann til mála þessa, ok gekk hann at eiga Þórdísi. Þau áttu tvá sonu, Einar ok Brodda, ok vóru hvárir-tveggju ágætir menn.—Nú er því frá þessu sagt, at Guðmundi þótti gótt lofit, en hinn sýndi eptirleitun vitrliga, ok gat nær skapi mannzins.—Ch. 5.

*Guðmund's Dream and Death.*

30 Þat barz at eitt sinn at Guðmund dreyndi draum mikinn. Síðan fór hann á fund Drauma-Finna norðr í Kalda-kinn



undir Fell, ok mælti; 'Draum vil ek segja þér er fyrir mik bar.' Hann svarar: 'Óþökk er mér á öllum kvómum þínum fyrir sakir harma várra.' Guðmundr mælti: 'Engi kemr grimð til þessa, ok þigg at mér fingr-gull.' Hann tók við  
 5 ok mælti: 'Hvat dreymði þik?' Hann svarar: 'Ek þóttumz ríða norðr um Ljósavatz-skarð, ok er ek kom gagn-vart bænum at Öxará, þá sýndiz mér höfut Þorkels Háks á aðra hönd hjá mér, þá er at bænum vissi; ok er ek reið norðan, sat höfuðit á annarri öxl mér, þeirri er þá horfði við bænum—  
 10 nú stendr mér ótti af þessu.' Finni mælti: 'Sjá þykjumz ek þenna fyrir-burð. Þat hygg ek, at hvert sinn, er þú ríðr norðr ok norðan, komi þér í hug víg Þorkels Háks; en frændr hans sitja hér í hverju húsi, ok mun þér ótti af því standa; en því skiptiz þat á öxlum þér, at svá berr bæinn við; ok eigi kemr  
 15 mér þat á óvart at nær stýrt verði nökkurum þínum frænda.'

Síðan reið Guðmundr á brot, ok norðr í sveitir til þingmanna sínna, ok gisti á Tjör-nesi; ok var hónum skipat í öndvegi; en innarr frá hónum var skipat Ófeigr Járngerðar syni. Ok er borð kómu fram, þá setti Ófeigr hnefann á  
 20 borðit ok mælti: 'Hversu mikill þykki þér hnefi sjá, Guðmundr?' Hann mælti: 'Víst mikill.' Ófeigr mælti: 'Þat muntú ætla, at afl muni í vera?' Guðmundr mælti: 'Ek ætla þat víst.' Ófeigr mælti: 'Mikit muntú ætla at högg verði af?' 'Stórum mikit,' segir Guðmundr. Ófeigr mælti: 'Þat muntú  
 25 ætla at saka muni?' Guðmundr mælti: 'Bein-brot eðr bani.' Ófeigr mælti: 'Hversu mundi þér sjá dauð-dagi þykkja?' Guðmundr mælti: 'Stór-sllr, ok eigi munda ek vilja þann fá.' Ófeigr mælti: 'Sittú þá ekki í rúmi mfnu.' Guðmundr mælti: 'Þat skal svá vera;' ok settiz öðrum  
 30 megin. Þat fannz á, at Ófeigr vildi þar mest vera metinn,—en skipaði áðr öndvegit;—en hann sveifz einskis þess, er hónum kom í hug.

Kona hét Þórhildr, ok var kölluð Vaðla-ekkjja; ok bjó at

Naustum. Hón var forn í lund ok vinr Guðmundar mikill. Guðmundr fór á fund hennar ok mælti. 'Forvitni er mér á því mikil, Þórhildr, hvárt nokkur mann-hefnd mun fram koma fyrir Þorkel Háak.' Hón svarar: 'Kom þú í öðru sinni, ok hitt mik eina saman.' Síðan liðu stundir. Ok einn morgin reið Guðmundr heiman snemma einn saman, ok kom til Vaðla; ok var Þórhildr úti ok gyrð í brækr, ok hafði hjalm á höfði ok öxi í hendi. Hón mælti: 'Far þú nú með mér, Guðmundr!' Hón fór ofan til fjarðarins, ok görðiz heldr þrýstilig; hón óð út á Vaðlana, ok hjó fram öxinni á sjóinn; ok þótti Guðmundi öngva skipun taka. Síðan kom hón apr ok mælti: 'Ekki ætla ek at menn verði til at slá í mann-hefndir við þik; ok muntú sitja mega í sæmð þinni.' Þá mælti Guðmundr; 'Nú vilda ek at þú vissir hvárt synir mínir munu undan stýra.' Hón svarar: 'Nú görir þú mér meira fyrir.' Síðan óð hón út á Vaðlana; ok enn hjó hón á sjóinn; ok varð af brestr mikill ok blóðugr allr sjóinn. Síðan mælti hón: 'Þat ætla ek, Guðmundr, at nær stýrt verði einhverjum syni þínum; ok mun ek þó nú eigi optar þraut til göra, þvíat öngvan veg kostar mik þat lítið; ok munu hvárki tjoa við ögnir né blíð-mæli.' Guðmundr mælti: 'Eigi mun ek þessa þraut optar fyrir þik leggja.' Síðan fór Guðmundr heim, ok sat í virðingu sínni.—Ok er á leið æfi hans, þá er þess getið at maðr hét Þórhallr, góðr bóndi, ok bjó á bæ nökkurum í Eyjafirði. Hann dreymði draum, ok fór hann norðr á fund Finna. Hann var í dyrum úti. Þórhallr mælti: 'Draum vilda ek at þú réðir, er mik hefir dreymt.' Finni mælti: 'Far í brot, ok vil ek eigi heyra drauminn;' ok rak apr hurðina ok mælti: 'Far þú í brot sem skjótast ok seg Guðmundi á Möðruvöllum, eðr þú munt með vápnum brot keyrðr þegar.' Síðan fór hann í brot ok á Möðruvöllu; en Guðmundr var riðinn um daginn út eptir héraði, ok var heim ván um kveldit. Einarr bróðir hans lagðiz niðr ok

sofnaði; hann dreymði þat, at oxí gengi upp eptir héraðinu, skrautligr ok hyrndr mjök, ok kom á Möðruvöllu, ok gekk til \* hvers húss, er var á bænum ok síðast til öndvegis, ok féll þar niðr dauðr. Síðan mælti Einarr: 'Slíkt er fyrir miklum 5 tífendum, ok er þetta manna-fylgjur.' Þá kom Guðmundr heim; ok var þat síðr hans, at koma til hvers húss, sem á bænum var. Ok er hann gekk til öndvegis, þá lagðiz hann upp ok talaði við Þórhall; ok sagði hann hónum draum sinn; ok eptir þat réttiz hann upp, ok var þá fram kominn 10 matr. Mjolk var heit, ok vóru á steinar. Þá mælti Guðmundr: 'Ekki er heitt!' Þórlaug mælti: 'Kynliga er þá;' ok heitti steinana. Síðan drakk Guðmundr ok mælti: 'Ekki er heitt.' Þórlaug mælti: 'Eigi veit ek nú, Guðmundr, hvar kemr til heit-fengi þítt.' Ok enn drakk hann ok mælti: 15 'Ekki er heitt.' Þá hneig hann á bak aptr ok var þá andaðr. Þá mælti Þórlaug: 'Mikil tífendi, ok munu víða spyrjaz; en engi maðr skal taka á hónum; en grunat hefir Einar opt minni tífendi.' Síðan kom Einar ok veitti hónum umbúnað. Einarr mælti: 'Eigi hefir draumr þinn, Þórhallr, lítinn kraptr, 20 ok þat hefir Finni sét á þér, at sá væri feigr, er þú segðir drauminn; en þat unni hann Guðmundi; kaldr hefir hann nú verit innan, er hann kendi sfn eigi.'—Ch. 21.

## 2. HARDAR SAGA.

### *The Boy's First Steps before his Mother's Knees, and the Curse.*

Grímkell goði hét maðr; hann var son Bjarnar Gullbera; hann var auðigr maðr. Hann bjó fyrst á Grímkels-stöðum. 25 Þat er við Ölfus-vatn.—Þat er nú sauða-hús.—Hann hafði átt konu, ok var þá öndut, ok lifði dóttir hans er Þórunn hét; hun var upp fædd með þeim manni er Sigurðr Múli hét; hann bjó undir Fjalli. Grímkell var ríkr maðr ok auðigr. *Högni hét maðr auðigr; hann bjó í Haga-vík skamt frá*

Ölfus-vatni. Þorbjörg hét kona hans en Guðríður dóttir; hun var væn kona ok vinnu-góð. Grímkell færði bú sítt til Ölfusvatz, þvíat hónum þóttu þar betri landz-kostir, ok bjó þar síðan. Valbrandr hét maðr, er bjó á Breiða-bólstað í Reykjadal inum Nyrðra; hann var son Valþjófs ins Gamla. Hans on var Torfi, ríkr maðr ok frægr, ok mjök harð-úðigr. Þar ox upp sá maðr er Sigurðr hét; Gunnhildr hét móðir hans. Hann var skyldr Torfa, ok var kallaðr Torfa-fóstri; efniligr maðr var hann, ok vel gerr at sér um marga hluti. Signý hét kona; hun var systir Torfa; hun bjó á Signýjar-stöðum.— Þat er skamt frá Breiða-bólstað;—hun var ekkja. Hun var kórungr ok skap-stór. Grímr hét son hennar er þar ox neð henni upp; hann var efniligr maðr. Þar ox upp með þenni Grímr inn Lítli, fóstri hennar, ok var gildr maðr fyrir ér. Kólr Kiallaks son bjó at Lundi í Syðra-Reykjadal. Þorvaldr hét maðr, er bjó at Vatzhorni í Skorradal, ætt-stórr maðr, ok á marga frændr. Þorgríma hét kona; hun var ekkja, ok bjó í Hvammi í Skorradal; hun var auðig, ok eigi ið alþýðu skap. Eindriði hét son hennar, mikill maðr ok efniligr.

Þat var eitt sumar at Grímkell reið til þings at vanða; ok inn dag gekk hann frá búð sínni með flokk sínum ok til nótz við Valbrand; ok sagði hónum at hann kveðz spurt hafa at hann ætti dóttur, ok væri skórungr mikill—'Vil ek hafa tilmæli við þik um þenna ráða-hag.' Valbrandi kveðz era kunnigt ok kveðz góða eina frétt af hónum hafa; ok veðz því vildu vel svara. Ok hversu mart sem hér er um aldat, þá lyktaðiz með því at Grímkatli var heitið konunni; ok kyldi brúðlaup vera at Tví-mánaði at Ölfusvatni. Torfi var eigi á þinginu; ok er Valbrandr kom heim, þá mælti Torfi, at lítills væri virð hans til-lög, er hann var ekki at vaddr um þetta heit-orð. Ok er þau syzkin hittuz, lét Torfi er um þenna ráða-hag ekki mikit. Signý mælti þá: 'Ek sé

ráð til þessa, frændi,' segir hun, 'breytum við ekki ráði þessu, en fé mitt mun ek handsala þér, ok skaltú lykja heimanfyllgu mína, slíka sem faðir mínur hefir á kveðit, en þá eig þú þat sem meira er.' Torfi vill nú þetta, þvíat hann var 5 féggjarn. Ok nú buaz þau til ferðar. Valbrandr var þá gamall, ok því fengu þeir feðgar Kol Kiallaksson at vera fyrir brúð-ferðinni. Vóru þau saman þrír tigur manna. Þau gistu at Þver-felli. Grímr inn Lífli, fóstri Signýjar, skyldi gæta hrossa á gistingu. Ok um morgininn er hann leitaði, 10 var vant hestz Signýjar, er hét Fjöllumgr. Grímr fór yfir heiði norðr í Flókadal eptir döggs-lóð, ok fann hestinn dauðan í jarð-falli; ok tók af fjöturinn; ok fór aprt ok sagði Signýju; ok kvað slíkt furðu illa, ok kvezt fúsari at snua aprt. Kolr kvað þat ógöranda at bregða slíkum ráðum fyrir 15 engi tilefni; ok fóru þau ok kómu til Grímkels; ok fór veizlan all-vel fram. Signý var þar eptir ok fósttra hennar, er Þórdís hét, ok Grímr inn Lífli. Grímkell mælti vel við Kol at skilnaði, en þóttu þeir feðgar allt óvirda sítt mál. Grímkell var stirð-lyndr en Signý fálát, ok var fátt í sam- 20 förum með þeim; ok máttu þau ekki saman eiga vini; en Grímr gat þó svá til gætt at til hlftar féll með þeim. Þeim varð barna auðit. Þau áttu son, ok hét Kolr, en Guðríðr dóttir, er síðan átti Kolr Kiallaksson. Um várit ræddi Grímr um við Signýju at hann vildi í brott; kvezt vant 25 þykkja þeirra á milli at ganga. Signý bað hann tala um við Grímkel: 'Ok mun hann heldr bæta kosti þína, þvíat hann er vel til þín.' Ok svá görir Grímr. Grímkell segir: 'Þat vil ek at þú sér heima; man ek göra svá at þér hugni.' Var Grímr heima þau misseri. Annat vár fór allt á sömu leið; 30 vildi Grímr þá enn brott fara; ok kvezt eigi vera mundu, nema Grímkell bæði Guðríðar Högna dóttur til handa hönunum. Grímkell mælti: 'Dýrr göriz þú nú, Grímr; mun þeim þú þikkja fé-lítill, þvíat Högni er auðigr maðr.' Grímr

kvað þetta vel mega takaz með umsýslu hans. Grímkell ferr ok biðr konunnar ok flytr vel; ok með hans framkvæmð þá takaz þessi ráð með þeim Grími ok Guðríði. Hafði Grímkell inni boð þeirra; ok vóru þeirra samfarar 5 góðar. Ok eð þriðja várit vill Grímr á brautu. Grímkell kvað hann þar hafa vel verit, ok sagði hann nú fara skyldu þann veg sem hann vildi—'ok muntú verða þrifa-maðr.' Eptir þat reisti Grímr bú, ok fær Grímkell allt til þat sem þarf; ok leysa þau Signý hann vel af hendi. Er þat frá 10 Grími at segja, at hann rakar fé saman í búnaðinum svá at tvau höfud vóru á hvívetna því er hann átti.

Signýju dreymði draum þann at hun þóttiz sjá tré mikit í hvílu þeirra Grímkels ok fagrt mjök; ok svá miklar limar á, at henni þótti taka yfir húsin öll; en engi á blómin á 15 limunum. Hun sagði Þordísi, fósturu síni, drauminn. Hun réð svá, at þau Grímkell mundu barn eiga. Ok líftlu síðarr fæddi Signý barn. Þat var svein-barn. [Sá var Hörðr nefndr.] Hann var mikill ok fríðr; ok gekk eigi fyrr [einn saman en hann var] þré-vefr; ok þótti þat seinligt um hann, slíkt 20 frág[örða-barn] sem hann var um annat. Þann dag er hofs-helgi var haldin at Ölfus-vatni,—þvíat Grímkell var blót-maðr mikill,—sat Signý á stóli á miðju hofs-golfinu, ok bjóz um. Men hennar lá í knjám henni;—þat var henni minja-gripr. Þá gekk Hörðr fyrsta (sinni) frá stokki ok laust höndunum 25 báðum á kné henni; ok hraut menit ór knjám henni, ok brast í tvá hluti er á golfit kom. Signý reiddiz mjök ok kvað illa hans göngu ina fyrstu; sagði ok margar illar vera mundu ok versta ina síðustu. Grímkell kom at í því, ok tók upp sveininn þegjandi, ok reiddiz mjök; ok fór til mótz við 30 þau Grím ok Guðríði ok biðr þau taka við sveininum; ok þau vilja þat gjarna. Þau áttu son árs-gamlan, er hét Geirr. Signý unði verr en áðr síðan ok var færra með þeim.—Enn dreymði Signýju, at hun sæi tré eitt mest niðr í rótum, en

visnaði upp þaðan ok væri á blómi mikill. Þórdís kvað hana eiga mundu mey-barn, ok sagði mundu koma frá henni mikla ætt.

Eptir þing um sumarit bað Signý Grímkel at hann mundi  
 5 lofa henni at hun færi at finna frændr sína. Grímkell kvez lofa mundu, ef hun væri eigi lengr í brott en halfan mánuð. Hun fór, ok með henni húskariar tveir, ok Þórdís, fóstta hennar. Þau kómu til Torfa ok tók hann vel við þeim; ok bað þau þar vera um vetrinn; kvað þat vera ástleysi mikit  
 10 er Grímkell fór eigi með henni. Signý kvað sér eigi lengr lofat at vera en halfan mánuð; en þó at áeggjun Torfa vóru þau þar um vetrinn; ok fóru at heim-boðum til manna. Ok er þau vóru niðri í sveitum, varð Þórdís bráð-dauð; ok var jörðuð í Þórdísar-holti skamt frá Bæ.

Þat er sagt, at Signýju þótti mikit lát Þórdísar ok fór  
 15 á Breiðabólstað; ok tók sótt er hun skyldi verða léttari; ok greiddiz þungliga. Ok um siðir fæddi hun mey-barn, ok andaðiz sjálf litlu siðarr. Torfi varð svá styggr við lát Signýjar, at hann vill eigi láta upp fæða barnit; ok bað  
 20 Sigurð fóstta sinn fara með til Reykjadal-ár ok kasta út á ána. Sigurðr kvað þat illa gört, en vildi þó eigi synja hönnum. Hann tók nú við barninu, ok leizt vel á ok nenti eigi at kasta á ána. Ok sneri nú ferðinni ok lét barnit niðr í garðz-hlíði á Signýjar-stöðum; ok þótti ván at brátt mundi  
 25 ánnaz. Þetta sá Grímr bóndi; ok fór til ok tók upp barnit ok hefir heim; ok lét Helgu konu sína bregðaz sjúka; ok józ meyna vatni ok kallaði Þorbjörg. Grímr fór á Breiðabólstaði. Torfi sagði hönnum andlát móður sinnar, ok bauð hönnum fé— ok munu vér vel til þin göra. Grímr kvað  
 30 þetta vel mælt— ok vil ek, at Sigurðr fóstta þinn fari með mér; ok var svá gört. Tveim nóttum siðarr sendir Grímr Sigurð suðr á Eyrrar; fékk hann hönnum tvá besta, annan klyppaðan; ok fór hann þar útan. Litlu siðarr kom Torfi á

Signýjar-staði, ok spurði hví Helga. . . .—*From Vatzhyrna ; the Fragment ends here.*

## 3. HRAFNKELS SAGA.

*The Sacred Horse Freyfaxi. Rafnkel's Oath.*

Hrafnkell átti þann grip í eigu sínni, er honum þótti betri en annarr. Þat var hestr brún-móalóttir at lit, er hann kallaði 5 Frey-faxa ; hann gaf Frey, vin sínum, þann hest halfan. Á þessum hesti hafði hann svá mikla elsku, at hann strengði þess heit, at hann skyldi þeim manni at bana verða, er honum riði án hans vilja.

Þorbjörn hét maðr. Hann var bróðir Bjarna, ok bjó á 10 þeim bæ í Hrafnkels-dal, er at Hóli heitir, gegnt Aðalbóli fyrir austan. Þorbjörn átti fé lítið en ómegð mikla ; sonr hans hét Einarr, inn ellzti ; hann var mikill ok vel mannaðr. Þat var á einu vári, at Þorbjörn mælti til Einars, at hann myndi leita sér vistar nökkurar,—‘þvíat ek þarf eigi meira forvirki en 15 þetta lið orkar, er hér er ; en þér man verða gótt til vistar, þvíat þú ert mannaðr vel. Eigi veldr ástleysi þessari brautkvaðningu við þik, þvíat þú ert mér þarfastr barna mínna ; meir veldr því efna-leysi mítt ok fátækt ; en önnur börn mín góraz verk-menn ; man þér verða betra til vistar en þeim.’ 20 Einarr svarar : ‘Of síð hefir þú sagt mér til þessa, þvíat nú hafa allir ráðit ser vistir þær, er beztar vóru, en mér þykkir þó illt at hafa af órvöl ein.’ Einarr tók nú hest sínn ok reið á Aðalból. Hrafnkell sat í stofu. Hann heilsaði honum vel ok glaðliga. Einarr leitar vistar við Hrafnkel. Hann svarar : 25 ‘Hví leitar þú þessa svá síð ? þvíat ek mynda fyrr við þér tekit hafa ; en nú hefi ek ráðit öll hjón mín, nema til þeirrar einnar iðju, er þú mant eigi hafa vilja.’ Einarr spurði, hver sú væri. Hrafnkell kvazt eigi mann hafa ráðit til smalaferðar, en lézt mikils við þurfa. Einarr kvezt eigi hirða hvat 30 hann ynni, hvárt sem þat væri eðr annat ; en lézt tveggja



missera bjargar-vist hafa vilja. 'Ek göri þér skjótan kost,' segir Hrafnkell, 'þú skalt reka heim fimm tigi ásauðar í seli, ok viðá heim öllum sumar-viði. Þetta skaltú vinna til tveggja missera vistar; en þó vil ek skilja á við þik einn 5 hlut sem aðra smala-menn mína. Frey-faxi gengr í dalnum fram með liði sínu; hónum skaltú umsjá veita vetr ok sumar; en varnað býð ek þér á einum hlut; ek vil at þú komir aldri á bak hónum, hversu mikil nauðsyn sem þér er á, þvíat ek hefi þér all-mikit um mælt, at þeim manni skylda 10 ek at bana verða, er hónum riði. Hónum fylgja tolf hross; hvert sem þú vill hafa þér til þarfa af þeim, á nótt eðr degi, skulu þau þér til reiðu. Gör nú sem ek mæli fyrir, þvíat þat er forn orðz-kviðr, at "Eigi veldr sá er varar annarr." Nú veiztú, hvat ek hefi um mælt.' Einarr kvað sér eigi mundu 15 svá mein-gefit at riða þeim hesti, er hónum var bannat, ef þó væri hross önnur til reiðar.

Einarr ferr nú heim eptir klæðum sínum ok flytr á Aðalból. Síðan var fært í sel fram á Hrafnkels-dal, þar sem heitir at Grjótteigs-seli. Einari ferr all-vel at um sumarit, svá at 20 aldri verðr sauð-vant allt til mið-sumars; en þá varð vant nær þriggja tiga ásauðar eina nótt; leitar Einarr um alla haga ok finnr eigi. Hónum var vant fjárens nær viku. Þat var einn morgin, at Einarr gekk út snimma, ok er þá birt af allri sunnan-þokunni ok úrinni. Hann tekr staf í hönd sér, 25 beisl ok þófa; gengr hann þá fram yfir Grjótteigs-á. Hón fellr fyrir framan selit. En þar á eyrunum lá fé þat, er heima hafði verit um kveldit. Hann stökti því heim at selinu, en ferr at leita hins, er vant var áðr. Hann sér nú stóð-hrossin fram á eyrunum, ok hugsar at höndla sér hross 30 nökkurt til reiðar, ok þóttiz vita, at hann myndi fljóttara yfir bera, ef hann riði en gengi. Ok er hann kom til hrossanna, þá elti hann þau, ok vóru þau nú skjörr, er aldri vóru von at ganga undan manni, nema Frey-faxi einn. Hann var svá

kyrr sem hann væri grafinn niðr. Einarr veit, at líðr morg-  
 ininn, ok hygg, at Hrafnkell myndi eigi vita, þótt hann riði  
 hestinum. Nú tekr hann hestinn, ok slær við beisli, lætr  
 þófa á bak hestinum undir sik ok ríðr upp hjá Grjótár-gili,  
 5 svá upp til Jökla ok vestr með jöklinum, þar sem Jökuls-á  
 fellr undir; svá ofan með ánni til Reykja-sels. Hann spurði  
 alla sauða-menn at seljum, ef nökkurr hefði sét þetta fé, ok  
 kvazt engi sét hafa. Einarr reið Frey-faxa allt frá eldingu  
 ok til miðs-aptans. Hestrinn bar hann skjótt yfir ok víða,  
 10 þvfat hann var góðr af sér. Einari kom þá í hug, at hónum  
 myndi mál heim at reka þat fé fyrst, er heima var, þótt hann  
 fyndi hitt eigi; reið hann þá austan yfir halsa í Hrafnkels-dal.  
 En er hann kemr ofan at Grjót-teigi, heyrir hann sauða-jarm  
 fram með gilinu, þangat sem hann hafði fram um riðit áðr.  
 15 Snýr hann þangat til, ok sér renna á móti sér þrjá tigi  
 ásauðar, þat sama sem vantað hafði áðr viku, ok stökti hann  
 því heim með fénu. Hestrinn var allr vátr af sveita, svá at  
 draup ór hverju hári; hann var mjök leir-stokkinn ok móðr  
 ákafliga. Hann veltiz um tolf sinnum, ok eptir þat setr  
 20 hann upp gnegg mikit. Síðan tekr hann á mikilli rás ofan  
 eptir götunum. Einarr snýr eptir hónum, ok vill komaz fyrir  
 hestinn, ok vildi höndla hann, ok færa hann apr til hross-  
 anna. En hann var þá svá styggr, at Einarr komz hvergi  
 í nánd hónum. Hestrinn hleypr ofan eptir dalnum, ok nemr  
 25 eigi staðar fyrr en hann kemr heim á Aðalból. Ok er  
 hestrinn kemr fyrir dyr, þá gneggjar hann hátt. Hrafnkell  
 mælti við eina konu, þá er inni þjónaði fyrir borðum, at hón  
 skyldi fara til duranna,—‘þvfat hross gneggjaði, ok þótti mér  
 líkt vera gneggi Frey-faxa.’ Hón gengr fram í dyrnar ok  
 30 sér Frey-faxi mjök ókræsiligan. Hón segir Hrafnkatli, at  
 Frey-faxi var fyrir durum úti mjök ópokkaligr. ‘Hvat  
 man garprinn vilja, er hann er heim kominn?’ segir Hrafn-  
 kell, ‘eigi man þat góðu gegna.’ Síðan gekk hann út ok sér

Frey-faxa ok mælti við hann: ‘Ílla þykkir mér, at þú ert þann veg til görr, fóstri minn, en heima hafðir þú vit þítt, er þú sagðir mér til; ok skal þess hefnt verða; ok far þú til liðs þíns.’ En hann gekk þegar upp eptir dalnum til stóðs síns.

5 Hrafnkell ferr í rekkju sína um kveldit ok sefr af nóttina. En um morgininn lét hann taka sér best ok leggja á söðul, ok riðr upp til sels. Hann riðr í blám klæðum; öxi hafði hann í hendi, en eigi fleira vápna. Þá hafði Einarr ný-rekit fé í kviar; hann lá á kvia-garðinum ok talði fé; en konur voru

10 at mjolka. Þau heilsuðu hónum. Hann spurði, hversu þeim færi at? Einarr svarar: ‘Ílla hefir mér at farit, þvfat vant var þriggja tíga ásauðar nær viku, en nú er fundinn.’ Hrafnkell kvazt eigi at slíku telja—‘eðr hefir eigi verr at farit? hefir þat eigi svá opt til borit, sem ván hefir at verit, at fjárens

15 hefir verit vant, en hefir þú eigi nökkut riðit Frey-faxa inn fyrra dag?’ Einarr kvazt eigi þræta mega allz um þat. ‘Fyrir hví reittú þessu hrossi, er þér var bannat, þar er hin vóru gnóg til, er þér vóru heimiluð? þar myndi ek hafa gefit þér upp eina sök þá, hefði ek eigi svá mikit um mækt. En

20 þó hefir þú vel við gengit.’ En við þann átrúnað, at ekki verði at þeim mönnum, er heit-strengingar fella á sik, þá hljóp hann af baki til hans ok hjó hann bana-högg. Eptir þat riðr hann heim við svá buit á Aðalból ok segir þessi tíðindi. Síðan lét hann fara annan mann til smala í selit.

25 En hann lét fiera Einar vestr á hjallann frá selinu, ok reisti þar vörðu hjá dysinni. Þetta er kölluð Einars-varða, ok er þar haldinn miðr-aptan frá selinu.—Chs. 5-7.

#### 4. ÞÍDRANDA ÞATTE.

##### *Thítramiá and the Godesses.*

Þórhallr hét maðr Norrænn, hann kom út til Íslandz á jögum Hikonar jarls Sigurðar sonar. Hann tók land í

rækjar-ósi ok bjó á Hörgslandi. Þórhallr var fróðr maðr mjök fram-sýnn, ok var kallaðr Þórhallr Spámaðr. Þórhallr Spámaðr bjó þá á Hörgslandi, er Síðu-Hallr bjó at Hofi Úptafirði, ok var með þeim in mesta vinátta; gisti Hallr á Hörgslandi hvert sumar, er hann reið til þings. Þórhallr fór : opt til heimboða austr þangat, ok var þar löngum. Sonr allz inn ellzti hét Þiðrandi; hann var manna vænstr ok niligastr; unni Hallr hónum mest allra sona sínna. Þiðrandi fór landa í milli, þegar hann hafði aldr til; hann var inn nsælasti hvar sem hann kom, þvíat hann var inn mesti gerfi-maðr, lítilátr ok blíðr við hvert barn. Þat var eitt umar, at Hallr bauð Þórhalli vini sínum austr þangat, þá : hann reið af þingi. Þórhallr fór austr nökkuru síðarr en þallr, ok tók Hallr við hónum sem jafnan með inum mesta úðskap; dvalðiz Þórhallr þar um sumarit, ok sagði Hallr, at ann skyldi eigi fyrri fara heim, en lokit væri haust-boði. at sumar kom Þiðrandi út í Berufirði; þá var hann átján ætra; fór hann heim til föður síns; dáðuz menn þá enn tjök at hónum sem opt áðr, ok lofaðu atgörvu hans, en órhallr Spámaðr þagði jafnan, þá er menn lofaðu hann iest. Þá spurði Hallr einn tíma hví þat sætti, 'er þú leggrr á fátt til um hagi sonar míns Þiðranda, þvíat mér þikki at merkiliggt, er þú mælir, Þórhallr,' segir hann. Þórhallr varaði: 'Ekki gengr mér þat til þess, at mér mislíki nökkrr hlutr við hann eða þik, eðr ek sjái síðr en aðrir menn, at ann er inn merkiligasti maðr; heldr berr hitt til, at margir erða til at lofa hann, ok hefir hann marga hluti til þess, þóat ann virði sik lítils sjálfr; kann þat vera, at hans njóti eigi engi, ok mun þér þó ærin eptir-sjá at um son þínn, svá vel nannaðan, þó at eigi lofi allir menn fyrir þér hans atgörvu.' En er á leið sumarit, tók Þórhallr mjök at ógleðjaz. Hallr purði, hví þat sætti. Þórhallr svarar: 'Ílft hygg ek til haust-boðs þessa, er hér skal vera, þvíat mér býðr þat fyrir,

at spámaðr man verða drepinn at þessi veizlu.' 'Þar kann ek at göra grein á,' segir bóndi, 'ek á uxu tíu vetra gamlan, þann er ek kalla Spámann, þvíat hann er spakari en flest naut önnur; en hann skal drepa at haust-boðinu; ok þarf þik 5 þetta eigi at ógledja, þvíat ek ætla, at þessi mín veizla sem aðrar skuli þér ok öðrum vinum mínum verða til sæmðar.' Þórhallr svarar: 'Ek fann þetta ok eigi af því til, at ek væra hræddr um mítt líf, ok boðar mér fyrir meiri tíðindi ok undarligri, þau er ek mun at sinni eigi upp kveða.' Hallr 10 mælti: 'Þá er ok ekki fyrir at bregða boði því.' Þórhallr svarar: 'Ekki mun þat göra at mæla, þvíat þat mun fram ganga sem ætlat er.' Veizlan var buin at vetr-nóttum; kom þar fátt boðs-manna, þvíat veðr var hvasst ok viðgörðar-mikit. En er menn settuz til borða um kveldit, þá mælti 15 Þórhallr: 'Biðja vilda ek at menn hefði ráð mín um þat, at engi maðr komi hér út á þessi nótt, þvíat mikil mein munu hér á liggja, ef af þessu er brugðit; ok hverigir hlutir sem verða í bendingum, gefi menn eigi gaum, þvíat flú mun furða, ef nökkurr anzar til.' Hallr bað menn halda orð 20 Þórhallz—'Þvíat þau rjúfaz ekki,' segir hann, 'ok er um heilt bezt at binda.' Þiðrandi gekk um beina; var hann í því sem öðru mjúkr ok lítillatr. En er menn gengu at sofa, þá skipaði Þiðrandi mönnum í sæng sína, en hann sló sér niðr í sæti, yztr við þili. En er flestir allir menn voru sofnaðir, 25 þá var kvatt dyra, ok lét engi maðr sem vissi; fór svá prysvar. Þá spratt Þiðrandi upp ok mælti: 'Þetta er skömm mikil, er menn káta hér allir sem sofi, ok munu boðs-menn komnir.' Hann tók sverð í hönd sér ok gekk út; hann sá engan mann. Hónum kom þá í hug, at nökkurir boðs- 30 menn mundi hafa riðit fyr heim til bæjar, ok riðit síðan apr í móti þeim, er seinna riðu. Hann gekk þá undir við-köstinn ok heyrði at riðit var norðan á völlinn; hann sá, at þat voru konur níu ok allar í svörtum klæðum, ok höfðu

brugðin sverð í höndum; hann heyrði ok at riðit var sunnan á völlinn; þar vóru ok niu konur, allar í ljósum klæðum ok á hvítum hestum. Þá vildi Þiðrandi snúa inn ok segja mönnum sýnina; en þá bar at konurnar fyrr inar svart-  
5 klæddu ok sóttu at hönnum, en hann varðiz drengiliga. En langri stundu síðarr vaknaði Þórhallr ok spurði, hvárt Þiðrandi vekti, ok var hönnum eigi svarat. Þórhallr kvað þá mundu af seinat. Var þá gengit, um bæinn innan ok síðan út; var á tungl-skin ok frost-viðri; þeir fundu Þiðrandu liggja  
10 sserðan, ok var hann borinn inn. Ok er menn höfðu orð við hann, sagði hann þetta allt, sem fyrir hann hafði borit. Hann andaðiz þann sama morgin í lýsing, ok var lagðr í haug at fornum sið. Síðan var haldit fréttum til um manna ferðir, ok vissu menn ekki vánir óvina Þiðrandu. Hallr  
15 spurði Þórhall, hverju gegna mundi um þenna undarliga atburð. Þórhallr svarar: 'Þat veit ek eigi, en geta má ek til, at þetta hafi engar konur verit aðrar en fylgjur yðrar frænda; get ek at hér eptir komi siða-skipti, ok mun þvísa næst koma siðr betri hingat til landz; ætla ek þær dísir yðrar, er  
20 fylgt hafa þessum átrúnaði, munu hafa vitað fyrir siða-skiptið, ok þat með at þér munut verða þeim afhendir frændr: nú munu þær eigi hafa þvf unat at hafa engan skatt af yðr áðr, ok munu þær þetta hafa í sinn hlut; en inar betri dísir munu hafa viljað hjalpa hönnum, ok kómuz eigi við at svá búnu.  
25 Nú munu þér frændr þeirra njóta, er þann inn ókunna sið munuð hafa, er þær boða fyrir ok fylgja.' En Halli þótti svá mikit lát Þiðrandu sonar síns, at hann unði eigi lengr at bua at Hofi; færði hann þá bygð sína til Þváltár.

Þat var einn tíma at Þváltá, þá er Þórhallr Spámaðr var  
30 þar at heim-boði með Halli. Hallr lá í hvílu-golfi ok Þórhallr í annarri rekkju, en gluggr var á hvílu-golfinu. Ok einn morgin, er þeir vöktu báðir, þá brosti Þórhallr. Hallr mælti: 'Hví brosir þú nú?' Þórhallr svarar: 'At því brosir

ek, at margr hóll opnaz, ok hvert kykvendi býr sínn bagga bæði smá ok stór, ok göra Far-daga.' Ok lítu síðarr urðu þau tíðindi, sem nú skal frá segja.—*Ol. Tryggvason*, ch. 215. *From AM.* 61 and 54.

## 5. KORMAKS SAGA.

*The Wager of Battle. The Enchanted Sword Sköfnung.*

5 Þá mælti Kormakr: 'Ek býð þér, Bersi, hólmgöngu á halfs mánaðar fresti í Leið-holmi í Mið-döllum'—þar er nú kallaðr Orrostu-hólmr;—Bersi kvezt koma munu, kallar Kormak þat kjósa, er minni sæmð fylgði. Eptir þetta ferr Kormakr at leita Steingerðar um bæinn, ok finnr hana; telr  
10 hana hafa brugðiz sér, er hón vildi öðrum manni giptaz. Steingerðr segir: 'Þú ollir fyrr afbrigðum, Kormakr, en þetta var þó eigi at mínu ráði gört.' . . . Eptir þetta fara þeir Kormakr heim-leiðiss. Segir Kormakr mönnum sínum, hversu farit hefir. Dalla segir: 'Lítt verðr oss gæfu auðit  
15 um þin forlög, því at þar hefir þú neitt hinum bezta kosti, en mjög óvænt at berjaz við Bersa; hann er garpr mikill, ok hefir góð vápn.'—Bersi átti þat sverð, er Hvítíngur hét, bitrt sverð ok fylgði lyf-steinn, ok hafði hann þat sverð borit í mörgum mann-hættum.—Dalla mælti: 'Hvert muntú vápn  
20 hafa í móti Hvítíngi?' Kormakr kvaz munu hafa exi mikla ok bitruga. Dalla telr ráðligt at finna Miðfjarðar-Skeggja, ok biðja Sköfnungs. Eptir þetta ferr Kormakr til Reykja, ok segir Skeggja mála-vöxt, ok biðr hann ljá sér Sköfnung. Skeggi kvaz þess ófúss; kvað þá óskap-glíka: 'Sköfnungur  
25 er tóm-látr, en þú ert óð-látr ok óð-lundaðr.' Kormakr reið í brott, ok likaði illa; kemr heim á Mel, ok segir móður sínni, at Skeggi vill eigi ljá sverðit. Skeggi veitti Döllu umsjá í sínum tillögum, ok var vin-gótt með þeim. Dalla mælti: 'Ljá mun hann sverðit þó, er hann láti eigi fljótt til.' Kor-  
30 makr kvað eigi at högum til skipta, 'ef hann sparir eigi

við þik sverðit, en hann sparir við oss.' Dalla kvað hann forz-mann vera. Nökkurum dögum síðarr bað Dalla Kormak fara til Reykja:—'Mun nú Skeggi ljá sverðit.' Kormakr hittir Skeggja, ok biðr Sköfnungs. 'Vandæfi man þér á 5 þikkja með-ferðinni,' segir Skeggi, 'pungr fylgir, ok skaltú hann kyrran láta; eigi skal sól skína á it efra hjaltið; eigi skaltú ok bera þat, nema þú buiz til vígs, en ef þú kemr á vett-fang, sit einn saman ok bregð þar. Rétt fram brandinn ok blás á; þá man skríða yrmlingr undan hjaltinu; halla 10 sverðinu, ok ger hónum hægt at skríða undir hjaltið.' Kormakr mælti: 'Mart hafi þér við, taufra-menninir!' Skeggi mælti: 'Þetta man þó fyrir fullt koma.' Eptir þetta ríðr Kormakr heim, ok segir móður sinni, hversu farit hefir; telr mikit mega vilja hennar við Skeggja; sýnir henni sverðit, ok 15 vill bregða, en þat gengr eigi ór slíðrunum. Dalla mælti: 'Of óráð-þægr ertú, frændi!' Kormakr setr þá fætrna við hjöltin, ok slítr af punginn. Sköfnungr grenjar þá, ok gengr eigi ór slíðrunum. Líðr nú fram at stefnunni. Ríðr Kormakr heiman með fimtán menn; slíkt it sama ríðr Bersi til holms 20 við jann-marga menn. Kormakr kemr fyrr; segir Kormakr Þorgílsi, at hann vill einn saman sitja. Kormakr sezt niðr, ok tekr af sér sverðit, hirði eigi, þó at sól skíni á hjaltið hónum; en hann hafði gyrt sik útan um klæði, ok vill bregða, ok fekk eigi fyrr, en hann sté á hjaltið, ok kom yrmlingrinn, 25 ok var ekki með farit, sem skyldi, ok var brugðit heillum sverðzins, en þat gekk grenjanda ór slíðrum.

Eptir þat fór Kormakr á fund manna sínna; vóru þeir Bersi þá komnir, ok mart annarra manna, at sjá þenna fund. Kormakr tók upp törguna Bersa, ok laust á, ok rauk ór eldr. 30 Nú er tekinn felldr ok breiddr undir fætr þeim. Bersi mælti: 'Þú, Kormakr, skoraðir á mik til holm-göngu, en þar í mót býð ek þér ein-vígi; þú ert maðr ungr ok lítt reyndr, en á holm-göngu er vandæfi, en allz ekki á ein-vígi.' Ekki man ek



betr berjaz [í] ein-vígi; (segir Kormakr), 'vil ek til þessa hætta, ok í öllu til jafns halda við þik.' 'Þú ræðr nú,' segir Bersi.

Þat vóru holmgöngu-lög: at feldr skal vera fimm alna í skaut, ok lykkjur í hornum; skildi þar setja niðr hæla þá, 5 er höfuð var á öðrum enda. Þat hétu tjösnur. Sá er um bjó, skildi ganga at tjösnunum, svá at sæi himin milli fóta sér, ok héldi í eyrna-snepla með þeim formála, sem síðan er eptir hafðr í blóti því, er kallat er Tjösnu-blót; þrír reitar skulu um-hverfiss feldinn fetz breiðir; út frá reitum skulu 10 vera stengr fjórar, ok heita þat höslur. Þat er völlr haslaðr, er svá er gört. Maðr skal hafa þrjá skjöldu; en er þeir vóru farnir, þá skal ganga á feld, þó áðr hafi af hörfat; þá skal hlífaz með vápnum þaðan frá. Sá skal fyrr höggva, er skorat er á. Ef annarr verðr sárr, svá at blóð komi á feld, er eigi 15 skylt at berjaz lengr. Ef maðr stígr öðrum fæti út um höslur, ferr hann á hæl, en rennr, ef báðum stígr. Sínn maðr skal halda skildi fyrir hvárum þeim, er berjaz; sá skal gjalda holm-laun, er meirr verðr sárr, þrjár merkr silfrs í holm-laun.

Þorgils hélt skildi fyrir bróður sínum, en Þórðr Arndsar 20 son fyrir Bersa. Bersi hjó fyrri, ok klauf skjöld Kormaks; hann hjó til Bersa með slíkum hætti; hjó hvárr þrjá skjöldu fyrir öðrum til ónýtz. Þá átti Kormakr at höggva. Síðan hjó hann til Bersa; hann brá við Hvítingi; tók Sköfnungr af oddinn af Hvítingi fyrir framan vett-rimina, ok 25 hraut sverðz-oddrinn á hönd Kormaki, ok skeinðiz hann á þumal-fingri, ok klofnaði köggullinn, ok kom blóð á feldinn. Eptir þat gengu menn á milli þeirra, ok vildu eigi, at þeir berðiz lengr. Þá mælti Kormakr: 'Þetta er lítill sigr, er Bersi hefir fengit af slysi mínu, þótt við skiljumz.' En þá 30 er Sköfnungr reið ofan, kom á törguna, ok brotnaði skarð í Sköfnung, en eldr hraut ór törgunni Þorveigar-naut. Bersi heimti holm-laun. Kormakr kvað hönnum goldit mundu verða fé, ok skilðuz við þá kosti.—Ch. 9.

*The Bedridden Old Wiking and the Baby.*

Í þenna tíma bjó Hólmgöngu-Bersi í Saurbæ á þeim bæ er í Tungu heitir. Hann ferr á fund Óláfs, ok bauð Halldóri syni hans til fósturs. Þat þiggr Óláfr, ok ferr Halldórr heim með hónum; hann var þá vetr-gamall.—Þat sumar tekr  
 5 Bersi sótt ok liggr lengi sumars. Þat er sagt einn dag, en menn vóru at hey-verki í Tungu, en þeir tveir inni, Halldórr ok Bersi, lá Halldórr í vöggu. Þá fellr vaggan undir sveininum, ok hann ór vöggunni á golfit. Þá mátti Bersi eigi til fara. Þá kvað Bersi þessa:—

10 Liggjum báðir í bekk saman  
 Halldórr ok ek, höfum engi þrek :  
 Veldr æska þér, en elli mér ;  
 Þess batnar þér, en þeygi mér.

Síðan kómu menn ok taka Halldór upp af golfinu; en Bersa  
 15 batnar. Halldórr fæddiz þar upp ok var mikill maðr ok vaskligr.—*Laxdæla*, ch. 28 (*from a lost Saga of Bersi*).

## 6. HALLFREDAR SAGA.

*The Dying Poet and his Fetch.*

Hallfreðr var lengstum í ferðum ok unði sér engu eptir fall Óláfs konungs. Hann fór til Svíþjóðar at vitja Auðgils sonar síns ok fjár síns; hann ætlaði þar at festaz. Þá var  
 20 Hallfreðr nær fertugum manni, er hann ætlaði til Íslandz at sækja fé sítt; Hallfreðr son hans var þá með hónum; þeir höfðu úti-vist harða. Hallfreðr jós at sínum hlut ok var þó sjúkr mjök. Ok einn dag er hann gekk frá austri, settiz hann niðr á á sinn; ok í því laust áfall hann niðr í skipit  
 25 ok ásinn ofan á hann. Þá mælti Þorvaldr: ‘Er þér, bróðir, erbitt við orðit?’ Hallfreðr kvað vísu. . . . Þeir þóttuz sjá sótt á hónum, ok leiddu hann apr eptir skipinu, ok bjoggu um hann, ok spurðu, hversu hónum segði hugr um sik.

Hann kvað vísu. . . Þá sá þeir konu ganga eptir skipinu; hón var mikil ok í brynju; hón gekk á bylgjum sem á landi. Hallfreðr leit til ok sá, at þar var fylgju-kona hans. Hallfreðr segir: 'Í sundr segi ek öllu við þik.' Hón mælti: 5 'Viltú, Þorvaldr, taka við mér?' Hann kvazt eigi vilja. Þá mælti Hallfreðr ungi: 'Ek vil taka við þér.' Síðan hvarf hón. Þá mælti Hallfreðr: 'Þér, son mínn, vil ek gefa sverðit Konungs-naut, en aðra gripi skal leggja í kistu hjá mér, ef ek öndumz hér á skipinu.' Þá kvað hann vísu þessa:—

10 Ek munda nú andazk (ungr var ek harðr í tungu)  
 senn ef sálu mínni, sorg-laust, vissa 'k borgit:  
 Veit ek at vætki of sýti'g (valdi Guð hvar aldri),  
 (dauðr verðr hverr), nema hræðumk Helvíti (skal slíta).

Lftlu síðarr andaðiz hann, ok var í kistu lagðr ok gripir hans 15 með hónum, skikkja, hjalmr, ok hringr, ok skotið síðan fyrir borð öllu saman. Kistan kom í Eyna Helgu í Suðr-eyjum, ok fundu sveinar Ábóta. Þeir brutu upp kistuna ok stálu féinu, en söktu lfskinu í fen mikit. Ábóta dreymði þegar um nóttina, at Óláfr konungr kæmi at hónum; hann var 20 reiðuligr ok kvað hann flla sveina eiga—'Hafa þeir brotið skip skaldz mfns ok stolit fé hans, en bundit stein við hals hónum; nú haf þú sannar sögur af þeim, ella munu yðr henda hver undr.' Síðan vóru sveinar teknir ok gengu þeir við, ok var þeim gefit frelsi. Lfk Hallfreðar var flutt til 25 kirkju ok var grafit virðuliga; kalekr var görr af hringinum, en altaris-klæði af skikkjunni, en kerta-stikur ór hjalminum. Þeir Þorvaldr tóku land ok fóru á Óttars-staði, ok vóru þar um vetrinn. Þorvaldr fór útan um sumarit, en Hallfreðr görði bú á Óttars-stöðum; hann var kallaðr Vandræða- 30 skald; hann var mikil-menni ok gæfu-maðr; er mart manna frá hónum komit.—Lýkr þar at segja frá Hallfreði.—*The End of the Saga. From Fornsögur.*

## 7. SIGHVATZ SAGA.

*Sighvat receives the Gift of Song.*

fr konungr hafði með sér marga Íslenzka menn, ok þá í góðu yfirlæti, ok görði þá sína hirð-menn. Einn im var Sighvatr skald; hann var Þórðar son. Hann addr út á Íslandi á þeim bæ er at Apavatni heitir. Þar i maðr er Þorkell hét. Hann fæddi upp Sighvat ok ði. Sighvatr þótti heldr seinligr fyrst í æskunni. vatni var fisk-veiðr mikil á vetrum. Þat barz at einn þá er menn sátu á ísi ok veiddu fiska, at þeir sá einn n fisk ok fagran í vatninu, þann er auð-kendr var frá a fiskum. Þann fisk gátu þeir eigi veitt. Austmaðr einn . vist með Þorkatli. Hann mælti einhvern dag við at, at hann skyldi fara til vatz með hónum ok sitja

Ok er þeir koma á ísinn, þá bjó Austmaðrinn til -færi Sighvatz. Síðan sátu þeir á ísinum um daginn. atr veiddi þá inn fagra fisk, þann er margir vildu veitt Síðan fóru þeir heim, ok sauð Austmaðr fiskinn. Þá hann við Sighvat, at hann skyldi fyrst eta höfuðit af um, kvað þar vera vit hvers kvikendis í folgit. Sighvatr höfuðit, ok síðan allan fiskinn. Ok þegar eptir kvað vísu þessa. . . . Sighvatr varð þaðan af skýrr maðr ok gótt.—*From the Flatey-book.*

hvatr skald hafði verit lengi með Óláfi konungi, svá ier er ritað; ok hafði konungr gört hann stallara sínn. atr var ekki hrað-mæltr maðr í sundr-lausum orðum, en skapr hans var hónum svá tiltækr, at hann kvað af fram, svá sem hann mælti annat mál. Hann hafði í kaup-ferðum til Vallandz, ok í þeirri ferð komit til undz, ok hitt Knút inn Ríka, ok fengit af hónum leyfi at il Noregs, svá sem fyrr var ritað. En er hann kom í -þá fór hann þegar til fundar við Ólaf konung, ok hittu

hann í Borg. Gekk fyrir konung þá er hann sat yfir borðum. Sighvatr kvaddi hann. Konungur leit við hönnum, ok þagði. Sighvatr kvað. . . . Þá sannaðiz þat er forn-kveðit mál er, at 'Mörg eru konungs eyru.' Óláfr konungur hafði spurt allt 5 um farar Sighvatz, at hann hafði hitt Knút konung. Óláfr konungur mælti til Sighvatz: 'Eigi veit ek hvárt þú ætlar nú at göraz míninn stallari, eðr hefir þú nú görzt maðr Knútz konungs.' Sighvatr kvað. . . . Þá mælti Óláfr konungur, at Sighvatr skyldi ganga til sætiss þess er hann var vanr at 10 hafa fyrr. Kom Sighvatr sér þá enn brátt í kærleika ena sömu sem áðr hafði hann haft.—*From St. Olaf's Saga.*

*The King and Poet in the Snow.*

Svá er sagt, at Sighvatr skald væri lengstum með Óláfi konungi, meðan þeir voru á lífi báðir; ok einhverju sinni bar svá til förum þeirra Óláfs konungs, at þeir höfðu farit 15 um Dofrafjall, en þat var um vetr, ok var þar Sighvatr þá, ok þar tók þá snæ-fall mikit, ok gjörðiz ill færðin, ok var mjöllin svá djúp, at hrossin fengu eigi vaðit, ok fóru menn á fæti, ok vildu þó leita af fjallinu. Ok nú bar svá til, er á leið daginn ok dimma tók, at þeir urðu tveir saman Óláfr 20 konungur ok Sighvatr, ok hafði hann yfir sér feld grán. Ok er þeir sóttu af fjallinu ok færðin batnaði, þóttiz Sighvatr finna. at konunginum svalaði mjök, þvíat hönnum hafði orðit ákafliga heitt um daginn. Þá mælti Sighvatr við konunginn, ok kveðz meðaz taka mjök undir feldinum af hita 25 ok erfiði, ok lézt eigi mega bera hann lengr eptir sér. Konungurinn bað hann selja sér feldinn, ok mundi hann bera; ok nú gerðu þeir svá, ok fóru þeir svá um hrið, ok tók konungi at orna undir feldinum. Ok þá koma þeir at bæ nokkrum, þá mælti Sighvatr: 'Eigi er þat minnr, at mik 30 tekr nú at kala, er mér var heitt fyrir stundu.' 'Er svá nú, skald!' segir konungur; 'eigi þiki mér skipta, þótt ek bera

klæði þín allt til bæjarins, ok sé ek nú bragð þítt.' Ok nú fara þeir til bæjarins, ok þá sagði Óláfr konungur : ' Vel kanntu at vera með tignum mönnum, Sighvatr ! ' Sighvatr skald minntiz þessa, þá er hann kom af Íslandi, ok var ný-kominn 5 við land þar er konungurinn Óláfr var fyrir, ok var hann á móti nokkuru fjölmennu, ok var þröngt mjök um konunginn öllu megin af fólkinu, en Sighvatr vildi fyrir hvern mun hitta konunginn sem fyrst, ok ferr hann til mótzins, ok boraz fram á milli manna, ok fær eigi komiz allt fyrir konunginn, ok 10 kvað vísu svá hátt, at hann skyldi heyra mega :—

Þröngvizk ér of ungan ítr-nenninn gram þenna ;  
 bægisk öld svá at eigi Óláfs náig máli :  
 Mér var orð at órum auð-sótt frömum dróttni  
 þá er óðum mjök móðir mjöll af Dofra-fjalli.

15 Konungur heyrði ok kendi manninn, ok bað gefa hönunum rúm, ok greiddiz þá ferð hans, svá at þeir konungurinn funduz ok töluðuz við slíkt er þeir vildu ok skilðu eptir þat. Svá er enn sagt, at Óláfr konungur hélt undir skírn dóttur Sighvatz skaldz er Tófa hét, ok um þat kvað Sighvatr vísu þessa :—

20 Dróttinn hjálp þú þeim er dóttur (dýr er þinn villi) mínni  
 heim ór heidnum dómi hóf ok nafn gaf Tófu :  
 Hélt und vatn inn vitri (varð ek þeim feginn harða  
 morni) mínu barni móð-rakkr Haraldz bróðir.



### *Sighvat the Poet's Death.*

Sighvatr skald var með Magnúsi konungi ok hafði jafnan 25 mikinn hugtreaga af andláti ins heilaga Óláfs konungs, svá sem heyra má í vísu þeirri, er hann kvað þá :—

Geng ek um þvert frá þengils (proask ekki mér) rekka  
 (emk sem bast í brjósti bleikr) verðungar-leiki. . . .

Nú er at þeirri stundu leið, er almáttigr Guð vildi kalla 30 Sighvat fram af þessum heimi, þá tók Sighvatr til at yrkja drápu um Ólaf konung inn Helga, ok stælti eptir Sigurðar-

sögu. Sighvatr kom þá með skipi við ey þá er Selja heitir. Ok er hann var þar kominn, þá varð sá atburðr, at einn bóndi, sá er á megin-landi bjó inn frá eyinni, tók mikla sótt svá at hann var ban-vænn, en kona hans sat yfir hönnum með 5 hryggum hug. Ok er mátttr bóndans tók at minnkaz, þá vitraðiz Óláfr konungr konu bóndans í draumi, ok mælti við hana: 'Nú skulum vit skipta verkum; þú skalt fara til mótz við Sighvat, skald mítt, en ek mun sitja yfir bóndanum; ok seg hönnum svá, at ek vili eigi, at hann stæli drápu þá, er 10 hann yrkir um mik, eptir Sigurðar-sögu, heldr vil ek at hann stæli eptir Uppreistar-sögu.' Nú eptir þessa vitran fór hús-freyja til mótz við Sighvat, ok sagði hönnum, hvat konungr hafði henni vitrað, ok eptir þat fór hön heim. En meðan hön hafði á brottu verit, þá hafði Óláfr konungr vitraz 15 bóndanum ok gört hann heilan. Sighvatr sneri þá drápunni ok stælti hana eptir Uppreistar-sögu. Ok eptir þat tók Sighvatr sótt harða. Í þeirri sótt vitraðiz hönnum inn heilagi Óláfr konungr, ok bauð hönnum með sér at fara, ok kvað á dag, hvenær hann mundi í móti hönnum koma. Nú er 20 sá dagr kom, er konungr hafði á kveðit, þá kvað Sighvatr vísu þessa:—

Seinn þykki mér sunnan sókn-djarfr Haraldz arfi;  
langr er (at lýða þengil lífs sorg) konungs morginn:  
Hvatki er heiðis gotna hýr-tælanda sælan,

25 (nú hefk vætt í dag dróttins) dvelr, bíðk hans í Selju.

Ok eptir þat andaðiz Sighvatr, ok var lík hans fært norðr til Kaupangs ok grafit at Kristz-kirkju.—*From the Flatey-book.*

#### 8. HAVARDAR SAGA.

*How Bjargey borrowed her Kinsmen's Nets and Turf-spade.*

Þat var einn dag um sumarit, er þau réru á sjó, at þau sá skip fara innan eptir firðinum; kendu þau ok, at þar var 30 Þorbjörn ok heima-menn hans. Þá mælti Bjargey: 'Nú

ulu vit hafa uppi færi okkar ok roa í móti Þorbirni: vil ek ma hann. Skaltu roa framan at borði skútunnar, en ek al tala við Þorbjörn nökkut, en þú skalt roa í hring um útuna á meðan.' Þau gera nú svá, roa at skútunni. Bjargey astar nú orðum á Þorbjörn, heilsar hón hónum ok spyr, vert hann ætli at fara. Hann kvazt skyldu fara vestr í Vaðil: Er þar kominn út Sturla bróðir mín ok Þjóðrekr son hans; al ek flytja þá hingat til mín.' Hón spurði: 'Hversu lengi muntú vera á brott, bóndi,' segir hón? 'Nær viku,' segir ann. Þórhallr hafði þá roit um-hverfis skútuna. Ok er ón hefir at gert slíkt er hón vildi, þá meta þau í árum k roa í brott slíkt er þau mega. Þá mælti Þorbjörn: Kvenna örmust farandi! ok skulum vit þegar roa eptir eim ok drepa hann, en meiða hana.' Þá mælti Brandr: Nú sannar þú enn, þat er mælt er til þín, at þú munir eigi þara flest illt at gera, enda skal ek veita þeim er ek má; saltú þá at keyptu komaz.' En við umtölur Brandz, ok þat þau váru langt undan komin, þá lét Þorbjörn vera kyrrt, ok er leið sína. Þá mælti Bjargey: 'Eigi er þat líkligt, en þó sú ætlan mín, at hefnt muni verða Óláfs sonar míns; skulu t eigi heim.' 'Hvert viltú þá!' segir Þórhallr. 'Nú skal ra,' segir hón, 'ok finna Valbrand bróður mínn.'—Hann bjó Valbrandz-stöðum; var hann gamall maðr mjök, en hafði erit hinn ágætasti maðr; hann átti tvá sonu, hinn vængstu menn; hét annarr Torfi, en annarr Eyjolfr; vóru þeir í á ungum aldri.—Þau létta eigi fyrr en þau koma þangat. albrandr var úti á töðu-velli ok mart manna með hónum. Hann gekk þá í móti systur sínni; ok fagnaði henni vel, ok uð henni þar at vera. En hón kvað sér þat eigi gegna, verð ek heim í kveld.' Hann spurði: 'Hvat viltú þá, systir?' Ek vilda, at þú léðir mér nætr þínar.' Hann svaraði: 'Hér u þrennar nætr, ok er ein forn mjök, ok nú eigi trúlig, en sif verit örugg, en tvær eru nýjar ok óreyndar. Haf þú



hvárt er þú vill, tvær eða þrjár.' Hón svaraði: 'Þær vil ek hafa hinar nýju; en eigi vil ek hætta til at hafa hina fornu; en lát þú búnað þessar, nær ek læt eptir koma.' Hann kvæð svá vera skyldu. Eptir þat fóru þau á brott. Þá mælti Þór-  
 5 hallr: 'Hvert skulum vit nú fara?' Hón svarar: 'Nú skal fara, ok finna Þorbrand bróður mínn.'—Hann bjó á Þor-  
 brandz-stöðum; hann var þá gamall mjök; hann átti tvá  
 sonu unga; hét annarr Oddr, en annarr Þórir; vóru þeir  
 vænligir menn.—Ok er þau koma þar, fagnaði Þorbrandr  
 20 þeim vel ok bauð þeim þar at vera. Hón kvazt þat eigi mega. 'Hvat viltú þá, systir?' segir hann. 'Ek vilda,' segir  
 hón, 'at þú léðir mér net þín.' Hann svaraði: 'Ek hef þrjú  
 til, ok er eitt fornt mjök, en tvau eru ný, ok hafa eigi höfð  
 verit. Haf hvárt er þú vill, tvau eðr þrjú.' Hón kvazt þau  
 15 nýju hafa vilja, ok skildu at því. Síðan fara þau í brott.  
 Þórhallr spurði: 'Hvert skulum vit nú fara?' 'Nú skal,'  
 segir hón, 'finna Ásbrand karl, bróður mínn.'—Hann bjó  
 á Ásbrandz-stöðum. Hann var þeirra bræðra ellztr; hann  
 átti systur Hávarðar karls. Hann átti son er Hallgrímr hét;  
 20 hann var ungr at aldri, en bæði mikill ok sterkr, ófríðr sýnum,  
 en þó karlmannligr.—Ok er Bjargey kemr þar, fagnar Ás-  
 brandr henni vel, ok bað hana þar vera. Hón kvazt skyldu  
 heim um kveldit. Hann spurði: 'Hvat viltú þá? ok kemr  
 þú þó sjaldan at finna frændr þína.' 'Lítið er eyrendit,'  
 25 segir hón, 'vær erum svá óbirg um torf-færi, ok vilda ek  
 gjarna, at þú léðir mér torf-öxi þína.' Hann svaraði bros-  
 andi: 'Hér eru tvær til, ok önnur ryð-frakka mikil, forn ok  
 skörðótt, ok þykkir nú til einskis fær; önnur er ný ok mikil,  
 ok hefir til einskis höfð verit.' En hón kvazt hafa vilja þá  
 30 hina nýju, 'þá er ek læt vitja.' Hann svaraði, at hón skal  
 ráða. Síðan fara þau heim á Hávarðz-staði um kveldit.

Líða nökkurir dagar þar til er henni þótti vón at Þor-  
 björn mundi vestan koma. Ok einn dag gekk hón at sæng

Hávarðar, ok spurði hvárt hann svæfi. Hann settiz upp við, ok kvað vísu. . . . 'Þat er víst,' segir hón, 'at þetta er allmikil lygi, at þú hafir aldri sofit á þrim árum; en þó er nú upp at standa ok göra sik sem vaskastan, ef þú vilt hefna Óláfs sonar þíns, þvíat eigi verður hans hefnt um aldr þínn, ef eigi verður á þessari nótt.' En er hann heyrði ummæli hennar, spratt hann upp ór sænginni fram á golfit, ok kvað þá vísu. . . . Hávarður var þá inn sprækasti, ok skorti eigi göngu. Hann gekk til kistu einnar mikillar;—hón var full af vápnum,—ok lauk henni upp; tók hjálm á höfuð sér, ok fór í sterka brynju. Hann leit þá upp, ok sá at már einn fló yfir glugginn. Hann kvað vísu. . . . Hann vápnaðiz skjótt ok fimliga. Hann bjó ok Þórhall með góðum vápnum. Ok er þeir vóru búnir, sneri hann at Bjargeyju, ok mintiz við hana; kvað þá eigi sýnt vera nær þau myndiz. Hón bað hann vel fara. 'Þarf ek eigi at hafa eggjanar-orð við þik um hefnd eptir Ólaf son okkarn, með því at ek veit, at þar fylgir kapp hreysti er þú ert.' Eptir þat skilðu þau. Gengu þeir ofan til sjávar, hrundu fram sex-ærum bát, ok tóku til ára. Léttu eigi fyrir en þeir kómu fyrir bæ Valbrandz. Þar var eyrar-tangi langr, er gekk út í sjóinn, lögðu þeir þar at bátinn. Bað Hávarður Þórhall at gæta bátzins; en hann gekk upp til bæjarins. Hann hafði spjót í hendi; var þat ágætt vápn. Ok er hann kom upp á völlinn, vóru þeir þar feðgar. Þeir bræðr vóru af klæðunum, ok rökuðu upp töðuna. Þeir höfðu tekit af sér skóna, ok sett á völlinn hjá sér, vóru þat upp-hávir skuar. Valbrandr gekk í móti Hávarði, ok fagnaði hönnum vel, ok bauð hönnum þar at vera. Hann kvazt eigi þar vera mega. 'Em ek kominn at vitja nóta þinna, er þú léðir systur þínni.' Hann gekk at sonum sínum ok mælti: 'Hér er kominn Hávarður, mágr ykkarr, ok er þann veg buinn sem þá er hann mundi ætla til stórræða nökkura.' Ok er þeir heyra þetta, kasta þeir hrfunum, ok hlaupa til

klæða sfnna. Ok er þeir skyldu taka skóna, höfðu þeir skorpað í skininu. Þeir stigu í ofan sem skjótast, svá at þegar gekk skinnit af hælunum. Ok er þeir kómu heim, vóru skórnir fullir af blóði. Valbrandr fékk sonum sínum

5 góð vápn ok mælti: 'Veitið Hávarði góða fylgð, hyggit meir á hefnd, en hvat eptir kemr.' Eptir þat fóru þeir á Þorbrandz-staði, vóru þeir ok skjótt búnir, Oddr ok Þórir. Fóru nú þar til er þeir kómu á Ásbrandz-staði. Krafi Hávarðr þar torf-öxarinnar. Bjóz Hallgrímr frændi hans

10 þá til ferðar með hönum. Ánn er maðr nefndr, hann var heima-maðr Ásbrandz; hafði hann húskarls verk. Hann var fóstri Hallgríms, ok bjóz til ferðar með þeim. Ok er þeir vóru búnir, fara þeir þar til er bátrinn var. Fagnaði Þorhallr þeim vel. Vóru þeir þá átta saman, ok hverr öðrum

15 vígligri. Þá mælti Hallgrímr við Hávarð frænda sínn: 'Hví fórtú svá heiman, frændi, at þú hafðir hvárki sverð né öxi' Hann svaraði: 'Verði svá vel, at vér finnim Þorbjörn Þjóðreks son, ok eptir várn skilnað, skaltú annat mæla; þvíat mér ætla ek sverðit Gunnloga er bezt vápn er.' Þeir báðu hann

20 lúka heilum munni sundr. 'Væri oss nú mikit undir, at oss tækiz karlmannliga til handa.' Þat var mjök at áliðnum degi. Þeir hrinda þá fram bátnum, ok stigu þar á, ok tóku til ára. Þeir sá, at hrafna-flokkur mikill fló fyrir þeim ok yfir eyrar-tangann er fyrir þeim var. Hávarðr kvað þá vísu. . .

25 Þeir fóru yfir sundit, ok var hvasst mjök á firðinum, ok fengu mjök framan-vátt. Sóttu þeir drengiliga, ok létu eigi fyrr, en þeir kómu fyrir Lauga-ból. Var þar gótt at at leggja, fyrir því at Þorbjörn hafði látið göra þar höfn góða; hann hafði látið ryðja ok hreinsa allt inn at landi. Var þar at-

30 djúp mikit; mátti þar fljóta skúta eðr stærri skip þó at vildi. Þar vóru ok grafin niðr rif stór fyrir hlunna ok festir endarnir grjóti; þurfti þar eingi maðr vátr at verða, þó at af skipi stigi, eða á skip, hvárt er var meira skip eðr minna; en uppi

yfir var malar-kampr hár. Fyrir ofan kampinn stóð hurðanaust mikit, ok var vel um horfit. Til annarrar handar var lón mikit fyrir ofan kampinn. Frá naustinu sá eigi í fjöruna, en af malar-kampinum mátti bæði sjá til naustzins ok í fjöruna. Ok er þeir koma at landi, hlaupa þeir af bátinum. Þá mælti Hávarðr: 'Nú skulum vér bera bátinn upp yfir kampinn á lónit; vér skulum ok vera fyrir ofan kampinn, svá at þeir megi eigi þegar sjá oss. Verum ok eigi of veiðibráðir; hlaupi eingi fyrr upp en ek segi fyrir.' Var þá mjök dimmat.

## 9. VAPNFIRDINGA SAGA.

*How Thorvard the Leech played the Spy.*

... at þér mun í skap hafa runnit við oss, ok vildum vér þat þó eigi. Bjarni var fá-máligr mjök. Kolfinnr fór heiman með Bjarna. Hann tók til orða slú heilli, ok mælti, ok sá í himininn upp: 'Nú er marg-háttað um veðrin, ok þótti mér nokkut élligt vera ok all-kalt, en nú þykki mér því líkt göra sem þeyja muni.' Bjarni svarar: 'Þá mun ávalt þeyja, ef þetta verðr at því.' Bjarni stóð þá upp ok mælti: 'Dofinn er mér fótr mfn.' 'Ligg þú þá kyrr,' segir Geitir. Bjarni hjó þá í höfuð Geiti, ok fekk hann þegar bana. Ok jafn-skjótt sem hann hafði höggvit Geiti, iðraðiz hann, ok settiz undir höfuð Geiti, ok andaðiz hann í knjám Bjarna. Geitir var nú jarðaðr síðan. Eptir þetta fara menn braut (*a few words illegible*). Þetta verk mæltiz slá fyrir, ok þótti ómannligt orðit. Bjarni fór heim til Hofis. Ok er hann kom heim, rak hann á braut Þorgerði Silfru, ok mælti, at hún skyldi aldri koma í augsyn hönnum. Þorkell, sonr Geitis, var eigi á Íslandi, er faðir hans var veginn, en Blængr varð-veitti bú í Krossavík með umsjá Egils-sona, er þá voru mágar Þorkels Geitis sonar. Um várit tóku bændr af þingit, ok vildu eigi hafa, ok þótti ú[s]ynt í millum at ganga þeirra manna er

í slíkum stór-mælum áttu hlut. Þat er sagt, at Bjarni setti til mann er Birningr het, at hafa njósn af, ef nokkurs ófriðar væri ván, ok göra Bjarna varan við, svá at ekki mátti hönun á óvart koma.

- 5 Þorvarðr hét maðr; hann var vin-sæll, ok var þá kallat, at hann væri beztr læknir þar í héraði. Hann bjó á Sireks-stöðum. Nú kemr Þorkell Geitis son út, ok ferr hann þegar til búss síns til Krossavíkr, ok lætr sem hann eigi ekki um at vera. Þá sendir Bjarni menn á fund Þorkels,
- 10 þá er beggja þeirra vinir vóru, at bjóða Þorkatli sætt ok sæmð, ok sjálf-dæmi. En er þeir báru sín erindi upp fyrir Þorkatli, lét hann sem hann heyrði ekki, ok eigi brá hann tali sínu, því er hann hafði áðr. Nú fara sendi-menn apr, at segja Bjarna svá buit. Svá virðu menn, at Þorkell myndi
- 15 eigi til hefnda hyggja. Bjarni var vanr hvert haust at fara á fjall sem faðir hans hafði gört, ok treystiz þá eingi öðrum rangt at göra. Þorvarðr læknir varð (*unreadable*) varr at Þorkell bjóz til fjallgöngu, ok valdi hann menn með sér til brautar gengi[s]. Þorvarðr görði Bjarna varan við. Bjarni
- 20 settiz apr, ok fær aðra menn í stað sínn. Nú gengu menn á fjallit. Fundr þeirra Bjarna varð eigi, sem Þorkell hafði ætlat; ok sátu þeir um kyrt um vetrinn.—Þat er nú næst frá at segja, at Þorkell sendir menn heiman um dag ór Krossavík, ok til Egils-staða at hitta Þórarin. Sá maðr hét Kollr er
- 25 sendr var. Þat var erendi Kollz at vita hversu fjöl-ment væri at Hofi. Ok er hann kom á Egils-staði, hitti hann Þórarin úti, ok sagði hönun sítt erindi. Þórarinn mælti: ‘Eigi man þér gestbeinliga þikkja boðit. Far þú heim sem tíðast, ok lát eigi verða við vart; en ek man varr verða þess er Þorkell
- 30 vill forvitnaz,’ ok kvezt hönun þat segja mundu. Nú snýr Kollr heim á leið, ok varð hönun síð-farit. En á þessum sama ap[t]ni varð sá atburðr, at maðr braut fót sínn á næsta bæ frá Sireks-stöðum, ok var farit eptir Þorvarði lækni, ok

om hann at binda fótinn. Hónum var boðit þar at vera ;  
 1 hann vildi heim ríða um nóttina ; ok hitti hann Koll á  
 ið, ok kvödduz þeir ok spurðuz tíðenda. Ok spyr Þor-  
 varðr, hvaðan Kollr væri at kominn, en Kollr spyr í móti,  
 vfi hann fari um nætr. Þorvarðr segir þat öngu sæta : ‘Seg  
 ier nú þstt erendi, Kollr,’ segir Þorvarðr. ‘Ek fór upp  
 hérað, at leita sauða, ok fann eigi,’ segir Kollr. Skiljaz  
 eir nú, ok fór Kollr heim um nóttina. Þorvarðr fór ok heim  
 m nóttina. En um morguninn eptir tók hann hest sinn,  
 k reið upp til Hofa. Var þar við hónum vel tekit, ok var  
 purðr at tíðendum ; en hann sagði at maðr braut fót sinn.  
 Iann heimtir Bjarna á tal, ok segir hónum, at hann hitti  
 Koll, ok þótti sem hann myndi kominn frá Egils-stöðum, ok  
 agðiz víst vita, at hann sagði hónum ekki orð satt um sína  
 rð. ‘Sé ek nú,’ kvað Bjarni, ‘at þú vilt, at ekki göriz þat  
 t í héraði, at ek vita eigi, ok haf þú mikla þökk fyrir. Nú  
 ur þú heim, ok kom á bæ þann er heitir á Fáskrúðs-bakka  
 miðju héraði ; þar eru Þorkels menn fyrir ; ok ef at verðr  
 þurt, hversu fjölmennt hér er, þá seg þú, at hér kvómu í  
 iorgin nokkurir várir menn, ok vóru hross heim rekin, eigi  
 l-fá, en þú \* vissir eigi hvat þau skyldi.’ Þorvarðr ferr nú  
 k kemr á Fáskrúðs-bakka, ok var hann spurðr, hversu fjöl-  
 mennt væri at Hofi ; en hann segir slíkt sem hónum var sagt,  
 k ferr hann heim síðan. En þegar er hann var í braut,  
 endu þeir menn til Egils-staða, at seta mikil væri at Hofi.  
 Iðan sendi Þórarinn Þorkatli Geitis syni orð, at eigi myndi  
 : svá búnu auð-sótt til Hofa. Ok líðr nú vetrinn.

## 10. GULL ÞORIS SAGA.

*The Passing of Gold Thori.*

Þórir bjó á Þóris-stöðum langa ævi, ok átti annat bú í Hlíð.  
 Iann görðiz slir ok ódæll viðr-skiptis æ því meirr er hann  
 diz meirr. Þat var sagt eitt-hvert sinn, at Guðmundr son

hans hafði fallit í bardaga; en þat hafði þó logit verit. Þóni brá svá við þessi tíðendi, er hann frétti, at hann hvarf á brott frá bui sínu, ok vissi eingi maðr, hvat af hónum veri orðit, eðr [hvar] hann kom niðr. En þat hafa menn fyrir satt, at 5 hann hafi at dreka orðit, ok hafi lagzt á gull-kistur sínar í orms lfi.—Þat var lengi síðan, at menn sá dreka fljúga ofan um þeim megin frá Þóris-stöðum, er Gull-fors er kallaðr, ok yfir Fjörð í fjall þat er stendr yfir bænum í Hlíð. Atli, son hans, tók fjár-varðveizlu eptir hann, ok bjó á Þóris-stöðum, 10 ok þokkaðiz vel ná-buum sínum. Lýkr þar þessi sögu.

#### II. BANDAMANNA SAGA.

*How Hermund hid his Treasure so well, under cover of a fog, that he himself could not find it again.*

Hermundr stóð upp ok mælti: 'Hlýðum til ósómans.' Þá mælti Gellir: 'Þat er gerð okkur Egils á hendr Oddi, at vit gerum þrjá tigi aura.' Hermundr segir: 'Hvárt skilðiz mér rétt at þú gerðir þrjá tigi hundraða aura?' 'Nei,' segir Egill, 15 'var eigi þat nú, at þú sætir á hlustinni, er þú stótt upp, xiii (sic) aura þeirra aura, en öngum óvesalla væri við tækir, eða í gjöld mælt, bauga-brot ok harka-gripir.' Þá segir Hermundr: 'Sviknir erum vér nú.' Egill segir: 'Telz þú svikinn?' 'Já,' kvað hann, 'svikinn teljumz ek, ok hefir þú svikit mik, 20 svikarinn.' Egill segir: 'Þat geri ek svá at mér þykki best, at svfkja þann er öngum truir; þú truir öngum manni; eigi truir þú vinum þínum né frændum, börnum né konu, ok eigi truir þú sjalfum þér. Því truir þú eigi þér, at þú fórt í þoku svá mikilli, at fela fé (pitt), at eigi veiztú heldr en aðrir hvar 25 þat er nú komit. En þótt þér ljái nú annars hugar, ok vilir þú nú féit hafa, þá muntú nú eigi finna.' Hermundr svarar: 'Þetta er lygi þín, sem mörg önnur. Þú lýgr ávallt. Fyrra vetr bauð ek yðr ór hrak-buinu ok yðr sjau saman; vórut þér þar á Gils-bakka. Ok er þú komt heim, þá sagðir þú þat, at

var væri farnir þrír tigr klaka-hesta ok etnir allir.' Egill segir: 'Engi mun meira segja frá van-höldum þínum en erit hefir; en hitt ætla ek at annat-hvárt hafi etnir verit fáir þá engir.' Hermundr segir: 'Eigi skolum vit báðir á þingi innat sumar.' Egill segir: 'Nú mun ek þat mæla, er ek etlaði at frestaz mundi, at þú lúk heill munni í sundr; þat var snemma spáð at ek munda verða allra manna elztr; mun þat við bera, ef vit erum eigi báðir á þingi, at þú munt fara allr í trollindr.'—*From Cod. Reg.*; see pp. 36, 37 in the old edition.

## 12. EIRIKS SAGA RAUDA.

*How Gudríd came to Greenland and sung the Warlock Songs for the Sibyl.*

Þorgeirr Vífilsson kvángaðiz ok fékk Arnóru, dóttur Einars frá Laugar-brekku, Sigmundar sonar, Ketils sonar-Þistils, er numið hafði Þistils-fjörð. Önnur dóttir Einars hét Hallveig. Hennar fekk Þorbjörn Vífils son ok tók með Laugarbrekku-land á Hellis-völlum. Rézt Þorbjörn þangat byggðum ok gördiz göfug-menni mikit. Hann var goðorðz-maðr ok hafði rausnar-bú. Guðríðr hét dóttir Þorbjarnar. Hón var kvenna vænst ok inn mesti skörungr í öllu athæfi sínu. Maðr hét Ormr, er bjó at Arnar-stapa; hann átti konu þá, er Halldís hét. Ormr var góðr bóndi ok vinr Þorbjarnar mikill; var Guðríð þar löngum at fóstri með hónum. Maðr hét Þorgeirr, er bjó at Þorgeirs-felli; hann varr vell-auðigr at fé ok hafði verit lausingi; hann átti son, er Einarr hét. Hann var vænn maðr ok vel mannaðr ok skartz-maðr mikill. Einarr var í siglingum landa á milli ok tókz þat vel; var jafnan sínn vetr hvárt á Íslandi eðr í Noregi.

Nú er frá því at segja eitt haust er Einarr var út hér, at hann fór með *varning sínn* út eptir Snæfellz-nesi ok skyldi *selja*; hann kemr til Arnar-stapa; Ormr býðr hónum þar at



vera ok þat þiggr Einarr, þvíat þar var vinátta með þeim Ormi. Varningrinn Einars var borinn í eitt-hvert úti-búr. Einarr brýtr upp varninginn ok sýndi Ormi ok heima-mönnum ok bauð Ormi slíkt af at taka sem hann vildi. Ormr þá þetta ok 5 talði Einarr vera góðan far-dreng ok auðnu-mann mikinn. En er þeir héldu á varninginum gekk kona fyrir útibúrs-dynnar. Einarr spurði Orm, hver sú in fagra kona væri, er þar gekk fyrir dynnar—‘Ek hefi hana ekki hér fyrr séð.’ Ormr segir: ‘Þat er Guðríð fóstura mín, dóttir Þorbjarnar bónda frá 10 Laugar-brekku.’ Einarr mælti: ‘Hón mun vera góðr kost; eða hafa nökkurir menn til komit at biðja hennar?’ Ormr svarar: ‘Beðit hefir víst verið, vinr, ok liggr eigi laust fyrir; finnz þat á at hón mun bæði vera mann-vönd ok faðir hennar.’ ‘Svá fyrir þat,’ kvað Einarr, ‘at hón er sú kona, er 15 ek ætla mér at biðja, ok vilda ek (at) á þessi mál kæmir þú fyrir mik við feðr hennar ok legðir á alendu at flytja, þvíat ek skal þér fullkomna vináttu fyrir gjalda. Má Þorbjörn bóndi á líta, at okkr væri vel hentar teingðir; þvíat hann er sóma-maðr mikill ok á staðfestu góða, en lausa-fé hans er 20 mér sagt at mjök sé á förum; skortir mik hvárki lönd né lausa-fé ok okkr feðga; ok myndi Þorbirni verða at þvf inn mesti styrkr, ef þessi ráð tækiz.’ Ormr svarar: ‘Víst þikkjumz ek vin þínn vera, en þó em ek ekki fúss at bera þessi mál upp; þvíat Þorbjörn er skap-stórr ok þó metnaðar-maðr 25 mikill.’ Einarr kvezt ekki vilja annat enn upp væri borið bónorðit. Ormr kvað hann ráða skyldu. Einarr fór suðr aptr unz hann kemr heim. Nökkuru síðarr hafði Þorbjörn haust-boð, sem hann átti vanða til, þvíat hann var stór-menni mikit. Kom þar Ormr frá Arnar-stapa ok margir aðrir vinir 30 Þorbjarnar. Ormr kemr at máli við Þorbjörn ok segir at Einarr sé þar skömmu frá Þorgeirs-felli ok görðiz efnilligr maðr. Hefr Ormr nú upp bónorðit fyrir hönd Einars ok sagði at þat væri vel hent fyrir sumra hluta sakir. ‘Má þér,

Þendi, at því verða styrkr mikill fyrir fjár-kosta sakir.' Þorörn svarar: 'Eigi varði mik slíkra orða af þér, at ek unda þræls syni gipta dóttur mína. Ok þat finnz þér at þú mætt þverr; ok eigi skal hón fara með þér, ef þér þótti hón svá lítils gjaforðz verð.' Fór Ormr heim ok hverr boðs-manna til sínna heim-kynna. Guðríðr var eptir með feðr sínum ok var heima þann vetr.

En at vári hafði Þorbjörn vlna-boð, ok var veizla góð buin; ok kom þar mart manna ok var veizlan in bezta. Ok at veizlunni svaddi Þorbjörn sér hljóðs ok mælti svá: 'Hér hefi ek buit anga æfi; hefi ek reynt góðvilja manna við mik ok ástúð, kalla þak vel vár skipti farit hafa. En nú tekr fjár-hagr mín at þægjaz, en kallat hefir verit hingat til ekki óvirðuligt ráð. Nú vil ek fyrr bui mínu bregða en samed minni týna; fyrr af landi fara en ætt mína svfirða; ætla ek nú at vitja heita Eiriks Rauða vlnar míns, er hann hafði þá er vér skildumz á Breiða-firði; ætla ek nú at fara til Grænlandz í sumar, ef svá ferr sem ek vilda.' Mönnum þótti mikil tíðindi um þessa ráða-görð. —Þorbjörn hafði lengi vinsæll verit,—en þóttuz vita, at Þorbjörn myndi þetta hafa svá framt upp kveðit, at hann mundi ekki stoða at letja. Gaf Þorbjörn mönnum gjafir, ok var veizlu brugðit eptir þetta, ok fóru menn heim til heim-kynna sínna. Þorbjörn seldi lendur sínar ok kaupir skip, er stóð uppi í Hraunhafnar-ósi. Réðuz til ferðar með hönum þrír tigr manna. Var þar Ormr frá Arnar-stapa ok kona hans, ok þeir vinir Þorbjarnar, er eigi vildu við hann skilja. Síðan létu þeir í haf. Þá er þeir höfðu út látið, var veðr hag-stætt. En er þeir kvómu í haf, tók af byri ok fengu þeir mikil veðr, ok fórz þeim ógreitt um sumarit. Því næst kom sótt í lið þeirra, ok andaðiz Ormr ok Halldís kona hans ok helmingr þeirra. Sjó tók at stæra ok fengu þeir vás mikit ok vesöld á marga vega, ok tóku þó Herjólfnes á Grænlandi við vetr-nætr sjalfar. Sá maðr bjó á Herjólfnesi, er Þorkell hét. Hann var

nytja-maðr ok inn beztu bóndi. Hann tók við Þorbirni ok öllum skipverjum hans um vetrinn. Þorkell veitti þeim skömliga. Líkaði Þorbirni vel ok öllum skipverjum hans.

Þenna tíma var hallæri mikit á Grænlandi; höfðu menn 5 feng-lítið, þeir sem í veiði-ferð höfðu verið, en sumir eigi aptr komnir. Sú kona var í bygð, er Þorbjörg hét; hún var spá-kona; hún var kölluð Lítil-völva. Hón hafði átt sér niu systur, ok vóru allar spá-konur, ok var hún ein eptir á lífi. Þat var hátt Þorbjargar á vetrum, at hún fór á veizlur ok 10 buðu menn henni heim, mest þeir er forvitni var á um forlög sín eðr ár-ferð; ok með því at Þorkell var þar mestr bóndi, þá þótti til hans koma at vita, hvenær létta mundi óráni þessu, sem yfir stóð. Þorkell býðr spá-konu þangat, ok er henni buin góð viðtaka, sem siðr var til þá er við þess-háttar 15 konum skyldi taka. Buit var henni háseti ok lagt undir hægindi; þar skyldi í vera hænsa-fiðri. En er hún kom um kveldit ok sá maðr er í móti henni var sendr, þá var hún svá buin, at hún hafði yfir sér tugla-möttul blán ok var settr steinum allt í skaut ofan. Hón hafði á halsi sér gler-tölur. 20 Hón hafði á höfði lambskinnz-kofra svartan ok við innan kattar-skin hvítt. Staf hafði hún í hendi ok var á knapp; hann var buinn messingu ok settr steinum ofan um knappinn. Hón hafði um sik hnjóska-linda, ok var þar í skjóðu-pungur mikill, ok varðveitti hún þar í taurf þau, er hún þurfti 25 til fróðleiks at hafa. Hón hafði kálfskinnz-skó loðna á fótum ok í þvengi langa ok sterkliga; látúns-knappar miklir á endunum. Hón hafði á höndum sér kattarskinnz-glófa ok vóru hvítir innan ok loðnir. En er hún kom inn, þótti öllum mönnum skylt at velja henni sæmiligar kveðjur. En hún 30 tók því eptir því sem henni vóru menn skapfeldir til. Tók Þorkell bóndi í hönd vísenda-konunnar ok leiddi hann hana til þess sætis, er henni var buit. Þorkell bað hana renna þar augum yfir hjörð ok hjú ok hýbýli. Hón var fá-málug um

allt. Borð kómu fram um kveldit, ok er frá því at segja, hvat spá-konunni var mat-buit. Henni var görr grautr af kiðja-mjolk, en til matar henni vóru buin hjörtu ór allz-konar kykvendum, þeim sem þar var til. Hón hafði messingar-spón ok kníf tann-skeptan, tví-holkaðan af eiri, ok var af brotinn oddrinn. En er borð vóru upp tekin, gengr Þorkell bóndi fyrir Þorbjörgu, ok spyr hversu henni virðiz þar hýbýli eðr hættir manna, eðr hversu fjótliga hón mun þess vís verða, er hann hefir spurt eptir ok menn vildu vita. Hón kvezt þat ekki mundu upp bera fyrr en um morguninn, þá er hón hafði sofit þar um nóttina. En eptir at áliðnum degi var henni veittr sá umbúningr, sem hón skyldi seiðinn fremja; bað hón fá sér konur þær, sem kynni fræði þat, er þyrftu til seiðinn at fremja, ok Varðlokkur heita; en þær konur funduz eigi. Þá var at leitað um bæinn, ef nökkurr kynni. Þá svarar Guðríðr: 'Hvárki em ek fjölkunnig né vísenda-kona, en þó kendi Halldís fóstura mín mér á Íslandi þat fræði, er hón kallaði Varðlokkur.' Þorbjörg svaraði: 'Þá ertú happ-fróð.' Guðríðr svarar: 'Þetta er þess-konar fræði ok at-ferli, at ek ætla í engum atbeina at vera, þvíat ek em kona Kristin.' Þorbjörg svarar: 'Svá mætti verða, at þú yrðir mönnum at liði hér um, en værir kona eigi at verri en iðr; en við Þorkel met ek at fá þá hluti hér til er þarf.' Þorkell herðir nú at Guðríði, en hón kvezt mundu göra sem rann vildi. Slógu konur hring umhverfiss, en Þorbjörg uppi í seið-hjallinum; kvað Guðríðr þá kvæðit svá fagrt ok vel, ut engi þóttiz fyrr heyrt hafa með fegri raust kveðit sá er þar var. Spá-konan þakkar henni kvæðit,—'ok hafa margar ráttúrur higat at sótt ok þótti fagrt at heyra þat er kveðit var], er áðr vildi frá oss snuaz ok oss öngva hlýðni veita. En mér eru nú margir þeir hlutir auð-sýnir, er áðr var bæði ok aðrir dulðir. En ek kann þat at segja, at hallæri þetta nun ekki haldaz lengr, ok mun batna árangr sem várar.

Sóttar-far þat sem lengi hefir legit, mun batna vónu bráðara. En þér, Guðríður, skal ek launa í hönd lið-sinni þat, sem oss hefir af þér staðit, þvíat þín forlög eru mér nú öll glögg-sæ. Þat muntú gjaforð fá hér á Grænlandi, er sæmiligast er til, þó  
 5 at þér verði þat eigi til langæðar, því at vegir þínir liggja út til Íslandz, ok mun þar koma frá þér ætt-bogi bæði mikill ok góðr, ok yfir þínum ættar-kvísulum mun skína bjarttr geisli,—  
 Enda far nú vel ok heil, dóttir mín!' Síðan gengu menn at vísenda-konunni ok frétti hvern eptir því sem mest forvitni  
 10 var á; var hón ok góð af frásögnum; gekk þat ok lítt í tauma sem hón sagði. Þessu næst var komit eptir henni af öðrum bæ, ok fór hón þá þangat. Var sent eptir Þorbirni, þvíat hann vildi eigi heima vera, meðan slík heiðni var framið. Veðráttu batnaði skjótt, þegar er vára tók, sem  
 15 Þorbjörg hafði sagt. Býrr Þorbjörn skip sitt ok ferr umz hann kemr í Bratta-hlíð. Tekr Eiríkr við hönnum báðum höndum ok kvað þat vel er hann var þar kominn. Var Þorbjörn með hönnum um vetrinn ok skulda-lið hans. Eptir um várit gaf Eiríkr Þorbirni land á Stokka-nesi, ok var þar  
 20 görr sæmiligr bær, ok bjó hann þar síðan.—Ch. 3.

*Guðríd's First Marriage. The Discovery of Wineland.*

Eiríkr átti þá konu er Þjóðhildr hét, ok tvá sonu; hét annarr Þorsteinn en annarr Leifr. Þeir synir Eiríks voru báðir efniligir menn. Var Þorsteinn heima með feðr sínum; ok var eigi þá sá maðr á Grænlandi er jafn-mannvænn þótti sem hann.  
 25 Leifr hafði siglt til Noregs, var hann þar með Óláfi konungi Tryggva syni. En er Leifr siglði af Grænlandi um sumarit urðu þeir sähafa til Suðreyja. Þaðan byrjaði þeim seint, ok dvölduz þar lengi um sumarit. . . . Þeir Leifr siglðu í brot ór Suðreyjum, ok tóku Noreg um haustið. Rézt Leifr til  
 30 hirðar Óláfs konungs Tryggva sonar, ok lagði konungr á hann góða virðing, ok þóttiz sjá at Leifr mundi vera vel

menntur maðr. Eitt sinn kom konungr at máli við Leif, ok spyrr hann: 'Ætlar þú til Grænlandz í sumar at sigla.' Leifr svarar: 'Þat vilda ek, ef sá er yðvarr vili.' Konungr svarar: 'Ek get, at svá muni vel vera; skaltú fara at eyrindum mínum at boða Kristni á Grænlandi.' Leifr kvað hann ráða mundu; en kvast hyggja, at þat eyrindi mundi tor-flutt á Grænlandi. En konungr kvezt eigi þann mann sjá er betr væri til fallinn en hann, 'ok muntú giptu til bera.' 'Þat mun því at eins,' kvað Leifr, 'at ek njóta yðvar við.' Leifr lét í haf þegar hann var buinn. Leif velkti lengi úti, ok hitti hann á lönd þau, er hann vissi áðr önga ván í. Vóru þar hveiti-akrar sjalf-sánir, ok vín-viðr vaxinn. Þar vóru ok þau tré er mösur hétu; ok höfðu þeir af öllu þessu nokkur merki; sum tré svá mikil, at í hús vóru lögð. Leifr fann menn á skip-flaki, ok flutti heim með sér, ok fekk öllum vist um vetrinn. Sýndi hann svá mikla stór-menzku ok gæzku af sér, [er] hann kom Kristni á landit, ok hann bjargaði mönnum. Var hann kallaðr Leifr inn Heppni. Leifr tók land í Eiriksfirði, ok fór heim í Bratta-hlíð. Tóku menn vel við hónum. Hann boðaði brátt Kristni um landit ok almenniliga trú, ok sýndi mönnum orðsendingar Óláfs konungs Tryggva sonar; ok segir hversu mörg ágæti ok mikil dýrð þessum sið fylgði. Eirikr tók því máli seint, at láta sið sinn; en Þjóðhildr gekk skjótt undir, ok lét göra kirkju eigi all-nær húsum. Var þat hús kallat Þjóðhildar-kirkja; hafði hón þar fram bænr sínar ok þeir menn er við Kristni tóku; en þeir vóru margir. Þjóðhildr vildi eigi halda samfarar við Eirik siðan er hón tók trú; en hónum var þat mjök í móti skapi.

Af þessu görðiz umræða mikil, at hann mundi leita landz þess er Leifr hafði fundit. Var þar fyrir-maðr at Þorsteinn Eirikr son, góðr maðr, ok fróðr ok vinsæll. Eirikr var ok til beðinn, ok trúðu menn því, at hans gæfa mundi framast vera ok forsjá. Hann var þá (*unreadable*) við, er

vinir hans fýstu hann til. Þjoggu þeir skip þat síðan, er Þorbjörn hafði út haft ok vóru til ráðnir tuttugu menn. Höfðu þeir fé lítið, en mest vápn ok vistir. Þann morgin er Eiríkr fór heiman, tók hann kistil, ok var þar í gull ok silfr.

5 Fal hann þat fé, ok fór síðan leiðar sínar. Ok er hann var skamt á leið kominn, féll hann af baki, ok braut rif sín, ok lesti öxl sína, ok kvað við: aiai! Af þessum atburð sendi hann konu sinni orð, at hón tæki féit í brot þat er hann hafði folgit; lét þess hafa at goldit, er hann hafði féit folgit. Síðan

10 siglðu þeir út ór Eiríksfirði með gleði, ok þótti vænt um stúráð. Þá velkti lengi úti í hafi, ok kvómu ekki á þær slóðir sem þeir vildu. Þeir kómu í sfn við Ísland, ok svá höfðu þeir fugl af Írlandi. Reiddi þá skip þeirra um haf innan. Fóru apr um haustið, ok vóru væstir ok mjök þrekaðir, ok

15 kómu við vetr sjalfan á Eiríksfjörð. Þá mælti Eiríkr: 'Kátari vóru þér í sumar, er þér fórut út ór firðinum, en nú eru þér, ok eru nú þó mörg góð at.' Þorsteinn mælti: 'Þat er nú höfðingligt bragð at sjá nokkut ráð fyrr þessum mönnum sem nú eru ráðstafalausir, ok fá þeim vistir.' Eiríkr svarar: 'Þat er

20 jafnan satt sem mælt er, at "Eigi veit fyrr en svarat er;" skal nú hafa ráð þín um þetta.' Fara allir þeir er eigi höfðu aðrar vistir með þeim feðgum. Síðan tóku þeir land ok fóru heim.

Nú er frá því at segja at Þorsteinn Eiríks son vakti bónorð við Guðríði Þorbjarnar dóttur. Var því máli vel svarat, bæði

25 af henni ok svá af föður hennar. Ok er þetta at ráðum gört, at Þorsteinn gekk at eiga Guðríði, ok er brúðkaupit í Brattahlíð um haustið. Fór sú veizla vel fram, ok var vel fjölmenn. Þorsteinn átti bú í Vestri-bygð á bæ þeim er í Lýsufirði heitir; sá maðr átti þar helming í bui er Þorsteinn hét. Sigríðr hét

30 kona hans. Fór Þorsteinn í Lýsufjörð um haustið til nafna síns, ok þau Guðríðr bæði; var þar vel við þeim tekið. Vóru þau þar um vetrinn. Þat görðiz þar til tíðenda, at sótt kom á bæ þeirra er lítið var af vetri. Garðr hét þar verk-stjóri; hann

í óvinsæll maðr; hann tók fyrst sótt ok andaðiz. Síðan var amt at biða at hverr tók sótt at öðrum, ok önduðuz. Þá t sótt Þorsteinn Eiriks son ok Sigríðr kona Þorsteins. . . . Sá hafði háttir verit á Grænlandi síðan Kristni kom út ngat, at menn vóru grafnir þar á bæjum er menn önduðuz í vígðri mold; skyldi þar setja staur upp of brjósti; en þan er kenni-menn kvómu til, þá skyldi kippa upp staurinum : hella þar í vígðu vatni, ok veita þar yfir-söngva þótt þat æri myklu síðarr. Lúkin vóru flutt til kirkju í Eiriks-fjörð ok ittir yfir-söngvar af kenni-mönnum. Eptir þat andaðiz Þorbjörn. Bar þá féit allt undir Guðríði. Tók Eiríkr við þenni ok sá vel um kost hennar.—Chs. 4, 5.

*Guðríd marries Karlsefni. Expedition to Wineland.*

Maðr hét Þorfinnr Karlsefni, son Þórðar Hest-höfða, er bjó vörð í Reyninesi í Skagafirði, er nú er kallat. Karlsefni var t-góðr maðr, vel auðigr at fé. Þórunn hét móðir hans. Hann var í kaupferðum, ok þótti far-drengr góðr. Eitt sumar fór Karlsefni skip sítt, ok ætlaði til Grænlandz. Rézt til ferðar með hönnum Snorri Þorbrandz son ór Alptafirði, ok þóru fjórir tígir manna með þeim. Maðr hét Bjarni Grímfs son, Breiðfirzkr maðr; annarr hét Þórhallr Gamla son útstfirzkr maðr. Þeir bjoggu skip sítt sam-sumars sem Karlsefni, ok ætluðu til Grænlandz. Þeir vóru á skipi fjórir tígir manna. Láta þeir í haf fram tvennum skipum þegar þeir eru búnir. Eigi var um þat getið, hversu langa úti-vistir þeir höfðu. En frá því er at segja, at bæði þessi skip kómu í ríksfjörð um haustið. Eiríkr reið til skips ok aðrir landz-menn, ok tókHz með þeim greiðlig kaup-stefna. Buðu stýri-menn Guðríði at hafa slíkt af varninginum sem hún vildi; ok Eiríkr sýndi mikla stór-mennzku af sér í móti, þvíat hann uð þessum skipverjunum báðum heim til sín til vetr-vistar í Vatna-hlíð. Þetta þágu kaupmenn ok fóru með Eiríki. Síðan



var fluttr heim varningr þeirra í Bratta-hlíð; skorti þar eigi góð ok stór úti-búr at varðveita í; líkaði kaupmönnum vel með Eiriki um vetrinn. En er dró at Jólum, tók Eiríkr at verða óglaðari en hann átti vanða til. Eitt sinn kom Karlsefni at máli við Eirík ok mælti: 'Er þér þungt, Eiríkr? Ek þíkkjumz finna at þú ert nökkuru fálátari, en verit hefir, ok þú veitir oss með mikilli rausn, ok erum vér skyldir at launa þér eptir því sem vér höfum söng á. Nú segðu hvat ógleði þinni veldr.' Eiríkr svarar: 'Þér þiggit vel ok góðmannliga. Nú leikr mér þat eigi í hug, at á yðr halliz um vár viðskipti; hitt er heldr, at mér þíkkir flt ef at er spurt, at þér hafit engi verri Jólin haft en þessi er nú fara í hönd, ok Eiríkr inn Rauði veitti yðr í Bratta-hlíð á Grænlandi.' Karlsefni svarar: 'Þat mun ekki á þá leið, vér höfum á skipum vórum malt ok mjöl ok korn, ok er yðr heimilt at hafa af slíkt sem þér vilit, ok görit veizlu slíka sem yðarri stórmenzku ber til.' Ok þat þiggr hann. Var þá buit til Jólaveizlu, ok varð hún svá skörulig, at menn þóttuz vart slíka rausnar-veizlu sét hafa. Ok eptir Jólin vekr Karlsefni við Eirík um ráða-hag við Guðríði, er hónum leizt sem þat mundi á hans forræði; en hónum leizt kona fríð ok vel kunnandi. Eiríkr svarar, kvezt vel mundu undir taka hans mál, en kvað hana góðz gjaforðz verða. 'Er þat ok líkligt, at hún fylgi sínum forlögum,' þó at hún væri hónum gefin, ok kvað góða frétt af hónum koma. Nú er vakit mál við hana, ok lét hún þat sítt ráð, sem Eiríkr vildi fyrir sjá. Ok er nú ekki at lengja um þat, at þessi ráð tókuz; ok var þá veizla aukin, ok gört brullaup—Gleði mikil var í Bratta-hlíð um vetrinn; þar vóru mjök töfl uppi höfð ok sagna-skemtan, ok 30 mart þat er til hsbýla-bótar mátti vera.

Á því léku miklar umræður í Bratta-hlíð, at menn skyldu leita Vínlandz ins Góða; ok var sagt, at þangat mundi vera at vitja góðra landz-kosta. En því lauk svá at þeir Karlsefni ok

Snorri bjoggu skip sítt, ok ætluðu at leita Vínlandz um sumarit. Til þeirrar ferðar réðuz þeir Bjarni ok Þórhallr með skip sítt, ok þat föru-neyti er þeim hafði fylgt. Maðr hét Þorvaldr; hann var mágr Eiriks Rauða. Þórhallr var kallaðr Veiði-  
 5 maðr; hann hafði lengi verit í veiði-förum með Eiriki um sumrum, ok hafði hann margar varðveizlur. Þórhallr var mikill vexti, svartr ok þursligr; hann var heldr við aldr, ódæll í skapi, hljóð-lyndr, fá-máligr hvers-dagliga, undir-förull ok þó atmælasamr, ok fýstiz jafnan hins verra. Hann hafði  
 10 lítt við trú blandaz síðan hón kom á Grænland. Þórhallr var lítt vinsældum horfinn; en þó hafði Eirikr lengi tal af hönум haldit. Hann var á skipi með þeim Þorvaldi, þvfat hönум var víða kunnigt í óbygðum. Þeir höfðu þat skip er Þor-  
 15 björn hafði út þangat, ok réðuz til ferðar með þeim Karlsefni, ok vóru þar flestir Grænlenskir menn á. Á skipum þeirra var fjórir tigur manna annars hundraðs. Siglðu þeir undan landi; síðan til Vestri-bygðar, ok til Bjarneyja. Siglðu þeir þaðan undan Bjarneyjum norðan-veðr. Vóru þeir úti tvau dægr. Þá fundu þeir land, ok reru fyrir á bátum, ok  
 20 könnuðu landit, ok fundu þar hellur margar ok svá stórar, at tveir menn máttu vel spyrnaz í iljar. Mel-rakkar vóru þar margir. Þeir gáfu nafn landinu, ok kölluðu Hellsu-land. Þá siglðu þeir norðan-veðr tvau dægr, ok var þá land fyrir þeim, ok var á skógr mikill ok dýr mörg. Ey lá í land-suðr undan  
 25 landinu, ok fundu þeir þar bjarn-dýr, ok kölluðu Bjarney, en landit kölluðu þeir Mark-land þar er skógrinn var. Þá er liðin vóru tvau dægr, sjá þeir land, ok þeir siglðu undir landit. Þar var nes, er þeir kvómu at. Þeir beittu með landinu, ok létu landit á stjórn-borða. Þar var öræfi, ok  
 30 strandir langar ok sandar. Fara þeir á bátum til landz, ok fundu kjöl af skipi, ok kölluðu þar Kjalar-nes. Þeir gáfu ok nafn ströndunum, ok kölluðu Furðu-strandir, þvfat langt var með at sigla. Þá görðiz vág-skorit landit, ok héldu þeir

skipunum at vágunum.—Þat var þá er Leifr var með Óláfi konungi Tryggva syni, ok hann bað hann boða kristni á Grænlandi, ok þá gaf konungr hönum tvá menn Skotzka, hét karlmaðrinn Haki en konan Hækja. Konungr bað  
 5 Leif taka til þessara manna, ef hann þyrfti skjótleiks við, þvfat þau vóru dýrum skjótari. Þessa menn fengu þeir Eiríkr ok Leifr til fylgðar við Karlsefni. En er þeir höfðu siglt fyrir Furðu-strandir, þá létu þeir ena Skotzku menn á land, ok báðu þau hlaupa í suðr-átt ok leita landz-kosta, ok  
 10 koma aprt áðr þrjú dægr væri liðin. Þau vóru svá buin, at þau höfðu þat klæði er þau kölluðu *biäfal*; þat var svá gört, at hattrinn var á upp, ok opit at hliðum, ok engar ermar á, ok knept á milli fóta. Hélt þar saman knappr ok nezla, en ber vóru þau annars-staðar. Þeir köstuðu akkerum, ok lágu  
 15 þar þessa stund. Ok er þrír dagar vóru liðnir, hljópu þau af landi ofan, ok hafði annat þeirra í hendi vínberja-köngul, en annat hveiti-ax sjalf-sait. Sögðu þau Karlsefni, at þau þóttuz fundit hafa landz-kosti góða. Tóku þeir þau á skip stít, ok fóru leiðar sínnar, þar til er varð fjarð-skorit. Þeir lögðu  
 20 skipunum inn á fjörðinn. Þar var ey ein út fyrir, ok vóru þar straumar miklir um eyna; þeir kölluðu hana Straums-ey. Fugl var þar svá margr, at trautt mátti sæti niðr koma milli eggjana. Þeir héldu inn með firðinum, ok kölluðu hann Straums-fjörð, ok báru farminn af skipunum ok bjogguz þar  
 25 um. Þeir höfðu með sér allz-konar fé ok leituðu sér þar landz-nytja. Fjöll vóru þar, ok fagrt var þar um at litaz. Þeir gáðu einskis nema at kannalandit. Þar vóru grös mikil. Þar vóru þeir um vetrinn, ok görðiz vetr mikill, en ekki fyrir unnit, ok görðiz silt til matarins, ok tókuz af veiðarnar. Þá  
 30 fóru þeir út í eyna, ok vættu at þar mundi gefa nokkut af veiðum eða rekum. Þar var þó lítið til mat-fanga, en fé þeirra varð þar vel. Síðan hétu þeir á Guð, at hann sendi þeim nokkut til mat-fanga, ok var eigi svá brátt við látið sem

þeim var ann't til. Þórhallr hvarf á brotu, ok gengu menn at leita hans; stóð þat yfir þrjú dægr í samt. Á hinu fjórða dægri fundu þeir Karlsefni ok Bjarni hann Þórhall á hamargnúpu einni; hann horfði í lopt upp, ok gapði hann bæði augum ok munni ok nössum, ok klóraði sér, ok klýpði sik, ok pulði nökkut. Þeir spurðu, hví hann væri þar kominn. Hann kvað þá þat öngu skipta; bað hann þá ekki þat undraz; kvezt svá lengst lifat hafa at þeir þurftu ekki ráð fyrir hönnum at göra. Þeir báðu hann fara heim með sér. Hann görði svá. Líftlu síðarr kom þar hvalr, ok drifu menn til, ok skáru hann, en þó kendu menn eigi hvat hvala þat var. Karlsefni kunnir mikla skyn á hvölum ok kendi hann þó eigi. Þenna hval suðu mat-sveinar, ok átu af, ok varð þó öllum slit af. Þá gengr Þórhallr at ok mælti: 'Var eigi svá, at hinn Rauðskeggjaði varð drjúgari en Kristr yðvarr? þetta hafða ek nú fyrir skaldskap mín, er ek ortu um Þór full-truann; sjaldan hefir hann mér brugðiz.' Ok er menn vissu þetta, vildu öngir nýta, ok köstuðu fyrir björg ofan, ok sneru sínu máli til Guðs miskunnar. Gaf þeim þá út at roa, ok skorti þá eigi birgðir um várit. Fara þeir inn í Straums-fjörð, ok höfðu föng af hváru-tveggja landinu, veiðar af megin-landinu, eggver ok út-róðra af sjónum. Nú ræða þeir um ferð sína ok hafa tilskipan. Vill Þórhallr Veiði-maðr fara norðr um Furðu-strandir ok fyrir Kjalarnes, ok leita svá Vínlandz; en Karlsefni vill fara suðr fyrir land ok fyrir austan, ok þikkir land þvfi meira sem suðr er meir, ok þikkir hönnum þat ráðligra at kanna hvárt-tveggja. Nú býz Þórhallr út undir eyjum, ok urðu eigi meirr í ferð með hönnum en niu menn; en með Karlsefni fór annat liðit þeirra. Ok einn dag er Þórhallr bar vatn á skip sftt, þá drakk hann ok kvað vísu þessa:—

Hafa kváðu mik meidar malm-þings er ek kom hingat

(mér samir lítt fyrir lýðum lasta) drykk inn bazta:

Bíldz hattar verðr byttu beiði-týr at reida;

heldr er svá at ek krýp at keldu; komað vín á grön mína.

Láta þeir út síðan, ok fylgir Karlsefni þeim undir eyna. Áðr þeir drógu seglit upp kvað Þórhallr vísu:—

Förum apr þar er úr eru, sand-tímms, landar,  
 lítum kennt-val kanna knarrar-skeið hin breiðu:  
 5 Meðan bú-styggvir byggva bekkir þeir er hval vella  
 laufa-veðes þeir er keyta lönd á Furðu-ströndum.

Síðan skilðu þeir, ok siglðu norðr fyrir Furðu-strandir ok Kjalarnes, ok vildu beita þar fyrir vestan. Kom þá veðr á móti þeim, ok rak þá upp við Írland, ok voru þar mjök þjádír  
 10 ok barðir. Þá lét Þórhallr líf sítt. Karlsefni fór suðr fyrir land ok Snorri ok Bjarni ok annat lið þeirra. Þeir fóru lengi, ok til þess er þeir kvómu at á þeirri, er féll af landi ofan, ok í vatn ok svá til sjóvar. Eyrar voru þar miklar fyrir ár-ósinum, ok mátti eigi komaz inn í ána nema at há-flæðum.  
 15 Siglðu þeir Karlsefni þá til ár-óssins, ok kölluðu í Hópi landit. Þar fundu þeir sjalf-sána hveiti-akra, þar sem lægðir voru, en vín-viðr allt þar sem holta kendi. Hverr lækr var þar fullr af fiskum. Þeir görðu þar grafir sem landit mættiz, ok flóðit gekk efst; ok er út féll, voru helgir fiskar í gróf-  
 20 unum. Þar var mikill fjöldi dýra á skégi með öllu móti. Þeir voru þar halfan mánuð ok skemtu sér, ok urðu við ekki varir. Fé sítt höfðu þeir með sér. Ok einn morgin snemma, er þeir lituðuz um, sá þeir niu húð-keipa, ok var veift trjónum af skipunum, ok lét því líkast í sem í halm-þustum, ok ferr  
 25 sólar-sinnis. Þá mælti Karlsefni: 'Hvat mun þetta tákna?' Snorri svarar hönun: 'Vera kann, at þetta sé friðar-tákn; ok tókum skjöld hvítan, ok berum í mót.' Ok svá görðu þeir. Þá reru hinir í mót, ok undruðuz þá, ok gengu þeir á land. Þeir voru smáir menn ok illiligir, ok slt höfðu þeir hár á  
 30 höfði; eygðir voru þeir mjök ok breiðir í kinnunum. Ok dvölðuz þar um stund ok undruðuz. Reru síðan í brott suðr fyrir nesit. Þeir höfðu gört bygðir sínar upp frá vatninu. Ok voru sumir skálarnir nær megin-landinu, en sumir nær

vatninu. Nú vóru þeir þar þann vetr. Þar kom allz engi snjár, ok allr fénaðr gekk þar úti sjalf-ala.

En er vára tók, geta þeir at líta einn morgin snemma, at fjölði húðkeipa reri sunnan fyrir nesit, svá margir sem kolum ; væri sáð, ok var þá ok veift á hverju skipi trjónum. Þeir brugðu þá skjöldum upp ok tóku kaup-stefnu sín á millum, ok vildi þat folk helzt kaupa rautt skrud ; þeir höfðu móti at gefa skinna-vöru ok algrá skinn. Þeir vildu ok kaupa sverð ok spjót, en þat bönnuðu þeir Karlsefni ok Snorri. Þeir höfðu ófólvan belg fyrir skrudit, ok tóku spannar-langt skrud fyrir belg, ok bundu um höfuð sér, ok fór svá um stund. En er minka tók skrudit, þá skáru þeir í sundr, svá at eigi var breiðara en þvers fingrar breitt ; gáfu þeir Skrælingar jafn-mikit fyrir eða meira.

Þat þar til, at griðungr hljóp ór skógi, er þeir Karlsefni áttu, ok gall hátt við. Þeir fælaz við Skrælingar ok hlaupa út á keipana ok reru súðr fyrir land. Varð þá ekki vart við þá í þrjár vikur í samt. En er sjá stund var liðin, sjá þeir sunnan fara mikinn fjölða skipa Skrælinga, svá sem straumur stæði ; var þá veift trjónum öllum rang-sælis ok ýla allir Skrælingar hátt upp. Þá tóku þeir rauða skjöldu ok báru í mót. Gengu þeir þá saman ok börðuz ; varð þar skot-hrfd hörð. Þeir höfðu ok val-slöngur Skrælingar. Þat sjá þeir Karlsefni ok Snorri, at þeir færðu upp á stöngum, Skrælingarnir, knött stundar mikinn því nær til at jafna sem sauðarvömb ok blán at lit, ok fló upp á land yfir liðit ok lét illiliga við þar er niðr kom. Við þetta sló ótta miklum yfir Karlsefni ok á lið hans, svá at þá fýsti einskis annars en halda undan ok upp með ánni, þvíat þeim þótti lið Skrælinga drífa at sér öllum megin ; ok létta eigi fyrr en þeir koma til hamra nökkurra ; veittu þeir þar viðtöku harða. Freydis kom út, ok sá er þeir héldu undan. Hón kallaði : ‘Hví renni þér undan slíkum auvirðis-mönnum svá gildir menn, er

mér þætti líklegt at þér mættið drepa þá svá sem bú-fé? ok ef ek hefða vápn, þætti mér sem ek munda betr berjaz en einhverr yðvar.' Þeir gáfu aungvan gaum hvat sem hón sagði. Freydís vildi fylgja þeim, ok varð hón heldr sein, 5 þvíat hón var eigi heil; gekk hón þá eptir þeim í skóginn; en Skrælingar sækja at henni. Hón fann fyrir sér mann dauðan, Þorbrand Snorra son, ok stóð hellu-steinn í höfði hónum; sverðit lá hjá hónum, ok hón tók þat upp, ok býz at verja sik með. Þá koma Skrælingar at henni; hón tekr 10 brjóstið upp ór serkinum ok slettir á (bert) sverðit. Þeir fælaz við ok hlaupa undan ok á skip sín, ok héldu á brottu. Þeir Karlsefni finna hana ok lofa kapp hennar. Tveir menn féllu af Karlsefni, en fjórir af Skrælingum, en þó urðu þeir ofrliði bornir. Fara þeir nú til búða sínna, ok fluga hvat 15 fjölmenni þat var, er at þeim sótti á landinu; sýniz þeim nú, at þat eina mun liðit hafa verit, er á skipunum kom, en annat liðit mun hafa verit sjón-hverfingar. Þeir Skrælingar fundu ok mann dauðan ok lá öx hjá hónum. Einn þeirra hjó í stein ok brotnaði öxin. Þótti þeim þá öngu nýtt, er eigi 20 stóð við grjótinu, ok kastaðu niðr.

Þeir þóttuz nú sjá, þótt þar væri landz-kostir góðir, at þar myndi jafnan ófriðr ok ótti á liggja, af þeim er fyrir bjoggu; bjogguz þeir á brutt ok æluðu til síns landz. Siglðu þeir norðr fyrir, ok fundu fimm Skrælinga í skinn-hjúpum 25 sofandi, ok höfðu með sér skokka, ok í dýra-merg dreyra blandinn; virðu þeir svá, at þeir mundu gervir af landinu. Þeir drápu þá. Síðan fundu þeir nes eitt ok fjölda dýra, ok þann veg var nesit at sjá, sem myki-skán væri, af því at dýrin lágu þar um vetrna. Nú koma þeir í Straums-fjörð, ok er 30 þar allz-konar gnóttir. Er þat sumra manna sögn, at þau Bjarni ok Freydís hafi þar eptir verit ok tiu tigir manna með þeim, ok hafi eigi farit lengra. En þeir Karlsefni ok Snorri höfðu suðr farit ok fjórir tigir manna ok hafði eigi lengr verit

í Hópi en vart tvá mánuði, ok hafði it sama sumar apr komit. Karlsefni fór á einu skipi at leita Þórhallz, en liðit var eptir, ok fóru þeir norðr fyrir Kjalarnes; ok ber þá fyrir vestan fram ok var landit á bak-borða þeim. Þar vóru eyðimerkr einar. Ok er þeir höfðu lengi farit, fellr á af landi ofan ór austri ok í vestr; þeir lágu inn í ár-ósinum ok lágu við hinn syðra bakkann. Þat var einn morgin er þeir Karlsefni sjá fyrir ofan rjóðrit flekk nökkurn svá sem glitaði við þeim, ok æptu þeir á. Þat hrærðiz, ok var þat Einfætingr, ok skýtz ofan þangat sem þeir lágu. Þorvaldr, son Eiriks hins Rauða sat við stýri, ok skaut Einfætingr ör í smá-parma hönnum. Hann dró út örina. Þá mælti Þorvaldr: 'Gótt land höfum vér fengit, feitt er um ístruna.' Þá hleypr Einfætingrinn á brutt ok norðr aprt. Þeir hljópu eptir Einfætingi, ok sá (þeir) hann stundum, ok þótti sem hann leitaði undan. Hljóp hann út á vág einn. Þá hurfu þeir aprt. Þá kvað einn maðr kviðling þenna:—

Eltu seggir, all-satt var þat,  
 einn Einfæting ofan til strandar:  
 En kynligr maðr kostaði rásar  
 hart of stopi. Heyrðu Karlsefni!

Þeir fóru þá í brutt ok norðr aprt, ok þóttuz sjá Einfætingaland. Vildu þeir þá eigi lengr hætta liði sínu. Þeir ætluðu öll ein fjöll þau er í Hópi vóru, ok þessi er nú fundu þeir, ok þat stæðiz mjök svá á, ok væri jam-langt ór Straums-firði beggja vegna. Fóru þeir aprt ok vóru í Straums-firði hinn þriðja vettr. Gengu menn þá mjök sleitum; sóttu þeir er kvónlausir vóru í hendr þeim er kvángaðir vóru. Þar kom til hit fyrsta haust Snorri son Karlsefnis, ok var hann þá þrêvetr er þeir fóru í brott. Þá er þeir siglðu af Vínlandi höfðu þeir suðræn veðr, ok hittu Markland, ok fundu Skrælinga fimm, ok var einn skeggjaðr, tvær konur, börn tvau. Tóku þeir *Karlsefni til sín sveinana*; en hitt komz undan ok sukku



í jörð niðr. En sveinana höfðu þeir með sér ok kendu þeim mál ok vóru skírðir. Þeir nefndu móður sína Vætildi ok föður Uvægi. Þeir sögðu at konungar stjórnuðu Skrælingalandi; hét annarr Avalldamon, en annarr hét Valldidida.  
 5 Þeir kvóðu þar engi hús, ok lágu menn í hellum eðr holum. Þeir sögðu land þar öðrum-megin gagn-vart sínu landi ok gengu menn þar í hvítum klæðum, ok æptu hátt, ok báru stangir, ok fóru með flskr. Þat ætla menn Hvíttramanna-land. Nú kómu þeir til Grænlandz ok eru með Eiriki Rauða um  
 10 vetrinn.

Þá Bjarna Grfmólfs son bar í Írlandz-haf ok kómu í maðk-sjá; fundu þeir eigi fyrr en skipit göriz maðk-smogit undir þeim. Þá töluðu þeir um, hvert ráð þeir skyldu taka. Þeir höfðu eptir-bát þann er bræddr var sel-tjöru. Þat segja menn,  
 15 at skel-maðkrinn smjúgi eigi þat tré, er sel-tjörunni er brætt. Var þat flestra manna sögn ok tillaga, at skipa mönnum í bátinn svá sem hann tæki upp. En er þat var reynt, þá tók bátrinn eigi meirr upp en helming manna. Bjarni mælti þá, at menn skyldi fara í bátinn, ok skyldi þat fara at hlut-föllum,  
 20 en eigi at mann-virðingum. En hverr þeirra manna vildi fara í bátinn, sem þar vóru; þó mátti hann eigi við öllum taka; fyrir því tóku þeir þetta ráð, at hluta menn í bátinn ok af kaup-skipinu. Hlutaðiz þar svá til, at Bjarni hlaut at fara í bátinn ok nær helmingr manna með hónum. Þá gengu  
 25 þeir af skipinu ok í bátinn, er til þess höfðu hloutiz. Þá er menn vóru komnir í bátinn, mælti einn ungr maðr Íslenzkr, sá er verit hafði föru-nautr Bjarna: 'Ætlat þú, Bjarni, at skiljaz hér við mik?' Bjarni svarar: 'Svá verðr nú at vera.' Hann segir: 'Svá með því at þú hézt mér eigi því, þá er ek  
 30 fór með þér af Íslandi frá bui föður míns.' Bjarni svarar: 'Eigi sé ek hér þó annat ráð til; en hvat leggr þú hér til ráðs?' Hann s[varar]: 'Sé ek ráðit til: at vit skiptumz í rúmunum ok farir þú hingat, en ek mun þangat.' Bjarni

svarar : ' Svá skal vera ; ok þat sé ek, at þú vinnr gjarna til lífs ok þikkir mikit fyrir at deyja.' Skiptuz þeir þá í rúmunum. Gekk þessi maðr í bátinn, en Bjarni upp í skipit ; ok er þat sögn manna, at Bjarni létiz þar í maðka-hafinu ok þeir menn, sem í skipinu vóru með hönunum. En bátrinn, ok þeir, er þar vóru á, fóru leiðar símar til þess er þeir tóku land, ok sögðu þessa sögu síðan.

Annat sumar eptir fór Karlsefni til Íslandz ok Snorri með hönunum, ok fór hann heim til búss síns í Reynines. Móður hans þótti sem hann hefði lítt til kostar tekit, ok var hön eigi heima þar inn fyrsta vetr. Ok er hön reyndi at Guðríför var skörungur mikill, fór hön heim, ok vóru samfarar þeirra góðar. Dóttir Snorra Karlsefnis sonar var Hallfríför, móðir Thorlaks byskups Rúnolfs sonar. Þau áttu son er Þorbjörn hét ; hans dóttir hét Þórunn, móðir Bjarnar byskups. Þorgeir hét sonr Snorra Karlsefnis sonar, faðir Yngvildar, móður Brandz byskups hins fyrra. Ok lýkr þar þessi sögu.—Chs. 6—15.

## 13. ÞÆTTIR.

*The Icelander telling Stories at Court.*

Svá bar til á einu sumri, at einn Íslenzkr maðr ungr ok fráligr, en þó fé-lauss, kom til Haraldz konungs ok bað hann ásjá. Konungr spurði, ef hann kynni nökkura fræði ; hann létz kunna nökkurar sögur. Konungr mælti : ' Ek mun taka við þér, svá at þú skalt vera með hirð mínni í vetr, ok skemta ávalt, er menn vilja, hvern sem þik biðr.' Ok svá görði hann ; aflaði hann sér skjótt vinsælda af hirðinni, ok gáfu þeir hönunum klæði, en konungr sjalfr gaf hönunum gótt vápn í hönd sér. Leið nú svá fram til Jóla. Þá ógladdiz Íslendingr ; konungr fann þat, ok spurði hvat til bæri ógleði hans ; hann kvað koma til mis-lyndi sína. ' Ekki mun svá vera,' segir konungr, ' ok mun ek geta til. Þat er ætlan mín, at nú muni uppi sögur

þínar, þvíat þú hefir jafnan skemt hverjum sem beitt hefir í vetr, ok löngum bæði nætr ok daga; nú mun þér silt þykkja at þrjóti sögurnar at Jólunum, en þú mundir vilja segja eigi inar sömu.' 'Rétt er svá sem þú getr,' segir hann, 5 'sú ein er sagan eptir, er ek þori eigi hér at segja, þvíat þat er Útfarar-saga yðar.' Konungr mælti: 'Sú er ok svá sagan, at mér er mest forvitni á at heyra. Skaltú nú ekki skemta framan til Jólanna, er menn eru í starfi miklu; en Jóla-dag inn fyrsta skaltú upp hefja þessa sögu, ok segja af 10 spöl nökkurn; þá eru drykkjur miklar, ok má þá sitja skömmum við at hlýða skemtaninni; mun ek svá stilla til með þér at jafn-drjúg verði sagan ok Jólin; ok ekki muntú á finna, meðan þú segir söguna, hvárt mér þykkir vel eðr slla.' Þetta fór svá, at Íslendingr hóf upp söguna Jóla-dag 15 inn fyrsta, ok sagði eigi lengi áðr konungr bað hætta; tóku menn þá umtal mikit um skemtanina; mæltu sumir at þat væri Íslendingi djörfung at segja þessa sögu; eðr hversu konungi mundi líka; sumum þótti hann vel segja, en sumum fannz minna um. Konungr var vandr at, at vel væri til hlýti; 20 stózt þat ok á með til-stilli konungs, at Jólin þraut ok lokit var sögunni. Ok inn Þrettánda dag mælti konungr: 'Er þér eigi forvitni á, Íslendingr,' segir hann, 'hversu mér líkar sagan?' 'Hræddr er ek þar um, herra,' segir hann. Konungr mælti: 'Mér þykkir all-vel sögð, ok hvergi vikit frá því sem 25 efni stóð til; eðr hvern kendi þér?' Hann svarar: 'Þat var vanði minn út þar á Íslandi, at ek fór hvert sumar til Þings, ok nam ek hvert sumar nökkut af sögunni, er Halldórr sagði Snorra son.' 'Þá er eigi undarligt,' sagði konungr, 'at þú kunnir vel, er þú hefir af hönnum numit; ok heldr mun þessi 30 saga þér at gagni verða; skaltú með mér vel-kominn hvern tíma er þú vill með mér vera.' Var hann með konungi um vetrinn; en um várit fekk konungr hönnum góðan kaup-eyri, ok varð hann síðan þrifnaðar-maðr.—*Har. S., ch. 99, (Hulda.)*

*Brand the Open-handed.*

Nú er frá því sagt, at á einu sumri kom til Noregs útan af Íslandi Brandr, son Vermundar í Vatzfirði; hann var kallaðr Brandr inn Örví; var honum þat sann-nefni. Brandr lagði skipi sínu inn til Níðaróss. Þjóðólfr skald var vinr Brandz ok hafði mart sagt Haraldi konungi frá örleik hans ok stórmennzku. En er Brandr var kominn til bæjarins, sagði Þjóðólfr þat konungi, ok ræddi þá enn mart um vinsældir hans á Íslandi ok örleik. Þá mælti konungr: 'Þat skal nú skjótt reyna, hvárt hann er svá örr, sem þú segir: gakk til hans ok bið hann gefa mér skikkju sína.' Þjóðólfr fór ok kom inn í skemmu eina þar er Brandr var fyrir; hann stóð á golfinu ok stikaði lérept. Hann var í skallatz-kyrtli ok hafði yfir útan skallatz-skikkju, ok hafði skikkju-böndin uppi á höfði sér meðan hann stikaði léreptit; hann hafði öxi gull-rekna í handar-krika sér. Þjóðólfr mælti: 'Konungr vill þiggja skikkjuna.' Brandr hélt fram athöfn sínni ok svaraði öngu, en lét falla skikkjuna aptr af herðum sér. Þjóðólfr tók upp ok færði konungi. Konungr spurði, hversu færi með þeim. Hann sagði at Brandr hefði engi orð um; sagði Þjóðólfr ok frá athöfn hans ok búningi. Konungr mælti: 'Víst er sjá maðr skap-stórr, ok mun vera mikilsháttar, er honum þótti eigi þurfa orð um at hafa; gakk enn ok seg, at ek vil þiggja af honum öxina þá ina gull-reknu.' Þjóðólfr mælti: 'Ekki er mér mikit um, herra, at fara optar; veit ek eigi hversu hann vill þat taka, ef ek kref vápnis ór hendi honum.' Konungr mælti: 'Þú vaktir þetta mál, ok sagðir mikit af örleik hans, bæði nú ok fyrr; skaltu af því fara; þykki mér hann ekki örr, ef hann gefr mér eigi öxina.' Þjóðólfr fór ok sagði Brandi, at konungr vildi þiggja öxina. Hann rétti þegar frá sér öxina ok mælti ekki. Þjóðólfr færði konungi öxina, ok sagði hversu farit hafði. Konungr mælti:

‘Meiri ván at þessi maðr sé örvari en flestir menn aðrir; ok heldr fénar nú. Far þú enn ok seg, at ek vil þiggja kyrtlinn, er hann stendr í.’ Þjóðólfr mælti: ‘Ekki heyrir mér, herra, at fara til þessa; kann vera, at hann virði sem ek vilja spotta hann.’ ‘Þú skalt fara,’ segir konungr. Þjóðólfr fór ok sagði Brandi, at konungr vill þiggja kyrtlinn. Brandr brá þá sýslunni, ok stepti af sér kyrtlinum, ok mælti ekki; hann spretti af annarri erminni ok hafði eptir; en kastaði kyrtlinum til Þjóðólfs; en hann færði konungi. Konungr leit á ok mælti: 10 ‘Þessi maðr er bæði vitr ok stór-lyndr; auð-sætt er mér, at því hefir hann erminni af sprett, at hönnum þykkir sem ek eiga eina höndina, til þess þó at þiggja jafnan, en aldri at gefa; ok fari nú eptir hönnum.’ Var svá gört. Kom Brandr ok fagnaði konungr hönnum vel; þá Brandr af konungi mikla 15 virðing ok stórar gjafir.—*Har. S.*, ch. 96, (*Hulda*.)

*Ivar the Love-sick Poet and King Eysteinn.*

Eysteinn konungr hafði í marga staði bætt rétt landsmanna, ok hélt hann vel upp lögunum. Hann görði sér kunnig öll lög í Noregi, var hann spekingr mikill at viti. Á þeima hlut, sem eptir ferr, má marka, hvern ágætis-maðr 20 Eysteinn konungr var at ráð-speki, eðr hversu vinhollr hann var, ok hugkvæmr eptir at leita við vini sína, hvat þeim væri at harmi, ef hann sá þá óglaða:—Sá maðr var með hönnum, er hét Ívarr ok var Ingimundar son; hann var Íslenzkr, vitr maðr ok ætt-stórr. Konungr var ástsamliga til hans sem 25 sýnaz mun. Þorfinnr hét bróðir Ívars; hann fór útan á fund Eysteins konungs, ok naut hann þar frá mörgum mönnum bróður síns; en Þorfinnr öfundaði þat, er mönnum þótti hann eigi jafn-menni bróður síns, ok þurfti hans at njóta; ok unði hann því eigi með konungi ok bjóz til Íslandz. En 30 áðr þeir bræðr skildu, mælti Ívarr til Þorfinnz: ‘Nú vil ek, bróðir, bjóða þér eyrendi út til Íslandz; þú kennir konu þá,

r heitir Oddný ok er Joans dóttir ; ber þú henni þau orð nfn með kveðju-sending, at hón giptiz eigi öðrum manni en nér, þvíat hón er svá af konum at mér leikr helzt hugr i.' Síðan fór Þorfinnr út til Íslandz, ok rak ekki eyrendi oróður síns, heldr það hann þeirrar konu, Oddnýjar, sér til handa, ok var hón hónum gipt. Lífðu síðarr kom Ívarr út, ok þótti Þorfinnr slla hafa fyrir sér gört, ok unði hann líft við svá buit. Fór hann þá apr til Noregs, ok var enn með Eysteini konungi í góðu yfirlæti. Hann tók þá fáleika ok ógleði ; en er konungr fann þat, þá heimti hann Ívar á eintal, ok spurði hví hann var óglaðr—'En fyrr er þú vart með oss, var mikil skemtan at ræðum þínum jafnan ; en eigi leita ek því eptir ; veit ek at þú ert svá vitr maðr, at þú munt þat sjá kunna, sem ek veit, at ek hefi engan hlut af gört við þik ; nú seg mér, hvat er.' Ívarr svarar : 'Þat sem er, herra, má ek ekki frá segja.' Konungr mælti : 'Þá mun ek geta til. Eru þeir nökkurir hér, er þér getiz eigi at?' 'Eigi er þat, herra,' segir Ívarr. Konungr mælti : 'Þykkiz þú af mér hafa minna sóma en þú vildir?' Hann kvað eigi þat vera. Konungr mælti : 'Hefir þú sét nökkura þá hluti, er þér hafi svá mikit um fundizt, at þér þykkir þat slla?' Hann lét ekki þat vera. Konungr mælti : 'Fýsir þik til annarra höfðingja?' Hann segir þat sjarri fara. Konungr mælti : 'Vandaz mun oss nú at geta ; eru nökkurar konur þær hér eðr á öðrum löndum, er þér sé eptir-sjá at?' Hann sagði at þat væri. Konungr mælti : 'Ver eigi þar um hug-sjúkr. Ef sú kona er á Íslandi, þá far þú út, þegar er várar ; mun ek fá þér bæði fé ok sæmðir, ok þar með bréf mítt ok insigli til þeirra manna, er ráða eigu fyrir kosti þeirrar konu, ok veit ek eigi þeirra manna vánir, at eigi hneigiz fyrir mínum vin-mælum eða ógnar-orðum.' 'Þungligar er til farit, herra,' segir hann, 'bróðir mín fr á þessa konu.' 'Hverfum þar þá frá,' segir konungr, 'sé ek þar gótt ráð

við : þegar eptir Jól mun ek fara á veizlur ok far þú með mér ; mun þú þá sjá margar kurteisar konur, ok ef eigi eru konung-bornar, mun ek fá þér einhverja.' Ívarr svarar : 'Herra, því er þungligar komit mínu máli, at ávalt er ek sé fagrar konur ok drengiligar, þá minnir mik þessarar konu, ok er mín harmr æ því meiri.' Konungr mælti : 'Þá mun ek gefa þér forræði nökkur ok eigur, at þú skemtir þér við þat.' Hann svarar : 'Ekki uni ek því.' Konungr mælti : 'Þá fæ ek þér lausa-fé, ok far þú kaup-ferð þagat sem þú vill.' Hann sagðiz ekki þat vilja. Konungr mælti : 'Vandaz mun mér nú eptir at leita, þvfat ek hefi nú eptir leitað sem ek kann. Nú er einn hlutr eptir, ok er þessi lítils verðr hjá þessum, sem ek hefi boðit þér, en þó má eigi vita, hvat helzt hlýðir ; far þú nú á fund mínn hvern dag, þá er borð eru uppi, ef ek sit eigi yfir vanda-málum, ok mun ek tala við þik um konu þessa, alla vega sem þú vill, ok í hug má koma, ok mun ek gefa mér tóm til þessa ; þvfat þat kann henda, at mörgum verðr harms síns léttara, ef um er talað ; ok þat skal þessu fylgja, at þú skalt aldri gjaflost af mínum fundi fara.' Hann svarar : 'Þetta vil ek, herra, ok hafit mikla þökk fyrir yðra eptirleitan.' Nú gördðu þeir svá, at jafnan er konungr sat eigi yfir vanda-málum, þá talaði hann við Ívarr um þessa konu ; ok bættiz hónum skjótt, svá at lítlu síðarr var hann glaðr ok kátr sem hann hafði fyr 25 verit. Var hann síðan með Eysteini konungi ok unði vel.—  
*Sig. S., Ch. 19 (Hulda).*

*The Shepherd Poet sitting on the Howe.*

Sá maðr bjó þá á Þingvelli, er Þorkell hét. Hann var auðigr maðr at ganganda fé ok hafði jafnan hægt í bui ; engi var hann virðinga-maðr. Sauða-maðr hans hét Hall-30 björn ok var kallaðr Hali. Hann vandiz optliga til at koma á haug Þorleifs, ok svaf þar um nætr ok hélt þar nálægt fé

inu ; kemr hónum þat jafnan í hug, at hann vildi geta ort of-kvæði nökkurt um haug-buann, ok talar þat jafnan er iann liggr á hauginum. En sakir þess at hann var ekki skald ok hann hafði þeirrar listar eigi fengit, fekk hann ekki kveðit, ok komz aldri lengra áfram fyrir hónum um skaldskapinn, en hann byrjaði svá :—

Hér liggr skald.

En meira gat hann ekki kveðit.—Þat var eina nótt sem optar, at hann liggr á hauginum, ok hefir ina sömu iðn fyrir stafni, ef hann gæti aukit nökkut lof um haug-buann. Síðan sofnar hann ; ok eptir þat sér hann, at opnaz haugrinn, ok gengr þar út maðr, mikill vexti ok vel buinn. Hann gekk upp á hauginn at Hallbirni ok mælti : ‘ Þar liggr þú, Hallbjörn, ok vildir fáz í því, sem þér er ekki lánat, at yrkja lof um mik. Ok er þat annat-hvært, at þér verðr lagit í þessi sprott, ok munt þú þat af mér fá, vel meira en flestum mönnum öðrum, ok er þat vænna at svá verði, ella þarftu ekki í þessu at brjótað lengr. Skal ek nú kveða fyrir þér vísu ; ok ef þú getr numit vísuna ok kannt hana þá er þú vaknar, þá munt þú verða þjóð-skald ok yrkja lof um marga höfðingja, ok mun þér í þessi sprótt mikit lagit verða.’ Síðan togar hann á hónum tunguna ok kvað vísu þessa :—

Hér liggr skald, þat er skalda skörungur var mestr at flestu . . .

Nú skaltú svá hefja skaldskapinn, at þú skalt yrkja lof-kvæði um mik, þá er þú vaknar, ok vanda sem mest bæði hátt ok orðfæri, ok einna mest kenningar.’ Síðan hverfr hann aptr á hauginn ok lykz hann aptr ; en Hallbjörn vaknar ok þikkiz sjá á herðar hónum. Síðan kunnir hann vísuna, ok fór síðan íl bygða heim með fé sítt eptir tíma, ok sagði þenna atburð. Orti Hallbjörn síðan lof-kvæði um haug-buann, ok var it nesta skald, ok fór útan fljótliga, ok kvað kvæði um marga höfðingja ok fekk af þeim miklar virðingar ok góðar gjafir



ok græddi af því stór-fé. Ok gengr af hönum mikil saga, bæði hér á landi ok útlendis, þóat hón sé hér eigi rituð.—  
*Flatey-book*, i. 214, 215.

*The Courting of Bishop Isleif.*

Síðan fór hann (i. e. *Isleif*) til Íslandz, ok þótti frændum  
5 hans ráð at styrkja hann með kván-fangi; hann var maðr fé-  
lftill, en átti stað-festu góða í Skála-holti ok goðorð. Síðan  
fór hann norðr í Víði-dal til Ásgeirs-ár; þar bjó sá maðr, er  
Þorvaldr hét; hann átti dóttur, er Dalla hét. Þeir kómu þar  
snemma dags, ok kvaddi bóndi þá ok bauð þeim þar at vera.  
10 Ísleifr kvað þá talaz mundu fyrst við—'Því at svá stenz  
af, at ek ferr bónorðz-för, ok biðr ek dóttur þínar.' Hann  
mælti: 'Góðar fréttir ganga frá þér; en svá vil ek þessu máli  
svara, at þú skalt ráðaz norðr hingat, ef þú vill ráða-haginn.'  
Hann svarar: 'Eigi get ek at mér sýniz þat, at láta stað-  
15 festu mína ok manna-forráð ok sveit, ok munu vit heldr  
skilja.' Síðan sneru þeir hestum sínum ok riðu; en hón  
Dalla var uppi á hey-des ok var in vænligsta kona; gekk  
Þorvaldr þangat. Hón mælti: 'Hverir kómu menn oss  
ókunnir?' Hann sagði henni. Hón mælti: 'Hvert var  
20 eyrendi þeirra?' Hann sagði at bónorðz-för var til hennar.  
Hón mælti: 'Hversu svaraðir þú?' Hann segir henni þat.  
Hón mælti: 'Eigi mundi þetta fyrir hafa staðit ráða-hagnum,  
ef ek hefða ráðit.' Hann svarar: 'Ertú þessa mjök fús?'  
Hón svarar: 'Fyrir þat mun ganga; þvíat ek hefi þá  
25 metnaðar-girnd, at eiga inn bezta manninn ok inn göfgasta  
soninn með hönum, er á Íslandi mun fæðaz; þykki mér  
eigi óráðligt at göra eptir þeim.' Hann svarar: 'Ekki hafa  
þín ráð lítið mátt hér til.' Síðan var eptir þeim riðit. Nú  
segir Þorvaldr, at hann kvezt ætla, at eigi mundi þat við  
30 nema ráða-hagnum, þótt eigi réðiz hann norðr þangat.  
Ísleifr lézt þessum málum vel kunna. Síðan var hón gipt

ónum, ok bygðu síðan í Skála-holti, ok áttu at sonum Gizur ok Teit ok Þorvald, ok vóru allir göfgir menn, þó at einn væri af öllum. Gizurr var mikill maðr ok sterkr. Síðan var þat ráð landz-manna, at hafa byskup nökkurn yfir sér, ok var til þess valinn Ísleifr, ok fór hann útan, ok kom út ok var í Skála-holti, en Dalla vildi bua á hálfu landi. Þá var um óhægindi at leika með mönnum at skipta fjám með þeim. Tiundir vóru þá öngar, en tollar vóru til lagðir um land allt.

Ísleifr var inn ágætasti maðr í sínum háttum; með hónum var upp sæddr Jón Ögmundar son, er síðan var byskup á Hólum, ok mælti hann þeim lofs-orðum til Ísleifs, at jafnan þá er menn ræddu um þá menn, er vænir vóru eðr hagir, eðr at öðru vel: 'Svá var Ísleifr, fóstri mín; hann var manna vænastr, manna hagrastr, allra manna beztr.' Þá mæltu þeir: 'Hverr gat nú hans?' Hann svarar: 'Þá kemr mér hann í hug, er ek heyri góðs mannz getið; hann reynda ek svá at öllum hlutum.'—*Flatey-book*.

•

*What King Harold thought of Gizur the Bishop.*

Þá er Gizurr son Ísleifs byskups kom á fund Haraldz konungs, þá var talat um, at hann væri merkiligr maðr. Þá mælti Haraldr konungr: 'Svá er sem þér segit; þvíat af Gizuri má göra þrjá menn.' Hann má vera vskinga-höfðingi, ok er hann vel til þess fenginn. Þá má hann ok vera konungr af sínu skaplyndi, ok er þess vel fengit. Með þriðja hætti má hann vera byskup, ok er hann bezt til þess fallinn af þessum þrim; ok þat mun hann hljóta, ok þykkja mesti ágætis-maðr.—*Har. S.*, ch. 109.

## IV. KONUNGA SOGUR OR LIVES OF KINGS

### I. FROM THE BOOK OF KINGS.

#### *Snorri's Life of Ari.*

ARI prestr hinn Fróði, Þorgils son, Gellis sonar, ritaði fyrst manna hér á landi at Norœnu máli frœði bæði for ok nýja. Ok ritaði hann mest í upphafi sinnar bókar í Íslandz bygð ok Laga-setning. Síðan frá Lögsögu mönnu hversu lengi hverr hafði sagt. Ok hafði fyrst ára-tal til þe er Kristni kom á Ísland, en síðan allt til sínna daga. Hann tók þar við mörg önnur dæmi, bæði Konunga æfi í Nore ok Danmörk, ok svá á Englandi; eða enn stór-tíðendi gerzt höfðu hér á Íslandi. Ok þikkir mörgum vitrum mönum hans sögn öll merkilig. Var hann forvitri, ok gamall, svá at hann var fœddr næsta vetr eptir fall Haral konungs Sigurðar sonar. Hann ritaði, sem hann sjalfr seg Æfi Noregs Konunga eptir sögn Oddz Kols sonar, Ha sonar af Síðu; en Oddr nam at Þorgeiri Afraðz-koll, þe 15 manni er vitr var, ok svá gamall, at hann bjó þá í Níðnesi, er Hákon jarl inn Ríki var drepinn. Í þeim stað lét Óláfr Tryggva son efna til Kaupangs, þar sem er. Ari prestr Þorgils son kom sjau vettra gamall í Hauka til Hallz Þórarins sonar, ok var þar xiv vetr. Hallr var st 20 vitr ok minnigr; hann mundi þat er Þangbrandr skírði hann þré-vetran. Þat var vettri fyrr en Kristni var í lög tekin í á Íslandi. Ari var tolf vettra gamall þá er Ísleifr bysk andaðiz. Hallr fór milli landa, ok hafði félag Óláfs konur hins Helga, ok fekk af því mikla uppreist; var hónum af 25 kunnikt konungs-ríki hans. En er Ísleifr byskup andað

var liðit frá falli Óláfs konungs Tryggva sonar nær átta tigr vettra. Hallr andaðiz niu vettrum síðarr en Ísleifr byskup. Þá var Hallr at vettra-tali nírfæðr ok fiogurra vettra. Hann hafði gert bú í Haukadal þrítugr, ok bjó þar sex tigi ok fjóra vettra. Svá ritaði Ari prestr. Teitr, son Ísleifs byskups, var með Halli í Haukadal at fóstri, ok bjó þar síðan. Hann lærði Ara prest, ok sagði hónum marga fræði þá er Ari ritaði síðan. Ari prestr nam ok marga fræði at Þúríði dóttur Snorra goða. Hón var spök at viti. Hón mundi Snorra feðr sinn. En hann var þá nær half-fertøgr er Kristni kom á Ísland, en andaðiz einum vettri eptir fall Óláfs konungs hins Helga. Því var eigi undarligt, at Ari prestr væri sannfróðr at fornum tíðindum, bæði hér ok útan-landz, at hann var sjalfr nám-gjarn ok vitr ok minnigr, en hafði numit at gömlum mönnum fróðum. En kvæðin þikkja mér sízt ór stað færð, ef þau eru rétt kveðin ok röksamliga upp tekin.—  
*From the Preface to the Book of Kings.*

*The Beginning of Ari's Book of Kings.*

Hér hefir upp KONUNGA-BOK eptir sögn Ara prestz Fróða. Ok hefr fyrst um þriðjunga skipti heimsins. En síðan frá öllum Noregs konungum.

KRINGLA heimsins sú er mann-folkít byggvir er mjök vág-akorin; ganga stór höf ór út-sjánnum inn í jörðina. Er þat kunnigt at haf gengr af Niorva-sundum ok allt út til Jórsala-landz. Af hafinu gengr langr hafs-botn til land-norðrs, er heitir Svarta-haf. Sá skilr heims-þriðjunga. Heitir fyrir austan Asia, en fyrir vestan kalla sumir Europa, en sumir Enea. En norðan at Svarta-hafi gengr Svíðjóð en Mykla eða hin Kalda. Svíðjóð hina Myklu kalla sumir menn eigi minni enn Serkland hit Mykla. Sumir jafna henni við Bláland hit Mykla. Hinn neyrðri hlutr Svíðjóðar liggir óbygðr af frosti ok kulða, sem hinn syðri hlutr Blálandz er auðr af sólar-hita. Í Svíðjóð

eru stór hérot mörg, ok margs konar þjóðir undarligar, ok margar tungur. Þar eru Dvergar ok Risar, ok Blámenn, ok þar eru dýr ok drekar furðuliga stórir. Or norðri frá fjöllum þeim er fyrir útan eru byggð alla, fellr á um Svíðjóð, sú er a 5 réttu heitir Tana-kvísl eða Vana-kvísl, hón kemr til sjáfa inn í Svarta-haf. Í Vana-kvíslum var þá kallat Vana-land eða Vana-heimr. Sú á skilr heims-þriðjunga, heitir fyrir austan Asia, enn fyrir vestan Europa, sem fyrr er sagt.

Fyrir austan Tana-kvísl í Asia, var kallat Ása-land eða Ása- 10 heimr. En höfuð-borgin, er var í landinu, kölluðu þeir Ásgarð. Enn í borginni var höfðingi sá er Óðinn hét. Þar var blót-skapr mikill. Þat var þar siðr, at tolf höfðingjar vóru cætur; skyldu þeir ráða fyrir blótum ok dómum manna í milli. Þat eru *Diar* kallaðir eða *dróttnar*. Þeim skyldi þjónustu veita all 15 folk ok lotning. Óðinn var her-maðr mikill ok mjök víð-förull ok eignaðiz mörg ríki. Hann var svá sigr-sæll, at í hverri orrostu fekk hann gagn. Ok svá kom, at hans menn trúðu því, at hann ætti heimilan sigr í hverri orrustu. Þat var hátrr hans, ef hann sendi menn sína til orrustu, eða aðrar 20 sendi-farar, at hann lagði áðr hendr í höfut þeim ok gaf þeim *biannak*. Trúðu þeir, at þá mundi þeim vel faraz. Svá var ok um hans menn, hvar sem þeir vóru í nauðum staddir á sjá eða landi, þá kölluðu þeir á nafn hans, ok þóttuz jafnan fá af því gagn. Þeir þóttuz þar eiga allt traust sem hann var. Hann 25 fór jafnan svá langt í brot, at hann dvalðiz í ferðinni mörg misseri.—*Ynglinga Saga, from the Book of Kings, chs. 1, 2.*

## 2. OLAFS SAGA TRYGGVA SONAR.

### *The Pitiful Death of Earl Hakon.*

Lítlu síðar var Hákon jarl at veizlu í Gaulardal þar sem heitir á Meðalhúsum; en skip hans lágu út við Viggju-Ormr Lyrgja er nefndr ríkr bóndi; hann bjó á bæ þeim er 30 heitir á Býnesi. Ormr átti þá konu er Guðrún er nefnd;

hón var dóttir Bergþórs af Lundum. Guðrún var kölluð  
 Lunda-sól, þvíat hún var kvenna fríðust. Hákon jarl sendi  
 þræla sína til Orms Lyrgju, þeirra erenda, at færa jarli konu  
 Orms. Þrælar kómu á Býnes ok báru fram sítt erendi. Ormr  
 5 tók því ekki fjarri. Bað þá fara fyrst til náttverðar. En áðr  
 þrælarnir voru mettir, kómu margir menn ór bygðinni til  
 Orms, sem hann hafði orð til sent. Lét Ormr þá engan  
 kost, at Guðrún færi með þrælunum. Guðrún mælti til  
 þrælanna : 'Segit þau mín orð jarli, at ek man eigi til hans  
 10 koma, nema hann sendi eptir mér Þóru af Rímol.' Þóra var  
 húsfreyja rík, ok ein af unnostum jarls. Þrælarnir fóru á brot  
 mjök reiðir ; en heitaðuz fast við bónda ok húsfreyju ; sögðu,  
 at þau mundi þessa iðraz áðr skamt liði þaðan ; ok at þeir  
 skyldi svá þar koma öðru sinni, at þeim þætti sá hinn bezi  
 15 báðum at gera vilja jarls. Skilðu þau við þat. Ormr skar upp  
 herör, ok sendi til Halldórs á Skerðings-steðju ; en Halldórr  
 lét þegar fara ör frá sér. Sendu þeir Ormr örvar-boð fjogurra  
 vegna í bygðina, ok létu þat boði fylgja, at allir vígir karlar  
 skyldu fara með vápnum at Hákon jarli ok drepa hann. Ok  
 20 eptir örvar-boði hljóp upp múgr mannz, ok sótti þat lið allt  
 til Meðalhúsa. Hákon jarl fekk njósn af her-hlaupi þessu.  
 Fór hann þá með allt lið sítt af bænum í dal einn djúpan, er  
 síðan er kallaðr Jarls-dalr ; leynduz þeir þar. Eptir um daginn  
 hafði jarl njósn allt af bónda-herinum. Bændr tóku vegu  
 25 alla ; ætluðu þeir helzt, at jarl mundi farinn út til skipa  
 sína ; en fyrir skipunum réð þá Erlendr, son jarls ; hann  
 var enn mannvænligasti maðr. En er náttaði þá dreifði  
 Hákon jarl liði sínu. Bað hann sína menn fara mark-leiði  
 út til Orkadals. 'Man engi maðr gera yðr mein,' segir hann,  
 30 'ef ek em hvergi í nánd. Segit Erlendi syni mínum, at hann  
 fari með skip vár út eptir firði, ok svá suðr á Mæri til fundar  
 við mik ; þvíat ek man þangat fara, þegar er nokkut dreifiz  
 herr bónda ; en ek mun vel fá leynzt í fylsknum nær oss

meðan þeir leita sem ákafast eptir mér ok þeir halda sama flokkinum.' Fóru jarls-menn þá brottu; sumir út til skipann á fund Erlendz, en þeir heim í bygð, er bú áttu. Jarl va eptir ok þræll hans, sá er hét Þormóðr Karkr. Þessi þræl  
 5 hafði Hákonni verit gefinn at tann-fé, þá er hann var barn því at þeir vóru jafn-gamlir báðir. Fóru þeir jarl þá at leit sér hælís. Reið jarl en Karkr gekk. En er þeir kómu at á þeirri er Gaul heitir, var íss á ánni mjök vökótt. Jarl fór af baki ok hratt hestinum í vök eina, ok þar lét hann eptir  
 10 möttul sínn, ok festi við ís-brúnina, svá at eigi mátti með öllu ofan reka. Fóru þeir þá til hellis þess er síðan er kallaðr Jarls-hellir. Þeir lágu þar um hríð ok sofnuðu. En er þeir vaknaðu, mælti þrællinn: 'Dreymði mik nú, herra.' Jarl spurði hvat hann dreymði. 'Mér þótti,' segir hann, 'vit vera  
 15 hér í hellinum. Ek sá at mikill maðr, svartr, ok illiligr, fór neðan at hellinum, ok hræddumz vit at hann mundi inn ganga í hellinn. Mér þótti hann stað nema fyrir hellis-durunum, ok mælti: "Nú er Ulli dauðr!" Síðan gekk hann brott ok upp til fjallz; en ek vaknaða.' Jarl mælti: 'Þar mun  
 20 Erlendr, son mín, vera drepinn.' Karkr sofnaði öðru sinni, ok lét enn illa í svefninum sem fyrr. En er hann vaknaði, spurði jarl: 'Hvat dreymði þik nú?' Þrællinn svarar: 'Mér þótti þessi inn sami maðr aka ofan ór fjallz-hlíðinni. En er hann kom at hellinum, mælti hann til mín: "Seg þú jarli, at  
 25 nú eru lokin sund öll?"' Jarl svarar: 'Skamt segir þú þá eptir líf-daga várra.'

Eptir dráp Þóris Klökku hélt Óláfr konungr útan fimm langskipum á fjörðinn. En þar reri innan at móti Erlendr, son Hákonar jarls, með þrem skipum. Logn var á veðrs, ok  
 30 nálgast skjótt skipin, er hvárir reru á mót öðrum. En er skamt var milli þeirra, grunaði þá Erlend, at ófriðr mundi vera. Sneru þeir þá sínum skipum at landi. Óláfr konungr sá þá langskip roa innan móti sér, ok hugði hann, at þar

mundi fara Hákon jarl. En er þeir Erlendr sneru undan, þá bað konungr sína menn roa eptir þeim sem ákafast. En er þeir Erlendr vóru mjök svá komnir at landi, þá reru þeir á grunn. Hjólpu þeir þegar fyrir borð, ok leituðu með sundi 5 til landz. Þá rendi at skip Óláfs konungs. Konungr sá hvar maðr svamm forkunnliga fríðr. Hann greip hjalm-völinn, ok kastaði at þessum manni. Kom þat högg í höfuð Erlendi, syni Hákonar jarls, svá at haussinn brotnaði til heila. Lét Erlendr þar líf sítt. Drápu þeir Óláfr þar mart manna. Sumt 10 liðit komz undan með flóttu; sumt tóku þeir ok gáfu grið, ok höfðu af tíðenda sögn. Var þá sagt konungi, at þessi maðr, er hann hafði drepit með hjalmun-velinum, var Erlendr, son Hákonar jarls, ok þat með, at bændr höfðu farit at Hákon jarli með ófriði, ok hann var vorðinn forflóttu fyrir 15 þeim, ok dreift var öllu hans liði.

Hákon jarl ok Karkr dvölðuz skamma hríð í hellinum. Stóðu síðan upp, ok gengu á bæinn Rimul. Sendi jarl þá Kark til Þóru, ok bað hana koma leyniliga á sinn fund. Hón gerði svá, ok fagnaði vel jarli er þau funduz. Jarl mælti til 20 hennar: 'Veizt þú nökkut þat leyni hér á bæ þínum, at þú megir fela mik um nökkurra náttu sakir, þar til er bændr rjúfa samnaðinn?' Þóra svaraði: 'Þat man mér eigi verða auðvelt at varð-veita þik hér á laun; munu óvinir þínir hér koma at rannsaka bæ þenna sem vandligast, ok öll nálæg 25 leyni. Man því hér framar leitað en hvar-vitna annar-staðar, fyrir þá skyld, at mörgum mönnum er kunnigt, at ek man hjalpa þér allt slíkt er ek orka. En þó er sá staðr einn á þessum bæ, at ek munda eigi kunna at leita þvífks höfðingja sem þú ert; þat er svína-bæli.' Þóra fylgði þeim þangat. 30 Þá mælti jarl: 'Þetta fylskni er vel fengit ok vitrliga; hér skulu vér um buaz; lífsins skal nú fyrst gæta meir en hirða hvárt herbergit er all-ríkmanligt.' Tók þá þrællinn, ok görði þar mikla gröf, ok bar brottu moldina. En þau jarl



ok Þóra sátu meðan ok töluðu. Sagði hún þá jarli þau tíðendi, er hún hafði ný-spurt, at Óláfr Tryggva son var kominn í fjörðinn, ok hann hafi drepit Erlend son jarls. Síðan gekk Hákon jarl í gröfina, ok Karkr þræll með hönum. 5 Þóra fekk þeim nóga vist ok drykk, ok þar með ljós ok aðra hluti þá er þeir þurftu at hafa. Því næst byrgði hún apr gröfina með viðum, ok sópaði á ofan moldu ok myki. Síðan rak hún þar yfir svínin. Tráðu þau niðr taðit svá, at ekki ný- virki sá á. Gekk Þóra þá heim til bæjar. Vissi eingi maðr 10 at jarl var þar nema hún ein. Svína-bæli þat var undir steini einum miklum.

Bændr þeir, er í atföer höfðu verit við Hákon jarl, fóru þegar á fund Óláfs Tryggva sonar, er þeir spurðu, at hann var í land kominn. Fagnaðu þeir hönum með öllum blíb- 15 skap ok góðvilja, ok segja svá: 'Þess er oss vorðinn mikill tíma-dagr, er vér náðum þik at finna; ok svá væntum vér at þér skal verða. Vér ætlaðum eptir Jómsvíkinga bardaga, at eingi mundi slíkr höfðingi, sem Hákon jarl, sakir sigr-sæli ok margra annarra hluta er hann hafði til höfðingskapar. 20 Vildi þá allt landz-folk ekki annat en halda jarl til ríkis. En síðan hans flzka ok ódád hefir svá mjök gengit ór dæmum at með öngu móti er þolanda, þá er nú orðinn öllum mönnum svá leiðr hans ósómi, at því síðr heldr hann ríkinu heðan af, at hann skal þegar týna lífinu sem vér nám hönum. Trúm 25 vér at þat verði gert með þínu fulltingi ok hamingju svá giptusamliga sem þér hefir til tekiz um drápit Erlendz sonar hans. Því viljum vér biðja, at þú göriz höfðingi yfir þessum flokki, ok biðir svá hærri tignar; þviat vér vitum, at allr land-herr vildi helzt þjóna undir af-kvæmi Haralldz ens Hárfagra, 30 þó at eigi sé jafn-ágætr maðr til sem þér erut.' Óláfr varð glaðr við ræðu þeirra. Gerðu þeir þá samlag sítt. Tóku bændr Ólaf til konungs yfir sik. Höfðu allir eitt ráð, at leita eptir Háconi jarli. Þeir fóru upp í Gaulardal. Þótti mönnum

þat líkazt at jarl mundi vera á Rimul, ef hann hefði til manna-  
bygða leitað, því at eingi var jafn-kærr vin jarls í þeim dal  
sem Þóra. En er þeir kómu at ánni Gaul, fundu þeir möttul  
jarls í vökinni, ok svá hestinn nökkuru neðar rekinn á eyri  
5 eina. En er þeir kannaðu möttulinn, talaðu nökkurir menn,  
at jarl mundi týnzt hafa í ánni, ok því þyrfti eigi lengr at  
leita hans. Þá mælti einn gamall maðr: 'Eigi kunni þér við  
slægðar-brögð jarls, ef þér truit hann týnzt hafa í á þessi; en  
þér skilit eigi, at þetta er prettr hans at blekkja yðr.' Konungr  
10 segir at svá var. Sam-byktu þat allir, ok héldu fram ferð  
sínni þar til er þeir kómu á bæinn Rimul. Þeir brutu þar  
upp hvert hús, ok leitaðu jarls, bæði úti ok inni, sem Þóra  
hafði getið til, ok fundu hann eigi. Þá átti Óláfr konungr  
þing úti í garðinum. Stóð konungr upp á stein þann inn  
15 mikla er þar var hjá svína-bælinu. Skaut konungr á erendi;  
talaði hátt ok hvelt, ok segir svá: 'Pat er mönnum kunnigt,  
at vér höfum leitað eptir Hákonu jarli. En fyrir því, at vér  
finnum hann eigi at sinni, þá skulu þat allir vita, at þeim skal  
ek gjalda makliga ömbun ok mikit verka-kaup, er verðr  
20 bana-maðr jarls.' Því næst fór Óláfr konungr með allt lið sítt  
brottu af bænum Rimul ok inn á Hlaðir, ok settiz þar.

Hákon jarl ok þrællinn vóru í gröfinni. Heyrðu þeir full-  
gerla hvat Óláfr konungr talaði. En er konungr var brottu  
ok hans menn, mælti jarl við Kark: 'Mikill mátt ok ógn  
25 fylgir þessa mannz máli. Ek hefir verit staddr í mörgum  
háska ok mann-raunum, ok hefir þat mælt verit, at ek væra  
eigi manna hræddastr. En nú við ein saman orð Óláfs þessa,  
greip óttinn mítt hjarta svá fast sem aldri fyrr, at mín hugr  
fylliz áhyggju ok hræzlu af hans ógnar-orðum.' Leit jarl þá  
30 til þrælsins, ok sá hans yfirbragð ok ásjónu mjök dökkna  
ok lit-verpaz. Jarl mælti til hans: 'Hvat er nú? hví ertú  
svá bleikr, en stundum svartr sem jörð. Er eigi þat, at þú  
vilir svíkja mik?' Karkr svarar: 'Eigi er þat; en hitt má

þér eigi undarligt þikkja, at ek hræðumz orð þessa manz  
eigi síðr en þú.' Jarl mælti: 'Má þat fyrir því, at vit vorur  
á einum degi fæddir; mun ok skamt verða millum dauð  
okkars.' En er náttaði, snæddu þeir báðir samt, ok drukk  
5 af einu keru. Jarl hélt vöku fyrir sér um nóttina, þvfat hann  
trúði flla þrælinum. En Karkr svaf bæði fast ok lengi, en þ  
vaknaði hann um síðir. Sá hann jarl vaka. Karkr mælti.  
'Dreymsði mik enn, herra. Mér þótti, sem vit værim báðir á  
einu skipi, ok skylda ek stýra.' Jarl mælti: 'Þar ræðr þú nú  
10 fyrir lífs stundum hvárs-tveggja okkars; ok ver þú mér trúr,  
sem þú átt at vera; þar fyrir skaltú hafa af mér góða ömbun,  
ef hér aðrir dagar koma.' Karkr sofnaði öðru sinni, ok lét  
illiliga. En er hann vaknaði, spurði jarl, hvat hann dreymsði.  
Hann svarar: 'Á Hlöðum var ek nú, ok lagði Óláfr Tryggva  
15 son gull-men á hals mér. Ok enn þótti mér hann gefa mér  
einn mikinn hest.' Jarl mælti: 'Þar mun Óláfr láta hring  
blóð-rauðan um hals þér, ef þú kemr til hans. Vara þik svá,  
at hann mun láta afhöfða þik, ok þó eigi örvænt at síðan  
láti hann þik upp festa til háðungar, ok gefi þér svá hest  
20 En af mér muntú gótt hljóta, svá sem fyrir hefir verit, ef þ  
svfkr mik eigi.' Síðan vökðu þeir báðir, svá sem hvárg  
trýði öðrum. En móti deginum sofnaði jarl. Hann lét brát  
flla í svefnum; æpti ógurliga, ok skaut undir sik hælunum  
ok hnakkanum, svá sem hann mundi vilja upp rísa. Við þá  
25 varð þrællinn felms fullr ok hræzlu. Hann greip mikinn  
knff ok hvassan af linda sér. Hann lagði knífnum í gegnum  
barka jarls, ok skar út ór. Þat var bani Hákonar jarls. Síðan  
sneið Karkr höfuð af jarli, ok hljóp á brottu með. Kom  
þrællinn inn á Hlaðir daginn eptir. Hann færði Óláfi konungi  
30 höfuð Hákonar jarls, ok segir alla atburði um ferð þeirra  
jarls, svá sem nú var áðr tínt. Þá mælti Óláfr konungur: 'Fyrir  
hverja sök sveikt þú jarl?' Karkr svarar: 'Ek drap mest  
jarl fyrir þau hin fögru fyrirheit, er þú hétzt þeim manni er

bana-maðr hans yrði; ok þat annat, at ek vissa varla, hvat  
 ek skylda at hafaz við þau hræðiligu læti sem jarl hafði  
 í svefninum.' Konungr mælti: 'Þat skal ek efna, sem ek  
 hét þar um, at láta þik hafa makliga ömbun fyrir þítt starf,  
 5 ok leiða svá þeim er eptir lifa, at svíkja sína lánar-dróttna;  
 þó at þú þjónaðir slum, þá var hann þó allt at einu þinn  
 herra, ok áttir þú hönnum gótt at launa; ok eigi mundir þú  
 at síðr hafa svikit, þó at þú hefðir átt góðan lánar-dróttinn.'  
 lét konungr hann þá út leiða, ok lét höggva af hönnum  
 10 höfuð. Síðan lét konungr taka höfuð Hákonar jarls ok  
 Karks. Fór þá Óláfr konungr, ok fjölði bónda með hönnum  
 út til Níðar-hólms. Sá hólmr var þá hafðr til at drepa þar  
 þjófa ok sl-menni. Stóð þar galgi. Þar lét konungr at bera  
 höfuðin bæði, ok festa upp. Gekk þá til allr herrinn, ok  
 15 æpti upp ok grýtti at höfði jarls, ok mælti, at þar skyldi fara  
 niðingr með öðrum niðingum. Eptir þat vóru menn sendir  
 upp í Gaulardal, ok tóku þeir bók jarls ór gröfnni, drógu  
 brott ok brendu. Ok varð svá mikill rómr at fjándskaþ þeim,  
 er þrændir gerðu til Hákonar jarls, at engi maðr mátti nefna  
 20 hann annan veg en Jarl enn Ílla. Var þat kall haft um allan  
 þrándheim, ok víða annarstaðar, bæði innan-landz ok útan-  
 landz. En þó má þat segja af Hákonni jarli, at hann hafði  
 marga hluti til at vera höfðingi. Hann var maðr stór-ættaðr  
 í allar kyn-kvísli, spakr at viti, ok kænn við alla ríkis-stjórn;  
 25 snarpr ok harð-fengr í orrostum, ok bar opt hamingju til  
 at vegna sigr á sínum óvinum. Hákon jarl var örlyndr af fé  
 við sína menn, ok langan tíma vinsæll af alþýðu innan-landz.  
 En hina mestu óhamingju bar slíkr höfðingi til dánar-dægrs  
 síns. Bar þat mest til, at þá var sá tími kominn at fyrir  
 30 dæmaz skyldi blót-skaprinn ok blót-menninir, en í staðinn  
 koma heilög trua.—Þá er Hákon jarl var drepinn, hafði hann  
 verit jarl xxx ok iii vetr frá því er Sigurðr jarl fell faðir hans.  
 Þá var Hákon half-þritögr er faðir hans fell; en nú skorti

var í herðar hólum, ok steipt hólum váveifliga á kaf út af stokkinum er hann sat á. Var þar þá kominn Óláfr konung ofan af landi. Konungr mælti við hann er hann steipti hólum útbýðis: 'Haf þú þat nú fyrir forvitni þína!' Ok 5 jafn-skjótt kastaði konungr kaðli í mót hólum, ok dró hann upp í Orminn. Þá mælti konungr, er hann sá at Þorkell leit á skikkjuna: 'Hvat er nú, frændi, hvárt hefir vöknat dyðrillinn þínn?' Þorkatli þótti hann spotta sik ok svaraði engu, en kastaði af sér skikkjunni heldr hermiliga. Konungr 10 mælti: 'Ver enn kátr ok glaðr, frændi, þvát ek gerða þetta fyrir glenz ok gaman, en ekki til háðungar við þik; eðr hví kastar þú svá órækiliga jafn-ágætum grip?' Þorkell svarar: 'Þat var víst dugandi skikkja, en þó er nú spillt ok ónýtt, ok angrar mik slíkt ekki, heldr hitt, satt at segja, ef yðr mislíka 15 mínar tiltekjur.' 'Engi hlutr mislíkar mér við þik, Þorkell frændi,' segir konungr, 'má ok vera, at skikkjuna skaði ekki.' Var Þorkell þá hinn kátasti. Konungr tók þá upp skikkjuna; skipaði hann henni fyrir sér, ok hafði hendr at lítla hríð; fekk hann síðan Þorkatli; var þá bæði þurr möttullinn ok 20 skinninn, ok skikkjan at öllu slík eðr betri en áðr hón vöknaði. Þorkell Dyðrill var hinn mesti ást-vin Óláfs konungs með frændsemi; veitti konungr hólum flesta hluti þá er hann kunni at beiða; sagði hann ok Þorkatli suma hluti í trúnaði, er hann vildi eigi at aðrir vissi. Þorkell kom opt at máli við 25 konung, ok spurði, hví hann fór svá leyniliga á land um nætr. Talaði Þorkell djarfliga þá er þeir vóru tveir saman; sagði hann óvarligt ok eigi höfðingligt, at hann færi einn saman fylgðarlaust langt frá skipum. Konungr svarar fá um; sagði þó at ekki mundi saka.

30 Þorkell var jafnan á Orminum Langa með konungi, þó at hann væri kallaðr skipstjórnar-maðr á Trönunni með Jósteini bróður sínum. Þorkell lá um nætr við lyptingina í fyrir-rúminu. Þat var eina nótt at tekít var hógliga á fótum

Þorkatli. Hann fylgði upp hendinni, ok fann at þar var Óláfr konungr. Klæddiz Þorkell skjótt ok hljóðliga. Konungr tók í hönd hónum, ok gengu þeir útan bryggjuna. En er þeir vóru á land komnir, mælti konungr: 'Ef þér er svá mikil fýst á sem þú lætr, at vita til hvers ek ferr einn saman á land um nætr, þá skaltú nú ganga með mér, ef þú vill áðr heita því, at segja engum manni þá hluti er þú sér eðr heyrir á þessi nótt, meðan ek em konungr yfir Noregi, ok þú veizt líf mítt. Vit þat til sannz at þar skal við liggja líf þítt.' Þorkell hét þessu þegar með fullum trúnaði. Gengu þeir síðan til skógar, ok þar til er fyrir þeim var rjóðr. Í rjóðrinu var eitt fagrt hús. Þeir gengu at húsinu; ok einum-megin undir vegginn nærr durum hússins. Þá mælti konungr, at Þorkell skyldi þar bíða hans; en konungr lauk upp hurðinni, ok gekk inn í húsit ok lokaði innan hurðina. Þorkell gekk at, ok fann eina boru á hurðinni. Sá hann þá inn í húsit, at Óláfr konungr stóð á knjám til bænar, ok hélt upp höndunum yfir höfuð sér. Því næst kom ljós svá mikitt yfir húsit ok konunginn, at Þorkell þóttiz varla mega í gegn sjá. Þar fylgði ilmr svá ágætr, at hann hafði all dri slíkan fyrr kennt. Þá sá hann komna í húsit til konungs bjarta menn sem sól, klædda snjá-hvítum klæðum. Þeir lögðu hendr yfir höfuð Óláfi konungi, ok skryddu hann háleitum konungs skrudá. Eptir þat sungu þeir allir samt ágætan lofsöng Guði með svá fögrum hljóðum, at Þorkell heyrði slíkan hvárki áðr né síðan. Þorkell varð við þessa sýn bæði feginn ok hræddr, svá at hann mátti varla upp standa. Fell hann þá allr til jarðar, ok þakkaði Guði er hann náði at sjá svá mikla dýrð. Nökkurri stundu síðarr kom konungr út ór húsinu; gengu þeir síðan til skipa. Þorkell efndi vel þat, er hann hafði heitið konungi, at hann sagði þenna atburð eigi fyrr en mörgum árum síðarr en Óláfr konungr lét ríki í Noregi; ok vann þar at margar sönnur, at hann hafði þetta séð ok heyrð, sem nú var

frá sagt. Þótti skynsömum mönnum hans sögn truanlig, þvíat hann var kallaðr merkr maðr ok sann-orðr.—Chs. 237—239.

*King Olaf's Fleet sailing by before the Battle.*

Sveinn Dana-konungr, Óláfr Svía konungr ok Eiríkr jarl lágu þar undir eyjunni með allan her sínn, sem áðr er sagt.  
 5 Þá var veðr fagrt ok sólskin bjart. Gengu þeir þá upp á hólminn allir höfðingjarnir ok miklar sveitir hersins með þeim. En er þeir sá at skipin Norðmanna sigldu mjök mörg saman út á hafit, við þat urðu þeir harðla glaðir, þvíat herrinn þeirra lét slla, er þeir höfðu þar legit at ónýtu svá  
 10 lengi, at sumum þótti örvænt, at Noregs konungr mundi koma til mótz við þá. Ok nú sá þeir, hvar sigldi mikit skip ok glæsiligt. Þá mæltu báðir konungarnir: 'Þetta er mikit skip ok einkar fagrt, þat mun vera Ormrinn Langi.' Eiríkr jarl svarar: 'Ekki mun þetta Ormrinn Langi, meiri ok  
 15 rausnarsamligri mun Ormrinn reynaz, en þó er þetta mikit skip ok frítt.' Ok svá var sem jarl sagði. Þat skip átti Styrkár af Gimsum. Lítlu síðar sá þeir, hvar sigldi annat skip miklu meira ok á höfut. Þá mælti Sveinn konungr: 'Nú mun hér fara Ormrinn Langi, förum nú til skipa várra  
 20 ok verðum eigi of seinir í mót þeim.' Eiríkr jarl svarar: 'Eigi mun þetta vera Ormrinn Langi; þó er þetta vel buit.' Var ok svá sem hann sagði. Þat skip átti Þorkell Nefja, bróðir Óláfs konungs, en eigi var hann sjalfr þar á.—Ok nú sá þeir sigla mikit skip ok frítt. Þá mælti Sveinn konungr:  
 25 'Þar má nú sjá konungs skipit.' Jarl svarar: 'Víst er þetta mikit skip ok glæsiligt, en þó mun Ormrinn Langi miklu ágætligri.' Ok þegar eptir sigldi it fjórða skip mikit. Þessi tvau skip áttu þeir Víkverjarnir, Þorgeirr ok Hyrningr, en eigi stýrðu þeir skipunum, þvíat þeir vóru báðir á Orminum  
 30 Langa með Óláfi konungi. Lítilli stundu síðarr sigldi it fimta skip miklu meira en hin er áðr höfðu siglt. Þá mælti

einn konungr hlæjandi : 'Hræddr er Óláfr Tryggva son nú, hann þorir eigi at sigla við höfut á dreka sínum.' Eiríkr l svarar : 'Ekki er þetta konungs-skip; þetta skip kenni görla ok svá seglit, þvíat hér er stafat segl; þat á Erlingr jálgs son af Jaðri; látum þá sigla; þvíat ek segi yðr satt . at þar eru þeir drengir innan borðz, ef vér leggjum til rdaga við Óláf Tryggva son, at oss er betra þar skarð ok issa í flota hans, en þetta skip svá skipat sem er; þvíat ek 'gg at Erlingr stýri sjalfr skeiðinni.' Þá mælti Óláfr Svianungur : 'Eigi skyldim vér nú of mjök æðraz at leggja til rdaga við Óláf Tryggva son, þóat hann hafi skip mikit; íat þat er óbætilig svívirðing, ef vér liggjum hér við 'gjan her, en hann sigli þjóð-leið fyrir útan.' Eiríkr jarlarar : 'Herra, látum þetta skip undan sigla sem hin fyrri, íat ek mun segja þér svá góð tíðendi ok sönn, at Óláfr ungr hefir enn eigi um oss siglt; ok sannliga munut þér nna dag kost eiga at berjaz við hann; ok þat vænna, þó hverr várr þriggja, sem höfðingjar skulum heita fyrir her ssum, hafim lið mikit hingat dregit, at vér fám þá hríð þr þessi dagr er allr, at vér þykkimz hafa ærit at vinna, íat þessi skip sé eigi við bardagann, sem nú hafa um siglt.' -Ok nær-gætr varð Eiríkr, þvíat þar var Erlingr á skeið nni, ok sigldi þá frá Óláfi konungi mági sínum, svá at hann hann aldri síðan, ok margir aðrir vaskir drengir ok vinir ungs.—Ok er eigi leið langt frá því, er þessi fimm stór-íp höfðu um siglt, ok áðr allr smá-skipa flotinn, þá sá þeir kendu skip Sigvalda jarls, ok viku þau þangat at hólminum. íðan sá þeir hvar sigldu þrjú skip, ok var eitt af þeim mikit ífða-skip. Þá mælti Sveinn konungur : 'Gangi menn nú til ípanna, þvíat hér ferr nú Ormrinn Langi.' Eiríkr jarl ælti : 'Mörg hafa þeir önnur stór skip ok glæsilig en rminn Langa, en fá hafa enn um siglt; ok bíðum enn.' Þá æltu margir menn : 'Nú má sjá,' segja þeir, 'at Eiríkr vill



eigi berjaz við Óláf Tryggva son, ok eigi þorir hann nú at hefna föður síns; ok er þetta svá mikil skömm, at spyrr mun um öll lönd, ef vér liggjum hér með jafn-miklu liði, en Noregs konungr sigli við hönd fulla manna við her várn at 5 jafna á haf út hér hjá oss sjalfum.' Eiríkr jarl varð mjök reiðr við orð þeirra, bað nú alla menn ganga til skipa—'en þess væntir ek,' sagði hann, 'þóat þér Danir ok Sviar frítt mér nú mjök hugar, at yðr hvárum-tveggjum sé eigi óleiðara, áðr en sól gengr í ægi í kveld, en mér ok mínum mönnum.'

10 En er þeir gengu ofan, sá þeir hvar sigldu fjögur skip mikil, ok eitt af þeim var dreki gull-buinn. Þá mæltu margir menn, at jarl hefði satt sagt—'ok hér ferr nú Ormrinn Langi,' segja þeir, 'ok er hann furðu-mikit skip ok frítt, svá at ekki lang-skip mun slíkt gört hafa verit at fegrð ok vexti á Norðr- 15 löndum; ok er eigi kynligt at sá konungr sé ágætr víða, er rausn hefir til at láta göra slíka gripi.' Þá stóð upp Sveinn konungr ok mælti: 'Hátt mun Ormrinn bera mik í kveld, hónum skal ek stýra.' Þá mælti Eiríkr jarl: 'Þóat Óláf konungr Tryggva son hefði eigi meira skip, en vér sjám nú, 20 þá mundi Sveinn konungr þat aldri fá unnit af hónum með einum saman Dana-her.'—En þessi in stóru höfða-skip, er þeir ætluðu Orminn Langa, var it fyrra Tranan, en it síðara Ormrinn Skammi.—Dreif nú allt fólk til skipanna ok ráku af sér tjöldin; skipaðu höfðingjar þá herinum til atlögu; ok 25 er svá sagt, at þeir hlutuðu um, hvern þeirra fyrst skyldi leggja at sjalfu konungs skipinu Orminum Langa, ok hlaut Sveinn Dana konungr fyrst at at leggja, en þá Óláf Svia konungr, en síðast Eiríkr jarl, ef þeir þyrfti við, ok skyldi hvern þeirra eignaz þau skip, er sjalfir ynni ok hryði af 30 Óláfi konungi með sínu liði. En er höfðingjarnir áttu þetta at tala sín í milli, sem nú var frá sagt, þá sá þeir hvar sigldu þrjú skip all-stór ok it fjórða síðast; sá þá allir mikit dreka-höfuð á fram-stafni þess skips, ok buit svá sem á gull eitt

sæi, ok ljómaði víða af á sjóinn, er sólin skein á. En er menn sá þar á, þá undraðuz þeir mjök lengð skipsins, þvíat stund var í milli, er þeir sá fram-stafninn ok inn eptri kom fram; kendu þá allir ok mælti engi í móti, at þat var Ormrinn  
 5 Langi. En við þessa sýn varð margr maðr hljóðr, ok skaut almúganum þegar skelk í bringu ok ótta; var þat eigi undarligt, þvíat þetta it mikla skip flutti þar dauða furðu-mörgum manni. Þá mælti Eiríkr jarl: 'Makligt ok sæmíligt er þetta it ágæta skip slíkum konungi sem Óláfr er Tryggva son, þvíat  
 10 þat er til hans sann-talat, at hann berr svá af öðrum konungum, sem Ormrinn Langi af öðrum skipum.'—Ch. 248.

*The Passing of Tryggvason.*

Kolbjörn stallari hafði varit stafninn um daginn með öðrum fram-byggjum. Kolbjörn var buinn at vápnum ok klæðum rétt á sömu leið ok Óláfr konungr; ok því hafði  
 15 hann svá buiz, at hann hugsaði, ef þess kynni við þurfa sem nú var, at veita nokkura hlífð Óláfi konungi. En er falla tók hit fræknasta lið Óláfs konungs í fyrir-rúminu, þá gekk Kolbjörn upp í lyptingina til konungs. Mátti þá eigi skjótt kenna hvárr þeirra var, þvíat Kolbjörn var ok allra manna  
 20 mestr ok fríðastr sýnum. Var þá svá mikill vápna-burðr í lyptingina, at allir skildir þeirra Óláfs konungs ok Kolbjarnar voru skúfaðir af skeytum. En er jarls-menn sóttu aprt at lyptingunni, þá sýndiz þeim svá mikit ljós koma yfir konunginn, at þeir máttu eigi í gegn sjá. En þá er ljósit leið af,  
 25 sá þeir hvergi Óláf konung.

Nú eru þar margar frásagnir um þá atburði er þar görðuz.—Snorri Sturlu son segir svá, at þá er Óláfr konungr sá, at flest hans lið var fallit, en Eiríkr jarl ok fjölði manna þusti aprt at lyptingunni, at Óláfr konungr ok Kolbjörn stallari  
 30 hljópu þá báðir fyrir borð, ok á sítt borðit hvárr; en jarls-menn höfðu lagt útan at smá-skútur, ok drápu þá menn er

á kaf hljópu. Ok þá er konungr sjalfr hafði á kaf hlaupit  
 vildu þeir, er á skútunum vóru, taka hann höndum, ok færa  
 hann jarli; en Óláfr konungr brá yfir sik skildinum, ok  
 steypitz í kafit. En Kolbjörn stallari skaut sfnum skildi  
 5 undir sik, ok hlífði sér svá við spjótum, er lagt var af þeim  
 skipum er undir lágu; ok fell hann svá á sjóinn, at skjöldrinn  
 varð undir hönnum; ok komz hann af því eigi í kafit áðr  
 hann varð hand-tekinn.—Þessi er sögn Snorra.—En svá er  
 sagt frá orðum sjalfs Kolbjarnar stallara, at þá er hann var  
 10 kominn upp í lyptingina, ok konungr tók at skjóta at Eiriki  
 jarli, þá sá Kolbjörn þat sem aðrir menn höfðu áðr séð, at  
 blóð hraut fram undan bryn-stúkunni. Ok líflu síðarr þóttiz  
 Kolbjörn sjá svipint til konungs at hann stökk fyrir borð í  
 brynju sínni ok öllum búnaði þeim, sem hann hafði haft um  
 15 daginn, ok brá yfir sik skildinum, er óvinir hans vildu taka  
 hann. Ok í þeirri svipan leit Kolbjörn til sínna mótstöðu-  
 manna, ok sá, at þeir vóru þá svá margir upp komnir á  
 Orminn, at kalla mátti fullt af þeim allt skipit. Sagði Kol-  
 björn síðan, at þá sló á hann ótta lítlum. Sneri hann þá  
 20 á þat borðit sem Óláfr konungr hafði áðr verit. En með því  
 at hann sá þá ekki til konungs, þá lét hann eptir skjöldinn  
 sínn, ok hljóp fyrir borð. En er hann kom niðr á sjóinn,  
 varð undir hönnum skjöldr einkar fagr, sá er hann þóttiz  
 kenna, at Óláfr konungr hafði borit um daginn. En er Kol-  
 25 björn kom niðr á skjöldinn, varð hann varr við, at maðr  
 svamm hagliga undir skildinum. En sá maðr fyrir-lét skjöld-  
 inn þegar hann kendi at þunginn kom á. Því næst var  
 Kolbjörn hand-tekinn, ok dreginn upp í skútu eina. Hugðu  
 þeir at þar væri Óláfr konungr. Var hann þá leiddr fyrir  
 30 Eirik jarl. En er jarl varð þess varr, at þar var Kolbjörn,  
 en eigi konungr, þá vóru Kolbirni grið gefin. Í þeirri svipan  
 hljópu margir menn Óláfs konungs fyrir borð af Orminum,  
 þeir er þá vóru á lífi, ok áðr höfðu drengiliga vörn veitta,

svá at menn hafa í minnum haft þeirra hraustleik. En þó segir Hallfreðr, at menn kalli Þorkel Nefju einna ágætasta vörn ok fastasta fylgð hafa veitt Óláfi konungi bróður sínum. Váttar Hallfreðr þat með fullkomliga, at Þorkell hljóp síðast fyrir borð allra manna Óláfs konungs. Lagdiz Þorkell til landz, ok hjalpaði svá lífi sínu. En þó tók hann sér síðan grið af Eiriki jarli, sem aðrir þeir er verit höfðu menn Óláfs konungs. Svá segiz, at sex menn aðrir en Kolbjörn stallari vóru teknir af sundi þeir er grið vóru gefin, Einar Þambar-skelfir, Fráendr Skjálgr, Ögmundur Sandi, Þorsteinn Uxa-fótr, Björn ór Stuðlu, Ásbjörn ór Mostr. Sigvaldi jarl hafði legit með skip sín tiu um daginn, ok verit ekki í orrostunni.

En er Óláfr konungr hafði fyrir borð hlaupit, þá æpti herrinn allr sigr-óp, ok þá lustu þeir árum í sjá, Sigvaldi ok hans menn, ok reru þá til bardagans. En á þeirri sömu stundu sem ópit var, ok Sigvaldi reri til her-skipanna, lustu þeir menn árum í, ok reru brott sem harðast, er á þeirri vóru Vinda-snekkjunni, er til tals höfðu gengit tysvar um daginn við Óláf konung Tryggva son. Reru þeir apr undir Vind-land. Ok var þegar ræða margra manna, at Óláfr konungr mundi hafa steypit af sér brynjunni í kafi, ok kafat út undan langskipunum, ok lagiz síðan til Vinda-snekkjunnar, ok hafi menn Ástríðar flutt hann til landz. Er þat allt saman síðan leitt til líkinda um braut-kvómu Óláfs konungs, hvat þeir menn hafa síðast séð til hans, er þá vóru í bardaganum, ok þær frásagnir, er Snorri Sturlu son váttar, at görvar hafi verit síðan um ferðir Óláfs konungs, ok nökkurir menn höfðu kennt hann út í löndum af þeim jartegnum, er hann sjalfr hafði sent hingat á Norðr-lönd, sem síðarr mun sagt verða. Pat er enn til þess dregit af sumum mönnum, at þat vissu allir menn þeir er þaðan kómuz ór bardaganum, at hann hefir eigi fallit á Orminum. En þó segir svá Hallfreðr Vandræða-skald. . . .

En hvárn veg sem þat hefir verit, þá kom Óláfr Tryggva son aldri síðan til ríkis í Noregi. En þó kallar Hallfreð vinum Óláfs konungs, þá er mest angraði at missa slíks höfðingja, vera í harms léttu, at hann væri á lífi, þó at hann 5 væri firðr ríki ok sínu fóstr-landi. En þó at skynsamir menn þeir er þá vóru í bardaganum, segði hvat hverr sá síðast til Óláfs konungs, þá þóttiz engi fullan vísdóm mega á bera, hvárt konungrinn hefði þaðan braut komiz eðr eigi.

Nú er áðr ritað hvat Kolbjörn stallari sagði, er næstr var 10 Óláfi konungi áðr hann stökk fyrir borð. En sú er sögn Einars Þambar-skelfis, at þá er Eiríkr jarl sótti aptr í fyrir-rúmit á Orminum at lyptingunni, þá sá Einarr þat til Óláfs konungs, at blóð-dropar runnu niðr á kinn konungi undan hjalminum, er hann hafði á höfði. En er Einarr vildi 15 at hyggja, hvat konungr tæki ráðs, þá er jarl kvæmi at hónum, þá sagði Einarr koma við eyra sér steins-högg svá mikit, at hann fell í óvit. En er hann vitkaðiz ok stóð upp, þá sá hann hvergi konunginn.—Svá sagði Skúli Þorsteins son, Egils sonar frá Borg, at hann sá Ólaf konung standa 20 í lyptingu á Orminum, þá er Skúli sótti aptr á skipit með Eiríki jarli. Ok þá sagðiz hann lúta niðr, ok velta manna-búkum frá fótum jarli. En er Skúli réttiz upp, þá var konungr horfinn. En lítlu síðarr, þá er sigr-ópit kom upp, þá sá nökkurir af mótstöðu-mönnum Óláfs konungs, at maði 25 í rauðum klæðum svamm at Vinda-snekkjunni þeirri er sagð er at á veri menn Ástríðar konungs-dóttur, konu Sigvalda jarls. En þeir menn, er á því skipi vóru, stóðu upp í móti ok drógu hann upp í skipit, ok reru þegar í brott ser harðast, svá sem áðr er ritað. Hefir þaðan síðan æ haldi 30 sá orðrómr alþýðu, at þeir menn hafi flutt Ólaf konung lifandi með sér, þó at nökkurir menn hafi því í móti mælt. Fan þat ok í kveðskap Hallfreðar, at hónum þótti á því meir líkindi, at Óláfr konungr hefði eigi þaðan komiz með fjör

fyrir sakir liðs-munar. En hitt væri þó fleiri manna sögn, at hann væri á lífi. Lék þá þó fyrst eptir mest á tveim tungum um þessa atburði. Sannaði annarr, at Óláfr konungr hefði á braut komiz ór bardaganum, en annarr synjaði. Svá sem 5 Hallfreðr segir. . . . En þá er sögur kómu útan ór löndum um ferðir Óláfs konungs, þá tók ífa af mörgum manni um brautkvámu hans. En Hallfreðr varð svá at kveða sem hónum var í fyrstu sagt. Sem hann vátar sik sjalfr, ok harmar sik, er hann var eigi þar at berjaz með Óláfi konungi.

- 10 Þat er mælt, at þessi hafi verit frægust orrosta á Norðr-löndum fyrir margra hluta sakir, fyrst af þeirri hinni ágætu vörn, er Óláfr konungr ok hans menn veittu á Orminum; er menn vita eigi dæmi til at nökkurir menn hafi jafn-lengi variz ok með slíkri hreysti sínum óvinum, við slíkt ofr-efi 15 sem þeir áttu at etja. Þar með af svá harðri atsókn Eiriks jarls ok hans liðs, at víð-frægt hefir orðit. Varð ok þessi fundr mjök frægr af miklu mannfalli, ok þeim sigri jarls, er hann hrauð þat skip, er þann tíma hafði mest ok fríðast gört verit í Noregi, ok margir menn mæltu at aldri mundi með 20 vápnum unnit verða á sjá fljótanda, ef þvílíkum drengjum væri skipat sem þá var. En mest fyrir þá skyld varð þessi orrosta ágæt, er sá konungr var sigraðr er frægstr var á Danska Tungu. Ok svá var mikil vinsæld Óláfs konungs, at þat var alþýðu hugsan, at eigi mundi slíkr höfðingi fæðaz 25 síðan í Noregi eðr víðara. Svá er sagt, at þessi orrosta hafi verit á öðrum degi viku hinn fimta *idus* dag *Septembris* mánaðar. Þat er einni nótt eptir Máriu-messu hina síðari. Þá var liðit frá holdgan Várs Herra Dróttins Jesu Kristz þúsund ára. Þat var á átta ári hins þriðja tigar ríkiss Aðal- 30 ráðs konungs á Englandi, en á átta ári ríkis Sveins Tjúgu-skeggs Dana-konungs. Á því sama ári andaðiz Otto, er hinn þriði var keisari með því nafni, en Heinrekr tók ríki.

Þá er lokit var mann-drápum á Orminum Langa, ok hann

var rann-sakaðr ok ruddr af líkum dauðra manna, þá var Þyri dróttning leidd upp undan þiljum; hón var mjök harmþrungin ok grét sárliga. En er Eiríkr jarl sá þat, þá gekk hann at henni ok mælti með mikilli áhyggju: ‘Hér hafa  
 5 orðit stór tíðendi í frá-falli margra göfgra manna; höfum vér mikinn harm gört eigi að eins þér, dróttning, heldr ok alri alþýðu í Noregi, þó at þér falli einna næst sem ván er. Nú með því, at eigi má aprt taka unnit verk, þá skal með því bæta sem ek má, at ef ek fæ nökkut ríki í Noregi, þá skal  
 10 ek göra yðra tign í því landi í alla staði sem ek má mesta, ok yðr sæma í öllum hlutum.’ Dróttning svarar: ‘Þessi þín heit eru mælt af miklum drengskap ok góð-vilja, sem þú munt opt af þér sýna, ok gjarna vilda ek lífa ef ek mættu, ok þekkjaz þínn góð-görning; en svá sárum harmi er mítt hjarta  
 15 slegit, at ek ætla mér eigi ván lífs næringar.’ Ok at því gæf, sem hón sagði, at hón mátti hvárki eta né drekka fyrir trega. Spurði hón þá at Sigurðr byskup, hvat manni væri minnzt lofat fyrir Guði at neyta af fæzlu til lífs lengingar; ok síðan bergði hón eptir því sem hann sagði at minnzt væri lofat.  
 20 Ok með því hlýðni-marki andaðiz Þyri dróttning eptir níu daga.

Eiríkr jarl Hákonar son eignaðiz Orminn Langa með sigrinum, ok hlut-skipti mikit. Skipaði jarl Orminn sem knáligast af enum fræknustum mönnum, ok stýrði honum  
 25 sjalfr. En með því at Ormrinn Langi var all-ramskipaðr hraustum drengjum, þá kómu þeir honum at kalla, ok þó sem tregligast, austan í Víkina, ok fór jafnan hallr, ok lét eigi at stjörn. Því lét Eiríkr jarl höggva upp Orminn Langa. Sumir menn segja at hann léti brenna hann.

30 Einarr Þambar-skelfir ok aðrir þeir menn, er Eiríkr jarl hafði grið gefit eptir bardagann, fóru norðr til Noregs með jarli.—Vígi, hundr Óláfs konungs, hafði legit í fyrir-rúmi á Orminum fyrir lyptingunni um daginn meðan orrostan var,

ok svá alla stund síðan. En er jarl kom austr í Vikina með þrúminn Langa, þá gekk Einarr Þambar-skelfir þar til sem undrinn lá, áðr hann gekk á land, ok mælti: 'Dróttin-lausir ru vit nú, Vígi!' sagði hann. Við þessi orð spratt hundrinn upp gnístandi, ok gnöllraði hátt, svá sem hann hefði hjartverk tekit. Rann hann þá á land með Einari, ok gekk upp á einn haug. Þar lagðiz hann niðr, ok vildi at öngum manni mat þiggja, en þó varði hann öðrum hundum, dýrum ok fuglum, fæzlu sína. Tárin hrundu ór augunum niðr um trýnit, svá grét hann sínn lánar-dróttin; ok lá þar til þess er hann var dauðr.—Nú týndu Norðmenn svá hörmuliga þessum fjórum inum ágætastum hlutum ór því landi, sem fyrir hafði sagt bóndinn blindi í Mostr.—Chs. 255-257.

### 3. OLAFS SAGA HELGA.

#### *The Latter Part of the Preface.*

En síðan er Haraldr enn Hárfagri var konungr í Noregi, þá vitu menn miklu gørr sannendi at segja frá æfi konunga þeirra er í Noregi hafa verit. Á hans dögum bygðiz Ísland, ok var þá mikil ferð af Noregi til Íslandz. Spurðu menn þá á hverju sumri tíðendi landa þessa í milli, ok var þat síðan í minni foert ok haft eptir til frá-sagna. En þó þykki mér þat merkiligast til sanninda, er berum orðum er sagt í kvæðum eða öðrum kveðskap, þeim er svá var ort um konunga eða aðra höfðingja, at þeir sjalfir heyrðu, eða í erfi-kvæðum þeim er skaldin foerðu sonum þeirra. Þau orð er í kveðskap standa, eru en sömu sem í fyrstu vóru, ef rétt er kveðit, þótt hverr maðr hafi síðan numit at öðrum; ok má því ekki breyta. En sögur þær er sagðar eru, þá er þat hætt, at eigi skiliz öllum á einn veg; en sumir hafa eigi minni, þá er frá líðr, hværnig þeim var sagt, ok genguz þeim mjök í minni optliga.—Þat var meirr en tvau hundruð vetra tolf-roeð, er



Ísland var byggt, áðr menn tœki hér sögur at ríta ; ok var þa löng æfi, ok vant, at sögur hefði eigi gengiz í munn, ef eig væri kvæði, bæði ný ok forn, þau er menn tœki þar af sannindi frœðinnar. Svá hafa gört fyrir frœði-menninir, þá er 5 þeir vildu sanninda leita, at taka fyrir satt þeirra manna orð, er sjalfir sá tðendi ok þá vóru nær staddir. En þar er skaldin vóru í orrostum, þá eru tœk vitni þeirra. Svá þat ok er hann kvað fyrir sjalfum höfðingjanum, þá myndi hann eigi þora at segja þau verk hans, er bæði sjalfir höfðinginn, ok allir 10 þeir er heyrðu, vissu at hann hefði hvergi nær verit. Þat væri þá háð en eigi lof.

Nú ritum vér þau tðendi með nakkvarri minningu er gørðuz um æfi Óláfs ens Helga, konungs, bæði um ferðir hans ok landz-stjórn ; ok enn nakkvat frá tilgöngum þess 15 ófriðar er landz-höfðingjar í Noregi gørðu orrostu í móti hönum þá er hann fell á Stikla-stoðum. Veit ek at svá man þykkja, ef útan-landz kómr sjá frásögn, sem ek hafa mjök sagt frá Íslenzkum mönnum. En þat berr til þess, at Íslenzkir menn, þeir er þessi tðendi sá eða heyrðu, báru higat til landi 20 þessar frá-sagnir, ok hafa menn síðan at þeim numit. En þá ríta ek flest eptir því sem ek finn í kvæðum skalda þeirra er vóru með Óláfi konungi.—See pp. 14, 15.

*Daily Life of St. Olaf.*

Óláfr konungr lét húsa konungs-garð í Níðarósi. Þa var gør mikil hirð-stofa, ok dyrr á báðum endum ; háset 25 konungs var í miðri stofunni, ok innar frá sat Grímkell hirðbyskup hans, ok þar næst aðrir kenni-menn hans, en úta frá ráðgjafar hans. Í öðru öndugi gegnt hönum sat stallar hans Björn Digri, ok þar næst gestir, ef göfgir menn kómt til hans. Við elda skyldi þá öl drekka. Hann skipaði mönnum 30 í þjónostur svá sem síðr konunga var til. Hann hafði með sér sex tigi Hirðmanna ok þrjá tigi Gesta, ok seti hann þein

mála ok lög; hann hafði ok þrjá tigi Hús-karla, ok starfa skyldu í garðinum slíkt er þurfti ok til flytja; hann hafði ok marga þræla. Í garðinum var ok mikill skáli, er hirð-menn sváfu í; ok þar var mikil stofa, er konungr átti hirð-  
5 stefnur í.

Þat var siðr hans at rísa snemma upp um morna ok klæðaz ok taka hand-laugar, ganga síðan til kirkju ok hlýða óttu-söngvi ok morgun-tíðum; ganga síðan á stefnur ok sætta menn, eða tala þat annat, er mönnum þótti skylt.  
10 Hann stefndi til sín bæði ríkum ok óríkum ok þeim öllum, er vitrastir vóru. Hann lét upp telja fyrir sér lög þau, er Hákon Aðalsteins-fóstri hafði sett í Þrandheimi. Hann skipaði lögnum með ráði enna vitrustu manna, tók af eða lagði til þar er hönnum sýndiz þat; en Kristinn rétt setti hann við  
15 ráð Grímkels byskups ok annarra kenni-manna, ok lagði á þat allan hug at taka af heiðni ok fornar venjur, þær er hönnum þótti kristni-spell í. Svá kom at böendr játtuðu þeim lögum, er hann setti. Óláfr konungr var maðr siðláttr, stilltr vel, fámálogr, örr ok fé-gjarn. Þá var með konungi Sighvatr  
20 skald sem fyrr var sagt, ok fleiri Íslenzkir menn. Óláfr konungr spurði eptir vendiliga kvernig Kristinn-dómr væri haldinn á Íslandi, ok þótti hönnum mikilla muna á vant at vel væri; því at þeir sögðu konungi frá kristni-haldinu, at þat var lofat í lögum at éta hross ok bera börn út, sem heiðnir menn  
25 görðu; ok enn fleiri hlutir þeir er kristni-spell var í. Þeir sögðu ok konungi frá mörgu stórmenni er þá var á Íslandi. Skapti Þóroddz son hafði þá lögsögu á Íslandi. Víða af löndum spurði hann at siðum manna þá menn er görla vissu, ok leiddi mest at spurningum um Kristinn-dóm hvernig  
30 haldinn væri, bæði í Orkneyjum ok á Hjaltlandi ok ór Færeyjum; ok spurðiz hönnum svá til sem víðast myndi mikít á skorta at vel væri. Slíkar ræður hafði hann optast í munni, eða um lög at tala eða landz-rétt.—Chs. 43, 44.

*Thorgrny the Lawman of the Swedes.*

Rögnvaldr jarl kom einn dag at kveldi til bús Þorgnýs Lögmannz. Þar var bær mikill ok stórkostligr; vóru þar margir menn úti. Þeir fögnuðu vel Jarlinum ok tóku við hestum þeirra ok reiða. Jarl gekk inn í stofuna; var þar 5 inni fjölmenni mikit. Þar sat í öndugi maðr gamall; engi mann höfðu þeir Björn sét jafn-mikinn; skeggit var svá sltt at lá í knjám hónum, ok breiddiz um alla bringuna; hann var vænn maðr ok göfugligr. Jarlinn gekk fyrir hann ok heilsaði hónum. Þorgnýr fagnaði hónum vel, ok bað hann 10 ganga til sætis þess er hann var vanr at sitja. Jarl settiz öðrum-megin gagn-vart Þorgný. Þeir dvölðuz þar nakkvarar nætr áðr jarl bar upp erendi sín. Bað jarl þá, at þeir Þorgnýr skyldu ganga í mál-stofu. Þeir Björn föru-nautar gengu þangat með jarlinum. Þá tók jarl til máls ok sagði frá því, 15 at Óláfr Noregs konungr hafði senda menn sína austr þangat til frið-görða. Talaði ok um þat langt, hvert vandræði Vestr-Gautum var at því er ófriðr var þaðan til Noregs. Hann sagði ok frá því, er Óláfr Noregs konungr hafði þangat senda menn, ok þar vóru þá sendi-menn Noregs konungs, 20 ok hann hafði þeim því ok heitið at fylgja þeim á fund Svía konungs; ok hann sagði þat, at Svía konungr tók þessu máli svá þungliga, at hann lét öngum manni hlýða skyldu at ganga með þessu máli. 'Nú er svá, fóstri, segir jarlinn, at ek verð eigi einhlítr at þessu máli. Hefi ek fyri því sótt nú 25 á þínn fund, ok vetti ek þar heilla ráða ok traustz þíns.' En er jarl hætti sínu máli, þá þagði Þorgnýr um hríð. En er hann tók til máls mælti hann: 'Undarliga skiptið er til; girniz at bera tignar-nafn, en kunnit yðr engi forráð eðr fyrir-hyggu, þegar er ér komit í nokkorn vanda. Hví skyldir þá 30 eigi hyggja fyrir því áðr þú hétir þessi ferð, at þú hefir ekki ríki til þess at mæla í móti Óláfi konungi: þykki mér eigi

irðiligra at vera í buanda-tölu, ok vera frials orða sínna at æla síft er maðr vill þótt konungr sé hjá. Nú mun ek koma til Uppsala-þings, ok veita þér þat lið, at þú mælist þar næddr fyrir konungi síft er þér líkar.' Jarl þakkaði honum el þessi orð; ok dvalðiz hann með Þorgný ok reið með ónum til Uppsala þings. Var þar all-mikit fjölmenni; þar var Óláfr konungr með hirð sína.

Inn fyrsta dag er þing var sett, sat Óláfr konungr á stóli ok þar hirð hans um-hverfis. En annan veg á þingit sátu þeir á einum stóli, Rögnvaldr jarl ok Þorgnýr, ok sat þar fyrir þeim hirð jarlsins ok húskarla-sveit Þorgnýs; en á bak stólinum stóð buanda-múgrinn ok allt um-hverfis í hring; sumir fóru á hæðir eða hauga at heyra þaðan til. En er töluð voru örendi konungs, þau sem siðr var til at mæla á þingum, ok því var lokit, þá stóð upp Björn stallari hjá stóli jarls ok mælti hátt: 'Óláfr konungr sendi mik hingat þess örendis, at hann vill bjóða sætt Svía konungi, ok þat landa-skipti, sem at fornu hefir verit milli Noregs ok Svíðjóðar.' Hann mælti svá hátt, at Svía konungr heyrði görla. En fyrst er Svía konungr heyrði nefndan Ólaf konung, þá hugði hann, at sá maðr möndi reka vilja hans örendi nökkut; en er hann heyrði roett um sætt ok landa-skipti milli Svíðjóðar ok Noregs, þá skilði hann af hverjum rifjum vera myndi; þá hljóp hann upp ok kallaði hátt, at sá maðr skyldi þegja, ok kvað síft ekki tjoa mundu. Björn setzk þá niðr. En er hljóð fezk, þá stóð jarl upp ok mælti. Hann sagði frá orð-sendingu Óláfs Digra ok sættar-boðum til Svía konungs, ok frá því, at Vestr-Gautar sendu konungi öll orð til, at sætt skyldi vera við Noregs menn; talði hann upp hver vandræði Vestr-Gautum var at missa þeirra hluta allra af Noregi, er þeim var ár-bót í, en í annan stað at sitja fyrir áhlaupum þeirra ok hernaði, ef Noregs konungr samnaði her saman ok herjaði á þá. Jarl sagði, at Óláfr Noregs konungr hafði

menn þangat sent þeirra örenda, at hann vill biðja Ingigerðar dóttur hans. En er jarl hætti at tala, þá stóð upp Svía konungr. Hann svarar þungliga um sættina, ok veitti jarlinum átölur þungar ok stórar um dirfð þá, er hann hafði 5 gört grið ok frið við enn Digra mann, ok lagt við hann vináttu tal; sagði hann sannan at land-ráðum við sik; kvað þat makligt at Rögnvaldr væri rekinn ór ríkinu, ok sagði, at allt slíkt hlaut hann af áeggjan Ingibjargar konu sínna, ok kvað þat vera et ósnjallasta ráð, er hann skyldi fengit hafa at 10 girndum slíkrar konu. Hann talaði langt ok hart, ok sneri þá enn tölunni á hendr Óláfi Digra. En er hann settiz niðr, þá var fyrst hljótt.

Þá stóð upp Þorgnýr. En er hann stóð upp, þá stóðu upp allir buendr, þeir er áðr höfðu setit; ok enn þustu at allir, 15 þeir er í öðrum stöðum höfðu verit, ok vildu hlýða til, hvat Þorgnýr mælti. Var þá fyrst gnýr mikill af fjölmenni ok vápnnum. En er hljóð fekz, mælti Þorgnýr:

‘Annan veg er nú skaplyndi Svía konunga en fyrr hefir verit. Þorgnýr föður-faðir mín munði Eirik Uppsala konung 20 Emundarson, ok sagði þat frá hónum, at meðan hann var á léttasta aldri, at hann hafði hvert sumar leiðangr úti ok fór til ýmissa landa, ok lagði undir sek Finnland ok Kirialaland, Estland ok Kúrland, ok víða um Austr-lönd, ok mun enn sjá þær jarð-borgir ok önnur stórvirki, þau er hann görði; ok 25 var hann ekki svá mikil-látr, at eigi hlýddi hann mönnum, ef skylt áttu við hann at ræða. Þorgnýr faðir mín var með Birni konungi langa æfi; var hónum hans siðr kunnr, stóð um Bjarnar æfi hans ríki með styrk miklum en engum þuð, var hann ok góðr ok dæll vinum sínum. Ek má muna Eirik 30 konung enn Sigr-sæla, ok var ek með hónum í mörgum herförum; jók hann ríki Svía, en varði harð-hendliga; var oss gótt við hann ráðum at koma. En konungr þessi, er nú er, lætr engi mann þora at mæla við sik, nema þat einu, er

hann vill vera láta, ok hefir hann þar við allt kapp; en hann lætr skatt-lönd sín undan sér hverfa af eljan-leysi ok prekleysi. Hann girniz til þess, at halda Noregs-veldi undir sik, er engi Svía konungr hefir fyrr ágirniz, ok görir þat mörgum 5 manni óró. Nú er þat vili várr buandanna, at þú, Óláfr konungr, görir sætt við Ólaf Digra Noregs konung ok giptir honum Ingigerði dóttur þína. En ef þú vill vinna apr undir þik rfski þau í Austr-vegi, er frændr þínir ok forellrar hafa þar átt, þá viljum vér allir fylgja þér þar til. Með því at þú vill 10 eigi hafa þat, er vér mælum, þá munu vér veita þér atgöngu ok drepa þik, ok þola eigi ófrið ok ólög. Hafa svá gört enir fyrr forellrar várir; þeir steypðu fimm konungum í eina keldu á Mora-þingi, er áðr höfðu upp fyllz of-metnaðar sem þú við oss. Seg nú skjótt hvern kost þú vill upp taka.'

15 Þá görði lýðrinn þegar vápna-brak ok gný mikinn. Konungrinn stendr þá upp ok mælir, segir, at allt vill hann vera láta sem buendr vilja; segir, at svá hafi gört allir Svía konungar, at láta buendr ráða með sér öllu því, er þeir vilja. Staðnaði þá kurr buandanna. En þá tala höfðingjar, konungr ok jarl 20 ok Þorgnýr, ok göra þá frið ok sætt af Svía konungs hendi, eptir því sem Noregs konungr hafði áðr orð til sent. Var á því þingi þat ráðit, at Ingigerðr dóttir Óláfs konungs skyldi vera gipt Óláfi konungi Haraldz syni. Seldi konungr jarlinum í hendr festar hennar, ok fekk honum allt sítt umboð um 25 þann ráða-hag, ok skilðuz þar á þinginu at svá loknum málum.

En er jarl fór heim, þá hittuz þau Ingigerðr konungs dóttir ok töluðu sín í milli um þetta mál. Hón sendi Óláfi konungi slæður af pelli ok silki-ræmur. Fór jarl aprt í Gaut- 30 land ok Björn með honum. Dvalðiz Björn þar þá lítila hríð, ok fór hann þá aprt til Noregs með föru-neyti sínu. En er hann hitti Ólaf konung ok sagði honum örendis-lok sín þau sem vóru. Þá þakkaði konungr honum vel ferðina, ok sagði,

sem var, at Björn hefði gæfu til borit at koma fram erendinu í ófriði þessum.—Chs. 63–65.

*The Epilogue.*

Óláfr konungr hafði þá verit konungr í Noregi fimtán vetr, með þeim vetri, er þeir Sveinn jarl voru báðir í landi, ok 5 þessum, er nú um hríð hefir verit frá sagt, ok þá var liðit um Jól fram, er hann lét skip sín, ok gekk á land upp, sem fyr er sagt.—Þessa grein konungdóms hans ritaði fyrst Ari prest Þorgils son enn Fróði, er bæði var vitr ok sann-sögnull, minnigr, ok svá gamall maðr, at hann mundi þá menn ok 10 hafði sögur af haft, er þeir voru svá gamlir, at fyrir aldrs sakir máttu muna þessi tíðendi; svá sem hann hefir sjalfr ritað á sínum bókum, ok nefnda þá menn til, er hann hafði frœði at numit.—En hitt er alþýðu sögn, at Óláfr væri fimtán vetr konungr yfir Noregi, áðr hann fell. En þeir er svá segja, 15 þá telja þeir Sveini jarli til ríkis þann vetr, er hann var síðast í landi; því at Óláfr var síðan fimtán vetr konungr svá at hann lifði.—Ch. 175.

4. LIVES OF HARALD HARDRADA AND THE FOLLOWING KINGS.

*King Harald invests Svein Ulfsson with the Earldom of Denmark.*

Þá er Magnús konungr lá í Elfi við Konunga-hellu, kom til hans ofan af Gautlandi einn jungherra. Þessi maðr hét 20 Sveinn, son Ulfs, Sprakaleggs sonar, ok son Ástríðar, systur Knútz konungs Ríka, ok Óláfs konungs Sænska. Faðir Ástríðar var Sveinn konungr Tjúgu-skegg; en móðir hennar Sigríðr hin Stórráða dóttir Sköglar-Tosta. Hana átti, fyr en Sveinn konungr, Eiríkr hinn Sigrsæli Svía konungr, ok var 25 þeirra son Óláfr Sænski. Sveinn Ulfs son hafði dvaliz með Óláfi konungi frænda sínum. Hann fór með fagr-mælum,

ok heimti sik svá í vináttu við Magnús konung. Sveinn tjáði konungi, at Ulfr faðir hans hafði lengi verit jarl í Danmörk, ok haft vald mikit af Sveini konungi, mági sínum; en sagði sik hafa fengit önga sæmð af Knúti konungi, frænda ; sínum fyrir dráp föður síns. Hét hann nú Magnúsi konungi fullum trúnaði ok vinfengi, ef hann vildi sæma hann í nökkuru léni; ok mælti eigi frekliga til. Magnús konungr hlýddi á vinmæli hans, ok fann at hann var vitr maðr ok fríðr sínum. Hugði konungr, at Sveinn mundi vera svá 10 fast-orðr sem fagr-máll, ok svá tryggir í trúnaði, sem hann var sæmiligr at sjá. Átti konungr löngum tal við hann.

Einn dag er menn sátu við drykk, gaf konungr Sveini skikkju sína, ný-skorna af hinum dýrasta guðvef; þar með sendi hann hónum eina skál fulla mjaðar, ok bað hann drekka 15 njótz-minni. ‘Hér með,’ segir konungr, ‘vil ek gefa þér, Sveinn, jarls-nafn, ok slíkt af landz-gæzlu í Danmörk sem þá viljum vér á kveða er vér komum þar.’ Sveinn roðnaði við mjök er hann tók við skikkjunni, ok gaf hana þegar einhverjum manni; en hann tók gráfeld einn. Einnarr þambar- 20 skelfir sá þetta ok mælti: ‘Of-jarl, of-jarl, fóstri!’ Konungr svarar styggliga: ‘Lístillar skynsemðar ætli þér mik, ok enga mann-raun kunna. Kann ek ekki við því, at yðr þykki sumt of-jarla, en sumt ekki at manna.’ Hinn næsta dag eptir áðr messa var sungin, lét Magnús konungr taka skrín með 25 helgum dómum, ok bað Svein til ganga at sverja sér trúnaðar-eiða. Hann görði sem konungr beiddi. Magnús konungr innti svá eið-stafinn, þá er Sveinn lagði hönd sína á skrínit, at hann skyldi halda trúnað við Magnús konung, ok hans ríki auka í alla staði, en hvergi minka; vera undir hann 30 skyldr ok skeyttr í öllum hlutum meðan þeir lifði báðir. Var Sveinn þá með Magnúsi konungi. Ok er á leið sumarit, fóru þeir suðr til Danmerkr. Fekk Magnús konungr þá jarlinum vald ok ríki á Jótlandi.—Þat er first Noregi, en næst



Vindum ok Söxum, er jafnan veittu mikinn ófrið Dönnum í þann tíma. Jótland er megin Dana-veldis.—Stóðan um haustið fór Magnús konungr aprt til Noregs, ok allt norðr með landi. Kom hann norðr til Þrónðheims lítlu fyrir Jól, 5 ok sat í Níðarósi um vetrinn. Þann sama vetr eptir Jól stefndi Sveinn jarl Vébjarga-þing í Danmörk. Ok er þing var sett, stóð jarl upp ok talaði. ‘Þat sýniz mér,’ sagði hann, ‘eigi ósannligt, at þér Danir þjónit mér heldr en Norðmanna konungi; því at þér vituð, at hér er ætt mín ok óðal. 10 Svá ok eigi síðr er yðr kunnigt um siðu mína ok skapferði. En oss Dönnum verðr erfitt at þjóna Norðmönnum. Þótt Magnús konungr sé vel at sér, þá á hann enga ætt til þess at vera konungr yfir Dana-veldi. En þótt ek sé eigi konungs-son þá em ek hér óðal-borinn, dóttur son Sveins konunga, 15 ok systur son Knútz konungs Ríka. Nú vil ek beiða ættar-nafns af yðr, en veita yðr þar í mót mítt traust, viðrkvæmiligar sæmðir, réttar-bætr ok fégjafir.’ Lauk svá þingi at þeir gáfu Sveini konungs-nafn yfir Dana-veldi.—*Magnus S.*, chs. 26, 27 (*Hulda*).

*King Harald and Halldor Snorra son.*

20 Halldórr Snorra son var mikill maðr vexti ok frfðr sýnum, allra manna sterkastr ok vápn-djarfastr. Þat vitni bar Haraldr konungr Halldóri, at hann hefði verit með hönnum svá allra manna, at sízt brygði við váfeifliga hluti, hvárt sem at höndum bar mann-háska eðr fagnaðar-tíðendi, þá var hann hvárki at 25 glaðari né óglaðari; eigi neytti hann matar eða drykkjar, eða svaf meira né minna en vanði hans var til, hvárt sem hann mætti blíðu eðr stríðu. Halldórr var maðr fá-mæltr, stutt-orðr, ber-mæltr, stygg-lyndr ok ómjúkr, ok kapp-gjarn í öllum hlutum, við hvern sem hann átti um. En þat kom illa við Harald 30 konung, er hann hafði nóga aðra þjónustu-menn. Kvómu þeir lítt lyndi saman síðan þeir kvómu í Noreg ok Haraldr varð

konungr. En er Halldórr kom til Íslandz, setti hann bú í Hjarðar-holti. Nökkurum vetrum síðarr sendi Haraldr konungr orð Halldóri, at hann skyldi fara útan ok vera enn með hönum, ok sagði, at eigi skyldi hans virðing verit hafa meiri, ok engan mann ótiginn skyldi hann hærra setja í Noregi, ef hann vildi þetta þekkjaz. Halldórr segir svá, er hönum kvómu þessi orð: 'Eigi mun ek fara á fund Haraldz konungs heðan af; mun nú hafa hvárr okkarr þat er fengit hefir. Veit ek görla skaplyndi hans; því at enda myndi hann þat, at setja öngan mann hærra en mik, ef ek kæma á hans fund; því at hann myndi mik láta festa á hinn hæsta galga, ef hann mætti ráða.'—En er á leið ævi Haraldz konungs, þá er sagt, at hann sendi orð Halldóri Snorra syni, ok bað hann senda sér melrakka-belgi nökkura, at láta göra yfir rekkju sína, þvíat konungr þóttiz þá þurfa hlýss. En er Halldóri kvómu þessi orð, þá segir, at hann skyti því orði við í fyrstu: 'Eldiz ár-galinn nú!' sagði hann; en sendi hönum þó belgi sem hann beiddi. En ekki fór Halldórr útan, síðan þeir Haraldr konungr skilðu í Þrónðheimi, sem nú var sagt. Bjó hann í Hjarðar-holti til elli ok varð maðr gamall.—*Har. S.*, ch. 46 (*Hulda and Hrokkinskinna*).

*King Harald and Hogni the Lenderman.*

Haraldr konungr fór þaðan til Högna, tók þar veizlu, ok var all-kátr. Sagði konungr sik spurt hafa vinsamlig orð til Högna, ok lét hönum því skyldu vel ráðit. Kvazt konungr vilja gefa hönum lenzd mannz rétt. Högni svarar: 'Með þökkum vil ek taka, herra, yðra vináttu, ok allt þat er ek má, skal ek yðr til heiðrs gera, en lenzd mannz nafn vil ek eigi hafa; þvíat ek veit, at þat mun talat, sem satt er, þá er lendir menn koma saman: 'Þar skal Högni sitja ytztr, hann er minztr lendra manna, þvíat hann er buanda ættar; verðr mér þá lenzd mannz nafn at engri virðing heldr at hlægi. Nú vil ek heldr heita bóndi, sem ek á ætt til; verðr mér nökkut

heldr sæmð at þeirri ræðu, er þá mun talat, þóat lítið s til haft, hvar sem bændr koma saman, at Högni er þeir fremstr. En sæmð ok vináttu ok góð-vilja vil ek gjarna a yðr þiggja, þóat ek heita bóndi heðan af sem hér til.' Konung 5 mælti : 'Þetta er bæði mælt stórmannliga ok vitrliga.' Skilð þeir með kærleikum.—Ch. 62 (*Hrokkinskinna*).

*Battle of Stanfordbridge.*

Því næst var Haraldr konungr Sigurðar son lostinn ör í óstinn, svá at þegar stóð blóð-bogi fram um munninn Fell hann þar ok var þat hans bana-sár. Þar fell ok öll s 10 sveit er fram hafði gengit með hónum, nema þat lið er apt hopaði, ok héldu þeir merkjum sínum. Ok var þá enn harð bardagi, þvát Norðmenn vóru all-ákafir, ok eggjaði þá hver annan. En er Tosti jarl varð þess varr, þá sneri hann þange at, er hann sá merkit Landeyðuna, ok gekk undir konungi 15 merkit ok æpti hárrí röddu ok eggjaði fast liðit. Líttu síðan tóku hvárir-tveggju hvíld, ok varð þá löng dvöl á orrosta Þá kvað Þjóðólfr vísu. . . . Síðan bjogguz hvárir-tveggju t orrosta í annat sinn. En áðr en saman sigi fylkingar, þ bauð Haraldr konungr Guðinason Tosta jarli bróður sínu 20 ok öllum Norðmönnum grið, þeim er eptir lifðu. En þe æptu á móti allir, ok sögðu at fyrr skyldi hverr falla u þveran annan, en þeir gengi til griða við Enska menn. Æp Norðmenn þá her-óp, ok tókHz orrosta öðru sinni. Tosti ja var þá höfðingi fyrir liðinu ; hann barðiz drengiliga, ok fylg 25 fram merkjunum. Ok áðr en létti, fell hann þar með miki prýði ok orðz-tír. Í því bili kom Eysteinn Orri frá skipu með því liði er hónum fylgði. Vóru þeir allir brynjaðir, ok fekk Eysteinn þegar merki Haraldz konungs, Landeyðun var þá orrosta et þriðja sinn. Ok var sú en snarpasta. Fel 30 þá mjök Enskir menn, ok var við sjálf at þeir mundu slyfj Sú orrosta er kölluð Orra-hríð. Eysteinn ok hans mei

íðú farit ákaflika frá skipum, svá at þeir vóru nálíga fyrr ærir af mæði, en þeir tóku til orrostu. En síðan vóru þeir vá ákafir, at þeir hlífðu sér ekki meðan þeir máttu. At ktum steypu þeir af sér brynjunum. Var þá Enskum mönnum hægt at fá högg-stað á þeim. Sumir sprungu með llu, ok dó ósárir. Fell þar nálíga allt stór-menni Norð-nanna. Þetta var enn efra hlut dags. Var þá sem jafnan var sem mart folk kemr saman, at eigi vóru allir jafn-öruggir fram-göngu. Leituðu margir til undan-kvámu á ymsa vega. Var þat sem auðna bar til, var sumum auðit lengra lífs, ok íróguz þeir undan. Görðiz þá myrkt um kveldit, er lokit var íllum mann-drápum. . . —Ch. 119 (*Hulda*).

*Battle of Hastings.*

Haraldr konungr Guðina son lofaði brotferð Óláfi syni Haraldz konungs, ok því líði er þar var með, ok eigi hafði fallit í orrustu. En Haraldr konungr sneri þá með herinn suðr á England, þvíat hann hafði þá spurt at Vilhialmr var kominn sunnan á landit, ok herjaði ok lagði undir sik. Þar vóru þá með Haraldi konungi jarlarnir, bræðr hans, Sveinn ok Gyrðr ok Valþjófr. Fundr þeirra var suðr við Helsingjaport, ok höfðu hvárir-tveggju all-mikinn her. Þá mælti Gyrðr jarl til Haraldz konungs, bróður síns. 'Þat uggir mik, at þér takiz eigi at berjaz við Vilhialm, þvíat þú hefir svarit þann eið at verja hónum eigi England.' Konungr svarar: 'Vera kann, bróðir, at þér sé betr hent at berjaz við hann en mér, en ekki hefi ek vaniz at liggja í hreysum, þá er aðrir hafa bariz, ok eigi skal Vilhialmr þat spyrja, at ek þora eigi at sjá hann.' Eptir þat lét Haraldr konungr setja upp merki sín, ok réð til bardaga við Vilhialm. Varð þar in snarpasta orrosta, ok þótti langa hríð ósýnt, hvárir sigr mundu fá. En er á leið orrostuna, sneri mann-fallinu á hendir Enskum mönnum. Vilhialmr hafði látið binda við merki sítt, áðr þeir

gengu saman, helgan dóm Othmari, þann sama sem Haraldr hafði svarið at. En er á leið bardagann, ok hann tók at hallaz á Harald konung, þá spurði hann: 'Hvat er bundið við merkit Vilhjalms?' Hónum var sagt. Hann mælti þá: 5 'Kann vera, at vér þurfim eigi sigrs at vænta í þessi orrosta.' Ok svá lauk, at þar fell Haraldr konungr, ok Gyrðr jarl bróðir hans, ok mikill hluti liðs þeirra, en allir flýðu þeir er lífit þágu. Þessi orrosta var níttján nóttum eptir fall Haralds konungs Sigurðar sonar.—Ch. 121 (*Hulda*).

*King Magnus dragging his Ships across the Tarbet  
of Cantyre.*

10 Eptir þessa orrostu sneri Magnús konungr aptr liðinu, ok hélt fyrst til Skotlandz. Þá fóru menn í milli þeirra Melkolms Skota konungs, ok gördðu þeir sætt milli sín, með því móti, at Magnús konungr skyldi eignaz allar eyjar fyrir vestan Skotland, þær er fara mætti stjórn-föstu skipi milli ok megin- 15 landz. Magnús konungr lagði skip sín sunnan at Sátiri. Þá lét hann draga skútu yfir Sátiris-eið, ok leggja stýri í lag. Konungr sjalfr settiz í lypting, ok hélt um hjalmun-völ, ok eignaðiz svá land allt þat er lá á bak-borða. Sátiri er mikið land, betra en hin bezta ey í Suðreyjum, nema Mön. Þar er 20 eið mjótt í milli ok Skotlandz, svá at þar eru opt dregin skip yfir. Magnús konungr fór þaðan til Suðreyja, en sendi menn sína í Skotlandz-fjörðu, ok lét þá roa með öðru landi inn, en öðru út, ok eignaðiz hann svá allar eyjar fyrir vestan Skotland, bæði bygðar ok óbygðar.—*Magn. S.*, ch. 23.

5. HRYGGIAR-STYKKI (BY EIRIK ODDZSON).

*The Chess-player with a Sore Toe and the Kittens.*

25 Einn vetr var hann á Íslandi með Þorgilsi Odda syni í Saurboe, ok vissu fair menn hvern hann var. . . . Þar voru

fleiri útlendir menn ok hafði Sigurðr minzt yfirlæti. Einn dag er Sigurðr kom í stofu, tefdi annarr Austmaðr við heimamann Þorgils, ok var skartz-maðr mikill ok barsk mikit á; ok kallaði Austmaðr á Sigurð at hann réði um tafsit með hönnum, fyrir því at hann kunnir þat sem aðrar iðróttir; ok er hann leit á, þótti hönnum mjök farit vera tafsit. En sá maðr er tefdi við Austmanninn hafði sáran fót, ok þrútnaði tá hans ok vægði. Sigurðr settiz í pallinn ok tekr eitt strá ok dregr eptir golfinu; en ketlingar hljópu eptir golfinu. Hann dregr æ fyrir þeim stráit, þar til er kömr yfir fót hönnum. Ok nú hlaupa at ketlingarnir, ok hnauð í fótinn; en hann spratt upp ok kvað við; en tafsit svarfaðiz. Göra þeir nú þætu-mál hvárr hafði.—Ok því er þessa getið at hann þótti nær sér taka bragðit.—*From Sigurd Slembis' Saga in Morkinskinna.*

## 6. SVERRIS SAGA (BY ABBOT KARL).

### *Sverris' Last Illness and Death; his Character.*

15 Lauk svá þinginu at allir játtuðu at konungr skyldi ráða. Lét konungr þá gera orð til Reiðars at þeim var griðum heitið. Gengu þeir Reiðarr þá af Berginu um morgininn at dagverðar-máli. Sverrir konungr lét leiða þá fyrir sik, ok sóru þeir hönnum allir eiða. En síðan lét hann skipta þeim í  
 20 sveitir. Tók konungr Reiðar í sína sveit. Hann bað menn mikinn hug á leggja at næra þá; ok var svá gört. Bað hann þá ok sjalfa taka fyrst með varygð bæði mat ok drykk. En þeir gerðu þat all-misjafnt. En svá nær vóru þeir komnir dauða, at allir fengu sjúklikeik fyrr en styrk, ok margir önduðuz.  
 25 Margir krömðuz lengi þeir er lífi héldu. Reiðarr var lengi sjúkr, ok lagði Sverrir konungr þar til mörg lækningar-brögð. Sverrir konungr sat um Túnsberg tuttugu vikur. En brátt þegar Bergit var upp gefit bjóz konungs til brot-ferðar, ok lét fram setja skip sín.

Sverrir konungr tók sjúkdóm í Túnsbergi ok fór sú sótt ekki ótt. Fór konungr í brott, þá er hann var buinn ok norðr til Björgynjar, ok kom þar at Föstu eða líflu fyrr, ok lá hann lengstum um daga aprt á skipi uppi í lyptinginni.

5 Reiðarr lá ok þar; var hönnum buit rúm við lyptingina í há sætis-kistunni; lét konungr veita hönnum alla hjúkrun ok hjalp sem sjalfum sér, ok talaði við hann optliga. Reiðarr var vitr maðr ok margra hluta vel kunnandi. Sverrir konungr fór upp til borgar í Björgyn, ok var hönnum veittr umbúnaðr

10 í höllinni. Þat var inn Þriðja morgin í annarri viku Föstu, at Sverrir konungr hafði fengit sveita, ok þóttiz þá verklans; kvómu þá til hans margir menn, en optast var fátt manna hjá hönnum. Ok er flestir menn vóru brott farnir, talaði konungr til Pétrs Svarta ok kvez vilja segja hönnum draum

15 sínn. 'Maðr kom at mér,' sagði hann, 'sá inn sami er mér hefir opt fyrr sýnz ok aldri vilt fyrir mik borit; en ek þóttumz vita, at ek var sjúkr ok mátt-farinn. Þóttumz ek spýrja, hversu sótt þessi mundi lúkaz, en mér þótti hann þegar snúa á brott frá mér ok svara á þessa leið: "Búz þú við upprisunni

20 einni, Sverrir," sagði hann. Nú líz mér þessi draumr mjök tvíslægr, en þess væntir mik eptir sveita þenna, at aðra-hvára skipan taki skjótt.' Pétr mælti: 'Allt muni þér þetta, herra, kunna gjörri at sjá en nökkurr annarr, en á þat horfir mín hugr, at um þá muni rætt upprisuna, er á enum efsta dómi

25 er, ok munda ek svá við buaz, herra, at þat muni draummaðrinn birt hafa.' Konungr mælti: 'Ekki er þetta óráðiligt.' Var ok svá, at þá tók konungi at þyngjaz svá sem á leið daginn. En um morguninn eptir lét konungr senda í bæinn ofan eptir kenni-mönnum; var þá buit til at veita

30 hönnum oleun; lét hann þá upp lesa bréf þau, er hann sendi Hákonni syni sínum um skipan ríkisins, ok lét þau bréf innsigla. Hann mælti þá fyrir öllum þeim, er hjá vóru: 'At allra vitni,' segir hann, 'veit ek mik engan son eiga á lífi

nema Hákon einn, þó at þeir komi síðarr, er svá kalliz, ok vil fyrir þat ófrið göra hér í landi. Nú vil ek, áðr en ek sé oleaðr, láta hefja mik upp í hásetið ok vil ek þar bíða annat-hvárt bót eðr bana. Ok mun þetta á annan veg fara

5 eðr til spyrja Nikulás byskup Árnason en hann muni vænta, ef ek öndumz hér í hásetinu ok standi yfir mér vinir mínir ; en hann hefir sagt, at ek munda högginn niðr fyrir hund ok hrafn. En Guð sé þess lofaðr, er hann hefir gætt mín í mörgum þrautum fyrir vápnum óvina mína.' Var þá

10 konungi veitt olean, en eptir þat minkaðiz megin hans. Ok er hann fann, at nær dró andlátí hans, þá mælti hann : 'Við dauða mínn,' segir hann, 'látið bert andlit mítt ; látið þá sjá bæði vini mína ok óvini, hvárt þá birtiz nökkut á líkama mínum bann þat, er óvinir mínir hafa bannat mér eðr bölvat,

15 ok mun ek þá ekki mega leynaz, ef eigi eru betri efni í, en þeir hafa sagt. Hefir ek meira starf, ófrið ok vandræði, haft í ríkinu en kyrrsæti eðr mikít hógílfí. Er svá at mínni virðingu sem margir hafi verit mínir öfundar-menn, þeir er þat hafa látið ganga fyrir fullan fjánskap við mik ; sem nú fyrirgefi

20 Guð þeim þat öllum, ok dæmi Guð milli vár ok allt mítt mál.'

Laugardaginn í Ymbur-dögum andaðiz Sverrir konungr ; var um lík hans buit vegliga sem ván var at. Nú var ok svá gört sem konungr hafði beðit, at berat var andlit hans, ok sá

25 allir þeir er hjá vóru, ok báru síðan allir eitt vitni um, at engi þóttiz sét hafa fegra líkama dauðs mannz en hans. Var hann ok, meðan hann lífði, allra manna fegrstr á hörundit. Sverrir var allra manna bezt látaðr. Hann var lágr maðr á vöxt ok þykk, sterkr at afli, maðr breið-leitr, ok vel farit andlitinu ;

30 optast skapat skeggit ; rauðlituð augun ok lágu fast ok fagrt ; hann var kyrrlátr ok hugaðsamr, manna var hann málsnjallastr, stórráðr, skýrt orðtakít, ok rómrinn svá mikill yfir málinu, at þó at hann þætti eigi hátt mæla, þá skilðu allir, þótt fjarri



væri. Hann var sæmiligr höfðingi þar er hann sat í hásetinu með vegligum búningi. Hann var hár í sætinu, en skammr fót-leggrinn. Aldri drakk hann áfenginn drykk, svá at hann spilti fyrir þat viti sínu. Sverrir konungr mataðiz jafnan ein-  
5 mælt. Hann var djarfr ok frækn, ok eljunar-maðr mikill við vás ok vökur.—Chs. 179—181 (*Flatey-book*).

### 7. HAKONAR SAGA (BY STURLA).

#### *The King's Death.*

Konungrinn hafði haft um sumarit vökur miklar ok stórar áhyggjur; var hann opt kallaðr, ok hafði lítið frelsi af sínum mönnum. En er hann kom útan ór Meðallanz-höfn frá  
10 skipi sínu, sem áðr var sagt, þá lagðiz hann brátt í rekkju af sótt. Fór sóttin ekki mjök ákaft í fyrstu. Ok er konungr hafði legit nökkurar þrjár vikur, léttiz hónum heldr, ok var hann nökkura þrjá daga svá, at hann gekk fyrsta dag innan um herbergit, en annan dag í kapellu byskups ok hlýddi þar  
15 messu. Enn þriðja dag gekk hann til Magnús-kirkju ok um skrín hins heilaga Magnúss jarls. Þann dag lét hann göra sér ker-bað, ok fór þar í, ok lét raka sér. Þá sömu nótt eptir tók at þyngja mjök hans sóttar-fari; ok lagðiz hann þá  
20 mjök þyngjaz. Í sóttinni lét hann fyrst lesa sér Látinu-bækr. En þá þótti hónum sér mikil mæða í, at hugsa þar eptir hversu þat þýddi. Lét hann þá lesa fyrir sér Norænu-bækr, nætr ok daga, fyrst Heilagra-manna-sögur. Ok er þær praut, lét hann lesa sér Konunga-tal frá Halfdani Svarta,  
25 ok síðan frá öllum Noregs konungum, hverjum eptir annan. Þá er Hákon konungr þóttiz finna, at mjök þyngdiz sóttar-farit, þá görði hann ráð fyrir mála-gjöfum við hirð sína; ok kvað hann á, at gefa skyldi mörk brenna hverjum hirðmanni, en hálfá mörk gestum, ok skutil-sveinum, ok öðrum sínum

önostu-mönnum. Þá lét hann vega allan borð-búnað sínn, en er eigi var gylldr; ok mælti svá fyrir, at þar sem þryti firt silfr, þá skyldi borð-búnaðinn gefa, svá at allir hefði þó skil. Þá vóru ok rituð bréf þau, er hann vildi senda til lagnúss konungs, með allri þeirri skipan sem hönum þótti mestu varða. Hákon konungr var oleaðr einni nótt fyrir luciu-messu. Vóru þar at byskupar: Þorgils byskup af Stafangri, Gillibert byskup af Hamri, Heinrekr byskup af Drkneyjum; Þorleifr ábóti; ok margir aðrir lærðir menn. Ok áðr hann væri smurðr, þá mintuz menn við hann, þeir er við vóru. Þá var konungrinn enn mál-hress. Hann var eptir réttir í sóttinni af trúnaðar-mönnum sínum, ef svá erviðliga mundi, at hans missti við eðr Magnúss konungs, hvárt hann eptir engan son eptir; eðr hvárt nökkut væri í annan stað til at ganga þar sem hans afkvæmi væri. En hann tók mikit af því, at hann ætti engan son eptir sik, nema Magnús konung; ok eigi dóttur þá er menn viti eigi áðr.—Þá er lesit var konunga-tal framan til Sverris, þá lét hann taka til at lesa Sverris-sögu. Var hön þá lesin nætr ok daga, jafnan er hann rakði. Messu-dagr Lucie meyjar var á Þórsdag. En Laugarlaginn eptir síð um kveldit þröngði svá sóttar-fari konungs, at hann misti máls síns. Nær miðri nótt var úti at lesa Sverris-sögu. En heldr at miðri nótt liðinni kallaði línáttigr Guð, Hákon konung af þessa heims lífi. Var þat þlun mönnum inn mesti harmr þeim er þar vóru staddir, ok sörgum öðrum þeim er síðan spurðu.—Chs. 329, 330.

## 8. SKIOLDUNGA SAGA.

*Dream and Death of Ivar Vid-fadmi (Wide-fathom).*

Þat var eina nótt, er konungr svaf á dreka sínum í lyptu-gu, at [hönun þótti sem] dreki mikill flygi útan af hafinu, ok þótti litr hans sem gull eitt, ok sindra af hönun upp á

himininn, sem sior flygi ór affi, ok lýsir á öll lönd in næstu af hönunum; ok þar eptir fljúga allir fuglar, þeir sem hönunum þóttu vera á Norðrlöndum. Ok þá sá hann í annan stað, at dregr upp ský mikit af lann-norðri, ok sér, at þar fylgir svá 5 mikit regn ok hvass-viðri, at hönunum þótti sem allir skógar ok allt land flyti í vatni því, sem ofan rigndi; þar fylgðu reiðar ok elldingar. Ok er sá inn mikli dreki fló af sænum á landit, þá kom móti hönunum regnit ok ill-viðrit, ok svá mikit myrkr, at því næst sá hann eigi drekann né fuglana, en heyrði þó 10 gny mikinn af reiðunum ok af ill-viðrinu, ok gekk allt svá suðr ok vestr um landit, ok svá víða sem hans ríki var. Ok þá þóttiz hann sjá þar til, sem skipin vóru, at öll vóru orðin at hvölum einum ok renna út í haf. Ok síðan vaknar hann. Ok hann lét kalla til sín Hörð, fóstura sinn, ok segir hönunum 15 drauminn ok bað hann ráða. Hörðr kvez vera svá gamlaðr, at hann kvaz ekki kunna at skynja drauma. Hann stóð á bjargi fyrir ofan bryggju-sporð, en konungr lá í lyptingu, ok sprettir lang-skarir, er þeir roedduz við. Konunginum var óskaplétt ok mælti: 'Gakk á skip, Hörðr, ok ráð draum 20 mínn.' Hörðr segiz eigi munu út ganga—'ok þarf eigi at ráða draum þínn; sjalfr máttú vita, hvat hann er, ok meiri vón at skamt líði heðan, áðr skipaz munu ríki í Svíðjóð ok Danmörk; ok er nú kominn á þik hel-gráðr, er þú hyggz öll ríki munu undir þik leggja, en þú veizt eigi at hitt mun fram 25 koma, at þú munt vera dauðr, en óvinir þínir munu fá ríkit.' Konungr mælti: 'Gakk hingat ok seg ill-spár þínar.' Hörðr mælti: 'Hér mun ek standa ok heðan segja.' Konungr mælti: 'Hverr er Halfdan Snjalli með Ásum?' Hörðr svarar: 'Hann var Balldr með Ásum, er öll Regin grétu, ok þér 30 ólfr.' 'Vel segir þú,' kvað konungr, 'gakk hingat ok seg tíðendi.' Hörðr svarar: 'Hér mun ek standa, ok heðan segja.' Konungr spyrr: 'Hverr var Hrocerekr með Ásum?' Hörðr svarar: 'Hann var Hoenir, er hroceddaztr var Ása, ok

'Ó þér flr.' 'Hverr var Helgi inn Hvassi með Ásum?' segir  
 konungr. Hörðr svarar: 'Hann var Hermóðr, er bazt var  
 ugaðr, ok þér óparfr.' Konungr mælti: 'Hverr var Guðrøðr  
 með Ásum?' Hörðr svarar: 'Heimdallr var hann, er heim-  
 skaztr var allra Ása, ok þó þér flr.' Konungr mælti: 'Hverr  
 em ek með Ásum?' [Hörðr svarar]: 'Muntú vera ormr sá,  
 sem verstr er til, ok heitir Miðgarðz-ormr.' Konungr svarar,  
 reiðr mjök: 'Ef þú segir mér fe[i]gð mína, þá segi ek þér  
 at þú munt eigi lengr lifa, þvíat ek kenni þik, hvar þú stendr,  
 þrúðna þursinn!'—'Þá far þú nú nær, Miðgarðz-ormrinn! ok  
 reynnum með okkr.' Þá hljóp konungr ór lyptinginni, ok varð  
 hann svá reiðr, at hann hljóp út um skarirnar. En Hörðr  
 steyptiz ór bjarginu ok á sæinn út, ok sá þat þeir menn,  
 er vörð hélldu á konungs-skipinu, síðast til konungs ok  
 Harðar, at hvárgi kom upp síðan. Ok eptir þessi tíðendi er  
 blásit liðinu til land-göngu, ok eiga þing. Þessi tíðendi  
 spyrjaz nú um allan herinn, er konungr er dauðr, ok þá er  
 ráðs leitað, hve með þessum mikla her skal fara. Þat sýndiz  
 þeim, þar sem Ívarr konungr var dauðr, en áttu öngar sakir  
 við Raðbarð konung, at hverr færi heim sem skjótazt at  
 góðum byr. Þat var ráðs tekit, rofinn leiðangrinn; siglir  
 hverr til síns landz.—*From Sogubrot.*

### *The Death of King Gorm.*

Þá var Gormr konungr staðr á Jótlandi. Haralldr fór  
 þegar þangat, ok segir móður sínni tíðendi. En Gormr kon-  
 ungr hefði þess heit strengt, at hann skyldi deyja, ef hann  
 spyrði fall Knútz sonar síns, ok svá sá er hönunum segði. Þá  
 lét dróttning tjallda höllina grám vaðmálum. En er konungr  
 kom til borðz, þá þögðu allir þeir er inni vóru. Þá mælti  
 konungr: 'Hví þegja allir menn? eru nökkur tíðendi at  
 segja?' Þá segir dróttning: 'Herra, þér áttuð tvá hauka,  
 annarr hvítr en annarr grár; hinn hvíti hafði flogit langt

í eyðimörk, þar kómu at hónum krákur margar, ok plokkuðu hann svá, at allar fjaðrar vóru af hónum reyttar; ok nú er hinn hvíti folginn, en hinn grái aþir kominn, ok mun hann nú drepa fogla til borðhalldz yðr.' Þá mælti Gormr konungr: 5 'Svá drúpir Danmörk, sem dauðr sé Knútr son mfn!' Þá segir dróttning: 'Sönn munu vera þessi tðendi, er þér segit, herra,' ok sönnuðu þat þá allir er inni vóru.—Þann sama dag tók Gormr konungr sótt ok andaðiz annan dag at jafnlengð. Þá hafði hann konungr verit tðu tigi vetra. Haugr mikill var 10 orpinn eptir hann. Nú var Haralldr tekinn til rfkiss yfir öll þau rski er faðir hans hafði átt, ok síðan görði hann erfi eptir feðr sínn, ok sezt síðan fyrst um kyrt.—*From Jomsvikinga Saga, edition 1875.*

*The Choosing of a King at the Wiborg Thing.*

Eptir andlát Sveins konungs varð þegar sundr-þykki mikit 15 með sonum hans, ok dró hverr þeirra at sér vini sína ok leitaði sér traustz ok fultings. Ásbjörn Eydana jarl hafði gipt dóttur sína Haralldi syni Sveins konungs, ok gekk hann at með inu mesta kappi at hallda Haralld til konungs; ok hurfu at því margir höfðingjar aðrir með hónum. Drógu þeir þat 20 fram sem forn lög vóru, at inn ellzti konungs son skyldi konungr vera; en hirtu ekki um hvat Sveinn konungr hafði þar um mælt, eðr hverju þeir höfðu hónum heitið. Knútr son Sveins konungs hafði áðr verit í hernaði í Austrvegi, ok hafði hann lið mikit ok góðan skipa-kost. Svá segir Kálfir 25 Mána son í kvæði sínu at Knútr hafi sigrat tiu konunga þá er hann herjaði í Austrveg. Þeir bræðr, Knútr ok Haralldr, sóttu nú báðir til Jótlandz, því at þar skyldi konung taka á Vébjarga-þingi. Var þar all-mikit fjölmenni. En er þingit var sett ok höfðingjar þar komnir þeir sem vón var, þá töludu 30 þeir, annarr at öðrum, ok birtiz þá hverr hverjum fulltingði. Fór svá þann dag allan til nætr, ok ekki þá nær lyktinni en

áðr. En annan dag er menn kómu á þingit, ok nökkurir  
 menn höfðu talat, þá stóð upp einn maðr í bónda-liðinu ok  
 talaði ok mælti svá: 'Vér Jótarnir höfum lengi haft valld  
 til þess at kjósa konung yfir Dana-velldi; höfum vér Danir  
 5 jafnan verit konung-sælir; ok þessi konungr, er nú var næst,  
 hafði alla hluti þá með sér er konung fríðir, en þat er herða  
 ok stjórn at gæta landzins, þvíat land vart er mjök her-skátt  
 af vikingum; þurvom vér þann konung at áðr sé reyndr at  
 bardögum ok at stjórn hersins, ok þar með landz ok laga;  
 10 hafi hann til bæði vit ok vanda at vera höfðingi. Konungr  
 þarf at vera snjallr í máli ok stilltr vel, ok þó harðr til refsinga  
 rétra; örr af fé, þvíat hann tekr af mörgum; skal hann af  
 því mikit gefa. Þat er ok hans þryði, at hann sé fríðr ok fagr  
 ok scemiligr í enum bezta búnaði. Tökum þann til konungs,  
 15 er þessa hluti hefir einn alla, sem nú eru upp talðir, því at góðr  
 konungr er oss betri ok nytsamligr en öll en fornu lög vár.  
 Knútr einn hefir þetta með sér er nú er upp talt; hann viljum  
 vér konung taka. Var ok Sveinn konungr svá heilráðr sínu  
 landz-folki, at þat muni öllum bazt gegna at hafa hans forsjá  
 20 á um slíka hluti, er oss liggr svá stórt við.' Þá varð at máli  
 hans rómr mikill ok þótti öllum vel mælt. Eyvindr Bifra hét  
 einn ríkr maðr, vinr mikill Ásbjarnar jarls; hann stóð þá upp  
 (ok) talaði þegar hljóð fekr, ok tók svá til orðz: 'Mikit  
 vanda-mál eigum vér hér at kæra; en þó eigi at stórr helldr  
 25 nauðsyn til at taka einn-hvern konung yfir oss. Allir megu  
 þér þat sjá, at Knútr hefir flesta hluti til þess, at vera konungr  
 yfir Danmörk, þó at forn lög vár vísi helldr til annars, en eigi  
 villdim vér í móti hónum mæla. En þó, ef vér skulum lögin  
 brjóta, þá hœfir þat at allir höfðingjar ok landz-stjórnar-menn  
 30 gjalldi þar til jákvæði, ok verði allir á eitt sáttir. Björn  
 konungs-bróðir er eigi hér á þinginu er einn er ágætaztr af  
 landz-mönnum, ok mest ráðandi. En þetta er ekki svá lítið  
 vanda-mál, ok sýniz oss öllum þat ráð, at hafa hér við alla ina

beztu menn, þá sem nökkurs eru ráðandi. Finnumz hér á morgin, ok tökum oss þá konung at lögum, þóat Knútr sé nú líkaztr til.'—Sleit svá þinginu, ok fór Knútr til skipa sinna.

Á þeirri nótt áttu höfðingjar stefnu ok tal sítt. Var þar 5 Haralldr Sveins son ok Ásbjörn jarl mágr hans; Björn konungs-bróðir, Eyvindr Bifra, ok margir aðrir vinir þeirra, þeir sem Haralldr villdu til konungs taka. Þá talaði Eyvindr Bifra, ok mælti svá: 'Þing áttum vér í dag við Knút, ok fór þat sem ek sagða yðr, at Knútr var mjök flytjandi síns máls, en hann 10 hafði ólög at mæla; en þó kom hann svá sínu máli, at þat þótti öllum áheyriligt; var til þess snilld hans, ok prettr sí er hann hafði skotið í munn manni þeim er talaði í flokki várum, svá at allr múgr geystiz fram með einu samþykki, at vilja Knút til konungs taka. Brá ek fyrir þá sök upp þing- 15 inu; mun oss ekki annat duga, ef vér viljum þó kapp á leggja, at Haralldr verði konungr, en at fullna þat, svá at Knútr sé hvergi nær. Skulu vér nú fá menn til at eiga þing við Knút, þá er snjallir sé ok sloegir; en sumir setja meðan laun-þing, ok taka Haralldr þar til konungs.'—Þetta ráð líkaði öllum vel. 20 Ok var svá gert. Eyvindr Bifra var sendr at þinga við Knút, ok með hónum mikit bónda lið.

En er þingit var sett, kom Knútr þar. Hann stóð upp ok talaði langt ok snjallt, ok beiddi þóendr gefa sér konungs-mán, sem áðr var roett. Þá segir Eyvindr Bifra, það þóendr bíða 25 þess, er Ásbjörn jarl komi til þingsins eða aðrir höfðingjar, þeir sem þangat var vón; 'þikkir oss þat meiri soemð at sem flestir sé við þeir sem nökkurs eru ráðandi. En vér væntum at mæli engi í móti.' Síðan veik svá roeðunni at hann talaði upp mann-kosti Knúz, talaði þar um langt ok snjallt, at hann 30 væri bazt til konungs fallinn allra sona Sveins konungs. Fann hann þar til mörg sönn orð. Hann talaði lengi. En áðr hann hafði lokit tölunni, kómu menn á þingit, ok sögðu þau tíðendi, at Haralldr Sveins son var til konungs tekinn

ir allt Dana-veldi. En er Knútr heyrði þetta sagt, þá stóð ann þegar upp ok gekk í brott ok til skipa sínna. En er ann kom á skipin, þá undraðuz allir menn þeir sem hann á, hvílfr hann var. Sumir hugðu af hann væri sárr vorðinn, víat andlit hans var svá rautt sem blóð. Hann settiz niðr á ísætiss-kistuna ok mælti ekki. Engi þorði at krefja hann náls, ok var svá langa stund dags. Eyvindr Bifra fór þegar í fund Haralldz konungs ok Ásbjarnar jarls ok annarra þeirra höfðingja er at þessu ráði höfðu horfit. Hann sagði þeim þessi tíðendi, ok lét þat fylgja, at hann hyggir at vís ván mun ófriðar í landi. Þeir segja, at svá buit mun nú standa hljóta, at þeir munu þann konung til landz halda er þeir hafa þá tekitt yfir sik. Eyvindr mælti: 'Þat mundi þá vera mítt ráð, at bjóða Knúti sættir; því at mun hann verða harðr í horn at taka, ef hann snýz til ófriðar.' Jarl svarar: 'Kunnu vér nú stórleika Knútz, ekki mun hann goela mega með sættar boðum.' Eyvindr segir: 'Knútr er grimmr ok skapstórr, vitr ok guð[h]ræddr; mun hann sjá alla þá meinbugi er á eru þessu máli, at berjaz við bræðr sínn; en ekki mun þurfa af at draga nema konung-dóminn einn ef duga skal.' Jarl svarar: 'Hvat villtú bjóða láta?' Eyvindr svarar: 'Bjóði hónum jarldóm ok Sjóland, ok þar með svardaga af öllum Dana-höfðingjum, at Knútr skal konungr vera ef hann lifir lengr en Haralldr bróðir hans, hverir aðrir sem þá eru á lífi sona Sveins konungs.' Jarl svarar: 'Ekki mun Knútr annat vilja en vera konungr.' Eyvindr segir: 'Eigi má þat vita fyrr en reynt er; man ek enn fara til Knútz með þessum boðum ef þér vilit.' Þessu játuðu þeir allir. Ferr Eyvindr á und Knútz, ok fann hann á skipi, ok gekk fyrir hann, ok var upp þetta ørendi. Knútr svarar seint; en er hann tók til náls, segir hann svá: 'Þat mun ek af kjósa er yðr mun lítil-iannligra (þikkja) at ek mun leifa konungs-nafnit helldr en erjaz við Harald bróður mínn til ríkiss; ok skipti Guð vág



í milli síðan.' Tók Eyvindr þessa sætt af Knúti ok kysti á hönd hönun, ok tók orlof af hönun at flytja svá buit til Haralldz konungs. Gekk sú sætt saman, ok var eiðum bundin.

- 5 Haralldr konungr Sveins son tók konungdóm í Danmörk eptir föður sínn, sem nú var sagt. Var þá Knútr bróðir hans yfir Sjólöndum; ok héllz vel sætt þeirra ok frændsými meðan þeir lifðu. En aðrir synir Sveins konungs, þeir sem ekki ríki höfðu til forráða, unðu illa sínum hlut; ok var óró mikil  
10 í landinu, svá sem segir:—

Stundum vér til stikka, styrr vex í Danmarku;  
erat Sveins synir sáttr at sínn feðr dauðan:  
Haralldr skal vígi verja, þá er vel tamiðr stikki,  
jörð af öernu magni fyrir ellifu bræðrum.

- 15 Haralldr konungr var kyrrlátr maðr ok fálátr, úmálugr, ekki talaðr á þingum; urðu aðrir mjök at hafa tungu fyrir hönun. Var hann lífill atkvæða-maðr um þá hluti, er þurfa þótti. Engi var hann hermaðr; kyrr ok hegr við folk; stöð ok lífill stjórnr af hönun. Fór nær slíku hverr framm í landinu  
20 sem villdi. Danir kölluðu hann Haralld Hein. En er hann hafði konungr verit fjóra (vetr), þá varð hann sótt-dauðr.

- Eptir andlát Haralldz konungs áttu Danir Vébjarga-þing.—  
Þar skulu þeir konung taka jafnan á því þingi.—Þar var þá  
til konungs tekinn Knútr Sveins son at ráði allra landz-manna  
25 yfir allt Dana-velldi. Hann gerðiz brátt ríkr maðr ok stjórnsamr. Mælti svá á einu þingi er hann talaði: 'Þér Danir launuðut svá Haralldi konungi bróður mínum (góðvilja) er hann hafði til yðar, er hann var við yðr hœllzti hœgr ok linr, at þér kölluðut konung yðarn Haralld Hein, ok gerðut þat fyrir  
30 spottz sakir. En nú skal ek þat launa yðr, er þér kunnut þat illa at þiggja, at nú skal ek vera yðr frekr harð-steinn.'—  
Knútr konungr reið yfir landit. En er hann kom í Halland, átti hann þar þing, ok talar sjalfr á þinginu; bað boendr láta

sér reiðskjóta er hann fór þar yfir land, því at hann hafði með skipum þar komit. Einn bóndi, sá er þar var snjallaztr ok hœllt var fyrri þeim bóndunum, stóð upp ok talaði; segir at boendr vildi ekki hafa frekari álög af Knúti en forn lög 5 stóðu til. En er hann hafði talat, gerðu boendr mikinn róm at máli hans; sögðu at þeir villdu svá gera at taka engi álög né fjöl-skylldur af Knúti. En er þessi kurr staðnaði, þá mælti konungr: 'Þér hafit vel gert, boendr, er þér segit at ek skal hafa af yðr lög, ok eigi framarr. Veit ek ok, at þér munut 10 mik ná láta lögum af yðr. Vil ek þá hafa í frelsi eign mína fyrir yðr.'—Ok því játaðu allir. Þá mælti konungr: 'Þá vil ek banna yðr Hallendingum at neyta eða beita mörk þá er ek á ok hér liggir nær yðr, bæði svinum yðrum ok öðrum smala.' En boendr urðu ókveða við þetta, ok sá at þat dugði þeim eigi, 15 því at konungs mörk liggir fyrir ofan allt Halland. En Hallendingar hafa mikinn fjölða svína er ganga í bæki-skógi eðr eiki-skógi. Taka boendr þá þat ráða, at játa konungi allt þat er hann beiddi. Var þat þá fest með þeim, þvíat boendr máttu eigi við hitt bua. Í þann tíma var drepinn bóndi sá er svarat 20 hafði konungi. Síðan fór Knútr konungr um Halland eptir því sem hann hafði ætlat, ok dømdi mönnum landz-lög. En er Knútr konungr kom út í Skáni, átti hann þar þing, ok þótti boendum hann yfrið frekr í kvöðunum. Æpa þeir nú allir senn, ok neita því er konungr beiddi, ok kváðuz all dri 25 vilja gera konungi skatt eðr skyllt framarr en lög vóru til. En er hljóð fekk, mælti konungr: 'Þér Skánungar erut menn vitrir; skil ek þat á tiltœki yðru, at þér hafit spurt hversu farit hafa skipti vár Hallendinga, hafi þér fundit miklu snjallara ráð en þeir, at neita því er ek villda beitt hafa, því at ek má 30 hér nú engum einum gefa sök á þessu. En þess vil (ek) enn beiða yðr sem fyrr krafða ek Hallendinga, at þér látið mik í friði ráða fyrir yðr mínni eign.' Því játuðu allir. Þá mælti konungr: 'Þat munu allir vita, hvat hér er konungs

(eign) í Danmörk eðr bónda, at konungr á auðn alla hér í landi; eða hvárt játi þér því?' Allir jáðu því at svá var.— Þat kallaði hann auðn sjóinn ok aðrar óbygðir.— Þá mælti konungr: 'Þá köllumz ek eiga Eyrar-sund; vil ek þá banna 5 yðr allt fiski-ver þat sem þér hafit þar áðr haft, ef þér vilt ekki stoða mína nauðsyn.' En er konungr hafði þetta mælt, þá sá allir, at þetta mátti þeim eigi hlýða, at boendr skylldi missa síld-fiskis í Eyrar-sundi. Var þat ráð tekit sem Hal- lendingar höfðu gört, at láta konung einn ráða, ok játa því 10 öllu er konungr beiddi. Ok lauk svá því þingi.—*Knyttlinga*, chs. 26–28.

### 9. JOMSVIKINGA SAGA.

#### *The Laws of the Vikings in Jomsburg.*

Eptir þetta setr Palna-Tóki lög í Jómsborg með vitra manna ráði til þess at þeirra ágæti yrði sem víðfrægast, ok afi þeirra yrði sem mestr. Þat var upphaf laga þeirra, at þangat skylldi 15 eingi maðr ráðaz sá er ellri væri enn fimmtugr. Ok eingi yngri en átján vetra, þar á meðal skyldu allir vera. Hvárki skylldi því ráða frændsemi, þó at þeir menn vildi þangat ráðaz er eigi væri í þeim lögum. Eingi maðr skylldi þar renna fyrir jafn-vígligum ok jafn-búnum. Hverr skylldi þar annars hefna sem bróður 20 síns. Eingi skylldi þar æðru-orð mæla né kvíða neinum hlut, hvegi óvænt sem um þætti. Allt þat er þeir fengi í herförum, þá skylldi til stangar bera, minna hlut ok meira, þat er fé-mætt væri, ok ef hann hefði þat eigi gört, þá skylldi hann í brottu verða. Eingi skylldi þar róg kveykva. En ef tíðendi 25 fregndiz, þá skylldi eingi svá hvat-víss at þau skylldi í hávaða segja, þvfat Palna-Tóki skylldi þar öll tíðendi segja. Engi maðr skylldi konu hafa í borgina. Ok eigi í brot vera þrim nóttum lengr. Ok þó at við þeim manni væri tekit, er vegit hefði föður eða bróður þess mannz er þar væri áðr, eða 30 nakkvarn náinn mann, ok kœmi þat upp síðan er við hönun

ri tekit, þá skyldi Palna-Tóki þat allt doema, ok hvatki mistti annat er þeirra yrði á milli.—Með þessu efni sitja þeir í borginni ok halda vel lög sín. Þeir fara hvert sumar ærnað á ymsi lönd, ok fá sér ágæti; þóttu vera enir mestu ærmenn, ok nálíga engir þeirra jafningjar í þenna tíma, ok þru kallaðir Jóms-víkingar.—*From the Stockholm vellum, edition 1875.*

## 10. ORKNEYINGA SAGA.

*Earl Rogwald and the Sheland Fisher.*

Sá atburður varð einn dag suður í Dynrastar-vági á Hjaltlandi, at einn bóndi gamall ok féllstill beið lengi skipanar sínna, en allir bátar aðrir reru út, hverr sem buinn varð. Þá kom maður at enum gamla bónda í hvítum kofli; ok spurði hví hann reri eigi til fiskjar sem aðrir menn. Bóndi segir, at skipan hans var eigi komin. ‘Bóndi,’ segir kofmaður, ‘viltu at ek roa með þér?’ ‘Vil ek þat,’ segir bóndi; ‘en þó vil ek hafa hlut af skipi mínu; þvíat ek á börn mörg heima, ok starfa ek fyrir þeim slíkt er ek má.’ Síðan reru þeir út fyrir Dynrastar-höfða, ok fyrir innan Hundholma. Þar var straum-mikit, er þeir sátu, ok iður stórar; skyldi sitja í iðunni, en fiskja ór röstinni. Kofmaður sat í hálsi, ok andæfði; en bóndi skyldi fiskja. Bóndi bað hann gæta, at þá bæri [eigi] í röstina; kvað þá við váða buit vera. Kofmaður fór ekki at hvat [er] hann sagði; ok hirti eigi, þótt bóndi kæmi í nökkura raun. Litlu síðarr bar þá í röstina; ok varð bóndi hræddr mjök, ok mælti: ‘Aumr var ek ógíptu; minnar, er ek tók við þér í dag til róðrar! þvíat ek mun hér deyja; en lið mitt er heima bjarglaust, ok allt á fátæki ef ek látumz.’ Ok varð bóndi svá hræddr, at hann grét; ok hann ugðði bana sínn. Kofmaður svarar: ‘Ver kátr, bóndi, ok grát eigi; þvíat sá mun okkr ór draga röstinni, er okkr olét í koma.’ Síðan reri kofmaður ór röstinni, ok varð bóndi

því all-feginn. Þá reru þeir at landi, ok settu upp bátinn. Ok bað bóndi kofmanninn at ganga til ok skipta fiskum. En kofmaðr bað bónda at skipta, sem hönnum líkaði; kvezt eigi vilja hafa meirr en þriðjung sinn. Þar var mart manna 5 komit til strandar, bæði karlar ok konur, ok mart fátækt folk. Kofmaðr gaf fátækum mönnum alla þá fiska er hann hafði hlotið um daginn; ok bjóz síðan til brotferðar. Þar var at ganga upp á brekku eina; ok sátu konur margar í brekkunni. En er hann gekk upp í brekkuna, spratt hönnum fótr, 10 er hált var af regni; ok féll hann ofan ór brekkunni. Kona ein sá þetta fyrst, ok hló mjök at hönnum; ok síðan annat fólk. En er kofmaðr heyrði þetta, kvað hann:—

Skelk aftar Sif silkis svinn at umbúð minni;  
hlær stórum mun meira mær en fallit væri:

15 Fár kann jarl (en árla ör-lyndr) at sjá gjörla  
(hlunnz dró ek eik af unnum áðr) í fiski-váðum.

Síðan fór kofmaðr í brott; ok urðu menn þess seinna varir, at þessi kofmaðr hafði verit Rögnvaldr jarl. Er þat ok síðan mörgum manni kunnigt orðit, at þau hafa mörg verit 20 hans brögð, er bæði vóru hjálpsamlig fyrir Guði, ok skemtlig fyrir mönnum. Menntu endu ok orðz-kvið þann, er stóð í vísunni, at 'Fár kennir jarl í fiski-váðum.'

## V. MYTHICAL AND HEROICAL SAGAS.

### I. EDDA.

HÉR hefr *Gylva-ginning* frá því er Gylvi sótti heim Alföður Ásgarð með fjolkyngi, ok frá villu Ása, ok frá spurningu iylva.

Gylver var maðr vitr, ok hugsaði þat er allir fýðir lofuðu á, ok allir hlutir gengu at vilja þeirra, hvárt þat mundi af ðli þeirra vera, eða mundi guð-mögnin valda því. Hann fór il Ásgarðz, ok brá á sik gamals mannz lski. En Æsirnir voru því vísari, at þeir sá ferð hans, ok görðu í móti sjónverfingar. Þá sá hann Háva-höll. Þök hennar voru þökt gylldum skjöldum sem spán-þak. Gylvir sá mann í hallarhurum er lék at handsöxum, ok voru sjau senn á lopti. Sá spurði hann fyrri at nafni. Hann nefndiz Gangleri ok kominn af Refils-stigum, ok spyr hvern höllina átti. Hann segir, at á var konungr þeirra, 'ok mun ek fylgja þér at sjá hann.' Þar sá hann margar hallir, ok mörg golf ok mart folk. Sumir drukku en sumir léku. Þá mælti Gangleri, er hónum ótti þar mart ótrúligt:—

Gáttir allar áðr gangi fram  
um skygnaz skyli:

þvíat óvíst er at víta hvar óvinir sitja  
á fletjum fyrir.

Iann sá þrjú hásaeti, ok hvert upp af öðru, ok sátu þar maðr hverju. Þá spurði hann hvert nafn höfðingja þeirra veri. á sagði er hann leiddi inn: 'Sá er í neðzta saeti sitr er onungr, ok heitir Hár, ok þar næst Jafn-Hár, en sá er fstr er, heitir Þriði.' Hann spyr Ganglera, hvat fleira veri

eyrinda, 'en heimill er matr ok drykk.' Gangleri segir, at fyrst vill hann spyrja ef nökkurr er fróðr maðr inni. Hár segir, at hann komi eigi heill út, ef hann er [eigi] fróðari:—

Ok stattu fram meðan þú fregn,

5 sitja skal sá er segir.

Gangleri hóf svá sítt mál: 'Hverr er æztr eða ellztr með goðum?' Hár segir: 'Sá heitir Alföðr at vóru máli, en í Ásgarði hefir hann tolf nöfn.' . . . Þá svarar Gangleri: 'Hvar er sá guð, eða hvat má hann, eða hvat hefir hann unnit til  
10 frama?' Hár svarar: 'Lifir hann um aldr, ok stjórnar öllu rfski sínu, stórum hlutum ok smám.' Þá svarar Jafn-Hár: 'Hann smíðaði himin ok jörð ok lopt.' Þá mælti Þriði: 'Hitt er meira er hann smíðaði himin ok jörð, at hann smíðaði mann, ok gaf hónum önd at lifa; þó skal líkamr  
15 fúna, ok skulu þá allir bua með hónum rétt-siðaðir þar sem heitir Gimle, en vándir menn fara til Heljar ok þaðan í Niflheim niðr í niunda heim.' Þá svarar Gangleri: 'Hvat hafðiz hann at áðr himin ok jörð vóru sköpuð?' Þá svarar Hár: 'Þá var hann með Hrímfursum.' Gangleri segir:  
20 'Hvat var upphaf, eðr hversu hófz?' . . . Þá svarar Jafn-Hár: 'Þat var mörgum vetrum fyrri en jörð var sköpuð er Niflheimr ver gerr, ok í hónum miðjum liggr bruðr sá er Hvergelmir heitir; ok þaðan falla þær ár er svá heita. . . Gjöll er næst Hel-grindum.' Þá segir Þriði: 'Fyrst var þó  
15 Muspellz-heimr sá er svá heitir; hann er ljóss ok heitr ok ófært er þar útlendum mönnum. Surtr ræðr þar fyrir ok sitr á heims enda; hann hefir loganda sverð í hendi, ok í enda veraldar mun hann koma ok sigra öll goðin ok brenna heiminn með elldi.' . . .—*From Cod. Ups., chs. 5-7.*

#### *Thor and the Peasant.*

30 En þat er upphaf þessa máls, at Öku-Þórr fór með hafra sína ok reið, ok með hónum sá áss, er Loki heitir. Þeir

ma at kveldi til eins buanda ok fá þar at nátt-stað. En í kveldit tók Þórr hafra sína, ok skar báða; eptir þat vóru þeir flegnir ok bornir til ketils. En er soðit var þá settiz þeir til nátt-verðar ok þeir lags-menn. Þórr bauð til matar þó sér buandanum ok konu hans ok börnum þeirra; sonur þanda hét Þjalfi, en Røskva dóttir. Þá lagði Þórr hafr-stökurnar útar frá eldinum, ok mælti at bóndinn ok heimamenn hans skyldu kasta á hafr-stökurnar beinunum. Þjalfi, sonur bónda, hélt á lær-legg hafrsins, ok spreitti á knífi sínum, ok braut til mergjar. Þórr dvalðiz þar um nóttina. En í morgun fyrir dag stóð hann upp ok klæddi sik, tók hamarinn jöllni, brá upp ok vígði hafr-stökurnar; stóðu þá upp frarnir, ok var þá annarr haltr eftra sæti. Þat sá Þórr, ok sagði at húsbóndinn eða hans hjón mundi eigi skynsamliga fara farit með beinum hafrsins; kennir hann at brotinn var þar r-leggrinn. Eigi þarf langt frá því at segja, vita megu þat þeir lír, hversu hræddr bóndinn mundi verða, er hann sá at Þórr tók síga brýnnar ofan fyrir augun; en þat er sá augnanna, þá sagði hann falla mundu fyrir sjóninni einni saman; hann erði hendrmar á hamar-skaptinu, svá at hvítuðu knuarnir. Þá bóndinn görði sem vón var, ok öll hjónin, kölluðu þau kafliga, báðu sér friðar, buðu at yfirbót allt þat er þau gættu. En er hann sá hræzlu þeirra, þá gekk af hólum nóðrinn ok sefaðiz hann, ok tók af þeim í sætt börn þeirra, þjalfa ok Røsku, ok görðuz þau þá skyldir þjónustu-menn þessans, ok fylgja þau hólum jafnan síðan. Lét hann eptir þau hafra, en byrjaði ferðina austr í Jötunheima.—*Cod. Worm.*

### *The Death of Balder.*

Þá mælti Gangleri: 'Hafa nökkur meiri tíðendi orðit með Ásum? All-mikit þrek-virki vann Þórr í þessi ferð.' Þá svarar Hár: Vera mun at segja frá þeim tíðendum er meira þótti vert Ásunum. En þat er upphaf þeirrar sögu, at Baldr



hinn Góða dreymði drauma stóra ok hættliga um líf sítt. En er hann sagði Ásunum draumana, þá báru þeir saman tál sín, ok var þat gört, at beiða griða Balldri fyrir allz-konar háska, ok Frigg tók svardaga til þess, at eira skyldi Balldri: 5 elldr, vatn, jarn, ok allz-konar malmr, steinar, jörðin, viðirnar, sóttirnar, dýrin, fuglarnir, eitrið, ormarnir. En er þetta var gört ok vitað, þá var þat skemtan Balldr ok Ásanna, at hann skyldi standa upp á þingum; en aðrir Æsir skyldu, sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjótinu. En 10 hvat sem at var gört, sakaði hann ekki; ok þótti þetta öllum mikill frami. En er þetta sá Loki Laufeyjar son, þá líkaði hönnum illa. Hann gekk til Fensalar til Friggjar, ok brá sér í konu líki. Þá spyr Frigg ef sú kona vissi hvat Æsir hefðu at á þinginu. Hón sagði at allir skutu at Balldri, ok þat, at 15 hann sakaði ekki. Þá mælti Frigg: 'Eigi munu vápn eða viðir granda Balldri, eiða hefi ek fengit af öllum þeim.' Þá spyr konan: 'Hafa allir hlutir þér eiða unnit at eira Balldri?' Þá svarar Frigg: 'Vex viðar-teinungr einn fyrir vestan Valholl, sá er kallaðr Mistil-teinn, sá þótti mér ungr at krefja 20 eiðsins.' Því næst hvarf konan braut. En Loki tók Mistil-tein ok sleit upp, ok gekk til þings. En Höðr stóð útarliga í mann-hringinum, þvíat hann var blindr. Þá mælti Loki við hann: 'Hví skýtr þú ekki at Balldri?' Hann svarar: 'Þvíat ek sé eigi hvar Balldr er, ok þat annat at ek em vápn-lauss.' 25 Þá mælti Loki: 'Gör þú þó í líking annarra manna, ok veit Balldri sæmð sem aðrir menn. Ek mun vísa þér til hvar hann stendr; skjót at hönnum vendi þessum.' Höðr tók Mistil-tein ok skaut at Balldri at tilvísan Loka. Flaug skotið í gegnum (Balldr) ok fell hann dauðr til jarðar; ok hefir þat 30 mest óhapp gört verið með guðum ok mönnum.—Þá er Balldr var fallinn, felluz öllum Ásum orðtök ok svá hendr at taka til hans, ok sá hverr til annars, ok vóru með einum hug allir til þess er unnið hafði verkit; en eigi mátti hefna; þar var svá

íkill griða-staðr. En þá er Æsirnir vitkuðuz, þá var þat rist, at grátrinn kom upp, svá at engi mátti öðrum segja eð orðunum frá sínum harmi. En Óðinn bar þeim mun rist þenna skaða, sem hann kunni mesta skyn hversu mikil þaka ok missa Ásunum var í frá-falli Balldr. En er guðin tkuðuz, þá mælti Frigg, ok spurði hverr sá væri með Ásum, eignaz vildi, 'allar ástir mínar ok hylli, ok vili hann ríða Hel-veg, ok freista ef hann fái fundit Balldr, ok bjóða Helju lausn, ef hón vill láta fara Balldr heim í Ásgarð.' En sá nefndr Hermóðr enn Hvati, son Óðins, er til þeirrar sendirar varð. Þá var tekinn Sleipnir hestr Óðins ok leiddr am, ok steig Hermóðr á þann hest, ok hleypti brott.—*From 'Od. Worm.*

*The Story of King Hrolf Kraki and the Boy Voggr.*

Konungr einn í Danmörk er nefndr Hrólfr Kraki; hann ágætastr forn-konunga, fyrst af mildi ok frækneik, ok tillæti. Þat er eitt mark um lítillæti hans, er mjök er fært frá-sögn, at einn lítill sveinn ok fátækr er nefndr Voggr; ann kom í höll Hrólfs konungs; þá var konungr enn ungr aldri ok grannligr á vöxt. Þá gekk Voggr fyrir hann ok í upp á hann. Þá mælti konungr: 'Hvat viltú mæla, sveinn, þú sér svá upp á mik?' Voggr svarar: 'Þá er ek var eima, heyrða ek sagt, at Hrólfr konungr í Hleiðru var mestr maðr á Norðrlöndum; en nú sitr hér í háseti kraki einn líll, ok kalla þeir þann konung sínn.' Þá svarar konungr: Þú, sveinn, hefir gefit mér nafn, at ek skal heita Hrólfr Kraki; en þat er títt með oss at gjöf skal fylgja nafn-festi. Tú sé ek þik enga gjöf hafa til at gefa mér at nafn-festi, þá mér sé þægilig; nú skal sá gefa öðrum er til hefir,—tókull-hring af hendi sér ok gaf hönun. Þá mælti Voggr: Gef þú allra konunga heilastr, ok þess strengi ek heit, at erða þess mannz bani, er þínn bani verðr.' Þá mælti

konungr ok hló at : 'Lítlu verðr Voggv feginn.'—*From Co Worm.*

*The Wonder-Mill.*

Kvern heitir Grotti er átti Fróði konung; hún mól hv vetna þat er hann vildi, gull ok frið. Fenja ok Menja h  
5 ambáttir þær er mólu. Þá tók Mýsingr sæ-konungr Gr ok lét mala hvíta-salt á skipum sínum, þar til er þau su á Petlandzfirði. Þar er svelgr stöðan er sær fellr í auga Gr Þá gnýr sær er hún gnýr, ok þá varð sjórinna saltr.—*I AM. 748.*

*Guðrun and Brynhild bathing in the River.*

10 Þat var eitt sinn at þær Brynhildr ok Guðrún gengvatz at bleikja hadda sína. Þá, er þær kómu til árinna óð Brynhildr út a sóna frá landi, ok mælti at hún vild bera í höfuð sér þat vatn er rynnir ór hári Guðrúnu; hún átti buanda hugaðan betr. Þá gekk Guðrún á ána  
 beltí um sínar lendar; hans matr vóru engi-sprettur og  
 5 skógar-hunang. Þá gekk og út til hans lýðr Hierusalem-  
 borgar og allt Judea-land og öll um liggjandi héröð Jórdanar,  
 6 og skíróust af honum í Jórdan, játandi sínar syndir.

7 En þá hann sá marga Phariseis og Saduceos koma til sinnar  
 skírnar, sagði hann til þeirra, Þér nöðru-kyn, hver kendi  
 8 yðr at flýja til komandi reiði? Af því gjörít verðugan ávöxt  
 9 iðranarinnar, og verit ei þess hugar, þat þér segit með sjalfum  
 yðr, at Ábraham höfum vær fyri föður: þvfat eg segi yðr, at  
 Máttugr er Guð upp at vekja Abrahams sonu af steinum  
 10 þessum. Af því at nú er öxin sett til rótar viðanna; því mun  
 hvert þat tré sem eigi gjörir góðan ávöxt, af sníðast og í eld  
 11 kastast. Eg skíri yðr í vatni til iðranar; en sá eptir mig  
 kemr, er mér sterkari, hvers skóklæði at eg er eigi verðugr at  
 bera; hann mun skífra yðr með Heilögum Anda og eldi;  
 12 hvers vind-skúpla er í hans hendi, og hann mun hreinsa sinn  
 láfa, og hveitinu safna í sína korn-hlöðu, en agnirnar brenna  
 í eldi óslökkvanligum.

13 Í þann tíma kom Jesus af Galilea at Jordan til Johannis,  
 14 at hann skíróist af honum. En Johannes varnaði honum

þess, og sagði, Mér er þörf at eg skírist af þér, og þú kemr til mín. En Jesus svaraði, og sagði, Lát nú svo vera; þvíat svo hæfir oss allt réttlæti upp at fylla. Og þá lét hann þat eptir honum. En er Jesus var skírðr, sté hann jafn-skjótt upp úr vatninu. Og, sjá, at himnarnir lukust upp yfir honum, og Johannis sá Guðs Anda ofan stíga, sem dúfu, og yfir hann koma. Og, sjá, at röddin af himni sagði, Þessi er Sonr minn elskuligr, at hverjum mér vel þóknast.

ÞA var Jesus teygðr af anda á eyðimörk upp á þat hann freistaðr yrði af djöflinum. Og þá hann hafði fastað í 40 daga og 40 náttu, hungraði hann. Og freistarinn gekk til hans og sagði, Ef þú ert Sonr Guðs, seg at steinar þessir verði at brauðum. Hann svaraði og sagði, Skrifat er, at Maðrinn lifir eigi af einu saman brauði, heldr af sérhverju orði sem fram gengr af Guðs munni.

Þá tók djöfullinn hann með sér í borgina helgu, og setti hann upp á bust musterisins, og sagði til hans, Ef þú ert Guðs Sonr, fleyg þér hér ofan; þvíat skrifat er, at Hann mun stjórna sínum englum um þig, at á höndum bæri þeir þig, svo at þú steyttir eigi fót þinn við steini. Jesus sagði aptr til hans, Skrifat er, at Eigi skaltú freista Drottinn Guð þinn.—Og enn aptr flutti djöfullinn hann með sér upp á ofr-hátt fjall, og sýndi honum öll ríki veraldar og þeirra dýrð, og sagði til hans, Allt þetta man eg gefa þér, ef þú fellr fram og tilbiðr mig. Þá sagði Jesus til hans, Far burt, þú andskoti, þvíat skrifat er, Drottinn Guð þinn skaltú tilbiðja og honum einum þjóna.—Þá forlét djöfullinn hann; og sjá, at englar kómu til hans og þjónuðu honum.

En er Jesus heyrði þat Johannis var gripinn, fór hann til Galilea-landz, og forlét borgina Nazareth; kom og bygði í borginni Capernaum, hver eð liggir við sjáfar-síðu í endimörkum Zabulons og Nephtalins: Svo at þat upp fylldist *þvat sagt er fyri Esaiam spámann, sem segir, Landit Zabulon,*

landit Nephtalim við sjáfar-götu, hinu-megin Jórdanar, og  
 16 Galilea hinnar heiðnu þjóðar. Lýðr sá er sat í myrkrunum,  
 hann sá ljós mikit; og þeir sem sátu í þeirri bygð og daubans  
 17 skugga, þeim er nú ljós upp runnit.—Þaðan í frá tók Jesus  
 til at predika og segja, Gjörít iðran, þvát himnarski tekr at  
 nálgast.

18 En er Jesus gekk með sjónum í Galilea, leit hann tvo  
 bræðr, Símon sá er kallaðist Petrus, og Andream bróður  
 hans, hverir eð vóru at varpa neti í sjóinn, þvát þeir vóru  
 19 fiski-menn. Og hann sagði til þeirra, Fylgit mér eptir, og  
 20 mun eg gjöra yðr at fiskurum manna. En þeir forlétu jafn-  
 snart netin, og fylgdu honum eptir.

21 Og er hann gekk fram lengra burt þaðan, sá hann tvo aðra  
 bræðr, Jacob son Zebedei, og Johannem bróður hans, vera  
 á skipi með feðr sínum Zebedeo, net sín at bæta. Og hann  
 22 kallaði þá. En þeir forlétu strax skipit og föður sinn, og  
 fylgdu honum eptir.

23 Jesus fór og um allt Galilea, kennandi í þeirra samkundu-  
 húsum, og predikaði Euangelium ríkisins, og læknaði öll  
 24 sóttar-ferli og öll krankdæmi með fólkinu. Og hans rykti  
 barst út um allt Syriam. Og þeir færðu honum alla þá sem  
 krenktir vóru af margvísnum sóttar-ferlum, og í ýmisligum  
 pfslum höndlaðir, og þá er djöful höfðu, tungla-mein, eða ikt-  
 25 sjúkir vóru. Og hann læknaði þá alla. Og margt fólk fylgdi  
 honum eptir úr Galilea, og úr þeim tíu borgum, og af Jeru-  
 salem, og Judea, og af þeim héröðum er vóru hinu-megin  
 Jórdanar.

5 **E**N er Jesus sá fólkit, gekk hann upp á fjallit. Og þá hann  
 2 setti sig niðr, gengu hans lærisveinar til hans. Hann  
 lauk sinn munn upp, ok tók at kenna þeim, og sagði:

3 Sælir eru þeir sem andliga eru volaðir; þvát þeirra er  
 4 himnarski. Sælir eru þeir sem harma; þvát þeir munu  
 5 huggaðir verða. Sælir eru hógværir; þvát þeir munu jarð-

- 6rfki erfa. Sælir eru þeir sem hungra ok þyrsta eptir rétt-  
7lætinu; þvíat þeir skulu saddir verða. Sælir eru miskunn-  
8samir; þvíat þeir munu miskunn hljóta. Sælir eru hrein-  
9hjartaðir; þvíat þeir munu Guð sjá. Sælir eru þeir sem  
friðinn gjöra; þvíat þeir munu Guðs synir kallaðir verða.
- 10 Sælir eru þeir sem fyrir réttlætisins sakir ofsóktir verða;  
11 þvíat þeirra er himnarfki. Sælir eru þér, nær eð lýðrinn  
formælir yðr og ofsókn veitir, og talar í gegn yðr alla  
12 vondzku fyri mínar sakir, þó ljúgandi. Fagni þér og verit  
glaðir; þvíat yðar verðkaup eru mikil á himnum; þvíat svo  
hafa þeir ofsókt spámennina þá er fyri yðr vóru.
- 13 Þér erut sallt jarðar: nú ef salltið deyfist, í hverju verðr þá  
saltað? þá dugir þat til einskis meir, nema at þat verðr út  
14 snarat, svo þat sé fót-troðit af mönnum. Þér eruð ljós veraldar.  
15 Sú borg sem á fjallinu er sett, fær eigi folgizt. Og eigi tendra  
þeir ljósit, og setja þat undir mæli-ask, heldr yfir ljós-hallid-  
16 inn, svo at þat lýsi öllum þeim sem í húsinu eru. Líka skal  
yðvart ljós lýsa fyri mönnum, svo at þeir sjái yðar góðverk,  
og dýrki Föður yðvarn á himnum.
- 17 Þér skulut eigi meina at eg sé kominn lögmálit eðr spá-  
mennina upp at leysa: Eg em eigi kominn at leysa, heldr  
18 upp at fylla. Þvíat eg segi yðr fyri sann, þangat til himin og  
jörð forgengr, mun eigi hinn minzti bókstafr eða titill af lög-  
19 málinu forganga, þar til at allt þetta skeðr. Því hver hann  
upp leysir eitt af þessum minzta boðorðum, og kennir þat  
lýðnum svo, sá mun kallast minztr í himnarfki. En hverr  
þat gjörir og kennir, hann mun mykill kallast í himnarfki.
- 20 Þvíat eg segi yðr, nema svo sé at yðvart réttlæti sé betra en  
hinna skriptlærðu og Phariseis, þá munu þér eigi inn ganga  
í himnarfki.
- 21 Þér hafit heyrt hvat sagt er til inna gömlu, Þú skalt eigi  
mann vega. En hver eð mann vegr, hann verðr dóms sekr:
- 22 En eg segi yðr, Hverr eð reiðist bróður sínum, at hann verðr

dóms sekr. En hver sem til bróður síns segir, Rachal h  
 verður ráðs sekr. En hver eð segir, Þú afglapi, hann v  
 23 sekr helvítis eldz. Fyrir því; nær þú offrar þína gáf  
 altarit, og þér kemr þar til hugar, þat bróðir þinn hafi no  
 24 á móti þér, þá láttu þar þína gáfu fyri altarinu, og gakk  
 at sætta þig við bróður þinn; og kom þá at offra þína;  
 25 Vertú snarliga sam-þykkir þínum mótstöðu-manni, á m  
 þú ert enn á vegi með honum; svo at eigi seli þig þinn  
 stöðu-maðr dómaranum, og dómariinn seli þig þérananur  
 26 verðir þú í dýplizu kastaðr. At sönnu segi eg þér, þ  
 munt eigi þaðan út fara, þar til þú borgar hinn sí  
 pening.

27 Þér hafit og heyrð þat sagt er til hinna gömlu, Þú skal  
 28 hórdóm drýgja: En eg segi yðr, at hverr hann lítr ko  
 at girnast hennar, sá hefir þegar drýgt hór með henni  
 29 hjarta. Því, ef þitt hægra auga hneykslar þig, þá kipp því  
 rek þat frá þér; þvíat skárri er þér, at einn þinna lima  
 30 heldr en allr þinn líkami kastist í helvítzkan eld. Og  
 hægri hönd hún hneykslar þig, þá sníð hana af, og r  
 þér; þvíat skárri er þér, at einn þinna lima tortýnist,  
 allr líkami þinn fari í helvítzkan eld.

31 Svo er og enn sagt, at hver hann skilr sig við sína  
 32 konu, sá skuli gefa henni skilnaðar-skrá: En eg seg  
 Hver hann forlætr sína'eigin-konu, at undan-tekinni h  
 sök, sá gjörir þat, at hún verður hórdóms kona; og h  
 fastnar þá eð frá manni er skilin, sá drýgir hór.

33 Þér hafit enn framar heyrð hvað sagt er til hinna gö  
 Eigi skulir þú rangt sverja; og þú skalt Guði þín særi  
 34 En eg segi yðr, at þér skulut ölldungis ekki sverja, hvo  
 35 himinn, þvíat hann er Guðs sæti; eigi heldr við jörð  
 hún er skör hans fóta; eigi við Jerusalem, þvíat hún e  
 36 hins mykla konungs. Þú skalt og eigi sverja við höft  
 37 þvíat þú formátt eigi at gjöra eit hár hvítt eðr svart.

yðar ræða, Já, Já; Nei, Nei: En hvat fram yfir þat er, þá er af hinu vonda.

38 Þér hafit og heyrð hvat sagt er, Auga fyri auga, tönn fyri 39 tönn: En eg segi yðr, at þér skulut eigi brjótast í gegn illu.

Heldr ef nokkur slær þig á þína hægri kinn, þá bjóð honum 40 hina aðra. Og þeim sem við þig vill lög þreyta, og þinn 41 kyrtill af þér hafa, þá lát honum og þinn möttul lausan. Og hver þig neyðir um mflu eina, þá gakk með honum og tvær 42 aðrar. Gef og þeim er þig biðr, og vert eigi afundinn þeim er af þér vill lán taka.

43 Þér hafit heyrð at sagt er, Elska skaltú náunga þinn, og 44 óvin þinn at hatri hafa: En eg segi yðr, Elski þér óvini yðra; blezit þá er yðr bölvá; gjörir þeim gott sem yðr hata; og 45 biðit fyri þeim er yðr lasta og ofsókn veita; svo at þér séut synir Föðurs yðvars þess á himnum er, hver sína sól lætr upp ganga yfir vonda og yfir góða, og rigna lætr yfir réttláta og 46 rangláta. Því ef þér elskit þá sem yðr elska, hvert verðkaup 47 hafi þér fyri þat? Gjöra þat eigi líka tollheimtu-menn? Og þó þér látið kært at eins við bræðr yðra, hvat gjöri þér þeim 48 meira? Gjöra þetta og eigi líka hinir heiðnu? Fyrir því, verit algjörðir, svo sem yðar himneskr Faðir er algjörðr.

6 **GÆTID** at, þat eigi gjöri þér yðrar ölmusur fyri mönnum, 2 svo at þér sjáist af þeim; annars hafi þér ekkert verð- 2 kaup hjá yðrum Föður sem á himnum er. Því, nær þú gefr ölmusu, skalt þú eigi lúðr þeyta láta fyrir þér, svo sem hræs- 3 narar gjöra, í ráðhúsum og á strætum, svo at þeir heiðrist af mönnum. Sannliga segi eg yðr, at þeir hafa sín laun út tekin. 3 En nær þú gefr ölmusu, þá lát þína vinstri hönd eigi vita hvat 4 hin hægri gjörir, svo at þín ölmusa sé í leyni: og Faðir þinn, sá er í leynum sér, gjaldi þér opinskárt aptr.

5 Og nær þú biðr, skalt þú eigi vera svo sem hræsningar, hverjum kært er at standa og biðjast fyrir í samkundu-húsum og á gatna-hornum, svo at þeir sjáist af mönnum. Sannliga



- 6 segi eg yðr, at þeir hafa sín laun út tekin. En nær þú biðst fyrir, gakk inn í þinn svefn-kofa; og at luktum þínum dýrum, bið þú Föður þinn sem í leynum er: og Faðir þinn, sá í leyni sér, mun þér þat opinskárliga aptr gjalda.
- 7 Og nær þér biðit, skulu þér eigi fjölmálugir vera, svo sem heiðingjar gjöra; þvíat þeir meina, at af sinni fjölmælgí munu 8 þeir heyrðir verða. Fyri þat skulu þér eigi þeim líkjast; þvíat Faðir yðar veit hvers yðr er þörf, áðr en þér biðit 9 hann. Af því skulu þér svo biðja:
- 10 Faðir Vor, sá þú ert á himnum. Helgist nafn þitt. Til 11 komi þitt ríki. Verði þinn vili, svo á jörðu sem á himni. Gef 12 oss í dag vort dagligt brauð. Og fyrirlát oss vorar skuldir, 13 svo sem vér fyrirlátum vorum skuldu-nautum. Og inn leið oss eigi í freistni. Heldr frelsa þú oss af illu: þvíat þitt er ríkit, máttur og dýrð um alldir allda. Amen.
- 14 Þvíat ef þér fyrirlátið mönnum sínar afgangjörðir, þá mun 15 yðar himneskr Faðir fyrirláta yðr og yðar brot: En ef þér fyrirlátið eigi mönnum sínar misgjörðir, þá mun yðar Faðir og eigi fyrirgefa yðr yðrar syndir.
- 16 Nær þér fastið, skulu þér eigi vera svo sem kámleitir hræsningar; þvíat þeir syrta sína ásjónu, svo at skíni fyrí mönnum þat þeir fasti. Sannliga segi eg yðr, at þeir hafa út 17 tekit sín laun. En nær þú fastar, smyr höfud þitt, og þvo þitt 18 andlit, svo at eigi skíni fyrí mönnum þat þú fastir; heldr fyrí Föður þínum sem er í leyni. Og Faðir þinn, sá í leynum sér, hann mun þér þat opinskárt aptr gjalda.
- 19 Eigi skulu þér fjár-sjóðum safna á jörðu, hvar þeim má mör og ryð granda, og hvar eð þjófar megu eptir grafa og stela: 20 heldr safnit yðr fjár-sjóðum á himni, hvar eð hvorki má mör né ryð granda, og hvar þjófar fá eigi stólit né eptir grafit: 21 Þvíat hvar yðar sjóðr er, þar er yðvart hjarta.
- 22 Ljós þíns líkama er þitt auga: og ef auga þitt er einfalt, 23 þá er allr líkama þinn skær; en ef auga þitt er skalkr, þá er

allr líkami þinn myrkr; því ef þat ljós sem at er í þér er myrkr, hve mykil munu þá myrkrin sjálf!

14 Einginn kann tveimr herrum í senn at þjóna: annat-hvort hann afrækir þann eina, eða elskar hinn annan; elligar hann þýðist þann eina og forlítr hinn annan. Þér getið eigi Guði 15 þjónat og hinum Mammon. Fyri því segi eg yðr, Verit eigi hryggvir fyri yðru lífi, hvat þér skulut eta eðr drekka; og eigi fyri yðrum líkama, hverju hann skal klæðast. Er eigi 16 lífit meir en fæðan, og líkaminn meir en klæðin? Sjáit fugla himins, þeir eð hvorki sá né upp skera, og eigi safna þeir í korn-hlóður; og yðar himneskr Faðir hann fæðir þá. Eru 17 þér eigi myklu framar en þeir? Eða hver yðar getr aukit með sinni áhyggju alin eina at lengd sinni? Og hvar fyri eru þér hugsjúkir fyri klæðnaðinum? Hyggit at akrsins lilju- 18 grösom, hvernin þau vaxa; þau vinna hvorki né spinna: En eg segi yðr, þat Salamon í allri sínni dýrð var eigi svo 19 skryðdr svo sem eitt af þeim. Þvíat ef Guð skryðir svo grasit, þat í dag er á akri, og á morgun verðr í ofn kastað, skyldi hann eigi myklu framar við yðr gjöra, ó þér lítiltrúaðir? Fyri því skulu þér ekki hryggvir vera, og segja, Hvat 20 munu vær eta? eða hvat munu vér drekka? eða hverju munu vér klæðast? Þvíat eptir þessu öllu sækir heiðin þjóð; og yðar 21 himneskr Faðir veit, at þér þurfit allz þessa við. Fyri því, leitið fyrst Guðs ríkis og hans réttlætis, og mun yðr allt þetta 22 til leggjast. Og fyri því skulu hér eigi önn ala annars morguns, af því at morgun-dagr mun kvíðu fyrir sjálfum sér bera. Hverjum degi nægir sin óvæð.

23 **E**IGI skulu þér dæma, svo at þér verðit eigi dæmdir; þvíat með hverjum dómi þér dæmit, munu þér dæmdir 24 verða; og með hverri mælingu þér mælit, mun yðr endræmt verða. En hvat sér þú ögn í auga bróður þíns, en at þeim vagli, sem er í sjálfs þíns auga gáir þú ekki? Eða 25 hvernin dirfist þú at segja bróður þínum, Bróðir, leyf at eg

dragi út ögnina af auga þínu; og, sjá, at vagl er þó í sjón  
5 þíns auga. Þú hræsnari, drag fyrst út vaglinn af þínu auga;  
og gef þá gætr at, at þú fáir út dregit ögnina af þíns bróðurs  
auga.

6 Eigi skulu þér gefa hundum hvat heilagt er; og varpit eigi  
heldr perlum yðar fyrir svín, svo at eigi troði þau þær með  
fótum sér; og atsnúist þau og yðr í sundr slíti.

7 Biðit, og mun yðr gefast; leitid, og munu þér finna; knýt  
8 á, og mun fyrir yðr upp lokit. Þvíat hver eð biðr, hann  
öðlast; hver eð leitar, hann finnr; og fyrir þeim eð á knýr,  
9 mun upp lokit. Eða hver er þann mann af yðr sá, ef sonur  
10 biðr hann um brauð, at hann bjóði honum stein; elligar ef  
11 hann biðr um fisk, at hann bjóði honum þá höggorm? Því  
ef þér, sem þó eru vondir, kunnit at gefa góðar gjafir sonum  
yðar, miklu meir mun yðar Faðir, sá á himnum er, gefa þeim  
12 gott er hann biðja? Því allt hvat þér vilit mennirnir gjöri  
yðr, þat skulu þér og þeim gjöra: þvíat þetta er lögmálit og  
spámennirnir.

13 Gangit inn um hið þröngva hlið; þvíat þat hlið er vítt, og  
sá vegr er breiðr, sem leiðir til fortöpunar; og þeir eru margir  
14 sem á honum reika. Og þat port er þraungt, og sá vegr er  
mjór, sem til lífs leiðir; og þeir eru fáir er hann rata.

15 Vaktid yðr fyrir fals-spámönnum, sem til yðar koma í  
16 klæðum sauðanna, en innra eru þeir glefsandi vargar. Af  
ávöxtum þeirra megi þér þá kenna. Verða nokkut vinar  
17 saman lesin af þyrnum, elligar síkjur af þistlum? Svo mun  
hvert gott tré gjöra góðan ávöxt; en hvert vondt tré vondan  
18 ávöxt. Gott tré getr eigi fært vondan ávöxt; og eigi heldr  
19 getr vondt tré fært góðan ávöxt. Og hvert þat tré, sem eigi  
færir góðan ávöxt, mun af höggvit verða, og í elkd kastat.  
20 Fyr því megi þér af þeirra ávöxtum þá kenna.

21 Þeir munu eigi allir sem til mín segja, Herra, Herra, inn  
ganga í Guðs ríki; heldr þeir sem gjöra vilja mínna himmelska

22 Föðurs. Margir munu til mín segja á þeim degi, Herra, Herra, höfum vér eigi spáð í þínu nafni? höfu vér og eigi í þínu nafni djöfla út rekit? og í þínu nafni gjörðu vér mörg 23 krapta-verk? Og eg mun þá játa þeim at, Aldri þekta eg yðr : Farit frá mér allir illgjörðar-menn.

24 Fyrir því, hver hann heyrir þessi mín orð, og gjörir þau, þann mun eg líkja þeim vitrum manni, sem bygði upp sitt 25 hús yfir hellu-stein. Og er hröviðri gjörði, og vatn-flóðit kom, og vindar blésu, og dundu at húsinu : og húsit féll eigi 26 at heldr, þvíat þat var grundvallat yfir helluna.—Og hver hann heyrir þessi mín orð, og gjörir þau eigi, hann er líkr 27 þeim fávísa manni, sem upp bygði sitt hús á sandi. Og er þeysi-dögg gjörði, og vatn-flóð kom, og vindar blésu, og dundu at því húsi : og þat hrapaði, og þess hrapan varð mykil.

28 Og það skeði, þá Jesus hafði lyktað þessa sína ræðu, at 29 fólkinu ægði hans kenning ; þvíat hans predikan var völdug, og eigi líka sem hinna skriptlærðra og Phariseis.

8 **E**N er Jesus gekk ofan af fjallinn, fylgdi honum margt 2 fólk eptir. Og, sjá, at lík-prár maðr kom, tilbað hann, 3 og sagði, Herra, ef þú vilt, þá getr þú mig hreinsat. Ok Jesus út rétti höndina, snart hann, og sagði, Eg vil, vert 4 hreinn. Og jafn-snart varð hans lík-prá hrein. Og Jesus sagði til hans, Sjá til, at þú segir þat eigi neinum ; heldr far þú og sýn þig kennimanninum, og ofra þína gáfu þá er Moyses bauð, til vitnis-burðar yfir þeim.

5 En þá Jesus gekk inn í Capernaum, kom til hans hundraðs- 6 höfðingi nokkur, biðjandi hann, og sagði, Herra, þjón minn 7 liggir kveisu-sjúkr heima og kvelst þungliga. Jesus sagði til 8 hans, Eg vil koma, og lækna hann. Höfðinginn svaraði og sagði, Lávarðr, Eg em eigi verðugr, at þú gangir inn undir mitt þak ; heldr seg þú eitt orð, og mun minn þjón heil- 9 brigðr verða. Þvíat eg em maðr höfðingjaskapnum undir

gefinn, hafandi undir mér hernaðar-sveina; og nær eg segi þessum, Far, þá fer hann; og öðrum, Kom þú, og hann kemr; og þræli mínum, Gjör þetta, og hann gjörir þat. En þá Jesus heyrði þat, undraðist hann, og sagði til þeirra, er honum eptir fylgdu, Sannliga segi eg yðr, at slíka trú hefi eg eigi fundit í Ísrael. En eg segi yðr, þat margir munu koma af austri og af vestri, og sitja með Abraham, Isaac, og Jacob í himnaríki; en ríksins synir verða út reknir í yðztu myrki, þar sem vera mun óp og tanna gnístran. Og Jesus sagði til höfðingjans, Gakk héðan, verði þér eptir því þú trúðir. Og hans þjón varð heill á þeirri sömu stundu.

14 Og þá Jesus kom í hús Pétrs, leit hann, at móðir kunn hans lá haldin í köldu. Hann tók um hönd hennar; og kaldan forlét hana. Hon stóð upp og þjónaði honum.

16 En er kvelda tók, færðu þeir marga djöful-óða til hans; og hann rak andana út með orðinu, og læknaði þá alla er krankir vóru; svo at upp fylldist hvat sagt er fyri Esaiam spámann, Hann hefir vor meinlæti upp á sig tekit, og vorar sóttir hefir hann borit.

18 En Jesus leit margt fólk kringum sig, bauð hann sínum lærisveinum, at þeir færi yfir um hinu-megin þess sjáfar. Sé, og einn skriptlærðr gekk at, og sagði til hans, Meistari, eg vil fylgja þér hvert þú fer. Jesus sagði til hans, Refar hafa holur, og fuglar loptzins hreiðr, en Mannzins Sonr hefir eigi hver hann sitt höfut at hneigi. Enn annar af hans lærisveinum sagði til hans, Lávarðr, lofa mér fyrst at fara og greptra föður mínn. Jesus sagði til hans, Fylg þú mér eptir, og lát þá dauðu greptra sína hina dauðu.

23 Og er hann sté á skip, fylgdu hans lærisveinar honum eptir. Og, sjá, at mykill ókyrrleiki gjörðist í sjónum, svo at skipit huldust bylgjum. En hann svaf. Og hans lærisveinar gengu at honum, ok vöktu hann upp, og sögðu, Herra, hjálpa þú oss, vær forgöngum. [Og hann sagði til þeirra], Hvat

hræðist þér, lítiltrúaðir? Hann reis þá upp, og hastaði á  
 27 vindinn og sjóinn; og þá varð logn mykit. En mennirnir  
 undruðust, og sögðu, Hvílskr er þessi, þvíat vindr og sjór eru  
 honum hlýðnir!

28 Og er Jesus kom yfir sjóinn í bygðir Gergeseni-manna,  
 hlupu tveir djöful-óðir í móti honum, komandi úr leiðum  
 fram-liðinna, þeir eð mjög voru ólmir, svo at einginu mátti  
 29 um þann veg fara. Og, sjá, at þeir kölluðu og sögðu, Hvat  
 höfum vær með þig, þú Jesus, Guðs Sonr? komtú hingat at  
 30 kvelja oss áðr tími er til? En þar var langt í burt frá þeim  
 31 hjörð margra svína í gæzlu. Djöflarnir báðu hann og sögðu,  
 Ef þú rekr oss út heðan, þá leyf oss at fara í svína-hjörðina.  
 32 Og hann sagði til þeirra, Fari þér. En þeir fóru út, og hlupu  
 í svínin. Og, sjá, at öll svína-hjörðin fleygði sér með ös  
 33 mykilli í sjóinn; og þau drektust í vatninu. En hirðarnir  
 flýðu, og kómu í borgina; kunngjörðu allt þetta, og hvat  
 34 þeim djöful-óðum hafði veitzt. Og, sjá, at allr borgar-múgr  
 -gekk út í mót Jesu. Og er þeir sáu hann, báðu þeir hann  
 burt fara af sínum landa-merkjum.

35 **O**G er Jesus sté á skip, fór hann yfir um aptr, og kom í  
 36 sína borg. Og sjá, at þeir færðu til hans iktsjúkan  
 mann, sá er í sæng lá. En sem Jesus leit þeirra trú, sagði  
 37 hann til hins iktsjúka, Þínar syndir eru þér fyrirgefnar. Og,  
 sjá, at nokkrir af skriptlærðum sögðu með sjálfum sér, Þessi  
 38 guðlastar. Og sem Jesus sá þeirra hugsanir, sagði hann,  
 39 Hvar fyri hugsi þér svo vondt í yðrum hjörtum? Hvort er  
 auðveldara at segja, Þér eru þínar syndir fyrirgefnar; eða  
 40 at segja, Statt upp og gakk? En svo at þér vitið, þat Mannzins  
 Son hefir makt á jörðu syndir at fyrirgefa, þá sagði hann til  
 41 hins iktsjúka, Statt upp; tak flegu þína, og gakk í þitt hús.  
 42 Og hann stóð upp, og fór í sitt hús. En þá fólkit sá þetta,  
 undraðist þat og þrísaði Guð, sá er þvílíka makt hafði mönnum  
 gefit.

- 9 Og er Jesus gekk þaðan, sá hann mann sitja í tollbúðinni, Matheum at nafni, og sagði til hans, Fylg þú mér. Og hann  
 10 stóð upp, og fylgdi honum eptir. Og þat skeði, er hann sat til borðs í húsinu, sjá, at margir tollheimtu-menn og ber-  
 11 syndarar kómu og settu sig til borða með Jesu og hans læri-  
 12 sveinum. Og er Pharisei sáu þat, sögðu þeir til hans læri-  
 sveina, Því etr yðarr meistari með tollheimtorum og glæpa-  
 13 mönnum? En þá Jesus heyrði þat, sagði hann til þeim, Megendr hafa eigi læknarans þörf, heldr þeir sem van-megna  
 14 eru. En fari þér og nemit hvat þat er, At miskunn hefi eg þóknan, og eigi at offri: þvíat eigi kom eg at kalla réttláta, heldr synduga til iðranar.
- 14 Þá gengu Jóhannis lærisveinar til hans, og sögðu, Hvar fyrri föstu vér og Pharisei svo tíðum; en þínir lærisveinar  
 15 fasta eigi? Jesus sagði til þeirra, Eigi mega brúðguma börnin þvingan líða, svo lengi sem brúðguminn er með þeim. En þeir dagar munu koma, eð brúðguminn mun frá þeim takast, og þá munu þeir fasta.
- 16 Einginn setr bót af nýju klæði á gamalt fat: því at bótin  
 17 gliðnar frá fatinu aptr, og verða svo slitin verri. Og eigi láta þeir nýtt vín í forna leðr-belgi; annars sprengjast belgirnir, og vínit spillist, og belgirnir fordjarfast; heldr láta þeir nýtt  
 18 vín í nýja belgi, og verði svo bæði samt forvarat.
- 18 Og sem hann var þetta at tala við þá, sjá, at foringi nokkur gekk at, og kraup fyrri honum niðr, og sagði, Herra, dóttir mín er ný-sáluð; því kom, og legg þína hönd yfir hana, og  
 19 mun hún lifna. Jesus stóð upp, og fylgdi honum eptir, og svo hans lærisveinar.—Og, sjá, at kona hver eð í tólf ár hafði  
 20 blóðfall haft, gekk á bak til við hann, og snerti fald hans klæða; því at hún sagði með sjálfri sér, Ef eg mætta at eins  
 21 snerta hans klæðnað, munda eg heil verða. En Jesus snerist við, leit á hana, og sagði, Vert glöð, dóttir, þín trúa gjörði þig holpna. Og konan varð heil á þeirri sömu stundu.

23 Og er Jesus kom í foringjans hús, og sá spilmennina, og  
 24 ys fólksins, sagði hann til þeirra, Farit frá; þvíat stulkan  
 25 er eigi dauð, heldr sefr hún. Og þeir dárúðu hann. En er  
 fólkit var út drifit, gekk hann þar inn, og greip um hönd  
 26 hennar. Og stulkan stóð upp. Og þetta rykti barst út um  
 allt þat sama land.

27 Og er Jesus gekk burt þaðan, fylgdu honum eptir tveir  
 menn blindir, þeir eð kölluðu og sögðu, Ó þú sonr Davíðs,  
 28 miskunnna oss. En er hann kom inn í húsit, gengu hinir  
 blindu til hans. Jesus sagði til þeirra, Trúi þér at eg  
 kunní at gjöra yðr þetta? Þeir sögðu til hans, At vísu,  
 29 Lávarðr. Þá snart hann þeirra augu, og sagði, Verði yðr  
 30 eptir trú ykkarri. Og þeirra augu lukust upp. Og Jesus  
 31 ógnaði þeim, og sagði, Sjáit til, at þat viti eigi nokkur.  
 En er þeir gengu burt þaðan, báru þeir hans rykti út um  
 allt þat land.

32 En þá þessir vóru út gengnir, sjá, höfðu þeir til hans þann  
 33 mann sem dumbi var og djöful-óði. Og at út reknunum djöflin-  
 um, talaði hinn mállausi. Og fólkit undraðist þat, og sagði,  
 34 Aldri hefir slíkt séð verit í Israel. En Pharisei tóku at segja,  
 þat hann ræki djöful út fyrir djöfla-höfðingjann.

35 Og Jesus gekk kring í öllum borgum og kaupúnum,  
 kennandi í þeirra samkundu-húsum, predikaði euangelium  
 ríkisins, og læknaði allar sóttir og öll krankdæmi með fólkinu.

36 Og er hann leit fólkit, sá hann aumr á því, þvíat þeir vóru  
 hungur-morða vorðnir, og tvístraðir sem þeir sauðir er öngvan

37 hirði hafa. Hann sagði þá til sinna lærisveina, At sönnu er

38 kornskeran mykil, en verkmennirnir fáir; fyrir því biðit  
 berrann kornskerunnar, at hann sendi verkmenn í sína korn-  
 skeru.

10 **O**g hann kallaði tólf sína lærisveina til sín, og gaf þeim  
 makt yfir óhreina anda, at þeir ræki þá út; og at þeir  
 2 læknuðu allz kyns sóttir og öll meinlæti. En þeirra tólf



Postulanna nöfn eru þessi: Fyrstr er Símon sá er kallaðist Petrus, og Andreas bróðir hans, Jacob son Zebedei, og  
 3 Johannis hans bróðir, Philippus, og Bartholomeus, Thomas,  
 og Matheus tollheimtari, og Jacob Alpei son, Lebbeus er at  
 4 viðr-nefni hét Taddeus, Simon Cananeus, og Judas Scarioth  
 sá er forréð hann.

5 Þessa tólf út sendi Jesus, bjóðandi þeim og sagði, Farit  
 eigi á götu heiðinnar þjóðar, og gengit eigi inn í borgir Sam-  
 6 verskra manna, heldr gangit til þeirra fortapaðra sauða af  
 7 húsi Israels. En farit út, predikit, og segit, þat himnarli  
 8 tekr at nálgast; Læknit sjúka; hreinsit lík-þráa; upp vekit  
 dauða, út rekit djöfla: fyrir ekkert hafi þér þat fengit; gefit  
 9 þat og út fyrir ekkert. Þér skuluð eigi eignast gull eðr silfr,  
 10 né peninga hafa í lindum yðar, né tösku til vegar, og eigi tvo  
 kyrtila, eingin skóklæði, öngvan staf; þvíat verðr er verk-  
 11 maðrinn sinnar fæðu. En í hverja borg eðr kauptún þér inn  
 gangit, spyrit at hver í henni verðugr sé; og þar hjá þeim  
 12 sama blífít þar til þér farit burtu þaðan. En nær þér inn  
 13 gangit í húsit, heilsit því; og ef þat sama hús er þess verðugt,  
 mun yðar friðr koma yfir þat. En ef þat er þess eigi verðugt,  
 14 mun yðar friðr til yðar aprt hverfa.—Og hver hann með tekr  
 yðr eigi, og eigi heyrir yðvarri ræðu, gangit út af því húsi eða  
 15 borg, og hristið duptið af fótum yðrum. Sannliga segi eg  
 yðr, at bæriligra mun verða landinu Sodome og Gomorre á  
 dóms-degi, heldr en þeirri sömu borg.

16 Sjáit, eg sendi yðr svo sem sauði í millum varga: Fyrir því,  
 verit forsjalir svo sem höggormar, og einfaldir sem dúfur.  
 17 En varit yðr við þeim mönnum, þvíat þeir munu ofr-selja yðr  
 fyrir sín ráðhús, og í sínum samkundu-húsum munu þeir  
 18 yðr strýkja. Þér munut leiddir verða fyrir konga og land-  
 19 höfðingja til vitnis yfir þá, og yfir heiðinn lýð. En nær eð  
 þeir fram selja yðr, verit eigi hugsjúkir fyrir, hvernin eða hvat  
 þér skulut tala, þvíat þat mun yðr á þeirri stundu gefit verða,

- 20 hvat þér eigit at tala ; þvíat þér erut eigi þeir sem tala, heldr andi yðvars Föðurs sá er talar fyrir yðr.
- 21 En bróðir mun selja bróður í dauða, og faðir soninn ; og niðjarnir munu upp rísa í móti foreldrnum, og þeim fjörræði
- 22 veita, og þér verðit at hatri hafðir af öllum mönnum fyrir míns nafns sakir. En hver hann er staðfastr allt til enda, sá
- 23 mun holpinn verða. En nær þeir ofsækja yðr í þeirri borg, flýit í aðra. Sannliga segi eg yðr, at þér munut eigi fullkomnat geta borgirnar í Israel, þar til at Mannzins Sonr, hann
- 24 kemr. Eigi er lærisveinninn yfir meistarann, og eigi þjónninn yfir sínum herra. Nægist lærisveininum at hann sé svo sem hans meistari, og þjóninum sem hans herra. Ef þeir hafa húsföðurinn Beelzebub kallat, hve myklum mun meir
- 26 munu þeir þá hans heima-menn svo kalla ? Af því, óttist þá eigi. Því at ekkert er svo hult at eigi verði augljóst ; og eigi
- 27 svo leynt at eigi vitist. Hvat eg segi yðr í myrkri, þat talit í ljósi ; og hvat þér heyrit í eyra, þat predikit á ræfrum.
- 28 Hræðist eigi þá sem líkamann aflífa og sálina geta eigi líflátið ; heldr hræðist þann frammar sem sálu og líkama getr tortýnt til helvítis. Kaupast eigi tveir skógar-þrestir fyrir pening ?
- 30 og eigi fellr einn af þeim á jörð án yðvars Föðurs vild. Svo
- 31 eru einnin öll yðar höfuð-hár talin. Fyrir því, óttist eigi, þér
- 32 eruð mörgum skógar-þröstum betri. Fyrir því, hver hann meðkennir mig fyrir mönnum, þann mun eg meðkenna
- 33 fyrir mínum Föður sem á himnum er : En hver hann afneitar mig fyrir mönnum, þeim mun eg afneita fyrir mínum Föður sem á himnum er.
- 34 Þér skulut eigi meina at eg sé kominn frið at senda á
- 35 jörðina : Eigi kom eg frið at senda, heldr sverð. Því at eg em kominn at yfa manninn í móti föður sínum, og dótturina í gegn móður sinni, og sonar-konuna í gegn móður mannz
- 36 síns ; og mannzins óvinir eru hans eigin hjú. Hver hann
- 37 elskar föður og móður meir en mig, sá er mín eigi verðugr :

og hver hann elskar son eðr dóttur yfir mig, sá er mín eigi  
 38 verðugr; og hver hann tekr eigi sinn kross á sig, og fylgr  
 39 mér eptir, sá er mín eigi verðugr. Hver eð finnr sitt líf, sá  
 mun týna því: og hver sínu lífi týnir minna vegna, hann  
 40 mun þat finna. Hver hann meðtekr yðr, sá meðtekr mig;  
 og hver mig meðtekr, hann meðtekr þann sem mig sendi;  
 41 Hver hann meðtekr spámann í spámannz nafni, sá fær  
 spámannz laun; og hver hann meðtekr réttlátan í réttlát  
 42 nafni, sá fær réttlátz laun; og hver hann gefr einum af  
 þessum vesalingum kaldan vatz-bikar at drekka í lærisvein  
 nafni, sannliga segi eg yðr, at eigi missir hann sín verðlaun.

11 **O**G það skeði, er Jesus hafði lyktað þessar boðanir til  
 sinna tólf lærisveina, gekk hann þaðan at kenna og  
 predika í þeirra borgum.

2 En þá Jóhannis heyrði í fjötrunum verk Kristz, sendi hann  
 3 tvo af sínum lærisveinum, og lét segja honum, Ertú sá sem  
 4 koma mun, eða eigu vér annars at biða? Jesus svaraði og  
 sagði til þeirra, Fari þér og kunngjörit Jóhanni aptr hvat  
 5 þér sjáit og heyrit: Blindir sjá, haltir ganga, lík-þráir hreinsast,  
 daufir heyra, dauðir upp rísa, og fátækum verða Guðspjöllin  
 6 boðut. Og sæll er sá sem eigi hneykslar sig á mér.

7 En at þeim burt gengnum, hóf Jesus at segja til fólksins  
 af Jóhanni, Hvat fóru þér á eyðimörk at sjá? Vildu þér sjá  
 8 reyr vindi skekinn? Eða hvat fóru þér út at sjá? Vildu þér  
 sjá mjúk-klæddan? Sjáið, þeir eð mjúkan klæðnað bera, eru  
 9 í konga-húsum. Eða hvat fóru þér út at sjá? Vildu þér  
 spámann sjá? Eg segi yðr fyrri sann, þann meiri er en  
 10 nokkur spámann; þvíat þessi er, af hverjum skrifat er, Sjá, eg  
 sendi minn engil fyrri þínu augliti, sá er þinn veg skal tilreiða  
 11 fyrri þér. Sannliga segi eg yðr, Á meðal þeirra sem af konum  
 eru fæddir, er eigi annar upp um kominn sá meiri sé en Jón  
 Baptista. En hann sem minztr er í himnarSKI er honum  
 12 meiri. En í frá dögum Jóhannis Baptista allt til þess tíð er

komit, þolir himnarSKI ofr-efli; og þeir sem ofr-eflit gjöra,  
 13 hripsa þat til sín; þvíat allir spámenn og lögmálit spáðu til  
 14 Johannis. Ef þér vilit þat meðtaka, þá er hann Elias sá er  
 15 koma skal. Hver eyru hefir at heyra, hann heyri.

16 En hverju skal eg þessari kynslóð forlfkja? Lfk er hún  
 þeim börnum sem sátu á torgi; hver eð kölluðu til sinna lfka,  
 17 og sögðu, Vær höfum yðr í þípur blásit, og þér vildut eigi  
 danza; vær þuldum yðr vorar raunir, og þér grétuð eigi.  
 18 Johannes er kominn, át eigi og drakk eigi; og þeir segja  
 19 hann hafi djöful. Mannzins Son er kominn, át og drakk; og  
 þeir segja, Sjáit ofátz-manninn, og vín-svelgjarann, vininn toll-  
 heimtu-manna og syndugra. Og spekin hlýtr svo at rétt-  
 lætast láta af sínum niðjum.

20 Þá tók hann at formæla borgunum í hverjum gjörð vóru  
 21 flest hans krapta-verk, og höfðu þó eigi betrað sig: Vé þér,  
 Chorazin! Vé þér, Bethsaida! Þvíat ef í Tyro og Sidon hefði  
 gjörzt þau krapta-verk, sem í yðr hafa gjörzt, hefði þeir  
 22 forðum í sekk og ösku iðran gjört. En þó segi eg yðr, at  
 Tyro og Sidon mun bæriligra vera á dóms-degi, heldr en yðr.  
 23 Og þú, Capernaum, sem allt til himins ert upp hafin, munt  
 niðr þrykkjast allt til helvítis; þvíat ef í Sodoma hefði þau  
 krapta-verk gjörzt, sem í þér hafa gjörð verin, kann vera, at  
 24 þær hefði staðit allt til þessa dags. En þó segi eg yðr þat, at  
 bæriligra mun vera landi Sodomu á dóma-degi en þér.

25 Á þeim sama tíma andsvaraði Jesus og sagði, Eg þrfsa þig,  
 Faðir, herra himins og jarðar, at þú duldir þetta fyrri speking-  
 26 um, og forvitringum, og opinberaðir þat smælingjum: at  
 27 sönnu, Faðir, þvíat svo var þat þekt fyrir þér. Allir hlutir  
 eru mér ofr-gefnir af mínum Föður, og einginn kennir Soninn  
 nema Faðirinn: og einginn kennir Föðurinn nema Sonrinn,  
 og hverjum eð Sonrinn vill þat opinbera.

28 Komit til mín allir þér sem erfiði drýgit, og þunga erut  
 29 hlaðnir, og eg mun endr-næra yðr. Takit á yðr mitt ok, og

lærit af mér; þvíat eg em hógvær og af hjarta lífilátr: og munu þér hvíld finna sálum yðrum. Þvíat mitt ok er sætt, og minn þungi er létt.

12 I ÞANN tíma gekk Jesus um korn-sæði á Þvottdegi; og hans lærisveinar voru hungraðir, tóku at tína axin af, og at eta. En er Pharisei sáu þat, sögðu þeir til hans, Sjá, þínir lærisveinar gjöra hvat þeim leyfist eigi á þvottdögum at gjöra. En hann sagði til þeirra, Hafi þér eigi lesit hvat Davíð gjörði, nær hann, og þá er með honum voru, hungraði, hvernin eð hann gekk inn í Guðs hús, og át þau fórnarbrauð, hver honum leyfðust eigi at eta, né heldr þeim sem með honum voru, nema einum saman kennimönnum? Eða hafi þér eigi lesit, þat kennimennirnir á þvottdögum í musterinu brjóta þvottdaginn, og eru þó án sakar? En eg segi yðr, at sá er hér, sem musterinu er meiri. En ef þér vissut hvat þat væri, At miskunn hefi eg þóknan og eigi at offri, hefi þér aldri saklausa fordæmt; því Mannzins Son er herra einnin þvottdagsins.

9 Og er hann gekk burt þaðan, kom hann í þeirra samkundu-  
10 hús. Og, sjá, at maðr var þar, sá er hafði visnaða hönd. Og þeir spurðu hann at og sögðu, En eigi leyfiligt at lækna á þvottdögum? svo at þeir gætu áklagat hann. En hann sagði til þeirra, Hver maðr er sá af yðr, sem hefir einn sauð, og ef hann fellr á þvottdögum í gryfju, grípr hann eigi hann og upp dregr? Hve myklu meir er maðrinn sauðnum betri?  
13 Fyrir því leyfist á þvottdögum gott at gjöra. Þá sagði hann til mannzins, Rétt út hönd þína. Og hann rétti hana út. Og hún varð heil sem hin önnur.

14 En Pharisei gengu út, og tóku at hafa ráða-gjörðir í móti  
15 honum, hvernin þeir mættu honum helzt fyrirfara. En er Jesus fornam þat, veik hann þaðan. Honum fylgdi og margt fólk eptir; og þá alla læknaði hann, og bannaði þeim, at  
17 þeir gjörði hann eigi opinskáran. Svo þat upp fylldist hvat

sagt er fyri Esaiam spámann, er segir, Sjáit, þjón minn hvern eg útvalda, og minn elskuligan, á hverjum sála mín hefir þóknar: yfir hann mun eg anda minn setja, og sá skal heiðnum dóminn kunngjöra. Eigi mun hann kífa né kalla; og eigi man nokkur heyra hans kall á strætum. Marinn reyr mun hann eigi sundr mylja, og reykjandi hör eigi út slökkva, þar til hann út drífr dóm til sigranar. Og heiðnir munu á hans nafn vona.

Þá varð til hans hafðr djöful-óða maðr, sá er blindr var og mállaus; og þann læknaði hann, svo at hinn dumbi og blindi talaði og sá. Og allt fólkít óttaðist, og sagði, Er þessi eigi sonr Davíðs? En er Pharisei heyrðu þat, sögðu þeir, Eigi rekr þessi djöfla út, nema fyrir Beelzebub djöfla-höfðingja. En Jesus fornam þeirra hugsanir, og sagði til þeirra, Hvert ríki í sjálfu sér sundr-þykkt man eyðast; og hver borg eðr hús, sem mis-þykk er í sjálfri sér, fær eigi staðit. Og ef andskotinn rekr andskotann út, þá er hann sundr-þykkir í móti sjálfum sér. Hvernin fær hans ríki þá staðit? Og ef eg út rek djöfla fyri Beelzebub, fyri hvern verða þeir þá af yðrum sonum út reknir? Af því verða þeir yðrir dómendr. En ef eg út rek djöfla með Guðs Anda, þá er þó Guðs ríki til yðar komit.

Þá Eða hvernin fær nokkur inn gengit í öflugt hús, og hans borð-búnað í burt gripit, nema hann bindi áðr hinn öfluga, og ræni þá hans hús? Hver hann er eigi með mér, sá er í móti mér; og hver eigi með mér safnar, sá sundr dreifir. Fyrir því segi eg yðr, Öll synd og lastanir verða mönnum fyrirgefnar: en löstum í mót Andanum fyrirgefst eigi. Og hver hann talar nokkurt orð í móti Mannzins Syni, honum mun fyrirgefast: en hver eð talar nokkurt orð í móti Helgum Anda, honum mun hvorki fyrirgefast í þessum heimi né öðrum.

Annat-hvort setið gott tré, og mun ávöxtrinn góðr; elligar

setið vondt tré, og mun ávöxtrinn vondr; þvíat af ávextinum  
 4 þekkist tréit. Þér nöðru-kyn, hverninn megi þér gott mæla,  
 á meðan þér erut sjálfir vondir? þvíat munnr mælir af gnægð  
 5 hjartans. Góðr maðr fram flytr gott af góðum sjóð síns  
 hjarta; en vondr maðr af vondum sjóð síns hjarta fram flytr  
 6 vondt. En eg segi yðr, at af hverju því fáfengu orði, þat  
 sem mennirnir tala, munu þeir reikningskap af gjalda á dóma-  
 7 degi; þvíat af þínum orðum muntú réttlætast; og af þínum  
 orðum muntú fordæmast.

8 Þá svöruðu honum nokkrir út af skriptlærðum og Phariscis,  
 9 og sögðu, Meistar, vér vildum teikn af þér sjá. Hann svaraði  
 og sagði til þeirra, Þetta vonda og hórunar-slekti leitar teikns;  
 og því mun eigi teikn gefast, nema teikn Jona spámanna:  
 10 svo sem Jonas var í kviði hvalsins þrjá daga og þrjár nætr,  
 svo mun Mannzins Son vera í fylsni jarðar þrjá daga og  
 þrjár nætr. Menn Ninive-borgar munu upp rísa á efsta dómi  
 með þessari kynslóð, og munu hana fordæma; þvíat þeir  
 gjörðu iðran eptir predikan Jonas. Og, sjá, hér er meir en  
 Jonas. Drottningin af Suðri mun upp rísa á efsta dómi með  
 þessari kynslóð, og mun hana fordæma; þvíat hún kom af  
 endimörkum jarðar at heyra speki Salamonis. Og, sjá, hér er  
 meir en Salamon.

En nær óhreinnd andi ferr út af manningum, reikar hann um  
 þur-lendur, leitandi hvíldar, og finnr eigi. Þá segir hann,  
 Aptr mun eg snúa í mitt hús, þaðan eg fór út; og nær hann  
 kemr, finnr hann þat tómt, sóp-limum breinsat, og fígat.  
 Þá fer hann, og tekr sjó aðra anda með sér, þeir eð verni  
 eru en sjálfir hann. Og nær þeir eru inn komnir, byggja þeir  
 þar: og verðr þá þess mannz hið síðara verra hinu fyrra.  
 Svo mun og ské þessa vondu kynslóð.

Sem hann var enn þetta at tala til fólksins, sjá, at móðir  
 hans og bræðr stóðu þar fyrir útan, og sóktu at tala við  
 hann. En nokkur sagði til hans, Sjá, at móðir þín og bræðr

48 þínir standa úti, og vilja þig finna. En hann svaraði, og  
sagði til þess sem til hans talaði, Hver er mín móðir? og  
49 hverir eru mínir bræðr? Og hann rétti út sína hönd yfir sína  
lærisveina, og sagði, Sjáit, mína móður og mína bræðr,  
50 Þvíat hver hann gjörir míns Föðurs vilja þess á himnum er,  
sá sami er minn bróðir, og systir, og móðir.

13 **A** ÆIÐ sama degi gekk Jesus út af húsinu, og sat við  
2 sjóinn; og mart fólk safnaðist at honum; svo hann sté  
3 á skip, setti sig; og allt fólk stóð í fjörunni. Og hann  
talaði margt til þeirra í eptirlkingum, og sagði:

4 Sá er sáði gekk út at sá sínu sæði. Og þá hann sáði, féll  
5 sumt við veginn, og fuglar kómu og átu þat. En sumt féll  
í grýtta jörð, hvar þat hafði eigi mykla jörð, og rann fljótliga  
6 upp, þvíat þat hafði eigi jarðar-dýpt. En sem sólin rann upp,  
skrældist þat; og af því at þat hafði eigi rót neina, visnaði þat.

7 En sumt féll á millum þyrna; og þyrnarnir spruttu upp, og  
8 kæfðu þat. En sumt féll í góða jörð, og færðu ávöxt, sumt  
9 hundraðfaldan, sumt sextugfaldan, sumt þrítugfaldan. Hver  
10 eyru hefir at heyra sá heyri.—Og lærisveinarnir gengu til  
hans og sögðu, Fyrir hví talar þú til þeirra í eptirlkingum?

11 Hann svaraði og sagði, Yðr er unnt at vita leynda dóma  
12 himnarfskis; en þeim er þat eigi veitt. Þvíat hver eð hefir,  
honum mun gefast svo hann gnóg hafi; en sá er eigi hefir,

13 af honum mun og takast þat hann hefir. Fyrir því tala eg til  
þeirra í eptirlkingum, at með sjáanda augum sjái þeir eigi;  
og heyranda eyrum heyri þeir eigi; þvíat þeir skilja þat eigi;

14 svo at á þeim upp fylldist spádómr Esaia, er hann segir,  
Eyrnum munu þér heyra, og þó munu þér þat eigi skilja;  
og með sjáandi augum munu þér sjá, og eigi skynjat geta:

15 þvíat þessa fólks hjarta er forharðnat, og þeirra eyru eru  
þung-heyrd, og augu þeirra saman-lukt, svo at þeir eigi með  
augum sjái, og eyrum heyri, né með hjartanu skili til at leið-  
réttu sig, svo at eg lækni þá.



- 16 En sæl eru yðar augu, þat er þau sjá : og yðar eyrn  
 17 þau heyra. Sannliga segi eg yðr, þat margir spámenn  
 látir fýstust at sjá hvat þér sjáit, og hafa þat eigi séð  
 18 heyra hvat þér heyrit, og hafa þat eigi heyrt. Af þ  
 19 þessa eptirlíking sæðarans : Þá er nokkur heyrir orðit  
 og undirstendr eigi, kemr hinn vondi, og hripsar b  
 sáð er í hans hjarta. Þetta er þat hvat við veginn  
 20 En sá sem í grýtta jörð er sáðr, er sá hver orðit h  
 21 fljótliga af fagnaði meðtekr þat ; en hann hefir eigi  
 heldr er hann fráhverfr : nær eð hrellingar og ofsókn  
 22 fyrir orðzins sakir, skamm-fyllist hann jafn-skjótt. Þ  
 á millum þyrna er sáðr, er hann sem heyrir orðit ; og  
 þessarar veraldar, og fláttskapr fédráttar kefr orðit,  
 23 svo án ávaxtar. En sá í góða jörð er sáðr, er h  
 heyrir orðit, og undirstendr þat, og færir ávöxt, sun  
 raðfaldan, sumir sextugfaldan, sumir þrítugfaldan.  
 24 Aðra eptirlíking sagði hann þeim fyrir og sagði :  
 ríki er líkt þeim manni, sá er sáði góðu sáði í :  
 25 En þá menn sváfu, kom hans óvin, og sáði illg  
 26 í bland hveitið, og fór í burt. En er grasit sprat  
 27 bar ávöxt, þá auglýstist og illgresit. En þénararr  
 til húsföðursins, og sögðu : Lávarðr, sáðir þú eigi í  
 28 í akr þinn ? hvaðan kemr honum þá illgresit ? Og h  
 til þeirra, þat hefir fjándmaðr gjört. Þjónarnir s  
 29 Viltú at vær förum og út lesum þat ? Hann sagði,  
 at þér upp rætið eigi hveitið undir eins nær þér ú  
 30 gresit ; látið hvort-tveggja vaxa allt til kornskurðar  
 kornskeru-tíma skal eg segja til kornskurðar-man  
 fyrst illgresit saman, og bindit þat í smá byndini til  
 en hveitinu saman safnit í mína kornhlöðu.  
 31 Aðra eptirlíking lagði hann enn fram fyrir þá o  
 Himnaríki er líkt mustarðz-korni, þat maðr tók og í  
 32 sinn, hvat eð minzt er allra sæða ; en nær þat sprett

- þat stærst allra kálgrasa, og verðr þat tré, at fuglar loptzins koma og byggja undir þess kvistum.
- 33 Enn aðra eptirlfking sagði hann til þeirra : Líkt er himnarfki súrdegi, þat kona tók og faldi í þrimr mælum mjöls, þar til at þat sýrðist allt til sama.
- 34 Þetta allt talaði Jesus í eptirlfkingum til fólksins ; og fyrir  
35 útan eptirlfkingar talaði hann eigi til þeirra ; svo at upp fylldist hvat sagt er fyrir spámanninn þann er segir, Munn minn mun eg upp lúka í eptirlfkingum, og leyndan dóm mun eg út mæla af upphafi veraldar.
- 36 Þá lét Jesus fólkit frá sér, og kom inn í húsit ; og hans lærisveinar gengu til hans og sögðu, Kenn þú oss lfkingina  
37 illgresis akrsins. Jesus svaraði og sagði til þeirra, Hann sem sár góðu sæði er Mannzins Sonr, en akrinn er heimrinn.
- 38 Góða sæðit eru þeir rfkisins synir ; en illgresit eru illzkunnar  
39 synir ; en óvinrinn sá er sáði því, er djöfullinn ; en kornskeru-tíminn er ending þessarar veraldar. Kornskurðar-  
40 mennirnir eru englarnir ; Því líka sem nú verðr illgresit út lesit, og eldi brent, svo man og ské í enda þessarar veraldar ;  
41 því at Mannzins Son mun út senda sína engla, og þeir munu saman lesa af hans rfi öll hneyksli, og þeim er rangindi  
42 gjöra ; og þeir munu svo kasta þeim í eldzins ofn : þar man  
43 vera grátr og tanna gnístran. En þá munu réttlátir ljóma sem sól í rfi Föðurs þeirra. Hver eyru hefir at heyra, hann heyri.
- 44 Og enn, Þá er himnarfki líkt fólgnum fjár-sjóð á akri, hvern er maðr fann og faldi hann ; og af þeim fagnaði er hann hafði yfir honum, gekk hann burt, og seldi allt hvat hann hafði, og keypti þann sama akr.
- 45 Og enn aptr, Er himnarfki líkt þeim kaupmanni, er  
46 góðrar perlu leitaði. Og þá hann fann eina forkostuliga perlu, fór hann til og seldi allt hvat hann hafði, og keypti þá sömu.

47 Og enn apr, Er himnarfki líft neti því, sem  
48 kastað, og með hverju af öllu fiska-kyni dregit ver  
nær þat er fullt, draga þeir þat at landi; sitja síðan og  
49 lesa hina góðu í keröld, en vondum snara þeir út. S  
og ske í enda veraldar, at englar munu út fara, og hin  
50 mitt frá réttlátum skilja; og þeim munu þeir kasta  
ofn, hvar vera man óp og tanna-gnistran.

51 Og Jesus sagði til þeirra, Hafi þér allt þetta und  
52 Þeir sögðu, Einninn, Herra. Þá sagði hann, Fyrir þ  
sá skriptlærðr sem til himnarfkis mentaðr er, han  
þeim húsföður, sem fram ber af sínum thesaur  
gamalt.

53 Og þat skeði, þá Jesus hafði lyktað þessar eptirlíki  
54 hann gekk þaðan, og kom til sinnar fóstr-jarðar, o  
þeim í þeirra samkundu-húsum, svo at þeim grúaði, og  
55 Hvaðan kemr þessum slík speki og kraptar? Er þ  
timbr-smiðsins son? Heitir hans móðir ekki Mæ  
56 bræðr hans Jacob og Joseph, Simon og Juda? Og e  
systir eigi hér hjá oss? Hvaðan kemr þessum all  
57 Og svo skamm-fylldust þeir við hann. En Jesus svo  
sagði til þeirra, Spámaðr er eigi án vegsemda, nema  
58 fóstr-jörð og í sínu húsi. Og eigi gjörði hann þa  
kraptaverk fyrir sakir vantrúar þeirra.

14 **A** ÞEIM tíma heyrði Herodis Tetrarchas ryktið :  
2 Og hann sagði til sinna hirðsveina, Þessi er Jó  
ista, hver af dauða er upp apr risinn, og því gjöra  
3 krapta-verk af honum. Þvíat Herodis hafði fang  
Johannem, bundit og í varðhöld sett fyrir sakir Her  
4 húsfreyju Philippi bróður hans. Því at Johannis h  
5 hans sagt, Eigi hæfir þér hana at hafa. Og því vilc  
hafa líflátið ham; en þorði þó eigi fyrir fólkinu, þ  
6 hélt hann fyrir spámann.—En at ártíðar-degi Herodis  
aði dóttir Herodiadis mitt frammi fyri honum; og þat

dis öfr-vel. Af því lofaði hann með eiði at gefa henni hún æskti af honum. Og eptir því hún var áðr til ið af móður sinni, sagði hún, Gef mér hér á diskum höfud Baptista. En konungrinn varð hryggr; en þó fyrir as sakir, og þeirra er með honum til borðs sátu, bauð at þat gefist henni; sendi út, og lét afhöfða Johannem rkva-stofu; og var höfud hans borit á diskum, og gefit unni; og hún færði móður sinni. Þá fóru lærisveinar, og tóku hans líkama, og grófu, kómu síðan og kunn- þu þat Jesu.

1 er Jesus heyrði þat, fór hann þaðan á skipi alleina til nerkr. Og þá fólkitt heyrði þat úr stöðunum, fylgdi onum eptir á fæti. Og Jesus gekk fram undan, og leit mykla múg, og sá aumr á þeim, og læknaði þá af þeim krankir vóru. En at kveldi gengu hans lærisveinar til, og sögðu, Þessi staðr er í eyði; tíminn tekr at líða; lát frá þér, at þat gangi í kauptúnin, og kaupi sér þar. En Jesus sagði til þeirra, Þeir hafa þess eigi þörf at gangi í burt. Gefi þér þeim at eta. Þeir sögðu, Vær n ekki hér nema fimm brauð og tvo fiska. Hann sagði, t mér þau hingat. Og hann bauð fólkinu niðr at setjast sit, og tók þau fimm brauð og tvo fiska, leit til himins, ði, og braut þau, og gaf sínum lærisveinum brauðin; erisveinarnir gáfu þau fólkinu. Og þeir snæddu allir, og saddir, og tóku upp þær leifar er af gengu, tólf karfir. En þeir eð etið höfðu, vóru tals fimm þúsund manna, n teknum konum og börnum.

3 jafn-snart kom Jesus sínum lærisveinum til at þeir i á skip, og færðu fyrir honum yfir um sjáinn, þar til hann ólkit frá sér. Og er hann hafði fólkit frá sér látið, gekk einn saman upp á fjallit at biðjast fyrir. Og um kveldit nann þar alleina. En skipit var þá mitt á sjánum, ok tist í bylgjunum; þvíat vindrinn var þvert í móti. En

um fjórðu eykt nær kom Jesus til þeirra gangandi á sjánum.  
 26 En er lærisveinarnir sáu hann á sjánum ganga, hræddust þeir,  
 og sögðu, at þat væri skrimsl, og kölluðu upp af hræðzlu.  
 27 En Jesus talaði strax til þeirra, og sagði, Verit stöðugir; ek  
 28 em hann; óttist eigi. En Pétur svaraði honum og sagði, Ef  
 þú ert þat, Herra, þá bjóð mér at koma til þín á vatninu.  
 29 Og hann sagði, Kom. Og Pétur sté af skipinu, og gekk á  
 30 vatninu, at hann kæmi til Jesu. En er hann leit megnan  
 vind, óaði honum, og tók at sökkva, kallaði og sagði, Herra,  
 31 hjálpa þú mér. En Jesus rétti jafn-snart höndina út, og  
 greip hann, og sagði til hans, Þú lítiltrúaðr; fyrir hví ef-  
 32 aðir þú? Og er þeir vóru á skipit komnir, kyrði vindinn.  
 33 Og þeir sem á skipinu vóru, kómu og féllu fram fyrir honum,  
 34 og sögðu, Sannliga ertú Guðs Sonr. Og þeir fóru yfir um,  
 35 og kómu til Genesareths jarðar. Og er hann þektu þar-  
 sveitar menn, sendu þeir út um allt þat bygðar-lag, og færðu  
 36 til hans alla vanfæra menn, og báðu hann um, at þeir mættu  
 at eins snerta föld hans fata. Og svo margir sem at hann  
 snertu, urðu allir heilbrigðir.

15 ÞA gengu til hans skriptlærðir og Pharisei af Jerusalem,  
 2 og sögðu, Fyrir hví ofr-troða þínir lærisveinar öldung-  
 anna uppsetninga, með því þeir þvo eigi sínar hendr er  
 3 þeir brauð eta? Hann svaraði og sagði til þeirra, Fyrir hví  
 4 ofr-troði þér Guðs boðorð fyrir yðvarn uppsetning? Því  
 Guð sagði, Heiðra skalt þú föður þinn og móður; og hver  
 5 hann bölvur föður eðr móður, sá skal dauða deyjja. En þér  
 segit, at hver skuli segja til föður eða til móður, þat er Guði  
 6 gefit, hvar með eg skylda þér hjálpa. Af því sker þat, at nær  
 einginn heiðrar meir föður sinn né móður; og hafit svo ónýtt  
 7 gjört Guðs boðorð fyrir yðvars uppsetnings sakir. Þér hræ-  
 8 snarar, vel hefir Esaias spáð af yðr, er hann segir, Þessi lýðr  
 nálægist mig með sínum munn, og heiðrar mig með vörum  
 9 sínum, en þeirra hjörta eru langt frá mér. At öngu dýfta

þeir mig, á meðan þeir kenna þær kenningar sem ekki eru annat en boðorð manna.

10 Og hann kallaði fólk til sín og sagði til þeirra, Heyrit þér  
 11 og undirstandit. Þat hvat er inn gengr í munninn, þat saurgar  
 eigi manninn; heldr hvat er framm af munninum gengr, þat  
 12 saurgar manninn. Þá gengu hans lærisveinar at honum og  
 sögðu. Veizt þú, at þá er þeir Pharisei heyrðu þat orð,  
 13 skamm-fyllust þeir? En hann svaraði og sagði, Öll plantan,  
 hverja minn himneskr Faðir plantar eigi, mun upp rætast.  
 14 Látið þá fara; þeir eru blindir og blindra leiðtogarar. Því  
 15 ef blindr leiðir blindan, þá falla þeir báðir í gröfina. Þá  
 svaraði Pétr, og sagði til hans, Þýð oss þessa eptirlsking.  
 16 Jesus sagði til þeirra, Eru þér enn svo skilningslausir?  
 17 Skynit þér eigi, at allt hvat í munninn inn gengr, þat hverfr  
 18 í magann, og verðr fyrir eðliliga rás út skúfat? En hvat  
 19 af munninum fram gengr, þat kemr út af hjartanu. Þvíat  
 út af hjartanu koma vondar hugsanir, mann-dráp, hórdómr,  
 20 frillu-lífi, þjófnaðr, ljúg-vitnan, lastanir. Þetta er þat hvat  
 manninn saurgar. En með óþvegnum höndum at eta,  
 saurgar eigi manninn.

21 Jesus gekk burt þaðan og fór í landz-álfur Tyro og Sid-  
 22 onis. Og, sjá, at Canversk kona gekk út af þeim sömum tak-  
 mörkum, kallaði og sagði, Ó Herra, sonr Davíðs, miskunna  
 23 þú mér. Mín dóttir kvelst illa af djöflinum. Og hann svaraði  
 henni eigi orði. Hans lærisveinar gengu til hans og sögðu,  
 24 Lát hana fara, at því hún kallar eptir oss. En hann svaraði  
 og sagði, Eg em eigi sendr, nema til fortapaðra sauða af húsi  
 25 Israel. En hún kom, og féll niðr fyrir honum og sagði,  
 26 Hjálpa þú mér, Herra! En hann svaraði henni og sagði,  
 Þat er eigi térligt at taka brauðit þat barnanna er, og kasta  
 27 því fyrir hundana. En hún sagði, Satt er þat, Herra, en þó  
 eta hundar af molum þeim, sem detta af borðum drottna  
 28 þeirra. Þá svaraði Jesus og sagði til hennar, Þú kona, mykil

er trúa þín. Verði þér svo sem þú villt. Og á þeirri sömu stundu varð hennar dóttir heilbrigð.

- 29 Og er Jesus gekk þaðan, kom hann at sjánum í Galíla;  
 30 gekk upp á fjallit, setti sig þar, og margt fólk dreif til hans, hafandi með sér halta, blindu, mállausa, vanaða, og margar aðra, og snöruðu þeim fram fyrir fætr Jesu. Og hann  
 31 læknaði þá, svo at fólkít undraðist, er þat sá mállausa mæla, og vanaða heila, halta ganga, blindu sjáandi. Og vegsömuðu Guð Israels.
- 32 Og Jesus kallaði sína lærisveina til sín og sagði, Mig aumkar fólksins, þvíat þeir hafa þrjú daga hjá mér verit, og hafa ekki til matar; og fastandi vil eg þá eigi frá mér fara  
 33 láta, svo at eigi verði þeir hungur-morða á veginum. Lærisveinarnir sögðu til hans, Hvaðan töku vær svo mörg brauð  
 34 hér á eyðimörku at vér seðjum með jafn-margt fólk? Jesus sagði til þeirra, Hversu mörg brauð hafi þér? Þeir sögðu,  
 35 Sjö, og fá fiska-korn. Og hann bauð fólkinu at þat settist  
 36 niðr á jörðina, og tók þau sjö brauðin og fiskana. Og er hann hafði þakkir gjört, braut hann þau, og gaf lærisvein-  
 37 unum. Hans lærisveinar gáfu þau fólkinu. Og þeir átu allir og urðu saddir; og tóku upp þat sem yfir var molanna, sjö  
 38 karfir fullar. En þeir sem matast höfðu, voru fjórar þúsundir  
 39 manna, fyri utan konur og börn. Og er hann hafði fólkit frá sér látið, sté hann á skip og kom í endimerkr Magdala-lands.
- 16 ÞA gengu Pharisei og Saducei til hans, freistandi hans, og  
 2 báðu hann at sýna sér teikn af himni. En hann svaraði þeim og sagði, Á kveldin segi þér, þat verður flint veðr; þvíat  
 3 himin-roði er; og á morna segi þér, Í dag verður hregg-viðri, þvíat himininn er rauðr og dimmr. Þér hræsningar, himinsins ásján kunnir þér at dæma; en at vita teikn þessara tíma  
 4 kunnir þér eigi. Þessi vonda hördóms kynslóð æskir teikn; og henni skal ekkert teikn gefit verða, nema teikn Jona spámannz. Og hann forlét þá, og gekk í burt.

Og er hans lærisveinir vóru yfir um farnir, höfðu þeir ymt brauð með sér at taka. En Jesus sagði til þeirra, ið til, og vaktið yðr við súrdegi þeirra Phariseis og duceis. Þá þenktu þeir með sér og sögðu, Þat mun ra, þat vær höfum eigi brauð með oss tekit. En er Jesus nam þat, sagði hann til þeirra, Þér lítiltrúaðir, hvar fyrir gsi þér um þat, þó þér hafit eigi brauðin með yðr haft? ilit þér ean ekki? Minnist þér eigi á þau fimm brauð á ædal fimm þúsunda, eða hversu margar karfir at þér tókut upp? og eigi ean á þau sjö brauð á meðal fjöggra þúsda, og hversu margar karfir eð þér tókut þá upp? Hvar ir skili þér eigi, at eg sagða yðr ekki af brauðinu? En eg gi: Vaktið yðr við súrdegi þeirra Phariseis og Saduceis. undirstóðu þeir, at hann hafði eigi sagt þeim þat þeir yldu vara sig við súrdegi brauðsins, heldr við lærdómi irra Phariseis og Saduceis.

Þá kom Jesus í landz-álfur borgarinnar Cesaree Philippi; spurði sína lærisveina at og sagði, Hvat segja menn til er Mannzins Sonr sé? Þeir sögðu, Sumir segja, þú sért hannis Baptista; en aðrir, þú sért Elias; sumir, at þú sért remias; eðr einn af Spámönnum. Jesus sagði til þeirra, vern segi þér mig vera? Þá svaraði Símon Petrus, og gði, Þú ert Kristr, Sonr Guðs lifanda. En Jesus svaraði sagði til hans, Sæll ertu, Símon Jónas son, þvíat hold og ið birti þér þat eigi, heldr minn himneskr Faðir. Eg segi r og, at þú ert Petrus; og yfir þennan hellsu-stein mun eg p á byggja mína samkund; og hliðin helvítanna skulu i magn hafa í gegn henni; og þér mun eg gefa lykla nnaríkis; og allt hvat þú bindr á jörðu, skal á himnum ndit vera; og allt hvat þú leysir á jörðu, skal á himnum t vera. Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum at þeir gði þat öngum, at hann væri sá Jesus Kristr.

Þaðan í frá tók Jesus til at auglýsa fyrir sínum lærisveinum,



skatt-gjaldit upp báru, og sögðu, Yðar meistari, gældr hann  
 25 eigi skatt-peninginn? Hann sagði, Já. Og er hann gekk  
 inn í húsit, kom Jesús fram at honum, og sagði, Hvat lít  
 þér Símon, af hvorum taka jarðligir konungar toll eðr skatt-  
 26 pening, af sínum sonum, eðr af annarligum? Pétur sagði, Af  
 27 annarligum. Jesús sagði til hans, Þá eru synirnir frí. En  
 svo at vér séum þeim eigi at hneykslan, þá far til sjáfar, og  
 varpa út önglinum, og þann fisk sem fyrstr kemr upp tak þú;  
 og er þú opnar hans gin, muntú finna eina stateram, þá  
 sömu tak og gef honum fyrir mig og þig.

- 18 I ÞANN sama tíma gengu lærisveinarnir til Jesu, og sögðu,  
 2 Hver er mestr í himnaríki? Jesús kallaði barn til sín,  
 3 og setti þat mitt á millum þeirra, og sagði, Sannliga segi eg  
 4 yðr, nema þér snúist og verðit svo sem smá-börn, munu þér  
 5 eigi inn ganga í himnaríki. Hver sjálf sig lækkar svo sem  
 6 ungbarni þetta, sá er mestr í himnaríki; og hver sem með-  
 7 tekr eitt þvflskt ungmenni í mínu nafni, sá meðtekr mig.  
 8 En hver hann hneykslar einn af þeim vesalingum sem á mig  
 9 trúa, þarfara væri honum, at mylnu-steinn hengdist á háls  
 10 honum, og væri í sjáfar-djúp söktr.  
 11 Vé sé heiminum fyrir hneykslanir. Þar hljóta hneykslanir  
 12 at koma; en þó, vé sé þeim manni fyrir hvern at hneykslunin  
 13 kemr! En ef þín hönd eðr þinn fótr hneykslar þig, snúð  
 14 hann af, og snara honum frá þér: betra er þér inn at ganga  
 15 til lífsins haltr og handar-vani, en þat þú hafir tvær hendr  
 16 og tvo fætr og verðir í eilífan eld kastaðr. Og ef auga þitt  
 17 hneykslar þig, þá slít þat út, og snara því frá þér: betra er  
 18 þér eineygðum inn at ganga til lífsins, en þat þú hafir tvö  
 19 augu og verðir í helvitzkan eld kastaðr.  
 20 Sjáit til at þér forsmáit ekki einn af þessum vesalingum;  
 21 þvíat eg segi yðr; at þeirra englar á himnum sjá jafnan  
 22 míns Föðurs auglit á himnum; þvíat Mannzins Son kom at  
 23 frelsa hvat fortapat er. Hvat virðist yðr? at ef einhver heiti

hundrað sauða, og villist einn af þeim; skilst hann eigi við þá nfu og nútigi á fjöllum uppi, og fer at leita hans sem villist? Og ef svo sker at hann finnr þann, sannliga segi eg yðr, at hann fagnar meir yfir þeim en yfir hinum nfu og nútigum sem eigi viltust. Svo er eigi vili fyrir Föður yðrum sem á himnum er, at einn af þessum vesalingum farist.

15 En ef bróðir þinn brýtr við þig; far þú og straffa hann milli þín og hans eins samans. Ef hann heyrir þig, þá hefr þú þinn bróður unnit; en ef hann heyrir þig eigi, þá tak enn einn eðr tvo til þín, svo at í munni tveggja eðr þriggja vitna standi öll orð. Nú ef hann heyrir eigi þeim, þá seg þat samkundunni; en ef hann heyrir eigi samkundunni, þá halt hann sem annan heiðingja og tollheimtu-mann. Sannliga segi eg yðr; hvat helzt þér bindit á jörðu, skal og á himnum bundit vera; og hvat helzt þér leysit á jörðu, skal leyst vera á himni. Og enn segi eg yðr, þat hvat er tveir af yðr samtaka á jörðu, um hvern hlut sem þat er eð þeir vilja biðja, skal þeim veittr vera af mínum Föður sem á himnum er. Þviat, hvar tveir eðr þrír saman safnaðir eru í mínu nafni, þar em ek mitt í millum þeirra.

21 Þá gekk Pétur til hans og sagði, Herra, hversu opt hlýt eg mínum bróður, þeim sem við mig brýtr, at fyrirgefa? er þat nóg sjö sinnum? Jesus sagði til hans, Eg segi þér, eigi sjö sinnum, heldr sjö tigi sinnum sjö sinnum.

23 Fyrir því er himnaríki líkt þeim konungi, sem reikna vildi við þjóna sína. Og er hann tók til at reikna, kom einn fyri hann, sá er honum var skyldugr tíu þúsund punda. En þá hann hafði eigi til hvat hann skyldi gjalda, bauð herrann at selja hann og hans húsfreyju, svo og börnin, og allt hvat hann átti, og borga með. En sá þjón féll fram, tilbað hann, og sagði, Herra, haf þolinmæði við mig, allt skal eg þér gjalda. En herrann sá aumr þess þjóns, og lét hann lausan, og gaf honum upp skuldina. Þá gekk sá sami þjón út, og

fann einn af sínum samlags-þjónum; sá var honum hundrað peninga skyldugr. Þann greip hann, og tók fyrir kverkar honum, og sagði, Gjalt hvat þú ert mér skyldugr. Þá féll hans samlags-þjón fram, það hann og sagði, Haf þolinmæði við mig, því allt skal eg þér gjalda. En hann vildi eigi, heldr fór hann til og lét hann í dyplitzu þar til hann hefði borgat sína skuld. En er hans sam-þjónar sáu hvat skeði, urðu þeir mjög hryggvir við, kómu og undirvísuðu sínum herra allt hvat gjörzt hafði. Þá kallaði hans herra á hann, og sagði til hans, Þú hinn strákliki þjón. Alla þessa skuld gaf eg þér til, með því þú þaðzt mig; byrjaði þér eigi miskunsamr vera við þinn samlags-þjón líka sem eg var þér miskunsamr? Og hans herra varð reiðr, og ofr-seldi hann kvölurunum, þangat til at hann hefði borgat allt hvat hann var honum skyldugr. Svo mun minn himneskr Faðir gjöra yðr, ef þér fyrirgefitt eigi af yðrum hjörtum hver einn sínum bróður misgjörðir sínar.

19 **O**G þat skeði, sem Jesus hafði lyktað þessa ræðu, at hann fór af Galilea, og kom í endimerkr Gyðingalandz öðru megin Jordanar; og margt fólk fylgdi honum eptir; og þat læknaði hann þá.

3 Þá gengu Pharisei til hans, freistuðu hans, og sögðu, Leyfist nokkut manninum at forláta sína eigin-kon(u) fyrir hverja sem eina sök? En hann svaraði og sagði til þeirra, Hafi þér eigi lesit, at sá er í upphafi skapaði manninn, hann gjörði þat, at vera skyldi maðr og kona, og sagði, Fyrir því mun maðrinn forláta föður og móður, og við teingjast eigin-konu sinni, og þau tvö munu eitt hold vera. Svo eru þau nú eigi tvö, heldr eitt hold; því hvat Guð hefir saman teingt, þat skal maðrinn eigi í sundr skilja. Þá sögðu þeir, Fyrir því bauð Moyses þá at gefast skyldi skilnaðar-skrá, og hana at forláta? Hann sagði til þeirra, Moyses hefir fyrir harðúð yðvars hjarta leyft yðr at forláta húsfreyjur yðras; en at upp-

hafi var þat eigi svo. En eg segi yðr, þat hver sína eigin-konu forlætr, nema þat sé fyrir hórunar-sök, og giptist annarri, sá drýgir hór; og hver sem fráskilinni giptist, sá drýgir og hór. Þá sögðu lærisveinarnir til hans, Ef svo er háttað mannzins málefnum við eignar-konuna, þá er eigi gagn í at giptast. En hann sagði til þeirra, Þetta orð fá eigi allir höndlat, heldr þeir hverjum þat er gefit; því at þar eru þeir geldingar, sem svo verða af móður-kviði fæddir; og þeir geldingar eru, hverir af mönnum eru geldir; og þar eru líka þeir geldingar, sem sjálfa sig hafa gellt fyrir himnarfskis sakir. Sá gripit geti, hann grípi þat.

Þá vóru smá-börn til hans höfð, svo at hann legði hendr yfir þau; og hann bæðist fyrir. En lærisveinarnir ávftuðu þá. Jesus sagði til þeirra, Látið börnin kyrr, fyrir þjóðit þeim eigi til mín at koma; þvíat slíkra er himnarfski. Og er hann hafði hendr yfir þau lagt, gekk hann þaðan.

Og sjá, at einn gekk at honum, og sagði til hans, Góði meistari. Hvat skal eg þess gott gjöra, at eg hafi eilíft líf? Hverjum hann svaraði, Hvat kallar þú mig góðan? einginn er góður nema einn, sannarligur Guð. En ef þú vilt til lífsins inn ganga, svo varðveit þú boðorðin. Hann sagði þá til hans, Hver helzt? En Jesus sagði, Eigi skaltú mann vega. Eigi skalt þú hórdóm drýgja. Eigi skalt þú annan stela. Eigi skalt þú ljúg-vitni mæla. Heiðra skalt þú föður þinn og móður. Og, Elska skalt þú náunga þinn svo sem sjálfan þig. Þá sagði ungi maðrinn til hans, Þetta allt hefi eg varðveitt í frá barnæsku minni; hvat brestr mig þá? Jesus sagði til hans, Ef þú vilt algjörðr vera, far burt, og sel allt hvat þú hefir, og gef fátækum, og munt þú þá sjóð hafa á himni; kom þá og fylg mér svo eptir. Og er hinn ungi maðr heyrði þat orð, gekk hann hryggr í burt; þvíat hann hafði myklar eigur.—En Jesus sagði til sinna lærisveina, Sannliga segi eg yðr, at *torvellt er ískum inn at ganga í himnarfski.* Og enn

segi eg yðr, þat auðveldara er ulfbaldanum at smjúga í gegn-  
 25 um nálar-auga en ríkum inn at ganga í Guðs ríki. Og er  
 lærisveinarnir heyrðu þat, urðu þeir mjög ótta-slegnir, og  
 26 sögðu, Hver fær þá hjálpast? En Jesus leit við þeim, og  
 sagði til þeirra, Hjá mönnum er þat ómöguligt; en hjá Guði  
 27 er allt möguligt.—Þá svaraði Pétr, og sagði til hans, Sjá þá,  
 at vér forlétum allt, og fylgjumst þér eptir. Hvat sker oss  
 28 þar fyrir? En Jesus sagði til þeirra, Sannliga segi eg yðr,  
 at þér hverir mér hafit eptir fylgt í endrfæðingunni, þá er  
 Mannzins Son sitr á stóli sinnar tignar, munu þér og sitja  
 29 á tólf stólum, dæmandi tólf kynkváslir Israel. Og hver hann  
 forlætr hús, eðr bræðr, systur, föður eða móður, eðr eigin-  
 konu eðr börn eðr akra fyrir míns nafns sakir, sá mun  
 30 hundraðfallt í staðinn taka, og erfa eilíft líf. En margir þeir  
 sem eru fyrstir, verða síðarstir; og þeir sem síðarstir eru,  
 verða hinir fyrstu.

20 **H**IMNARIKI er líkt þeim húsföður, sem út gekk snem-  
 2 ma morguns verkmenn at leiga í víngarð sinn. En at  
 gjörðum samningi við verkmennina af dagligu penings gjaldi,  
 3 sendi hann þá í sinn víngarð. Og nær þriðju stund gekk  
 4 hann út, og leit aðra iðjulausa standa á torginu, og sagði til  
 þeirra, Fari þér í minn víngarð; og hvat réttvíst er, mun eg  
 5 gefa yðr. Þeir gengu og þangat. Og enn gekk hann út  
 6 aptr um séttu og níundu stund, og gjörði svo líka. Enn um  
 ellíftu stund gekk hann út, og fann enn aðra standa iðjulausa;  
 og sagði til þeirra, Hvar fyrri standi þér hér allan dag iðju-  
 7 lausir? Þeir sögðu til hans, Þvíat einginn hefir leigt oss.  
 Hann sagði til þeirra, Fari þér og í minn víngarð; og hvat  
 8 réttvíst er, skulu þér fá. En þá kveld var komit, sagði  
 herrann víngarðzins til síns ráðamannz, Kallaðu verkmenn-  
 ina, og gjallt þeim verðkaupit. Og hann tók til í frá enum  
 9 seinasta, og allt til ens fyrsta. Þá kómu þeir sem um ellíftu  
 10 stund leigðir vóru; og hver þeirra meðtók sinn þening. En

er hinir fyrstu kómu, meintu þeir, þat þeir mundu fá meira ; og hver þeirra meðtók sinn pening. Og þá er þeir höfðu hann meðtekit, mögðu þeir í móti húsföðnum, og sögðu, Þessir seinustu hafa eina stund erfðat, og þú gjörðir þá oss jafna, vér sem borit höfum þunga og hita dagsins. En hann svaraði og sagði til eins þeirra, Vinr, eigi gjöri eg þér órétt ; ertú ekki ásáttir vorðinn við mig um peninginn? Tak hvat þitt er, og far burt. En þessum seinasta vil eg gefa svo sem þér; eða lofast mér ekki at gjöra af mínu hvat eg vil? Eða ertú um þat rangeygðr, þó at eg sé góðgjarn? Svo verða nú síðastir hinir fyrstu, og fyrstir hinir síðustu; þvíat margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.

Og hann ferðaðist upp til Jerusalem, og tók þá tólf læri-sveina heimogliga til sín á veginum, og sagði til þeirra, Sjáit, vér reisum nú upp til Jerusalem, og Mannzins Son mun ofr-seljast kennimanna höfðingjum og skriptlærdum; og þeir munu hann fordæma til dauða, og ofr-selja hann heiðingjum til spottunar og húðstroku og til krossfestingar. Og á þriðja degi mun hann upp aprt rísa.

Þá gekk móðir sona Zebedei til hans meðr syni sína, fallandi fyrri hann fram, og bað nokkurs af honum. Og hann sagði til hennar, Hvat vilt þú? Hún sagði til hans, Lát þessa mína tvo sonu sitja í ríki þínu, þann eina til þinnar hægri handar, og annan til þinnar vinstri handar. En Jesus svaraði og sagði, Þér vitið eigi hvat þér biðit. Geti þér þann kalek drukkit, hvern at eg mun drekka, og þeirri skírn skífrast látið, hverri eg mun skífrast? Þeir sögðu til hans, Þat getu vit. Og hann sagði til þeirra, minn kalek munu þér at sönnu drekka, og þeirri skírn, hverri eg skírunst, munu þér skífrast. En þat at sitja til minnar hægri og vinstri handar, er eigi mín at gefa yðr, heldr þeim hverjum þat er fyrir búit af mínum Föður. Og er þeir tíu heyrðu þat, þyktust þeir þeim tveimr bræðrum. En Jesus kallaði þá til sín, og sagði, Þér

vitið, at veraldar manna höfðingjar drottna yfir þeim; og þeir  
 26 eð voldugir eru, hafa yfirvöld. Svo skal eigi vera yðar á  
 milli; heldr, hver hann vill yðar á milli voldugr vera, sé sá  
 27 yðar þénari; og hver yðar sem fremstr vill vera, veri sá yða  
 28 þjón. Svo sem Mannzins Son kom eigi, at hann léti sé  
 þjóna, heldr upp á þat hann þjónaði, og gæfi sitt líf út til  
 endrlausnar fyrir marga.

29 Og þá er þeir gengu út af Hiericho, fylgdi honum marg  
 30 fólk eptir. Og sjáit, at tveir blindir sátu við veginn. Og þ  
 þeir heyrðu þat at Jesus gekk þar fram hjá, kölluðu þeir o  
 31 sögðu, Ó Herra, sonr Davíðs, miskunna þú oss. En fólk  
 hastaði á þá, at þeir þegði. En þeir kölluðu því meir c  
 32 sögðu, Ó Herra, sonr Davíðs, miskunna þú oss. Og Jes  
 staðnæmdist, kallaði á þá, og sagði, Hvat vili þið at eg sku  
 33 gjöra ykkur? Þeir sögðu til hans, Herra, þat at okkar aug  
 34 upp lúkist. En Jesus sá aumr á þeim, snart augu þeirra, o  
 þeir sáu jafn-skjótt, og fylgdu honum eptir.

21 ○ G er þeir tóku at nálgast Jerusalem, og kómu til Bet  
 phage við fjallit Oliveti, sendi Jesus út tvo sína læ  
 2 sveina, og sagði til þeirra, Fari þér í þat kauptún sem f  
 yðr er; og strax þá munu þér finna ösnu bundna og f  
 3 hjá henni; leysit hana og leiðit til mín. Og ef einn hv  
 segir nokkut til yðar, þá segit þat Herrann hafi þeir  
 4 þörf; og jafn-snært mun hann láta þau laus. En þat ske  
 svo at upp fylldist hvat sagt er fyrir spámanninn, er seg  
 5 Segit dótturinni Syon, Sjá, þinn konungr kemr til þ  
 hógvær, sitjandi á ösnu, og á fola klyfbæriligrar ösnu.  
 6 En lærisveinarnir gengu burt, og gjörðu svo sem Jes  
 7 hafði boðit þeim; og leiddu með sér ösnuna og folar  
 og lögðu yfir þau sín klæði, og settu hann þar upp  
 8 En margt fólk breiddu sín klæði á veginn, og aðrir hjug  
 9 kvistu af trjánum, og dreifðu þeim á veginn. En þat fólk  
 sem fyrir gekk og eptir fylgdi, kallaði og sagði, Hosianu

syni Davíðs! Blezaðr sé sá sem kemr í nafni Drottins!  
Hosianna í hæstum hæðum!

- 10 Og er hann fór inn í Jerusalem, var öll borgin á riðu-  
11 skjálfi, og sagði, Hver er þessi? En fólkít sagði, Þetta er  
12 Jesus, spámaðrinn af Nazareth úr Galilea. Og Jesus gekk  
inn í Guðs musteri, og rak út alla selénðr og kaupendr í  
musterinu; og borðum veslunar-manna, og stólum þeirra er  
13 dúfur seldu, hratt hann um, og sagði til þeirra, Skrifat er,  
14 Mitt hús skal bæna-hús kallast, en þér hafit gjört þat at spill-  
virkja-inni. Og til hans gengu blindir og haltir í musterit,  
og hann læknaði þá.
- 15 En er kennimanna höfðingjar og skriptlærðir sáu þær undr-  
anir sem hann gjörði, og þat börnin kölluðu í musterinu, og  
16 sögðu, Hosianna þeim syni Davíð, reiddust þeir, og sögðu  
til hans, Heyrir þú hvat þessir segja? Jesus sagði til þeirra,  
Já, viti menn, hafi þér aldri lesit, þat, Af munni ungbarna og  
17 brjóst-mylkinga hafðir þú lofit til reitt. Og hann forlét þá, og  
gekk út af borginni til Bethania, og bleif þar.
- 18 En at morni, er hann gekk aprt til borgarinnar, hungraði  
19 hann. Og sem hann sá eitt fikju-tré við veginn, gekk hann  
þangat at, og fann ekkert á því, nema einasta blöðin; og  
sagði til þess, Heðan í frá vaxi aldregi ávöxtr af þér at eilífu.
- 20 Og þat fikju-tré visnaði upp jafn-snart. Og er lærisveinarnir  
sáu þat, undrudust þeir, og sögðu, Hvernin er fikju-tréit svo  
21 snart upp þornat? En Jesus svaraði og sagði til þeirra,  
Sannliga segi eg yðr, ef þér hafit trúna, og ef it eigi, mun þér  
eigi einasta gjöra þetta við fikju-tréit; heldr og, ef þér segðut  
þessu fjalli, Tak þig upp, og fleyg þér í sjóinn, þá mundi  
22 þat ské. Og allt hvat þér biðit í bæninni, ef þér trúit því, þá  
munu þér þat öðlast.
- 3 Og sem hann kom í musterit, gengu til hans, sem hann  
var at kenna, presta-höfðingjar og öldungar lýðsins, og sögðu,  
Út af hvaða makt gjörir þú þetta? og hver gaf þér þessa



24 makt? En Jesus svaraði og sagði til þeirra, Eg man spyrja  
 yðr og at einu orði; ef þér segit mér þat, mun eg og segja  
 25 yðr, út af hvat makt eg gjöri þetta: Skírn Jóhannis, hvaðan  
 var hún? hvort af himni eðr af mönnum? En þeir hugsuðu  
 með sér, Ef vér segjum, Af himni, segir hann til vor, Fyrir  
 26 því trúðu þér henni eigi. En ef vér segjum, Af mönnum, þá  
 megu vér óttast fólkit; þvíat allir héldu Jóhannem fyrir spá-  
 27 mann. Og þeir svöruðu Jesu og sögðu, Vér vitum eigi?  
 Hann sagði þá til þeirra, Svo segi eg yðr eigi heldr, út af  
 28 hvat makt eg gjöri þetta. En hvat lízt yðr? Maðr nokkur  
 hafði tvo sonu; og gekk til ens fyrsta, og sagði, Sonr, far  
 29 þú í dag at verka í víngarði mínum. En hann svaraði og  
 sagði, Eigi vil eg. Eptir á iðraði hann þessa, og gekk burt.  
 30 En hann gekk til hins annars, og sagði slíkt hið sama. En  
 31 hann svaraði og sagði, Fara skal eg; og fór ekki. Hvor af  
 þeim sveimr gjörði fœðursins vilja? Þeir sögðu til hans,  
 Hinn fyrsti. Jesus sagði til þeirra, Sannliga segi eg yðr, at  
 tollheimtarar og þútur munu fyrri komast í Guðs ríki en  
 32 þér; þvíat Jóhannis kom til yðar, og lærði yðr réttlætis götu,  
 og eigi trúðu þér honum; en tollheimtu-menn og þútur trúðu  
 honum. En þó at þér lituð þetta, gjörðu þér öngva yfirbót;  
 svo at eptir á hefði þér honum trúat.

33 Heyrit enn aðra eptirlíking: Húsaðir nokkur var þar, sí  
 er plantaði víngarð, og girti í kring um hann, og gróf í  
 honum vín-prúgu, og upp bygði turn, og leigði hann vín-  
 34 garðz-mönnum, og ferðaðist síðan langt burt. En þá er  
 frjófgunar-tími tók at nálgast, sendi hann sína þjóna til  
 35 víngarðz-mannanna, at þeir meðtæku hans ávöxtu. Þá tóku  
 víngarðz-mennirnir hans þjóna; þann eina strýktu þeir;  
 36 annan aflsfuðu þeir; hinn þriðja grýttu þeir. Og í annat  
 sinn sendi hann aðra þjóna út, sem meiri voru hinum fyrrum;  
 37 og þeim gjörðu þeir slíkt hið sama. En síðast sendi hann  
 son sinn til þeirra, og sagði, Má vera at þeir félli sér fyrir

38 syni mfnnum. En er vngarðz-mennirnir sáu soninn, sögðu  
 þeir með sér, Þessi er erfinginn; komi þér, og allífu vær  
 39 hann, og leggjum svo undir oss hans arfleifð. Og þeir gripu  
 40 hann, og ráku hann út af vngarðinum, og allífuðu hann. En  
 nær herrann vngarðzins kemr, hvat mun hann gjöra við þessa  
 41 vngarðz-menn? Þeir sögðu til hans, þeim vondum mun  
 hann vondzliga fyrir fara, og sinn vngarð byggja öðrum vngarðz-mönnum, þeir eð honum ávöxt gjalda í réttan tíma.

42 Jesus sagði til þeirra, Hafi þér aldri lesit í ritningunum, at þann stein, sem byggendr höfðu út kastað, hann er nú vorðinn at höfði hyrningar; af Drottni er þat gjört, og er undarligt fyrir vorum augum. Fyrir því segi eg yðr, at Guðs ríki mun frá yðr takast, og heiðnum gefit verða, þeim sem þess 44 ávöxt færa. En hver yfir þennan stein fellr, hann mun sundr myljast; en yfir hvern hann fellr, þann man hann sundr 45 merja. Og þá er kennimanna-höfðingjar og Pharisei heyrðu hans eptirlíkingar, formerktu þeir, þat hann sagði af þeim, 46 og sóktu at grípa hann; en óttuðust þó fólkit; þvíat þat hélt hann fyrir spámann.

22 **O**G Jesus svaraði, og talaði í annat sinn í eptirlíkingum til þeirra, og sagði:

1 Himnaríki er líkt þeim konungi, sem brúðkaup gjörði syni  
 3 sínum, og sendi út sína þjóna at kalla boðs-mennina til brúðkaupsins. Og þeir vildu eigi koma. Í annat sinn sendi hann 4 aðra þjóna út, og sagði, Segit boðs-mönnum, Sjáit, mfnna máltíð hefi eg til búit; mfnir uxar og alit fé eru slátraðir, og 5 allt er reiðu-búit; komit til brúðkaupsins. En þeir forsmáðu þat, og gengu í burt, einn á sinn bústað, en annar til sinnar 6 sýslunar; en sumir gripu hans þjóna, dárðu þá og drápu. 7 En þá konungurinn heyrði þat, varð hann reiðr, og sendi út sinn her, og fyrirfór þessum morðingjum, og brendi upp 8 borg þeirra. Þá sagði hann til sinna þjóna, Brullaupit er at sönnu reiðu-búit; en þeir sem boðit var, vóru þess eigi

9 verðugir. Fyrir því farit út á strætin, og bjóðit til brúð-  
 10 kaupsins hverjum sem þér finnit. Og hans þjónar gengu út  
 á strætin, og saman söfnuðu öllum sem þeir fundu, vondum  
 11 og góðum; og brúðlaupit varð al-skipat af mönnum. Þá gekk  
 konungrinn inn at sjá gestina; og hann sá þar mann, eigi  
 12 klæddan með brullaups-klæðum; og sagði til hans, Vinur,  
 hvernig gekktu inn hingat hafandi eigi brúðlaups klæði? En  
 13 hann þagði. Konungrinn sagði þá til sinna þénara, Bindit  
 hans hendr og fætr, og varpit honum í yðztu myrkr; þar  
 14 man vera óþ og tanna gnístran: Þvífat margir eru kallaðir,  
 fáir útvaldir.

15 Þá gengu Pharisei burt, og settu ráð saman, at þeir gætu  
 16 veitt hann í orðum; og sendu til hans sína lærisveina með  
 Herodis þénurum, og sögðu, Meistari, vær vitum at þú et  
 sann-sögull, og kennir Guðs götu í sannleika; skeytir eigi  
 17 nokkrum; þvífat þú fer eigi at yfirlitum manna. Fyrir því  
 seg oss hvat þér lízt, Hvort leyfist at gefa keisararum skatt  
 18 eður eigi? En Jesus formerkti þeirra fláttskap, sagði hann,  
 19 Sýnit mér myntina peningsins. Og þeir fengu honum pening-  
 20 inn. Jesus sagði til þeirra, Hvers er þessi mynt og yfir-  
 21 skript? Þeir sögðu honum, Keisarans. Þá sagði hann til  
 þeirra, Gefit keisararum hvat keisarans er; og þat Guði hvat  
 22 Guðs er. Og er þeir heyrðu þat, undruðust þeir, forlétu  
 hann, og gengu í burt.

23 Á þeim sama degi gengu Saducei til hans, hverir eð segja  
 24 upprisuna eiga vera, spurðu hann at, og sögðu, Meistari,  
 Moyses hefir sagt, at ef nokkur andaðist, og hefði eigi barn  
 eptir, þá skyldi bróðir hans eiga hans eigin-konu, og upp  
 25 vekja sínum bróður sæði. En hjá oss voru sjö bræðr; hinn  
 fyrsti fastnaði sér konu. Og hann andaðist, og af því hann  
 hafði ekkert sáð, lét hann bróður sínum eptir eigin-konu sína.  
 26 Líka sá annar og hinn þriði, allt til ins sjöunda; en síðast  
 27 allra andaðist og konan. Hvers þeirra sjö verðr húa nú

eignar-kona í upprisunni, þvíat allir þeir hafa hana haft? En Jesus svaraði og sagði til þeirra, Þér villist, og vitið eigi ritningarnar, né heldr Guðs krapt; þvíat í upprisunni munu þeir hvorki kvænast, né sig kvæna láta; heldr eru þeir sem englar Guðs á himni.—En hafi þér eigi lesit hvat af Guði er sagt af upprisu fram-liðinna, er Hann segir, Eg em Guð Abrahams, og Guð Isaacs, og Guð Jacobs? Því Guð er eigi Guð dauðra, heldr lifandra manna. Og er fólkit heyrði þetta, undraðist þat hans kenning.

Og er Pharisei heyrðu þat hann hafði þaggat Saduceis, söfnuðust þeir saman í eitt. Og einn lögvitringr af þeim spurði hann at, freistandi hans, Meistari, hvert er hið mesta boðorð í lögmálinu? En Jesus sagði til hans, Elska skalt þú Drottinn Guð þinn af öllu þínu hjarta, og af allri önd þinni, og af öllu þínu hugskoti. Þetta er hið fyrsta og mesta boðorð. En annat er þessu líkt, Elska skalt þú náunga þinn svo sem sjálfan þig. Í þessum tveimr boðorðum hengr allt lögmál og spámenn.

En þá Pharisei vóru til samans komnir, spurði Jesus þá at, og sagði, Hvat virðist yðr af Kristi, hvers son eð hann sé? Þeir sögðu honum, Davíðs. Hann sagði til þeirra, Hvernin kallar Davíð hann þá í andanum, Herra, er hann segir, Drottinn sagði mínum Drottni. Sit þú til minnar hægri handar, þar til eg set óvini þína til skarar þinna fóta. Nú ef Davíð kallar hann Herra, hvernin er hann hans Sonr? Og einginn gat honum orði svarat; og eigi dirfðist nokkur upp frá þessum degi hann framar at spyrja.

ÞA talaði Jesus til fólksins og til sinna lærisveina, og sagði:

Á Moyses stóli sitja skriptlærðir og Pharisei; allt hvat þeir segja yðr þér skulit halda, þat haldit og gjörít; en eptir þeirra verkum skulu þér eigi gjöra; þvíat þeir segja þat, og gjöra eigi; því þeir saman binda þungar byrðir og óbæriligar, og

leggja þær mönnum á herðar; en sjálfir þeir vilja eigi áhræra  
 5 þær fingri sínum. Því öll sín verk gjöra þeir, at þeir sjáist af  
 mönnum. Sín minningar-blöð út þenja þeir; og fald sinna  
 6 klæða mykla þeir. Kær hafa þeir hin fremstu sæti at kveld-  
 7 verðum; æðztu sessa í samkundu-húsum; og kveðjur á tog-  
 8 um; og af mönnum Rabbi kallaðir verða. En þér skulu  
 eigi Rabbi kallast; þvíat einn er yðar meistari, Krístr; en  
 9 þér allir erut bræðr; og öngvan skulu þér yðar föður kalla  
 10 á jörðu; því einn er yðar Faðir sá sem á himnum er. Og  
 þér skulut eigi meistara kallast; því einn er yðar meistari,  
 11 Krístr. Sá sem at mestr er yðar, sé hann yðar þenari:  
 12 þvíat hver sig upp hefr, sá man niðr lægjast; og hver sjálfan  
 sig niðr lægir, hann man upp hafinn verða.  
 13 Vei yðr, skriptlærðum, og Phariseis, þér hræsningar! hverir  
 himnarskit aprt lókit fyrir mönnum; þvíat eigi gangi þér þar  
 14 inn; og þeim er inn vilja ganga í þat, þá lofi þér eigi.—Vei  
 yðr, skriptlærðum, og Phariseis, þér hræsningar! hverir ekkna  
 húsín upp etið með yfir-hylmingu langra bæna. Fyrir þat  
 15 munu þér þess meiri fordæming öðlast.—Vei yðr, skript-  
 lærðum, og Phariseis, þér hræsningar! hverir um kring farit  
 sjó og lönd, svo at þér gjörít einn at samlendings Gyðingi; og  
 nær hann er þat vorðinn, gjöri þér hann at helvítzkum syni  
 16 tvefallt meir en þér erut.—Vei yðr, blindum leiðtogurum!  
 þér sem segit, Hver hann sver við musterit, þat sé ekkert; en  
 17 hver (hann) sver við gullit musterisins, sá er sekr. Þér sífl og  
 forblindaðir! Hvort er meira gullit, eða musterit, þat er  
 18 gullit helgar? og, Hver eð sver við altarit sé ekkert; en  
 19 hver hann sver við þat offr sem á því er, sá sé sekr. Þér  
 heimskir og blindir: Hvort er meira offrit eða altarit þat sem  
 20 offrit helgar? Fyrir því, hverr hann sver við altarit, sá sver  
 21 við þat, og við allt hvat þar er upp á; og hver hann sver við  
 musterit, sá sver við þat, og við þann sem þar byggir inni.  
 22 Og hver (hann) sver við himininn, sá sver við Guðs sæti, og

ið þann sem þar upp á sitr.—Vei yðr, skriptlærðum, og 'hariseis, þér hræsnarar! hverir tífundit myntu, aneth, cimnum, og yfir gefit þat hvat þyngst er í lögmálinu, einkum óminn, miskunsemd og trúna. Þetta byrjaði at gjöra, og itt eigi eptir at skilja. Þér blindir leiðtogarar, sem sfið aýfluguna, en gleypit ulfbaldann.—Vei yðr, skriptlærðum, og Phariseis, þér hræsnarar! sem hreinsit hið ytra, bikara og líska; en innan eru þér fullir ráns og óhreininda. Þú blindr 'hariseari, hreinsa fyrst hið innra á bikurum og diskum, svo t hið ytra verði og hreint.—Vei yðr, skriptlærðum, og Pharisais, þér hræsnarar! hverir líkir erut forfáguðum leiðum am-liðinna, hver eð utan sýnast mönnum fögr, en innan ru þau full af dauðra manna beinum og allri óþekt. Svo og ér, skínit at sönnu utan fyrir mönnum réttlátir, en fyrir man eru þér fullir hræsni og ranginda.—Vei yðr, skriptlærðum, og Phariseis, þér hræsnarar! hverir upp byggit spámanna leiðin, og prýðit grafir réttláttra manna, og segit, Ef ér hefðum verit á dögum feðra vorra, skyldu vær eigi verit afa samlags-menn þeirra í blóði spámanna. Því svo beri ér yðr sjálfum vitni, at þér erut synir þeirra sem spámennina aflífðu; og svo upp fylli þér mæling feðra yðvarra. ér eitronmar, og nöðru-kyn! hvernin um flýi þér helvitzka rirdæming?

Fyrir því, sjáit, eg sendi til yðar spámenn, spekinga, og kriptlærða menn, og nokkra af þeim munu þér aflífa og rossfesta, og suma munu þér húðstrýkja í samkundu-húsum þar; og af annarri borg í aðra munu þér þá ofsækja; svo at fir yðr komi allt réttlátt blóð, sem á jörðina út er hellt, í frá blóði Abels réttláta allt til blóðs Zacharie sonar Barachia, ivern þér dráput á millum musteris og altarisins. Sannliga vægi eg yðr, at allt þetta man koma yfir þessa kynslóð. Jerusalem, Jerusalem, þú sem aflífar spámennina, og grýtir þá er til þín eru sendir; hversu opt hefi eg viljat saman safna

sonum þínum, líka eð hæna safnar ungum sínum undir vængi  
 38 sér; og þér hafit eigi viljat. Sjáit, yðvart hús skal yðr í eþví  
 39 látið verða; þvíat eg segi yðr, at þér munut eigi sjá mig upp  
 frá þessu, þar til þér segit, Blezaðr sé sá sem kemr í nafni  
 Drottins.

24 ○ G sem Jesus gekk út af musterinu, þá gengu hans læri-  
 sveinar til hans at þeir sýndu honum bygging muste-  
 2 isins: En Jesus sagði til þeirra, Sjái þér ekki allt þetta?  
 Sannliga segi eg yðr, at hér mun eigi eptir látast steinn yfir  
 steini, sá er eigi man niðr brotinn verða.

3 En sem hann sat í fjallinu Oliveti, gengu hans lærisveinar at  
 honum heimogliga, og sögðu, Seg þú oss, hvenar þetta man  
 ské, og hvert teikn er þinnar tilkomu, og veraldarinnar enda?

4 En Jesus svaraði og sagði til þeirra, Sjáit til, at einginn villi  
 5 yðr; þvíat margir munu koma undir mínu nafni, og segja, Eg  
 6 em Kristr. Og þeir munu marga villa. Því þér munut heyrna  
 bardaga og hernaðar tíðindi: Sjáit til, at þér skelfist ekki;

þvíat allt þetta hlýtr at ské. Þó er þá enn eigi endirinn  
 7 kominn. Þar mun og ein þjóð hefja sig upp í mót annari,  
 og ríki í mót ríki. Drepsóttir og hungur, og jarð-skjálftar

8 munu þar verða í sumum hverjum stöðum. En allt þetta eru  
 9 upphöf harmkvællanna. Þá munu þeir ofr-selja yðr í harm-  
 kvæli, og yðr munu þeir lífi firra, og þér verðit hataðir af

10 öllum þjóðum fyrir míns nafns sakir; og þá munu margir  
 hneykslum fyllast, og innbyrðis hver annann tæla, og hver

11 annan at hatri hafa; og margir fals-spámenn munu sig upp  
 12 hefja, og margan afvega leiða; og af því at ranglætið man yfir  
 13 gnæfa, mun kærleikrinn margra út kólna. En hver eð stað-

14 fastr blífir allt til enda, sá mun holpinn verða. Og þetta  
 Euangelium ríkisins mun predikat verða um allan heim til  
 vitnisburðar yfir allar þjóðir. Og þá mun endirinn koma.

þ5 Því, nær þér sjáit svívirðing eyðzlunnar, af hverri eð sagt  
 er fyri spámenninn Daniel, standandi í helgum stað: Hver

Þat les, hann hyggi þar at. Hverir þá eru á Gyðingalandi, Sýi þeir á fjöll; og hver hann er á ræfri, fari sá eigi ofan nokkut at taka úr sínu húsi. Og sá sem á akri er, snúi hann eigi aptr at taka upp kyrtil sinn. En vei þunguðum og Þrjóst-mylkingum á þeim dögum! Af því biðit, at yðar flótti ské eigi um vetr, eðr á þvottdegi, þvíat þá man verða svo stór hörmung, hvílk at eigi var í frá upphafi veraldar allt til þessarar stundar, og eigi heldr verða mun. Og nema þat at þessir dagar sé styttir, verðr ekkert hold holpit; en fyrir útvaldra sakir þá eru þessir dagar forstyttir. En ef nokkur segir þá til yðar, Sjáit, Hér er Kristr, eðr þar, skulu þér eigi því trúá; þvíat upp munu rísa fals-Kristar og fals-spámenn; og þeir munu gjöra stór tákni og undr, svo at í villu munu leiðast, ef ské mætti, einnin útvaldir. Sjáit, eg sagði yðr þat fyrir. Nú ef þeir segja til yðar, Sjáit, hann er á eyðimörk; þá gangit eigi út: Sjáit, hann er í laun-kofum; þá trúit eigi; þvíat svo sem elding út gengr af uppgöngu, og skfn allt til niðrgöngu, líka svo mun vera tilkoma Mannzins Sonar. Því hvar helzt at hræit er, þangat munu ernir og safnast.

En strax eptir hörmung þessara daga man sólin sortna, og tunglit eigi sitt ljós gefa, og stjörnur af himni hrapa; og kraptar himnanna munu hrærast; og þá mun skína teikn Mannzins Sonar á himni; og munu sér þá kveina allar kynkvíslir jarðar. Og þeir munu sjá Mannzins Son komanda í skýjum himins með krapti myklum og tignar-veldi; og sína engla man hann út senda með lúðra þeytingu mykilli; og hans útvöldum munu þeir saman safna af fjórum vindum frá yðztu álfum himnanna og allt til þeirra endimarka.

Af flkju-trénu lærit eptirlíking. Nær eð þess kvistr gjörist frjór, og laufin út spretta, þá viti þér þat sumarit er í nánd: líka svo, nær þér sjáit allt þetta, þá vitið at þat er nærri fyrir dyrum. Sannliga segi eg yðr, at þessi kynslóð mun eigi forganga, þar til at allt þetta sker. Himin og jörð munu



36 forganga, en mín orð munu eigi forganga. En af þeim degi  
 eður stundu veit einginn, og ekki englar af himnum, nema  
 37 minn Faðir einn saman. En líka sem var um daga Nohe,  
 38 svo mun og verða í tilkomu Mannzins Sonar; því svo sem  
 þeir voru á þeim dögum fyrir flóðit, at þeir átu, þeir drukku,  
 þeir giptust, og létu sig gipta, allt til þess dags á hverjum  
 39 Nohe gekk í örkina. Og þeir sættu því ekki, þar til at flóðit  
 kom, og tók þá alla í burt; svo man og vera í tilkomu  
 40 Mannzins Sonar. Munu þá tveir á akri vera; og man einn  
 41 meðtekinn, en annar forlátinn verða. Og tvær munu í  
 kvern-húsi malandi vera; og mun ein meðtekin, en önnur  
 forlátin verða.

42 Fyrir því vakit; þvíat þér vitið eigi á hverri stundu yðr  
 43 herra muni koma. En þat skulu þér vita, at ef húsaðirinn  
 vissi á hverri stundu eð þjófrinn kæmi, mundi hann vaka,  
 44 og láta eigi sitt hús í sundr grafa. Fyrir því; verit þér og  
 reiðu-búnir; þvíat Mannzins Son mun koma á þeirri stundu  
 45 þér meinit ekki. En hver hann er trúr þjón og forsjáll, sem  
 herrann hefir sett yfir sín heima-hjú, at hann gæfi þeim fæði í  
 46 réttan tíma: sæll er sá þjón, nær hans herra kemr, og finnr  
 47 hann svo gjöranda. Sannliga segi eg yðr, at hann mun þann  
 48 setja yfir öll sín auðæfi. En ef sá vondi þjón segir í sínu  
 49 hjarta, Minn herra gjörir dvöl á at koma; og tekr at slá sína  
 50 samlags-þjóna; etr og drekkur með drykkju-rúturum. En  
 herra þess þjóns mun koma á þeim degi sem hann vonar  
 51 eigi, og á þeirri stundu er hann grunar eigi, og í sundr partar  
 hann, og setr hans hlut-skipti með hræsnum; þar man vera  
 óp og tanna gnístran.

25 ÞA man himnaríki líft vera tíu meyjum, hverjar eð tóku  
 2 sína lampa, og gengu út í móti brúðgumanum. En  
 3 fimm af þeim voru fávísar, og fimm forsjálar. Þær sem fávísar  
 voru, tóku sína lampa, en tóku þó ekkert viðsmjör með sér.  
 4 En hinar forsjálu tóku í sínum kerum viðsmjör með lömp-

num. Og er brúðguminn gjörði dvöl á at koma, syfjaði ær allar, og sofnuðu. En um miðnætti kom kall, Sjáit, rúðguminn kemr, gangi þér út í móti honum. Þá stóðu þp allar þessar meyjar, og þrýddu sína lampa. En þær fásu sögðu til hinna forsjálu, Gefit oss af viðsmjöri yðru; vlat vorir lampar slokna út. Hinar forsjálu svöruðu og tgdðu, Má vera, at eigi sé nóg fyrir oss, og svo yðr; fari þér eldr til sölu-manna, og kaupit yðr. En er þær gengu at aupa, kom brúðguminn. Og þær sem reiðu-búnar voru, engu með honum inn til brullaupsins, og hurðinni var aptr lokat. En at síðastu kómu og hinar aðrar meyjar, og sögðu, lerra, herra, lúk þú upp fyrir oss. Enn hann svaraði og tgdði til þeirra, Sannliga segi eg yðr, at eg þekki yðr eigi.— Yrir því vakit, at þér vitið eigi þann dag né stund á hverri lannzins Son mun koma.

Líka sem sá maðr er ferðaðist langt burt, kallaði sína jóna, og fékk þeim sitt gótz. Og einum fékk hann fimm und; en öðrum tvö; hinum þriðja eitt; hverjum einum eptir num formætti; og ferðaðist strax af stað. Þá gekk sá til em fimm pund hafði meðtekit, og verkaði með þeim sömum, g vann þar á önnur fimm pund. Líka einnin sá sem fimm und hafði meðtekit, vann og á tvö önnur. En sá er eitt afði meðtekit, fór burt, gróf í jörð, og faldi þar síns herra. En eptir langan tíma liðinn kom herrann þessara þjóna, g hélt reikningskap við þá. Og sá gekk til sem fimm pund afði meðtekit, og færði honum önnur fimm pund, og sagði, lerra, fimm pund fékkstu mér: sjá, önnur fimm hefi eg á nnit. Hans herra sagði honum, Ey, þú hinn góði og úlyndi þjón, af því þú vart trúr yfir litlu, þá man eg setja ig yfir mikit: gakk inn í þíns herra fögnuð. Þá gekk og í at, sem tvö pund hafði meðtekit og sagði, Herra, tvö pund þkkstu mér: sjá, önnur tvö pund hefi eg á unnit. Hans erra sagði til hans, Ey, þú hinn góði þjón og trúlyndi,

Þvíat þú vart trúr yfir fáu, mun eg setja þig yfir mikit; gakk  
 24 inn í þíns herra fögnuð. Þá gekk sá at sem eitt pund hafði  
 meðtekit og sagði, Herra, eg veit, at þú ert harðr mann; upp  
 sker hvar þú sáðir eigi, og saman safnar hvar þú dreifðir eigi;  
 25 og ótta-sleginn fór eg burt, og faldi pund þitt í jörðu. Sjá, þar  
 26 hefir þú þat hvat þitt er. En hans herra svaraði og sagði til  
 hans, Þú vondr þjón og latr; vissir þú, at eg sker upp hvar  
 27 eg sáði eigi? og saman safna hvar eg dreifða eigi? Því  
 byrjaði þér at fá minn pening veslunar-mönnum; og nær eg  
 28 kæma, hefða eg hvat mitt er til mín tekit með ábata. Fyrir  
 því, takit af honum þat pund, og gefit honum sem tíu pund  
 29 hefr: þvíat hverjum sem hefr, honum mun gefit verða, og  
 mun hann nægð hafa. En hver eð eigi hefr, frá þeim mun  
 30 tekit verða og þat hann sýnist hafa. Og þeim ónýta þjóna  
 kasti þér í hin yðztu myrkr; þar man vera óp og tanna  
 gnástran.

31 Og þá Mannzins Son mun koma í sínu tignar-veldi, og  
 allir helgir englar með honum. Hann mun þá sitja í sæti  
 32 síns veldis; og allar þjóðir munu saman safnast fyrir honum.  
 33 Og hann mun þá sundr skilja hvora frá öðrum, svo sem  
 hirðir sundr greinir sauði frá kiðum: og sauðina mun hann  
 34 skipa til sinnar hægri handar, en kiðin til vinstri. Þá mun  
 konungrinn segja til þeirra sem á hans hægri hönd eru,  
 Komið, þér blezaðir Föður míns, og eignist þat ríki, sem yðr  
 35 var til búit frá upphafi veraldar. Þvíat hungraðr var ek,  
 og þér gáfut mér at eta: þyrstr var eg, og þér gáfut mér at  
 36 drekka: gestr var eg, og þér hýstuð mig: nakinn var eg, og  
 þér klæddut mig: sjúkr var eg, og þér vitjuðut mín: í  
 37 myrkva-stofu var eg, og þér kómut til mín. Þá munu hinir  
 réttlátu svara honum, og segja, Herra, hvenar sáu vær þig  
 hungraðan, og söddum þig? eðr þyrstan, svo vær gæfum  
 38 þér drekka? eðr hvenar sáuum vær þig gest-kominn, og  
 39 hýstum þig? eða nakinn, og klæddum þig? eða hvenar sáu

1 Vær þig sjúkan, eða í myrkva-stofu, og kómum til þín? Og konungurinn mun svara, og segja til þeirra, Sannliga segi eg yðr, hvat þér gjörðut einum af þessum mínum minztum bræðrum, þat gjörðu þér mér.

1 Þá mun hann og segja til þeirra sem til vinstri handar eru, Farit burt frá mér, þér hölvaðir, í eilífan eld, þann sem fyrri búinn er Fjandanum og hans árum! Þvíat hungraðr var eg, og þér gáfut mér eigi at eta: þyrstr var eg, og þér gáfut mér eigi at drekka: gestr var eg, og þér hýstuð mig eigi: nakinn var eg, og þér klæddut mig eigi: sjúkr og í myrkva-stofu var eg, og þér vitjuðut mín eigi. Þá munu þeir svara og segja, Herra, hvenar sáu vær þig hungraðan, eða þyrstan, gest, eða nakinn, sjúkan, eða í myrkva-stofu: og höfum þér eigi þjónat? Þá mun hann svara þeim og segja, Sannliga segi eg yðr, Hvat þér gjörðut eigi einum af þessum enum minztum, þat gjörðut þér mér eigi. Og munu þeir þá ganga í eilífar píslir, en réttlátir í eilíft líf.

1 **O**G þat gjörðist, þá Jesus hafði lyktað þessi orð, sagði hann til sinna lærisveina, Þér vitið at eptir tvo daga verða Paskar, og Mannzins Son mun ofr-seljast at hann kross-festr verði.

Þá saman-söfnuðust kennimanna höfðingjar, skriptlærðir, og öldungar lýðsins í forbyrgi kennimanna höfðingjans, þess er Caiphas hét; og samsettu ráð, hvernin þeir gæti með slægð gripit Jesum, og líflátið. En þeir sögðu, Eigi á hátíðar-deginum, svo at eigi verði upphlaup með fólkinu.

En þá Jesus var nú í Bethania, í húsi Símonar vanheila, gekk kona at honum, hafandi buðk dýrligs smyrsla-vatz; og hún helkti því yfir höfud honum, er hann sat við borðit. En er þat sáu hans lærisveinar, þyktust þeir, og sögðu, Til hvers er þessi spilling? Því þat hefði mátt seljast fyrri mikit, og gefist fátækum. En er Jesus fornam þat, sagði hann til þeirra, Hvat eru þér ýfnir við þessa konu? því gott verk gjörði hún

- 11 á mér. Fátæka hafi þér jafnan hjá yðr; en mig hafi  
 12 alla tíma. Þat hún hellti þessu smyrsla-vatni yfir mian  
 13 þat gjörði hún mér til grestrunar. Sannliga segi eg y  
 helzt þetta Euangelium predikat verðr í öllum heimi, u  
 verða í hennar minning hvat hún hefir gjört.
- 14 Þá gekk burt einn af tólf, sá er Judas Scarioth  
 15 kenninganna höfðingja, og sagði til þeirra, Hvat vili  
 mér, og mun eg selja yðr hann? En þeir buðu honu  
 16 tigi silfr-peninga. Og þaðan í frá leitaði hann lægis þ  
 sviki hann.
- 17 En á fyrsta Sætubrauðs-degi gengu lærisveinarnir  
 og sögðu til hans, Hvar viltu at vér til reiðum þé  
 18 lambit at eta? En Jesus sagði, Farit þér í borgina til  
 nokkurs, og segit honum, Meistarinn lét segja þér, M  
 er í nánd; hjá þér vil eg Paska halda með lær  
 19 mínum. Og lærisveinarnir gjörðu svo sem Jesus ha  
 boðit, og reiddu til Paska-lambit.
- 20 En at kveldi komnu, setti hann sig til borðz me  
 21 tólf lærisveinum. Og er þeir átu, sagði hann, Sann  
 22 eg yðr, at einn yðar mun svikja mig. Þeir hrygðu  
 við þat, og tóku allir til at segja, Er eg þat nokku  
 23 En hann svaraði, og sagði, Sá er hendinni drepr í þ  
 24 mér, hann mun mig forráða. Mannzins Son mun  
 fara, svo sem skrifat er af honum. En vei þeim ma  
 hvern Mannzins Son mun forráðinn verða; betra vær  
 25 at sá maðr hefði aldri fæddr verit. En Judas svar  
 forréð hann, og sagði, Er eg þat nokkut, Rabbi? Ha  
 til hans, Þú sagðir þat.
- 26 En þá þeir neyttu, tók Jesus brauðit, blezaði, og l  
 gaf sínum lærisveinum, og sagði, Takit og etið; þet  
 27 hold. Hann tók og kalekinn, gjörði þakkir, gaf ha  
 28 og sagði, Drekkit allir hér út af; þvíat þat er mitt l  
 nýja testamentz, hvert eð út hellist fyrir marga til

virgefningar. En eg segi yðr, at eg mun eigi heðan í frá rekka af þessum vínviðarins ávexti, allt til þess dags, er eg mun drekka þat nýtt með yðr í míns Föðurs ríki.

Og at lofsöngnum sögðum, gengu þeir út í fjallit Oliveti. Á sagði Jesus til þeirra, Á þessari nótt munu þér allir neykslan líða á mér; þvíat skrifat er, Hirðirinn mun eg slá, og sauðir hjarðarinnar munu í sundr tvístrast. En eptir þat ð eg er upp risinn, mun eg ganga fyri yðr í Galileam. Étr svaraði og sagði til hans, Og þó allir skamm-fyllist við ig, þá skal eg þó alldri skamm-fyllast þér. Jesus sagði til hans, Sannliga segi eg þér, at á þessari nótt, áðr en haninn elr, muntú afneita mig þrysva. Pétr sagði til hans, Einnin ó mér byrjaði með þér at deyja, skylda eg eigi neita þér. líft hið sama sögðu og allir lærisveinarnir.

Jesus kom þá með þeim í þat gerðis-tún sem kallaðist iethsemani, og sagði til sinna lærisveina, Sitið hér á meðan g fer þangat og bið. Og tók með sér Petrum, og tvo sonu ebedei; tók síðan til at hryggvast og harm-þrunginn at erða. Hann sagði þá til þeirra, Hrygg er sála mín allt til auða; biðit hér, og vakit með mér. Hann gekk litlu eina am lengra, féll fram á sína ásjónu, biðjandi, og sagði, aðir minn, ef mögult er, þá líði af mér kalekr þessi. En igi þó sem eg vil, heldr svo sem þú vilt. Og hann kom til nna lærisveina, og fann þá sofandi; og sagði til Pétrs, Íáttir þú ekki eina stund vaka með mér? Vakit þér og iðit, svo at þér fallit eigi í freistni. Andinn er at sönnu eiðu-búinn, en holdit er breyskt. Í annat sinn gekk hann nn burt, og bað, segjandi, Faðir minn, ef þessi kalekr má igi af mér líða, utan eg drekki hann, þá verði þinn vili. Þg hann kom aptr, og fann þá sofandi; og þeirra augu voru runginn. Og hann lét þá kyrra, og gekk í burt aptr, og bað þriðja sinn, segjandi en sömu orð. Þá kom hann til sinna ærisveina, og sagði til þeirra, O já, vili þér nú sofa og hvílast?

Sjáit, sú stund tekr at nálgast eð Mannzins Son mun of-  
 46 seljast í syndugra hendr. Standit upp, föru vær. Sjáit, hann  
 tekr at nálgast sá er mig forræðr.

47 Og sem hann var þetta at tala, sjá, at Judas, einn af tólf-  
 kom, og með honum flokkur mykill með sverðum og stöngum,  
 út sendir af kennimanna höfðingjum og öldungum lýðsins.

48 En sá er hann forræðr, gaf þeim teikn til, og sagði, Hvern-  
 49 helzt eð eg kyssi, sá er þat; haldit honum. Og jafn-smæt

gekk hann at Jesu, og sagði, Heill sért þú, Rabbi, og hann  
 50 kysti hann. En Jesus sagði til hans, Minn vin, hvar til komst

þú hingat? Þá gengu þeir þangat at, og lögðu hendr í  
 51 Jesum, og gripu hann. Og, sjá, at einn út af þeim sem með

Jesu vóru, rétti höndina, rykti sínu sverði, og sló þjón kenni-  
